



AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030

Tillaga

September 2019



AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030

Skipulagstillaga

September 2019



Staðfesting á þátttöku hagsmunaaðila í skipulagshópi

Undirritaðir eru fulltrúar hagsmunaaðila í skipulagshópi, sem unnið hefur að heildarendurskoðun aðalskipulags Súðavíkurhrepps fyrir tímabilið 2018-2030. Þeir eru sammála þeirri meginstefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, m.t.t. hagsmuna þess félags eða hóps sem þeir eru fulltrúar fyrir. Ágreiningur getur þó verið um afmarkaða þætti þess. Fulltrúar skipulagshópsins bera ekki ábyrgð á aðalskipulaginu, að hluta eða í heild, enda er það á forræði sveitarstjórnar, í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 123/2010 m.s.br. og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br.

Súðavík 9.5. 2019

Ferðamálafélag Súðavíkurhrepps

Bændur í Súðavíkurhreppi

Sumarhúsaeigendur og landeigendur

Fulltrúi náttúruverndar

Smábátæigendur í Súðavík

Sjávarútvegur – stærri útgerðir

Sumarbúar í Súðavík

Göngufélag Súðavíkur

Ungmennafélagið Geisli

Landeigendur - hlunnindanýting

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., var samþykkt í hreppsnefnd Súðavíkurhrepps þann _____

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Aðalskipulagið er staðfest með fyrirvara um niðurstöður staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 m.s.br. og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfa.

ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN

Uppdrættir í mælikvarða 1:50.000 og 1:10.000, blaðstærð A0, dags. September 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	12
1 Inngangur	13
1.1 Aðalskipulag.....	13
1.2 Skipulagssvæðið	13
1.3 Framsetning.....	14
1.4 Vinnuferli	14
1.5 Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila.....	14
1.5.1 Umsagnir og athugasemdir á vinnslustigi.....	15
1.5.2 Skipulagshópur	16
1.5.3 Íbúáþing.....	17
1.6 Afgreiðsla skipulagsins.....	18
Leiðarljós og meginmarkmið	20
2 Leiðarljós og meginmarkmið	17
2.1 Stefna íslenskra stjórnvalda.....	17
2.2 Leiðarljós Súðavíkurrepps	18
Náttúra og takmarkandi þættir	23
3 Staðhættir	25
3.1 Jarðfræði.....	25
3.2 Veðurfar.....	25
3.3 Gróðurfar.....	28
3.4 Dýralíf	31
4 Náttúruvá	34
4.1 IOFTSLAGSBREYTINGAR OG SJÁVARROF	34
4.2 Ofanflóð.....	37
Markmið og stefnumörkun	40
5 Lífríki og landslag	43
5.1 Verndarmarkmið náttúruverndarlaga.....	43
5.2 Gildi náttúrunnar og verðmætamat.....	44
5.3 Náttúruverndarsvæði	44

5.4 Óbyggð víðerni	45
5.5 Náttúrulegir birkiskógar	46
Markmið og stefnumörkun	48
6 Vatnsvernd, loftgæði og hljóðvist	52
6.1 Vatnsvernd	52
6.2 Hljóðvist	54
6.3 Ljósvist.....	54
Markmið og stefnumörkun	55
7 Óbyggð svæði	57
Markmið og stefnumörkun	57
8 Menningar og búsetuminjar	58
8.1 Fornleifar.....	58
8.2 Byggingararfur og húsfriðun	60
8.3 Yfirbragð byggðar	65
Markmið og stefnumörkun	66
9 Hverfisvernd	68
9.1 Hverfisvernd í þéttbýli.....	68
9.2 Hverfisvernd í dreifbýli.....	70
Markmið og stefnumörkun	73
Samfélag	78
10 Byggð	79
10.1 Samfélag og þróun byggðar	79
10.1.1 Saga byggðar	79
10.1.2 Íbúafjöldi	81
10.1.3 Samsetning íbúafjölda.....	84
10.2 Íbúðarsvæði.....	87
Markmið og stefnumörkun	90
10.3 Miðsvæði.....	92
Markmið og stefnumörkun	92
10.4 Frístundabyggð.....	93
Markmið og stefnumörkun	95
11 Atvinna	99

11.1	Atvinnuþróun.....	99
	Markmið og stefnumörkun	102
11.2	Sjávarútvegur.....	103
11.2.1	Veiðar og vinnsla	103
11.2.2	Eldi og ræktun	105
	Markmið og stefnumörkun	109
11.3	Landbúnaður	110
11.3.1	Flokkun landbúnaðarlands	112
11.3.2	Lögbýli og eyðijarðir	112
11.3.3	Endurheimt votlendis	115
	Markmið og stefnumörkun	116
11.4	Ferðabjónusta.....	119
	Markmið og stefnumörkun	123
11.5	Verslun og þjónusta.....	127
	Markmið og stefnumörkun	127
11.6	Hafnarsvæði	132
	Markmið og stefnumörkun	134
11.7	Iðnaðar- og athafnasvæði.....	139
11.7.1	Ýmis starfsemi á athafna- og iðnaðarsvæðum	139
11.7.2	Kalkþörungaverksmiðja á landfyllingu.....	140
11.7.3	Úrgangur.....	141
11.7.4	Virkjanir og orkumál	143
	Markmið og stefnumörkun	145
11.8	Efnistaka	153
	Markmið og stefnumörkun	155
12	Félags- og velferðamál	160
12.1	Skólar og íþróttahús	160
12.2	Menning	161
12.2.1	Söfn og menningarhús.....	161
12.2.2	Kirkjur og kirkjugarðar.....	161
12.3	Félags- og heilbrigðismál	162
	Markmið og stefnumörkun	163
13	Útivist, opin svæði og íþróttir	168

13.1	Útivist	168
13.1.1	Gildi útivistar	169
13.2	Skógrækt og trjárækt	170
	Markmið og stefnumörkun	172
Innviðir.....		180
14	Veitur og fjarskipti.....	181
14.1	Veitur.....	181
14.1.1	Vatnsveita.....	181
14.1.2	Hitaveita.....	182
14.1.3	Fráveita.....	182
14.1.4	Rafveita	183
14.2	Fjarskipti.....	187
	Markmið og stefnumörkun	188
15	Samgöngur.....	191
15.1	Vegir, götur og stígar.....	191
15.2	Flugvellir	194
	Markmið og stefnumörkun	195
16	Heimildir	199
17	Viðaukar	204
17.1	Viðauki 1 - Greining á áhrifum deiliskipulags á hverfsivernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruminnjaskrá	204
17.2	Viðauki 2 - Greining á áhrifum skógræktar	206
17.3	Viðauki 3 - nýting á haf- og strandsvæðum – áherslur súðavíkurhrepps.....	208
17.3.1	Nýting og stjórnun haf- og strandsvæði Vestfjarða	208
17.3.2	Áherslur Súðavíkurhrepps.....	212
17.4	Viðauki 4 – Umhverfismat áætlana.....	215
17.4.1	Inngangur	215
17.4.2	Heildaráhrif aðalskipulagsins	215
17.4.3	Atvinnulíf og innviðir	224
17.4.4	Lífriki og landslag.....	225
17.4.5	Menningar- og búsetuminjar	226

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

17.4.6	Loftslagsbreytingar	227
17.4.7	Félags- og velferðarmál	228
17.4.8	Útivist og öryggi.....	229
17.5	Viðauki 4 – mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda	231
17.5.1	Kalkþörungaverksmiðja	231
17.5.2	Samgöngubætur á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar.....	242
17.5.3	Raflínur	249
17.5.4	Virkjanir í Ísafjarðardjúpi	254

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.1	Súðavíkurhreppur og nágrannasveitarfélög (LMÍ, 2017).	13
Mynd 1.2	Skipulagshópur hagsmunaaðila fjallaði um aðalskipulagið á vinnslutíma þess. Hópurinn samanstendur af íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sem hafa áhrif á skipulagið eða verða fyrir áhrifum af því.	17
Mynd 1.3	Skilaboð frá gestum íbúabings. Skilaboðin eru frá einstaklingum og ekki lýsa ekki skoðun gesta þingsins í heild.....	17
Mynd 1.4	Íbúabing.....	18
Mynd 3.1	Meðalhiti í Súðavík og Æðey 2000-2016 (Veðurstofa Íslands, 2017).. ..	26
Mynd 3.2	Meðalúrkoma í Súðavík og Æðey 2000-2016 og á Hrafnabjörgum 2000-2011 (Veðurstofa Íslands, 2017).	26
Mynd 3.3	Vindrós – Súðavík (Veðurstofa Íslands, 2017).	27
Mynd 3.4	Tíðni vindátta samkvæmt vindatlasí Veðurstofu Íslands (Veðurstofa Íslands, 2017).....	27
Mynd 3.5	Vistgerðir í Súðavíkurhreppi (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).. ..	28
Mynd 3.6	Dreifing gróðurs í Súðavíkurhreppi (LMÍ, 2017).	30
Mynd 3.7	Útbreiðsla gróðurs í sveitarfélaginu (Ólafur Arnalds o.fl., 1996).	30
Mynd 3.8	Hlutfall jarðvegsrofs í Súðavíkurhreppi (Ólafur Arnalds o.fl., 1996).. ..	31

Mynd 3.9	Refur í Hornstrandafriðlandi (Mynd: Melrakkasetrið).....	31
Mynd 3.10	Útbreiðsla landsels og mikilvæg fuglasvæði í Súðavíkurhreppi (Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).....	33
Mynd 4.1	Sjóvarnir í Súðavík (Siglingastofnun Íslands, 2011).....	36
Mynd 4.2	Lágsvæði í Súðavíkurhreppi. Rauðu svæðin sýna land þar sem hæð er undir 5 metrum miðað við sjávarmál. (Mynd: Verkís)..	37
Mynd 4.3	Myndin sýnir landhalla í Súðavíkurhreppi. Snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50 gráðu halla. (Unnið úr gögnum frá LMÍ).	39
Mynd 4.4	Hættumat vegna ofanflóða fyrir Súðavík. Línurnar sýna jafnáhættulínur sem afmarka A, B og C svæði sbr. töflu 4.1. Innsti hluti byggðarinnar að Langeyri er utan hættusvæða samkvæmt matinu. Skyggði hlutinn sýnir hættumetið svæði (Veðurstofa Íslands, 2005).....	40
Mynd 5.1	Svæði á náttúruminjasrá og óbyggð víðerni (grænt) í Súðavíkurhreppi. Víðernin byggja á afmörkun Umhverfisstofnunar frá árinu 2009 (UST, 2009).	46
Mynd 5.2	Dreifing náttúrulegra birkiskóga og aldur þeirra í Súðavíkurhreppi (Skógræktin, 2018).....	47
Mynd 6.1	Vatnsból og vatnsverndarsvæði í Súðavíkurhreppi.	53
Mynd 8.1	Skráðar fornminjar og friðlýst hús í Súðavíkurhreppi (Minjavefsja, 2018)	59
Mynd 8.2	Nýja byggðin var reist utan ofanflóðahættusvæða eftir snjóflóðin árið 1995 (Mynd: Gunnar Páll Eydal).....	65
Mynd 9.1	Hverfisvernd gömlu byggðarinnar (Þjóðskrá, 2018).....	69
Mynd 9.2	Hverfisvernduð svæði í dreifbýli Súðavíkurhrepps.	72
Mynd 10.1	Skipting Súðavíkurhrepps fyrir 1. janúar 1995 (LMÍ, 2018).	80
Mynd 10.2	Íbúafjöldi á Vestfjörðum 1. desember á tímabilinu 1995-2017 (Hagstofa Íslands, 2018).....	81
Mynd 10.3	Íbúafjöldi í Súðavíkurhreppi 1. desember á tímabilinu 1995-2017 (Hagstofa Íslands, 2018).....	82
Mynd 10.4	Íbúafjöldi í Súðavík 1. janúar á tímabilinu 2006-2017 (Hagstofa Íslands, 2018).....	83

Mynd 10.5 Búferlaflutningar, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta, innan skipulagssvæðisins á tímabilinu 1986-2017 (Hagstofa Íslands, 2018)..	83	Mynd 11.5 Úthlutun afla á Vestfjörðum í þorskígildistönnum skv. heimild frá Fiskistofu (Byggðastofnun, 2015b).....	104
Mynd 10.6 Hlutfallsleg aldursdreifing og samsetning íbúafjölda í Súðavíkurbreppi og á Íslandi 1. janúar 2016 (Hagstofa Íslands, 2016)..	85	Mynd 11.6 Fjöldi báta og skipa með heimahöfn í Súðavík á árunum 2002-2015 (Hagstofa Íslands, 2016).....	105
Mynd 10.7 Hlutfall erlendra ríkisborgara á landsvísu samanborið við Súðavíkurbrepp á tímabilinu 1998-2017 (Hagstofa Íslands, 2018)..	85	Mynd 11.7 Framleiðsla eldisfiska 2007-2017 á Íslandi (Mast, 2018).....	106
Mynd 10.8 Fjöldi erlendra ríkisborgara í Súðavíkurbreppi á tímabilinu 1998-2017 (Hagstofa Íslands, 2018).....	86	Mynd 11.8 Heildarframleiðsla sláturfisks í fiskeldi árið 2017 (Mast, 2017).	106
Mynd 10.9 Fjöldi erlendra íbúa í Súðavíkurbreppi árið 2017 eftir ríkisfangi (Súðavíkurbreppur, 2017).	86	Mynd 11.9 Núverandi og fyrirhuguð eldissvæði í ísafjarðardjúpi (Verkís, 2016)..	107
Mynd 10.10 Fjölskyldumynstur íbúa í Súðavíkurbreppi á tímabilinu 1998-2016 (Hagstofa Íslands, 2016).....	87	Mynd 11.10 Tilgreind svæði til endurheimt votlendis.	115
Mynd 10.11 Fjöldi íbúða í Súðavíkurbreppi 1994-2017 (Þjóðskrá, 2018). ...	87	Mynd 11.11 Fjöldi ferðamanna á Íslandi 2001-2017 (Ferðamálastofa, 2018).	119
Mynd 10.12 Tegund íbúða í Súðavíkurbreppi 2017 (Þjóðskrá, 2018).	88	Mynd 11.12 Útflutningur vöru og þjónustu 2013-2018 (Hagstofa Íslands, 2018)..	120
Mynd 10.13 Fjöldi íbúa á hverja íbúð í Súðavíkurbreppi 1998-2017 (Unnið úr gögnum frá Þjóðskrá og Hagstofunni, 2018).	88	Mynd 11.13 Vigur í ísafjarðardjúpi (Mynd: Salvar Baldursson).	121
Mynd 10.14 Fjöldi íbúðarhúsa eftir byggingarári (Veðurstofa Íslands, 2005).	89	Mynd 11.14 Móttökustaðir fyrir úrgang í Súðavíkurbreppi.	142
Mynd 10.15 Í Raggagarði er stórt leikvæði fyrir börn. Garðurinn hefur góða tengingu við frístundahús og ferðaþjónustu í gömlu byggðinni í Súðavík.	94	Mynd 13.1 Skóglendi í Súðavíkurbreppi (Skógræktin, 2018).....	171
Mynd 10.16 Jarðir þar sem frístundahús eru leyfð í dreifbýli Súðavíkurbrepps.....	94	Mynd 14.1 Öflun neysluvatns í þéttbýli Súðavíkur (Mynd: Súðavíkurbreppur).	182
Mynd 11.1 Framlag atvinnugreina til hagvaxtar 2008-2016 (Byggðastofnun, 2019).100		Mynd 14.2 Flutningskerfi raforku á Íslandi (Landsnet, 2018).....	183
Mynd 11.2 Skipting framleiðslu á atvinnugreinar á Vestfjörðum árið 2016 (Byggðastofnun, 2019).	100	Mynd 14.3 Rafmagn og fjarskipti í Súðavíkurbreppi. Fjallað er um fjarskipti í kafla 14.2.....	186
Mynd 11.3 Atvinnutekjur á Vestfjörðum, raðað eftir stærð atvinnugreina 2017 í milljónum króna (Byggðastofnun, 2018b.)	101	Mynd 15.1 Flokkun gatna í þéttbýli Súðavíkur.	192
Mynd 11.4 Guðmundur Guðmundsson, 2018.....	104	Mynd 15.2 Göngu- og reiðleiðir í dreifbýli Súðavíkurbrepps.....	193
		Mynd 15.3 Flokkun vega í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 260/2018...193	
		Mynd 15.4 Sérstæðir klettur á austanverðu Reykjanesi (Mynd: Erla Bryndís Kristjánsdóttir).	194

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1.1	Skipulagshópur íbúa og hagsmunaaðila sem settur var á fót í tengslum við aðalskipulagsvinnuna. Fulltrúi Ísafjarðarbæjar, sem á land í hreppnum, tók einnig þátt í vinnu hópsins.	16
Tafla 3.1	Vistgerðir sem finnast í Súðavíkurhreppi og verndargildi þeirra skv. Bernarsamningi frá 2014 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018)..	29
Tafla 3.2	Dýra- og fuglategundir sem finnast í Súðavíkurhreppi og verndargildi þeirra skv. hættuflokkun Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN) frá 2017 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).	32
Tafla 4.1	Nýtingarreglur á hættusvæðum vegna ofanflóða (Reglugerð nr. 505/2000. Tómas Jóhannesson, Hörður Þór Sigurðsson og Harpa Grímsdóttir, 2007).	38
Tafla 4.2	Staðir í dreifbýli þar sem gert hefur verið hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda (Þórður Arason o.fl., 2005).	39
Tafla 5.1	Önnur náttúruvernd (ÖN).....	50
Tafla 5.2	Varúðarsvæði (VA).....	51
Tafla 6.1	Flokkun vatns.....	52
Tafla 6.2	Leiðbeinandi svæðisflokkun umhverfis byggt á CIE-S-015:2005 staðlinum.....	54
Tafla 6.3	Vatnsból og vatnsverndarsvæði (VB, VG og VF).	56
Tafla 8.1	Skráðar fornleifar í Súðavíkurhreppi.....	59
Tafla 8.2	Friðlýst hús í Súðavíkurhreppi skv. upplýsingum- frá Minjastofnun.	61
Tafla 8.3	Hús í Súðavíkurhreppi sem eru 100 ára eða eldri og eru því friðuð samkvæmt aldursákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012.....	61
Tafla 8.4	Hús í Súðavíkurhreppi sem eru byggð fyrir 1925 og hús sem verða 100 ára á skipulagstímabilinu. (Þjóðskrá Íslands, 2019 og Svanbjörg Helga Haraldsdóttir, 2005)	63
Tafla 8.5	Minjavernd (MV).	67

Tafla 9.1	Almenn skipulagsákvæði fyrir hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá.....	73
Tafla 9.2	Hverfisvernd (HV).....	74
Tafla 10.1	Hlutfallsleg breyting á mannfjölda í þéttbýli og dreifbýli á Vestfjörðum 1. janúar 2006 og 2017 (Hagstofa Íslands, 2018).	82
Tafla 10.2	Dreifing íbúafjölda í þéttbýli og dreifbýli Súðavíkurhrepps.	82
Tafla 10.3	Íbúðarbyggð (ÍB).....	91
Tafla 10.4	Miðsvæði (M).....	93
Tafla 10.5	Lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta.	96
Tafla 10.6	Frístundabyggð (F).	97
Tafla 11.1	Skipting framleiðslu eftir atvinnugreinum og landshlutum árið 2016 (Byggðastofnun, 2019)	100
Tafla 11.2	Áhrif 25.000 tonna laxeldis í Ísafjarðardjúpi á efnahag og íbúapróun (KPMG, 2017)	108
Tafla 11.3	Hugsanleg áhrif fiskeldis samkvæmt úttekt Byggðastofnunar (Byggðastofnun, 2017a).....	108
Tafla 11.4	Landbúnaður í Súðavíkurhreppi. Býlin hafa meira en 50 ærgildi nema annað sé tekið fram (Matvælastofnun, 2017).....	111
Tafla 11.5	Greiðslumark sauðfjár og mjólkur á Vestfjörðum 2010 og 2013 (Byggðastofnun, 2015b).16.....	111
Tafla 11.6	Lögbýli í Súðavíkurhreppi (Þjóðskrá 2016. Upplýsingar um búsetu og uppstandandi byggingar byggja á munnlegum heimildum staðkunnugra).	113
Tafla 11.7	Aðrar jarðir sem ekki eru lögbýli. (Upplýsingar um uppstandandi byggingar byggja á munnlegum heimildum staðkunnugra.) ..	114
Tafla 11.8	Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.	118
Tafla 11.9	Almenn skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði.	118
Tafla 11.10	Heimildir fyrir frístundahúsum á landbúnaðarsvæðum skv. almennri reglu sem gerir ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum	

á hverri jörð. Ekki er gert ráð fyrir frístundahúsum á öðrum jörðun utan þeirra sem eru tilgreind í töflu 10.6.	118
Tafla 11.11 Vöxtur gistinátta milli 2012-2016 (Markaðsstofa Vestfjarða, 2018).	120
Tafla 11.12 Almenn skipulagsákvæði fyrir landnotkun tengdri ferðaþjónustu í Súðavíkurbhreppi.....	125
Tafla 11.13 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF).....	126
Tafla 11.14 Verslun og þjónusta (VP).	128
Tafla 11.15 Hafnir (H).....	135
Tafla 11.16 Sérstök not haf- og vatnasvæða (SN)	138
Tafla 11.17 Markmið um minnkun á úrgangi samkvæmt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.....	141
Tafla 11.18 Iðnaðarsvæði (I).....	149
Tafla 11.19 Athafnasvæði (AT).	152
Tafla 11.20 Efnistaka og mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.	153

Tafla 11.21 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).	156
Tafla 11.22 Eldri efnistökusvæði sem á að loka og ekki er heimilt að nýta. Samtals eru 56 svæði frágengin með vottun eða fullfrágengin. Fjögur svæði eru óskráð eða ófrágengin.	158
Tafla 12.1 Samfélagsþjónusta (S).	166
Tafla 13.1 Opin svæði (OP).	174
Tafla 13.2 Íþróttasvæði (ÍÞ).....	176
Tafla 13.3 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar. .	176
Tafla 13.4 Almenn skipulagsákvæði fyrir landnotkun m.t.t. skógræktar. .	177
Tafla 13.5 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	178
Tafla 14.1 Lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum.	181
Tafla 14.2 Rafveita og helgunarsvæði.	186
Tafla 15.1 Vegir í dreifbýli skv. vegaskrá.	196
Tafla 15.2 Götur í þéttbýli.....	197
Tafla 15.3 Göngu-, hjóla- og reiðstígar.....	198

INNGANGUR

1 INNGANGUR

1.1 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag þetta er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018, sem staðfest var af umhverfisráðherra í desember árið 2002. Fyrri skipulag var unnið í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og gert á óvissutímum í kjölfar mannskæðra ofanflóða í Súðavík í janúar árið 1995. Skipulagsvinnan við heildarendurskoðunina byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en samkvæmt síðarnefndu lögunum er Aðalskipulagið háð umhverfismati áætlana. Umhverfismatið, þ.m.t. kynningar og samráðsferlið og greiningarvinna, var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Umfjöllun um einstaka þætti umhverfismatsins er fléttuð inn í greinargerðina en nánari upplýsingar um umhverfismatið, svo sem forsendur þess, aðferðir og niðurstöður, er að finna í viðauka.


Aðalskipulagið er sett fram í tveimur hlutum. Annars vegar þessi greinargerð og hins vegar sem skipulagsuppdrættir af svæðinu. Uppdrættirnir eru prentaðir á eitt blað í stærð A0.

Sveitarfélagsuppdráttur tillaga, september 2019. Mælikvarði 1:50.000

Þéttbýlisuppdráttur tillaga, september 2019. Mælikvarði 1:10.000

1.2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Súðavíkurhrepps. Sveitarfélagsmörkin innst í Ísafjarðardjúpi liggja um Ísafjarðará og þar tekur Strandabyggð við í suðaustri. Yst í Djúpinu liggja mörkin um Götu í Súðavíkurhlíð og þar fyrir norðvestan er Ísafjarðarbær. Reykhólahreppur og Vesturbyggð liggja að Súðavíkurhreppi á Glámuhálendinu. Súðavík er eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu en hreppurinn varð til við sameiningu þriggja hreppa um áramótin 1994/1995.



Mynd 1.1 Súðavíkurhreppur og nágrennasveitarfélög (LMÍ. 2017).

Aðalskipulag skal samkvæmt skipulagslögum taka til alls lands innan marka viðkomandi sveitarfélags. Sveitarfélög á Vestfjörðum unnu á árunum 2009-2014 að stefnumörkun fyrir haf og strönd, nánar tiltekið svæði sem er utan

við hið skipulagsskylda svæði samkvæmt skipulagslögum. Sveitarfélögin, undir forystu Fjórðungssambands Vestfirðinga lögðu áherslu á að sett yrðu lög sem heimiluðu skipulag á umræddum svæðum undir forystu sveitarfélaganna. Í júní 2018 tóku gildi lög um skipulag á haf- og strandsvæðum. Samkvæmt þeim á vinna við skipulagið að vera hafin á Vestfirðum. Súðavíkurreppur telur mikilvægt að í aðalskipulaginu komi áherslur sveitarfélagsins um nýtingu á haf- og strandsvæðum fram. Þessar áherslur eru birtar í viðauka með greinargerðinni.

1.3 FRAMSETNING

Greinargerðinni er skipt upp í sex meginhluta.

Inngangur

Helstu gögn og aðferðir við skipulagsvinnuna.

Leiðarljós aðalskipulagsins

Náttúra og takmarkandi þættir

Staðhættir, náttúruvá, landslag, lífríki, vatnsvernd, hljóðvist, óbyggð svæði, menningar- og búsetuminjar og hverfisvernd.

Samfélag

Byggð, atvinna, félags- og velferðarmál og opin svæði og útivist.

Innviðir

Veitur og samgöngur.

Viðaukar

Ýmsar viðbótarupplýsingar um aðalskipulagið, svo sem umhverfismat og stefna Súðavíkurrepps um nýtingu haf- og strandsvæða.

Kaflar um náttúru, samfélag og innviði fjalla um grunnforsendur og stefnu en auk þess er umfjöllun um áhrif skipulagsins á umhverfi og samfélag

fléttuð inn í þann texta (umhverfismat áætлана). Nánar er fjallað um umhverfisáhrifin í viðauka.

1.4 VINNUFERLI

Þann 3. september 2015 samþykkti sveitarstjórn Súðavíkurrepps að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags hreppsins.

Vorið 2016 samdi Súðavíkurreppur við Teiknistofuna Eik um ráðgjöf vegna skipulagsvinnunnar. Teiknistofan varð síðar sama ár hluti af verkfræðistofunni Verkís. Fyrir hönd ráðgjafa unnu Gunnar Páll Eydal (Teiknistofunni Eik og síðar Verkís), Erla Bryndís Kristjánsdóttir (Teiknistofunni Eik og síðar Verkís) og Ruth Guðmundsdóttir (Verkís) mest í verkefninu. Fyrir hönd Súðavíkurrepps voru skipulagsfulltrúi (Árni Traustason og síðar Jóhann Birkir Helgason) og sveitarstjóri (Pétur Georg Markan og frá maí 2019 Bragi Þór Thoroddsen) helstu tengiliðir við ráðgjafa. Stefnumörkunin var unnin af nefndum Súðavíkurrepps en jafnframt var hópur íbúa og hagsmunaaðila virkjaður til þátttöku í verkefninu. Skipulagsnefnd og sveitarstjórn ræddu um viðfangsefni aðalskipulagsins eftir þörfum á vinnslutímanum og eru þeir fundir ekki tilgreindir sérstaklega hér en vísað er á vefsíðu Súðavíkurrepps þar sem finna má fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar. Fjallað er um þátttöku íbúa og hagsmunaaðila í skipulagsvinnunni í næsta kafla.

1.5 UMSAGNIR, SAMRÁÐ OG ÞÁTTTAKA HAGSMUNAAÐILA

Aðalskipulagsvinnan var kynnt í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar er gert ráð fyrir kynningu á skipulags- og matslýsingu, kynningu skipulagstillögu á vinnslustigi og auglýsingu skipulagstillögu. Jafnframt skal senda lýsingu til umsagnaraðila.

Við upphaf skipulagsvinnunnar var ákveðið að ganga talsvert lengra í samráði og samtali við íbúa og hagsmunaaðila en krafist er í skipulagslöggjöfinni. Settur var á fót skipulagshópur sem skipaður var íbúum og hagsmunaaðilum. Hópnum var ætlað að vera virkur þátttakandi við gerð

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

og mótun skipulagstillögunnar. Í nóvember 2017 var haldið íbúáþing á vegum Súðavíkurrepps og er nánar fjallað um það og skipulagshópin hér á eftir. Að auki hafa málefni aðalskipulagsins verið kynnt með ýmsum hætti, m.a. á íbúafundum og á vefsíðu hreppsins.

Samvinna við íbúa, hagsmunaaðila og umsagnaraðila – helstu áfangar og viðburðir:

- Íbúafundur í upphafi vinnunnar (nóvember 2016).
- Kynning skipulags- og matslýsingar.
 - Lýsing auglýst og aðgengileg á vef hreppsins og á skrifstofu hans. Aðgengilegt frá 31. mars 2017 – 2. maí 2017.
 - Sent til umsagnaraðila 31. mars 2017.
 - Kynningarfundur 22. maí 2017.
- Íbúáþing, haldið í Súðavík 18.-19. nóvember 2017.
- Kynning á vinnslustigi
 - Afurðir auglýstar og birtar á vefnum 6. Nóvember 2018. Umhverfismatið var birt 12. desember 2018.
 - Kynningarfundur 10. nóvember 2018 í Súðavík og Heydal.
 - Afurðir sendar stofnunum til umsagnar þann 28. nóvember 2018.
- Vinna skipulagshóps
 - Fundir hóps: 22. maí 2017, 3. febrúar 2018, 6. febrúar 2018, 26. mars 2018 og 9. maí 2019.
 - Skipulagshópur var boðaður á kynningarfund á vinnslustigi 10. nóvember 2018.
 - Upplýsingaöflun og greiningarvinna – fundir ráðgjafa með einstökum fulltrúum skipulagshóps.
- Afgreiðsla og auglýsing skipulags
 - Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefnd lagði til við sveitarstjórn þann 7. maí 2019 að aðalskipulagið yrði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn samþykkti fundargerð nefndarinnar þann 31. maí 2019.

- Skipulagsstofnun fékk tillögu að aðalskipulaginu til yfirferðar þann 31. maí 2019 og skilaði stofnunin umsögn sinni þann 25. júlí 2019. Stofnunin gerði ekki athugasemdir við að skipulagið yrði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga með þeim fyrirvara að tekið yrði tillit til athugasemda og ábendinga í umsögninni.

1.5.1 Umsagnir og athugasemdir á vinnslustigi

Eftirtaldir aðilar fengu lýsingu og skipulagstillöguna til umsagnar, auk Skipulagsstofnunar.

- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Minjastofnun
- Orkubú Vestfjarða
- Landsnet
- Vegagerðin
- Isavia
- Kirkjugarðaráð
- Veðurstofa Íslands
- Aðliggjandi sveitarfélög
- Náttúrufræðistofnun
- Ferðamálastofa
- Orkustofnun
- Samgöngustofa
- Rarik
- Fiskistofa
- Skógræktin

- Landgræðsla ríkisins
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Umhverfisstofnun, Landsnet, Vegagerðin, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofa Íslands, Skógræktin og Minjastofnun gerðu athugasemdir við drög að skipulagstillögunni á vinnslustigi. Aðrir gerðu ekki athugasemdir á vinnslustigi en nokkrir sendu ábendingar. Ferðamálastofa, Samgöngustofa, Rarik, Fiskistofa og Landgræðsla Ríkisins svöruðu ekki erindinu. Ísafjarðarbær var eina sveitarfélagið sem svaraði erindinu en gerði þó ekki athugasemdir við drögin. Leitað var eftir gögnum frá Mílu á vinnslustiginu og bárust þau fljótt. Skipulagsstofnun sendi athugasemdir sínar þann 22.3. 2019. Nokkrar athugasemdir bárust frá íbúum á vinnslustiginu. Tekin var efnisleg afstaða til allra athugasemda og ábendinga sem bárust.

1.5.2 Skipulagshópur

Skipulagshópurinn samanstóð af fulltrúum íbúa og hagsmunaaðila. Óskað var eftir útnefningu fulltrúa frá starfandi félögum en sveitarstjórn útnefndi fulltrúa fyrir þá hópa sem voru án félags (tafla 1.1). Skipulagshópurinn tók virkan þátt í skipulagsvinnunni undir leiðsögn skipulagsráðgjafa og var sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni aðalskipulagsins. Hópurinn starfaði eftir starfsreglum sem hann samþykkti sjálfur í upphafi vinnunnar. Þar var fjallað um hlutverk, þátttöku og ábyrgð fulltrúa hópsins. Skipulagshópnum var ætlað að auðvelda og auka gæði gagnaöflunar og greiningarvinnu. Breiðari og virkari þátttaka er líkleg til að draga úr hagsmunaárekstrum og auka stuðning íbúa við skipulagsáætlunina. Þar með er líklegra að markmiðum skipulagsins verði hrint í framkvæmd á skipulagstímabilinu. Áhersla var lögð á það að fulltrúar hópsins kæmst að sameiginlegri niðurstöðu og sættust á eina skipulagslausn. Fulltrúar hópsins hafa staðfest þátttöku sína í skipulagsvinnunni með undirskrift eins og sjá má fremst í greinargerðinni. Með staðfestingunni eru undirritaðir í grundvallaratriðum

sammála þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu. Ágreiningur getur þó verið um einstaka afmarkaða þætti í skipulagstillögunni.

Tafla 1.1 Skipulagshópur íbúa og hagsmunaaðila sem settur var á fót í tengslum við aðalskipulagsvinnuna. Fulltrúi Ísafjarðarbæjar, sem á land í hreppnum, tók einnig þátt í vinnu hópsins.

Hópur	Tilnefning
Ferðapjónusta	Ferðamálafélag Súðavíkurhrepps
Bændur í Súðavíkurhreppi	Fulltrúi tilnefndur af Súðavíkurhreppi
Smábátæigendur í Súðavík	Fulltrúi tilnefndur af Súðavíkurhreppi
Sjávarútvegur – stærri útgerðir	Hraðfrystihúsið Gunnvör
Sumarhúsaeigendur og landeigendur	Fulltrúi tilnefndur af Súðavíkurhreppi
Gamla byggðin í Súðavík	Sumarbúar í Súðavík
Íbúar: Aðgengi og útivist	Göngufélag Súðavíkur
Íþróttir	Ungmennafélagið Geisli
Náttúruvernd	Fulltrúi tilnefndur af Súðavíkurhreppi
Landeigendur - hlunnindanýting	Fulltrúi tilnefndur af Súðavíkurhreppi



Mynd 1.2 Skipulagshópur hagsmunaaðila fjallaði um aðalskipulagið á vinnslutíma þess. Hópurinn samanstendur af íbúum og öðrum hagsmunaaðilum sem hafa áhrif á skipulagið eða verða fyrir áhrifum af því.


1.5.3 Íbúáþing

Helgina 18. -19. nóvember 2017 var haldið íbúáþing í Súdavík. Sveitarfélagið stóð fyrir þinginu en framkvæmd þess var í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis. Markmið þingsins var að kalla eftir hugmyndum íbúa vegna mótunar framtíðarsýnar fyrir Súdavíkurbrepp og stefnumótunar fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags. Íbúáþinginu var einnig ætlað að efla samfélagið og styrkja þróun þess. Skilaboðin frá íbúáþinginu höfðu bein áhrif á þá valkosti sem skipulagshópur og skipulagsnefnd tóku til umræðu undir handleiðslu skipulagsráðgjafa. Frekari upplýsingar um framkvæmd og


umræður íbúáþingsins má lesa í sérstakri skýrslu sem gerð var vegna þingsins og er hún aðgengileg á vefsíðu hreppsins, sudavik.is. Skilaboð þingsins eru fléttuð saman við einstaka kafla í skipulagsgreinargerðinni. Hér verða þó nefnd nokkur atriði sérstaklega.

Umræðurnar leiddu í ljós að Súdavíkurbreppur stendur á tímamótum. Mörg tækifæri eru til staðar, bæði varðandi uppbyggingu innviða en einnig í atvinnumálum. Öllu skiptir þó hvernig haldið er á spilunum á næstu árum. Þátttakendur þingsins forgangsröðuðu málaflokkunum sem voru til umræðu á þinginu út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar. Niðurstöðuna má sjá á Mynd 1.3. Þar kemur í ljós að atvinnusköpun og Álftafjarðargöng fá afgerandi mest vægi. Nemendur í grunnskóla Súdavíkur voru með sérstakt innlegg á þinginu.

Hér að neðan má sjá nokkur af skilaboðum þinggesta. Hafa verður í huga að margt af því sem rætt var á þinginu er ekki fjallað um í aðalskipulaginu en rúmast þó í mörgum tilvikum innan ramma þess.



Mynd 1.3 Skilaboð frá gestum íbúáþings. Skilaboðin eru frá einstaklingum og ekki lýsa ekki skoðun gesta þingsins í heild.



Mynd 1.4 Íbúabíng

1.6 AFGREIÐSLA SKIPULAGSINS

Þann 7. maí 2019 lagði skipulags-, byggingar-, umhverfis- og framkvæmdanefnd það til við sveitarstjórn að aðalskipulagstillagan yrði auglýst. Þann 17. maí samþykkti sveitarstjórn Súðavíkurhrepps að auglýsa aðalskipulagstillöguna. Aðalskipulagstillagan var send Skipulagsstofnun til yfirferðar þann 20. maí 2019. Þann 27. September fjallaði sveitarstjórn aftur um aðalskipulagstillöguna og samþykkti að auglýsa hana með þeim breytingum sem höfðu verið gerðar eftir yfirferð Skipulagsstofnunar.

LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ

2 LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ

Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna Súðavíkurrepps um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðarinnar í dreifbýli og þéttbýli. Reynt hefur verið að marka skýra stefnu sem er í takt við stefnu íslenskra stjórnvalda um þau mál sem eru til umræðu í aðalskipulaginu.

2.1 STEFNA ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA

Hugmyndafræði sem byggir á sjálfbærri þróun hefur fest sig í sessi hér á landi í stefnumótun og ákvörðunum sveitarfélaga, ríkis og í einkageiranum. Almennur lætur sig umhverfið varða og stígur í auknum mæli skref til að draga úr mengun og sóun og er almennt meðvitaður um gildi náttúrunnar.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 m.s.br. er kveðið á um það að skipulagsáætlanir skuli hafa efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Lögunum er jafnframt ætlað að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun (umhverfisráðuneytið. 2002) er fjallað um mikilvægi verndunar óspilltrar eða lítt snortinnar náttúru. Þar er bent á það að íslenskri náttúru hafi verið minna breytt af mannavöldum en víðast hvar í iðnvæddum löndum. Lífríkið á Íslandi hefur þó breyst mikið vegna áhrifa mannsins, m.a. vegna skógareyðingar, jarðvegsrofs og framræslu votlendis. Samfelld víðerni þar sem áhrifa mannsins gætir lítt eða ekkert er vart lengur að finna í Evrópu, nema nyrst í Skandinavíu og á Íslandi. Ætla má að slík víðerni fái aukið gildi í framtíðinni og verði því verðmætari.

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 (Skipulagsstofnun. 2016) er sett fram leiðarljós um um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi

og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð.

Leiðarljós landsskipulagsstefnu er:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Stefna íslenskra stjórnvalda hvílir á sjálfbærri þróun eins og sést í landsskipulagsstefnu og öðrum stefnuskjölum. Dæmi um þetta eru skipulagslög, lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um umhverfismat áætlana. Sjálfbær þróun er því leiðarstef í öllum viðfangsefnum landsskipulagsstefnu. Þar er lögð áhersla á að byggt umhverfi hafi sveigjanleika og seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, þ.e. að tekið sé mið af breyttum aðstæðum. Dæmi um þetta er breytt aldursamsetning íbúa, þ.e. hærra hlutfall eldri íbúa, og loftslagsbreytingar. Í tilviki loftslagsbreytinga er mikilvægt að móta stefnu sem dregur úr neikvæðum áhrifum. Þetta kallar á það að skipulag byggðar sé sveigjanlegt gagnvart breytingum og hafi til að bera seiglu til að að geta svarað breyttum þörfum og aðstæðum.

Í fylgiskjali með landsskipulagsstefnu kemur fram að helstu meginatriði stefnu um sjálfbæra þróun, sem fram koma í gögnum um stefnu og áætlanir á landsvísu, séu:

- Minni losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með fjölbreyttari ferðamáta í samgöngum, aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa og bindingu kolefnis.
- Virðing fyrir náttúrunni með því að lágmarka áhrif af framkvæmdum, þ.m.t. sjónræn áhrif.

- Verndun vistkerfa, þ.m.t. sjálfbær nýting nytjastofna.
- Myndun landshlutakjarna og klasa sem endurspeglar sérstöðu á hverju svæði.

Í ritinu Velferð til framtíðar, stefnumörkun um sjálfbæra þróun (Umhverfisráðuneytið. 2002), eru sett fram markmið stjórnvalda um umhverfisvernd, skynsamlega nýtingu auðlinda og viðhald og aukningu lífsgæða. Þessi markmið eru:

Heilnæmt og öruggt umhverfi

Heilnæmt andrúmsloft
 Hreint og heilnæmt ferskvatn
 Örugg matvæli
 Umhverfi án hættulegra efna
 Útivist í sátt við náttúruna
 Varnir gegn náttúruvá

Verndun náttúru Íslands

Vernd lífríkis Íslands
 Vernd sérstæðra jarðmyndana
 Vernd víðerna

Sjálfbær nýting auðlinda

Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins
 Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða
 Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa
 Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs

Hnattræn viðfangsefni

Hreint haf
 Takmörkun loftslagsbreytinga af mannavöldum
 Vernd ósonlagsins
 Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

2.2 LEIÐARLJÓS SÚÐAVÍKURHREPPS

Í aðalskipulagi er tekin afstaða til þess hvernig landi og auðlindum er ráðstafað til lengri tíma. Í sumum tilvikum verða óafturkræfar breytingar sem geta haft áhrif á náttúru- og menningargæði. Skipulag hefur áhrif á daglegt líf fólks, svo sem staðsetningu íbúðarsvæða, aðgengi að útivist og þjónustu, tilhögun samgangna o.s.frv. Skipulag getur haft áhrif á samkeppnishæfni samfélaga, t.d. með því að beina vexti á tiltekin svæði í skipulagi og styrkja innviði. Einnig má nýta skipulag til að vinna út frá sérkennum og staðaranda til eflingar búsetu og atvinnurekstrar. (Skipulagsstofnun. 2016). Einstaklingar, fyrirtæki og atvinnugreinar geta haft mismunandi sýn og hagsmuni sem geta leitt til árekstra. Í skipulagi þarf að samræma slík sjónarmið í samvinnu við þá sem hlut eiga að máli þannig að íbúar og atvinnulífið rói í sömu átt.

Náttúra Súðavíkurrepps er um margt sérstæð. Ísafjarðardjúp einkennist af fjörðum og bröttum fjöllum og því er undirlendi lítið og uppbygging takmörkunum háð. Þetta gerir það að verkum að landrymi er lítið en jafnframt gerir nálægðin við fjöllin svæðið tilkomumikið og víða hrikalegt. Nokkuð víðfeðm svæði eru á náttúruminjasrá, þ.e. svæði sem eru vernduð eða ástæða þykir til að vernda. Góð hafnaraðstaða er í Súðavík og stutt er á miðin og gott aðgengi er að auðlindum í Djúpinu. Möguleikar eru til sóknar, m.a. í fiskeldi, kalkþörungavinnslu og í virkjanagerð. Slík uppbygging er þó háð því að innviðir eflist. Bæta þarf afhendingaröryggi raforku og auka orkuframleiðslu. Súðavíkurhlíð á milli Súðavíkur og Ísafjarðar er hættuleg vegna ofanflóða og hefur því hamlandi áhrif á samvinnu sveitarfélaganna og takmarkar að íbúar í Súðavík geti nýtt sér þjónustu og sótt vinnu til Ísafjarðar og öfugt.

Viðfangsefni aðalskipulagsins felst því m.a. að fjalla um hvernig íbúar hreppsins geti fullnægt sínum þörfum án þess að ganga of nærri náttúrunni og skerða þannig möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Til staðar er hrein náttúra og öruggt umhverfi en það er ekki sjálfgefið í heiminum í dag.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Aðalskipulagið er ekki spá um líklega þróun í sveitarfélaginu, heldur er það stefna sveitarfélagsins um æskilega þróun í þeim málaflokkum sem eru til umræðu. Til að sú þróun verði að veruleika er lögð áhersla á raunsæ markmið, sem m.a. byggja á niðurstöðum umhverfismats aðalskipulagsins. Tekið er tillit til þeirra laga, reglna og skuldbindinga sem snerta viðfangsefnin.

Leiðarljós Aðalskipulagsins er:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum allra íbúa hreppsins.
- Að skipulag byggðar geri ráð fyrir uppbyggingu innviða þannig að samkeppnishæfni Súðavíkurhrepps verði til jafns við önnur sveitarfélög.
- Að skipulag byggðar viðhaldi og stuðli að fjölbreytileika samfélags og náttúru.

Súðavíkurhreppur er lifandi, kraftmikið og sjálfbært samfélag þar sem allir íbúar geta notið sín. Áhersla er lögð á að vernda sögu og sérstæðar minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Hreppurinn beitir fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda. Nýta á þau gæði sem felast í nálægðinni við náttúruna, ekki síst haf- og strandsvæðin. Sveitarfélagið leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem hvílir á traustum innviðum og þeim auðlindum og félagsauði sem finna má í sveitarfélaginu. Lífsgæðin í hreppnum felast m.a. í hreinleika og lítt spilltu umhverfi en einnig í einfaldleikanum, góðri þjónustu, góðri tengingu við umheiminn og aðgengi að náttúrunni.

MEGINMARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Náttúra

- ✓ Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- ✓ Sérkenni svæðisins verði vernduð.
- ✓ Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ✓ Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.
- ✓ Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á evrópska efnahagssvæðinu.

Samfélag

- ✓ Tryggt skal að kostum og sérkennum Súðavíkur verði viðhaldið og samtímis þróað aðlaðandi, öruggt, snyrtilegt og líflegt búsetuumhverfi. Nýting svæðisins skal njóta góðs af umhverfinu og menningarsögulegum arfi, án þess að sérstöðu svæðisins verði raskað.
- ✓ Í Ísafjarðardjúpi er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa, uppbyggingu ferðaþjónustu og landbúnaðar en einnig svigrúmi fyrir minni háttar iðnaðarstarfsemi sem raskar ekki verðmætri náttúru eða menningarsögulegum minjum.
- ✓ Yfirbragð og ásýnd strandlengju og hafnar skal vera í takt við náttúrulegt og sögulegt umhverfi svæðisins.
- ✓ Menningar- og búsetuminjar verði verndaðar, m.a. fyrir skógrækt, ágangi búfjár, landbroti og öðrum framkvæmdum.
- ✓ Grunnur verði lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, m.a. með því að:
 - Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu.
 - Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar.
 - Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu.
- ✓ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun.

Innviðir

- ✓ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu.
- ✓ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.

Meginmarkmið - náttúra

- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Sérkenni svæðisins verði vernduð.
- Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.
- Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á evrópska efnahagssvæðinu.

NÁTTÚRA OG TAKMARKANDI ÞÆTTIR

3 STADHÆTTIR

Um áramótin 1994/95 sameinuðust þrjú hreppar við Ísafjarðardjúp. Það voru fyrrum Reykjafjarðarhreppur, Ögurhreppur og Súðavíkurhreppur. Hreppurinn er um 750 km² að stærð og er flatarmál lands undir 200 m.y.s. einungis 332 km² eða um 44% af heildarflatarmáli sveitarfélagsins (Byggðastofnun. 2016c). Hreppurinn afmarkast í norðri af Götu í Súðavíkurhlíð en að sunnan afmarkast hann af Ísafjarðará / Þórðardal á mörkum Strandabyggðar að mörkum Reykhólahrepps vestur um að mörkum Vesturbyggðar og síðan norðvestur á mörkum Ísafjarðarbæjar allt að Götu.

Einn þéttbýliskjarni er í hreppnum, Súðavík við Álftafjörð, sem gengur suður úr Ísafjarðardjúpi. Þaðan eru 20 km til Ísafjarðar, 204 km til Hólmavíkur og 434 km til Reykjavíkur auðveldustu leið á bundnu slitlagi um Þróskulda.

Byggð til sveita er einkum á ströndum fjarða og í grunnnum þverðölum. Bærir og þorp standa á eyrum eða við grunnar víkur. Lítið undirlendi hefur áhrif á þróun búsetu, atvinnu og samgöngur. Býlum í ábúð hefur fækkað mjög síðustu tvo til þrjú áratugin en frístundahúsum hefur fjölgað sem og ferðamönnum sem fara um svæðið.

3.1 JARÐFRÆÐI

Vestfirðir eru hálend slétta, víðast 400-600 metrar yfir sjávarmáli, með sæbröttum fjöllum og takmörkuðu undirlendi. Strandlengjan er vogskorin og er alls um 240 km löng, þar af er fastalandið 229 km og eyjar og sker 11 km (Þórir Örn Guðmundsson. 2012). Inn í hálendið ganga firðir, dalir og önnur form sem jöklar fyrri tíma hafa skorið út og mótað.

Svæðið liggur utan virku gosbeltanna og tilheyrir jarðsögutímabilinu tertíer. Berggrunnurinn á milli Dýrafjarðar og Ísafjarðardjúps er að mestu leyti basalt/blágrýti sem hlóðst upp á um þremur milljónum ára, fyrir 12-15 milljónum ára og er því einn elsti hluti landsins. Hraunlagastaflinn er 1200-1800 m þykkur með þunnum millilögum sem eru upprunalega jarðvegur og gjóska. Basalthraunlögin eru 90-95% af berggrunninum en setlögin eru 5-10%

(Jón Reynir Sigurvinsson. 2000). Samhliða upphleðslu jarðlaganna hafa þau hallast og haggast.


Á Vestfjörðum er jarðskjálfta- og eldsumbrotahætta í lágmarki en víða má finna heitar uppsprettur á lágghitasvæðum. Ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn í nágrenni Súðavíkur en heitt vatn hefur fundist og verið nýtt í dreifbýlinu.

3.2 VEÐURFAR


Veðrátta svæðisins hefur áhrif á lífríki og aðra náttúrulega þætti, en einnig mótar hún byggðina og samfélagið. Í Súðavíkurhreppi er fjölbreytilegt landslag og því er veðurfar breytilegt innan marka hans. Úrkoma, vindátt og vindhraði er mjög staðbundið vegna landslags og því er erfitt að heimfæra athuganir veðurstöðva yfir á aðra staði í hreppnum. Staðbundnar upplýsingar nýtast því á takmarkaðan hátt við nánari skipulagsákvæðanir í sveitarfélaginu. Við frekara skipulag verður því að ákvarða hvort ástæða sé til frekari gagnaöflunar eða skoðunar á veðurfari. Þetta á sérstaklega við um vind.

Víða er skjólsælt í fjörðunum þegar vindur stendur af vestri eða austri en firðirnir eru opnir fyrir norðanáttum. Snjólétt er með ströndinni þótt almennt safnist meiri snjór í fjarðabotna og inn til landsins en utar með fjörðunum. Þurrkar geta valdið bændum vandkvæðum á sumrin, einkum og sér í lagi í Ögur- og Vatnsfjarðasveit. Almennt má ætla að úrkoma sé minni eftir því sem innar dregur við Djúp. Hitasveiflur aukast eftir því sem lengra dregur inn í landið. Norðaustanátt er ríkjandi og norðanátt er einnig algeng.

Birt eru gögn um úrkomu, hita og vind á fjórum stöðum í sveitarfélaginu og nágrenni þess. Það er í Súðavík, Ögri, Æðey og við Hrafnabjörg (Mynd 3.1, Mynd 3.2 og Mynd 3.3). Vindatlas Veðurstofu Íslands (Mynd 3.4) sýnir gróflega tíðni vindátta í sveitarfélaginu. Mögulegt er að skoða nánari upplýsingar fyrir hvern reiknipunkt. Hafa þarf í huga að atlasinn kemur ekki í stað hefðbundinna mælinga.




Mynd 3.1 Meðalhiti í Súðavík og Æðey 2000-2016 (Veðurstofa Íslands, 2017).




Mynd 3.2 Meðalúrkoma í Súðavík og Æðey 2000-2016 og á Hrafnabjörgum 2000-2011 (Veðurstofa Íslands, 2017).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA



Mynd 3.3 Vindrós – Súðavík (Veðurstofa Íslands, 2017).



Mynd 3.4 Tíðni vindáttá samkvæmt vindatlasí Veðurstofu Íslands (Veðurstofa Íslands, 2017).

3.3 GRÓÐURFAR


Í sveitarfélaginu þrífst fjölskrúðugur gróður. Samfelldur gróður nær sjaldan í meira en 200-400 m hæð yfir sjávarmál sem einkum stafar af lágum meðalhita, bröttum fjallshlíðum og skriðum. Kjarrlendi er töluvert inni í fjörðum og dölum. Ræktanlegt land er tiltölulega lítil hluti af flatarmáli svæðisins, enda er undirlendi lítið. Á láglandi og í neðri hlíðum fjalla er mikill gróður. Mest áberandi er lyng- og kjarrgróður, einkum birki og birkiskógar.

Skógar setja svip sinn á landslagið og veita sveitarfélaginu ákveðna sérstöðu. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í því felst m.a. að forðast ber röskun þeirra eftir föngum. Fjallað er nánar um náttúrulega birkiskóga og mörkuð stefna um nýtingu og varðveislu þeirra í kafla 5.5.

Í botni Ísafjarðar er að finna þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia*) sem er friðlýst og á valista. Hana er einkum að finna í Arnarstapahlíð í botni Ísafjarðar og líklega er meira af henni á þessu svæði en á nokkru öðru svæði á landinu (Hörður Kristinsson, Eva G Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson. 2007). Vatnamynta (*Mentha aquatica*) finnst í Reykjanesi en hún er alfríðuð og afar sjaldgæf og finnst eingöngu við laugar á þremur stöðum á landinu (Flóra Íslands. 2017).

Hásléttan og heiðarnar einkennast einkum af gróðursnauðum melum og sandlendi en þó finnast mosar og fléttur efst til fjalla. Sjaldgæfar plöntur og plöntur með alþjóðlegt verndargildi finnast hér, t.d. burknar og hrísastör. Beitarálag er lítið á svæðinu og á snjóþungum svæðum hlífir snjórinn viðkvæmum tegundum. Vistgerðir gefa mikilvægar upplýsingar um verndargildi lands og eru veigamiklar undirstöðueiningar um vernd og nýtingu náttúrunnar (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019). Alls finnast 37 vistgerðir í Súðavíkurreppi, fyrir utan tún og akurlendi og almennt skóglendi. Af þeim eru 14 vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi, flestar þeirra tilheyra votlendi og graslendi eða 9 talsins. Mat á verndargildi vistgerðanna miðast við lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir

vistgerðir sem þarfnast verndar. Mest er af melum og sandlendi eða um 44% eins og sjá má á Mynd 3.5 og þar á eftir fylgir mólendi sem er um 20%.



Mynd 3.5 Vistgerðir í Súðavíkurreppi (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018).


AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Tafla 3.1 Vistgerðir sem finnast í Súðavíkurbreppi og verndargildi þeirra skv. Bernarsamningi frá 2014 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).

Tegund lands	Vistgerðir	Verndargildi
Melar og sandlendi	Eyðimelavist	Lágt
	Grasmelavist	Lágt
	Mosamelavist	Lágt
	Víðimelavist	Lágt
	Sanda- og vikravist	Lágt
Skríður og klettur	Urðarskríðuvist	Miðlungs
	Grasvíðiskríðuvist	Lágt
	Ljónslappaskríðuvist	Lágt
Eyrar	Eyravist	Lágt
	Auravist	Miðlungs
Moslendi	Hélumosavist	Miðlungs
	Hraungambravist	Lágt
Strandlendi	Sandstrandarvist	Lágt
	Strandmelhólavist	Lágt
	Grashólavist	Hátt
	Gulstararfitjavist	Mjög hátt
	Sjávarkletta- og eyjavist	Hátt
Votlendi	Dýjavist	Miðlungs
	Hrossanálarvist	Miðlungs
	Runnamýravist á hálendi	Hátt
	Runnamýravist á láglendi	Mjög hátt
	Starungmýravist	Mjög hátt
	Brokflóavist	Mjög hátt
	Tjarnarstararflóavist	Mjög hátt
	Gulstararflóavist	Mjög hátt
Graslendi	Stinnastaravist	Miðlungs
	Finnungsvist	Hátt
	Bugðupuntsvist	Hátt
	Língresis- og vingulsvist	Hátt
	Blómgresisvist	Miðlungs
Mólendi	Mosamóavist	Lágt

Tegund lands	Vistgerðir	Verndargildi
	Flagmóavist	Lágt
	Starmóavist	Miðlungs
	Grasmóavist	Hátt
	Fjalldrapamóavist	Miðlungs
	Lyngmóavist á láglendi	Miðlungs
Hverasvæði	Mýrahveravist	Mjög hátt
Aðrar landgerðir	Tún og akurlendi	Ekkert
	Skóglendi	Almennt hátt
	Skógrækt	Ekkert
	Alaskalúpína	Ekkert

Hreppurinn mælist um 750 km² (LMÍ) að stærð eins og fram hefur komið. Gróið land er um 550 km² og strjálgróið um 191 km², sjá næstu mynd. Um 266 km² hafa verið kortlagðir sem fjalllendi.




Mynd 3.6 Dreifing gróðurs í Súðavíkurbhreppi (LMÍ. 2017).


Skriðujarðvegur er algengasti jarðvegur á Vestfjörðum. Lítið er um móajarðveg nema helst á heiðum. Einn alvarlegasti umhverfisvandi Íslendinga er gróður- og jarðvegseyðing. Nær allir skógar, kjarr og meira en helmingur af gróðurþekjunni er talið hafa tapast síðastliðin 1100 ár. Aðeins

ríflega 11% landsins flokkast sem svæði með litlu eða engu rofi. Gróður- og jarðvegseyðing sem þessi er óþekkt í löndum með svipað loftslag. Talið er að ástæður þessa megi rekja til mikillar gjóskuframleiðslu, vinda og umsvifa mannsins.

Samkvæmt rannsókn og kortlagningu jarðvegsrofs á Íslandi sem gerð var árin 1991 til 1997 fá grónar hlíðar í Súðavíkurbhreppi víða rofeinkunn 3 (talsvert rof) eða um 60% sveitarfélagsins, sem orsakast m.a. af hinu bratta landslagi. Ljóst er því að vel þarf að fylgjast með ástandi jarðvegs og gróðurs í hlíðum hreppsins. Lítið er um svæði með miklu rofi miðað við aðra landshluta eða eingöngu um 2%.



Mynd 3.7 Útbreiðsla gróðurs í sveitarfélaginu (Ólafur Arnalds o.fl. 1996).



Mynd 3.8 Hlutfall jarðvegsrofs í Súdavíkurbær (Ólafur Arnalds o.fl. 1996).

3.4 DÝRALÍF

Í Súdavíkurbær er fjölbreytt fugla- og dýralíf. Þar finnast m.a. smyrill, fálki, örn, álft, lómur, æður, ugla, lundi, fýll, selur, refur, minkur og mýs.

Sjófuglabýggðir eru mikilvæg varplönd og eru tvær alþjóðlega mikilvægar sjófuglabýggðir í Súdavíkurbær, í Vigur og Borgarey. Í Vigur, sem er í mynni Skötufjarðar, má helst finna lunda, teistu og æðarfugl og í Borgarey finnst einkum lundi en í þessum eyjum er einnig umtalsvert æðarvarp (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019). Einnig er dálítið æðarvarp í Hrótey, Þernuvík, Ögurhólum, Hvítanesi og á Langeyri. Allar fuglategundir sem

finnast í Súdavíkurbær og taldar eru upp í Tafla 3.2 eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 61/1994.

Af spendýrum er refurinn eða melrakkinn mest áberandi, en hann er eina landspendýrið sem var hér á landi við landnám. Refir eru ekki í útrýmingarhættu á heimsvísu en teljast í bráðri hættu í Evrópu. Á Íslandi eru refir friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum en ráðherra hefur heimild til að veita undanþágu frá friðun til varnar tjóni (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019).



Mynd 3.9 Refur í Hornstrandafriðlandi (Mynd: Melrakkasetrið).


Ein útbreiddasta selategund heims er landselur og er hann jafnframt sá algengasti við strendur Íslands. Selir halda sig einna helst í þangfjörum, árósum eða á aurum og eyrum nálægt ármynnum í svokölluðum selalátrum. Selalátur eru mjög breytileg að stærð og sækja selir einna helst í þau látur

sem liggja nærri fæðuslóð, þar sem lending er auðveld, skjól fyrir veðrum og gott næði. Landselir eru á valista sem tegund í bráðri hættu á Íslandi þó þeir séu ekki metnir í hættu á heimsvísu. Margir selir finnast utan við Hvítanes og þar stoppa ferðamenn gjarnan til að virða fyrir sér dýrin.

Tafla 3.2 Dýra- og fuglategundir sem finnast í Súðavíkurreppi og verndargildi þeirra skv. hættuflokkun Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN) frá 2017 (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018).

Flokkur (Class)	Tegund	Verndargildi
Spendýr	Landselur (<i>Phoca vitulina</i>)	Tegund í bráðri hættu (CR)
	Hagamús (<i>Apodemus sylvaticus</i>)	Tegundir metnar en ekki í hættu (LC)
	Húsamús (<i>Mus musculus</i>)	
	Melrakki (<i>Vulpes lagopus</i>)	
Fuglar	Lundi (<i>Fratercula arctica</i>)	Tegund í bráðri hættu (CR)
	Haförn (<i>Haliaeetus albicilla</i>)	Tegundir í hættu (EN)
	Kjói (<i>Stercorarius parasiticus</i>)	
	Sendlingur (<i>Calidris maritima</i>)	
	Teista (<i>Cephus grylle</i>)	
	Fálki (<i>Falco rusticolus</i>)	Tegundir í nokkurri hættu (VU)
	Himbrimi (<i>Gavia immer</i>)	
	Hrafn (<i>Corvus corax</i>)	
	Kría (<i>Sterna paradisaea</i>)	
	Snjótittlingur (<i>Plectrophenax nivalis</i>)	
	Tjaldur (<i>Haematopus ostralegus</i>)	
	Æður (<i>Somateria mollissima</i>)	
	Hávella (<i>Clangula hyemalis</i>)	Tegundir í yfirvofandi hættu (NT)

Flokkur (Class)	Tegund	Verndargildi
Fuglar	Rjúpa (<i>Lagopus muta</i>)	Gögn vantar (DD)
	Stelkur (<i>Tringa totanus</i>)	
	Óðinshani (<i>Phalaropus lobatus</i>)	
	Auðnutittlingur (<i>Acanthis flammea</i>)	Tegundir metnar en ekki í hættu (LC)
	Álft (<i>Cygnus cygnus</i>)	
	Heiðlóa (<i>Pluvialis apricaria</i>)	
	Hrossagaukur (<i>Gallinago gallinago</i>)	
	Lómur (<i>Gavia stellata</i>)	
	Lóuþræll (<i>Calidris alpina</i>)	
	Maríuerla (<i>Motacilla alba</i>)	
	Músarrindill (<i>Troglodytes troglodytes</i>)	
	Sandlóa (<i>Charadrius hiaticula</i>)	
	Skógarþröstur (<i>Turdus iliacus</i>)	
	Spói (<i>Numenius phaeopus</i>)	
	Straumönd (<i>Histrionicus histrionicus</i>)	
	Þúfuttittlingur (<i>Anthus pratensis</i>)	



Mynd 3.10 Útbreiðsla landsels og mikilvæg fuglasvæði í Súðavíkurhreppi (Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).

4 NÁTTÚRUVÁ

Undir náttúruvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jökklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðaris og fárviðri. Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldsumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun. Ytri öflin hafa á hinn bóginn sett mark sitt á nýtingu og menningu svæðisins, einkum ofanflóð, flóð frá sjó og fárviðri.

Mannskætt snjóflóð féll á Súðavík árið 1995 og í kjölfar þess var meginhluti þéttbýlisins færður á öruggara svæði í Eyrardalslandi, í samræmi við endurgert hættumat. Gert hefur verið hættumat á afmörkuðum stöðum í dreifbýli Súðavíkurhrepps.

Líklegt er talið að fyrirsjáanlegar loftslagsbreytingar muni hafa veruleg áhrif á náttúruferfarir hér á landi, m.a. sjávarstöðu, rennsli áa og lífríki. Breytingarnar munu einnig hafa áhrif á samfélagið, þ.e. innviði þess og undirstöðuáttvinnuvegi, s.s. sjávarútveg og landbúnað (Halldór Björnsson o.fl. 2008).

4.1 LOFTSLAGSBREYTINGAR OG SJÁVARROF

Í janúar 2018 kom út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi (Halldór Björnsson o.fl. 2018). Skýrslan var unnin af vísindanefnd um loftslagsbreytingar fyrir umhverfisráðuneytið. Þar er fjallað um súrnun sjávar, sjávarstöðubreytingar, áhrif loftslagsbreytinga á náttúruvá, samfélagslega innviði og nauðsynlega aðlögun vegna þessa. Jafnframt er fjallað um áhrif hlýnunar síðustu áratuga og áhrif hennar á náttúruferfarir á landi og í hafinu við Ísland. Sambærileg skýrsla kom út árið 2008 (Halldór Björnsson o.fl. 2008).

Í samantekt á nýju skýrslunni segir:

- Frá aldamótum og fram að miðbiki aldarinnar er líklegt að hlýni um 1.3 - 2.3°C á landinu og hafsvæðinu umhverfis það. Umfang hlýnunar ræðst af losun gróðurhúsalofttegunda og ef hún verður mikil getur hlýnun til loka aldarinnar náð 4°C.
- Bráðnun og þynning jökla veldur landrasi og umfangsmiklum breytingum á vatnafari á jaðri þeirra.
- Hlýnun hefur aukið afrakstur ræktarlands og trjávöxt, en á móti kemur að ýmsir skaðvaldar gróðurs hafa orðið meira áberandi.
- Á hnattræna vísu er súrnun sjávar hvað örust í hafinu nærri Íslandi og því líklegt að neikvæð súrnun komi fyrr fram hér.
- Breytingar á ástandi sjávar hafa haft veruleg áhrif á vistkerfi sjávar sem skýrir að hluta breytingar í stofnstærð og útbreiðslu sumra uppsjávarfiska, sérstaklega loðnu, makríls og sandsílis.
- Sjávarstöðu- og úrkomubreytingar hafa áhrif á fráveitur og ofanvatnskerfi, og veruleg þörf er á aðlögun slíkra kerfa.
- Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um aðlögunarþörf vegna afleiðinga loftslagsbreytinga, og ólíkt nágrannaþjóðum er ekki til landsáætlun í þeim efnum. Lítið hefur verið hugað að samlegðaráhrifum mótvægisáðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðum til aðlögunar.

Þó svo að óvissa sé um loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra næstu áratugi þá er ljóst að lofthjúpurinn og heimshöfin hafa hlýnað, ísmagn hefur minnkað, sjávarborð hækkað, sýrustig sjávar lækkað og styrkur gróðurhúsalofttegunda aukist. Loftslagsbreytingarnar síðustu áratugi hafa haft áhrif á náttúru og samfélög á öllum meginlöndum og heimshöfunum. Öfgar í veðurfari hafa aukist, svo sem hitabylgjur, þurrkar, flóð, fellibyljir og gróðureldar. Vísbendingar eru um að sum vistkerfi og mörg félagsleg kerfi séu berskjölduð og viðkvæm gagnvart núverandi breytileika í veðurfari. (Halldór Björnsson o.fl. 2008 og Halldór Björnsson o.fl. 2018).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Í fyrrnefndum skýrslum vísindanefndar er bent á að búast megi við aukinni uppskeru á þeim fóður- og matjurtum sem nú eru ræktaðar og fleiri möguleikum á ræktun nýrra tegunda, svo sem korni. Séð er fram á fleiri möguleika í trjárækt og landgræðslu en jafnframt aukna ágengni meindýra og plöntusjúkdóma og áhrif vegna breytts veðurlags og hækkandi sjávarstöðu. Breytingar á búsvæðum munu gera ákveðnum tegundum erfitt um vik en stuðla að landnámi annarra tegunda. Hlýnun sjávar umhverfis landið hefur þegar valdið breytingum á stofnstærð og útbreiðslu ákveðinna nytjategunda. Vetrar- og haustflóð gætu orðið meiri og útbreiddari í kjölfar aukinnar úrkomu. Þá mun aukið afrennsli vatnsfalla vegna hlýnunar auka möguleika á raforkuframleiðslu. Einnig kemur fram að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga verði ekki umflúin. Þessi misserin er mikið fjallað um aðlögun innan alþjóðasamfélagsins og gerð er krafa um að aðilar að Parísarsamkomulaginu frá árinu 2015 geri áætlanir um hvernig eigi að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Í Parísarsamkomulaginu eru markmið um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5° árið 2100.

Í september 2018 kynnti ríkisstjórn Íslands aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamkomulagsins og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040. Í aðgerðaráætluninni eru tvær megináherslur:

- Orkuskipti í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum.
- Átak í kolefnisbindingu þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki og markvisst verður dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.

Í október 2018 kom út skýrsla loftslagsráðs Sameinuðu þjóðanna (IPCC. 2018). Þar kemur fram að það stefni í 3° hlýnun jarðar árið 2100 miðað við núverandi þróun, þ.e. umtalsvert meiri hlýnun en markmiðin í Parísarsamkomulaginu gera ráð fyrir. Í skýrslunni kemur fram að þetta sé


lokaviðvörðun vísindamanna. Eigi markmið um 1,5° hlýnun að nást verði að fara í hraðar, víðtækar og fordæmislausar breytingar á öllum hliðum samfélaga okkar.

Ölduálag er töluvert utan við höfnina í Súðavík en minna álag er innar við byggðina. Ekki er talin flóðahætta innar (Siglingastofnun Íslands. 2011). Gerð hefur verið sjóvörn utan við hafnargarðinn að þjóðveginum og við Langeyri. Innan við höfnina hefur verið sett grjótvörn meðfram þjóðveginum (Mynd 4.1).


Unnið er að landfyllingu og hönnun sjóvarna innan Langeyrar vegna fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju þar. Súðavíkurreppur hefur ekki óskað eftir frekari sjóvörnum í sveitarfélaginu eins og fram kemur í yfirlitsskýrslu um sjóvarnir árið 2011 (Siglingastofnun Íslands. 2011).

Lágsvæði eru almennt skilgreind sem svæði í minna en 4-5 m hæð yfir sjávarmáli eða svæði þar sem geta orðið vatnsfarvegir eða uppistöður í flóðum (Fjarhitun. 1995). Gamla frystihúsið og fleiri mannvirki við höfnina standa lágt eða í álíka hæð og höfnin. Langeyri er einnig á lágsvæði en hún hækkar nokkuð afgerandi er fjær dregur sjó. Iðnaðarhúsnæði sem byggt hefur verið á Langeyri á skipulagstímabilinu (norðan Langeyrarvegur) stendur í meira en 5 m hæð. Ofan þjóðvegur hækkar landið nokkuð afgerandi, bæði í innri hluta byggðarinnar og í ytri hlutanum. Í dreifbýli eru flestar byggingar utan lágsvæða en hús á Reykjanesi og fleiri stök hús og minjar standa lágt og flokkast sem lágsvæði (Mynd 4.2). Almennt má því segja að byggðin í Súðavík sé nokkuð vel sett m.t.t. sjávarflóða og hækkunar sjávarborðs.

SÚÐAVÍK



Mynd 4.1 Sjóvarnir í Súðavík (Siglingastofnun Íslands, 2011).



Mynd 4.2 Lágsvæði í Súðavíkurreppi. Rauðu svæðin sýna land þar sem hæð er undir 5 metrum miðað við sjávarmál. (Mynd: Verkís).

4.2 OFANFLÓÐ

Skv. reglugerð nr. 505/2000 m.s.br. um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats, skal sveitarstjórn láta meta hættu á ofanflóðum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þéttbýli er þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns, fjöldi húsa

er að lágmarki 3 á hvern hektara og fjarlægð á milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við hættumat svæðisins. Skv. hættumatsreglugerðinni er óheimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum, nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða sé ásættanleg.

Skipulagsáætlanir fyrir svæði utan þéttbýlis, þar sem ekki liggur fyrir hættumat, skulu samþykktar og/eða staðfestar með fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu. Sveitarstjórn skal leita álits Skipulagsstofnunar á málsmeðferð við samþykki á skipulagi eða veitingu byggingarleyfis á svæði þar sem ofanflóð eru hugsanleg, án þess að staðfest hættumat liggi fyrir. Stofnunin metur þá hvort óska beri eftir hættumati frá Veðurstofu Íslands.

Hættusvæði skiptast í þrjú flokka út frá staðaráhættu, sem eru árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi (Tafla 4.1). Hættusvæðin, A, B og C, afmarkast af jafnáhættulínum. Heimilt er að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu á hættusvæðum A og B í þéttbýli og á hættusvæði C í dreifbýli en á hættusvæði C í þéttbýli skal öryggi tryggt með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis.

Tafla 4.1 Nýtingarreglur á hættusvæðum vegna ofanflóða (Reglugerð nr. 505/2000. Tómas Jóhannesson, Hörður Þór Sigurðsson og Harpa Grímsdóttir. 2007).

Svæði	Neðri mörk staðaráhættu	Efri mörk staðaráhættu	Leyfilegar byggingar
C	$3 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	-	Engar nýbyggingar nema frístundahús* og húsnæði þar sem viðvera er lítil.
B	$1 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	$3 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	Atvinnuhúsnæði má byggja án styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, sjúkrahús, skólar o.þ.h.) ef þau eru styrkt.
A	$0,3 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	$1 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	Styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, skólar, sjúkrahús o.þ.h.) og stærri íbúðir (fleiri en 4 íbúðir).


*Ef áhætta er minni en $5 \cdot 10^{-4}$ á ári

Ofanflóð hafa fallið úr Súðavíkurhlíð ofan byggðarinnar í Súðavík. Árið 1983 eyðilögðust fjárhús ofan byggðarinnar og fé drapst. Árin 1988, 1992 og 1994 eru einnig heimildir um flóð úr hlíðinni. Þann 16. janúar 1995 féllu snjóflóð á byggðina í Súðavík með hörmulegum afleiðingum. Í flóðinu fórust 14 íbúar og 12 slösuðust. Sextán einbýlishús skemmdust verulega í flóðinu. Frá 1998 til 2005 hafa verið skráð átta lítil snjóflóð úr hlíðinni ofan byggðarinnar (Þórður Arason o.fl. 2005).

Árið 1989 var staðfest hættumat fyrir byggðina í Súðavík. Þar var um að ræða fyrsta snjóflóðahættumat fyrir þéttbýli á Íslandi. Eftir snjóflóðið 1995 var gert nýtt ofanflóðahættumat fyrir Súðavík. Ákveðið var, í samræmi við niðurstöður matsins, að flytja byggðina innar í fjörðinn í land Eyrardals sem álitíð var á öruggu svæði. Ofanflóðasjóður keypti öll íbúðarhús í ytri hluta Súðavíkur og seldi aftur með kvöðum um viðveru að vetrarlagi. Samkvæmt rýmingaráætlun má ekki dvelja í tilgreindum húsum frá 1. nóvember til 30. apríl (Veðurstofa Íslands og Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra. 2007). Ekki var ráðist í ofanflóðavarnir ofan gömlu byggðarinnar en þar, neðan Þjóðveggar, er ýmis konar atvinnustarfsemi.

Í kjölfar þessa flóðs og annars mannskæðs flóðs sem féll á Flateyri í október sama ár réðust íslensk stjórnvöld í verulegar breytingar á lagamma um varnir gegn ofanflóðum. Lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 var breytt árið 2000 og sama ár var gefin út reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Árið 2005 tók gildi nýtt hættumat fyrir Súðavík á grundvelli fyrrnefndrar reglugerðar.

Láglandi í dreifbýli Súðavíkurhrepps er víða undir bröttum fjallshlíðum og þar af leiðandi falla víða snjóflóð úr giljum og hlíðum (Mynd 4.3). Til viðmiðunar má benda á að snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50 gráðu halla. Blaut flóð, krapaflóð, geta þó fallið í minni halla. Yfirleitt má miða við að byggingarsvæði teljist utan hættusvæða ef úthlaupshorn er undir 15 gráðum. Þetta á þó ekki við um krapa- og aurflóðahættu neðan gilskorninga. Úthlaupshorn er hornið frá viðkomandi stað upp í upptakasvæði flóðs.




Mynd 4.3 Myndin sýnir landhalla í Súðavíkurbreppi. Snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50 gráðu halla. (Unnið úr gögnum frá LMÍ).

Gert hefur verið staðbundið hættumat í dreifbýli á framkvæmdasvæðum þar sem líkur eru á ofanflóðum. Í Tafla 4.2 eru upplýsingar um þá staði þar sem staðbundið ofanflóðahættumat hefur verið gert í dreifbýli hreppsins.

Tafla 4.2 Staðir í dreifbýli þar sem gert hefur verið hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda (Þórður Arason o.fl. 2005).

Staður	Ár	Niðurstaða
Þernuvík	2004	Frístundabyggð samþykkt.
Hlíð í Álftafirði	2005	Frístundabyggð samþykkt.
Heymýri, Heydal í Mjóafirði	2004	Frístundahús samþykkt.
Borg, Skötufirði	2005	Frístundahús samþykkt.
Hörgshlíð, Mjóafirði	2004	Frístundahús samþykkt.
Lundur við Heydal, Mjóafirði	2004	Frístundahús samþykkt.
Gerðartún, Þernuvík	2004	Frístundahús samþykkt.
Birnustaðir, Laugardal	2005	Vélageymsla samþykkt.
Skarð, Skötufirði	2005	Frístundahús samþykkt.
Hlíð, Álftafirði	2005 og 2010	Frístundabyggð skv. hættumati. Hættumatslínan er ekki sýnd á skipulagsupprættinum, hún á aðeins við frístundabyggð.
Heydalur í Mjóafirði	2010	Gistihús samþykkt.
Þúfur, Vatnsfjarðardal	2012	Ekki talin þörf á staðbundnu hættumati fyrir fyrirhugað frístundahús.
Kleifar, Skötufirði	2013	Frístundahús samþykkt.
Hörgshlíð, Mjóafirði	2014	Samþykkt með tilfærslu húss.
Garðsstaðir í Ögri	2015	Forathugun. Ekki talin þörf á staðbundnu hættumati.



Mynd 4.4 Hættumat vegna ofanflóða fyrir Súðavík. Línurnar sýna jafnáhættulínur sem afmarka A, B og C svæði sbr. töflu 4.1. Innsti hluti byggðarinnar að Langeyri er utan hættusvæða samkvæmt matinu. Skyggði hlutinn sýnir hættumetið svæði (Veðurstofa Íslands. 2005).

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

NÁTTÚRUVÁ

Markmið

- ✓ Að íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- ✓ Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár
- ✓ Að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá

Útfærsla

Stuðlað skal að öryggi fólks með fyrirbyggjandi áætlunum, viðbragðsáætlunum og góðu streymi upplýsinga til íbúa og atvinnulífs. Í skipulagsgerð skal leggja áherslu á að afla góðra grunngagna um náttúruvá og leita álits hjá viðkomandi fagaðilum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif af völdum náttúruvár. Leggja þarf áherslu á vöktun umhverfis eins og tilefni gefst til, svo hægt sé að skilja umhverfisbreytingar og áhrifin sem þær geta haft á umhverfið og auðlindirnar.

LOFTSLAGSBREYTINGAR OG SJÁVARROF

Markmið

- ✓ Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að stuðla að minni umferð og bættri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi.
- ✓ Að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin með endurheimt votlendis, skógrækt og landgræðslu í samræmi við áætlanir hreppsins. Nánar er fjallað um þetta í kafla 11.3 Landbúnaður.
- ✓ Forðast skal nýbyggingar á lágsvæðum.
- ✓ Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.
- ✓ Að rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

- ✓ Að ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum.

Útfærsla

Gert er ráð fyrir landfyllingu og sjóvarnargarði innan Langeyrar. Þar er gert ráð fyrir að kalkpörungaverksmiðja og ný höfn rísi á landfyllingu. Nánar er fjallað um hana í atvinnukafla. Jafnframt er gert ráð fyrir almennu viðhaldi á þeim sjóvörnum sem til staðar eru í sveitarfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir nýjum sjóvörnum í dreifbýlinu, öðrum en þeim sem tengjast vegagerð og mögulega minni háttar vörnum vegna viðhalds á bryggjum.

Ráðast þarf í frekari rannsóknir á hæðarbreytingum lands og öðrum þáttum er snerta sjóvarnir til að hægt sé að meta það með hvaða hætti er best að verja byggð og mannvirki fyrir ágangi sjávar á svæðinu.

Vitneskja um hækkandi sjávarstöðu eykst jafnt og þétt og taka þarf tillit til nýjustu upplýsinga við ákvarðanir um skipulag og byggingu mannvirkja hverju sinni. Horfa þarf langt fram í tímann og taka tillit til langtíma sjávarstöðubreytinga við hönnun, því líftími bygginga getur verið hundruð ára. Líftími hafnarmannvirkja er yfirleitt talinn vera um 40-50 ár. Gæta þarf að ásýnd byggðarinnar og útsýni við hönnun og framkvæmd sjóvarna.

Áhersla er lögð á gott aðgengi að varnargörðunum til að hægt sé að sinna viðhaldi. Efnisnámur vegna framkvæmda eru tilgreindar í töflu um efnistöku í kafla 11 Atvinna. Sjóvarnargarðar eru sýndir á meðfylgjandi skipulagsuppráttum.

Eins og fram kom að framan stendur meirihluti byggðar í Súðavík nokkuð hátt og aðeins lítill hluti byggðar flokkast sem lágsvæði (Mynd 4.2). Forðast skal að byggja á lágsvæðum vegna yfirvofandi hækkunar á sjávarborði.

Ákvarðanir um hæð og staðsetningu bygginga m.t.t. sjávarflóða og yfirborðs sjávar skulu teknar í deiliskipulagi. Nota skal opinber viðmið en jafnframt meta hvort þörf er á strangari ákvæðum.

Súðavíkurreppur mun markvisst leggja áherslu á að draga úr loftslagsbreytingum af manna völdum. Lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti á skipulagstímabilinu:

- Hvatt verði til minni eldsneytisnotkunar með því að bjóða upp á gott net stíga fyrir gangandi og hjólandi í þéttbýli. Skoða þarf möguleika á almenningssamgöngum á milli þéttbýlis og dreifbýlis og á milli þéttbýliskjarna sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum.
- Votlendi verði endurheimt í samræmi við áætlanir hreppsins þar um. Sjá má þau svæði sem henta til endurheimtar á votlendi í kafla 11.3 Landbúnaður.
- Stuðlað verði að skógrækt og trjárækt innan þess ramma sem sett eru í aðalskipulaginu og í samræmi við ákvæði í kafla 13.2 Skógrækt og trjárækt og í kafla 5.5 Náttúrulegir birkiskógar.

OFANFLÓÐ

Markmið

- ✓ Öll íbúðarhús og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á ofanflóðahættusvæðum.

Útfærsla

Nýting á hættusvæðum skal vera í samræmi við löggjöf um ofanflóð og ofanflóðahættu. Beina skal uppbyggingu almennt á örugg svæði og forðast

skal mikinn mannsöfnuð að vetrarlagi á þekktum ofanflóðahættusvæðum. Reynt skal að nýta náttúrulegt landslag og móta landslag þannig að öryggi íbúa verði sem mest.

Uppbyggingu og starfsemi verður beint í innri hluta Súðavíkur á örugg svæði m.t.t. ofanflóðahættu, þ.e. í samræmi við hættumat. Höfnin og mannvirki tengd henni ásamt iðnaðar- og athafnasvæði í ytri hlutanum munu áfram þjóna sínu hlutverki. Ekki er þó æskilegt að þar festist í sessi starfsemi sem krefst mikillar viðveru fjölda fólks yfir vetrartímann. Allt land í þéttbýli innan Eyrardalsvegur, utan þess svæðis sem er skilgreint sem óbyggt svæði, er utan ofanflóðahættusvæða.

Hús á frístundavæðum, landbúnaðarsvæðum og önnur hús í dreifbýli skulu aðeins byggjast upp á öruggum svæðum í samræmi við löggjöf um ofanflóð. Hættumat skal gert eða álits leitað hjá Veðurstofu Íslands í tengslum við einstakar deiliskipulagsáætlanir eða aðrar ákvarðanir um byggingu mannvirkja.

5 LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Takmörkun á landnotkun:

- Önnur náttúruvernd (ÖN)

5.1 VERNDARMARKMIÐ NÁTTÚRUVERNDARLAGA

Markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að „vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“

Nánari verndarmarkmið eru skilgreind í 2. og 3. grein laganna. Í 2. gr. laganna er fjallað um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Þar er tekið fram að stuðla skuli að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og í 3. gr. laganna er fjallað um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar er lagt til að stuðlað skuli að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Í 61. gr. sömu laga er fjallað um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja sem forðast skuli að raska eftir föngum, nema brýna nauðsyn beri til.

Árið 2000 tók Náttúrustofa Vestfjarða að sér að kanna landslagsgerðir í sveitarfélaginu sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 (nú brottfallin lög). Heimildir voru kannaðar og farið um svæðið, rætt við íbúa og gengið á sjónarhóla og að laugum þar sem ástæða þótti til. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Ekki er lengur mikið um mýrar og flóa sem eru 3 ha eða stærri vegna framræslu og vegna þess að dalbotnar eru víðast hvar myndaðir af

malarframburði frá jökklum og ám. Gera má ráð fyrir að votlendi liggja oft að vötnum og tjörnum á fjöllum uppi.

- Í hreppnum er fjöldi stöðuvatna og tjarna 1.000 m² eða stærri, einkum á fjöllum uppi. Fæst þeirra hafa einhver nöfn og eru þau oft breytileg frá einum árstíma til annars.
- Leirur í Ísafjarðardjúpi hafa verið skoðaðar en flatarmál þeirra hefur þó ekki verið kortlagt nákvæmlega. Agnar Ingólfsson skoðaði leirur 1984 og starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða hafa skoðað leirur í Mjóafirði og Ísafirði í tengslum við vegagerð.
- Ekki er vitað um vistfræðilega mikilvæga birkiskóga og leifar þeirra, s.s. gömul tré. Hestfjarðabrunir við Hestfjörð og Mjóifjörður eru á náttúruminjaskrá vegna gróðurs, kjarrs og skóglendis.
- Eldvörp, eldhraun, gervígigar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma hafa ekki verið kortlagðar kerfisbundið í sveitarfélaginu.
- Í könnun Náttúrustofu Vestfjarða (2000) kom fram að ekki þótti ástæða til að kortleggja fossa sérstaklega.
- Árið 2000 voru heitar uppsprettur kortlagðar í samvinnu við íbúa á svæðinu, auk þess var stuðst við nákvæma úttekt Jóns Benjamínssonar (Jón Benjamínsson. 1979).

Náttúrufræðistofnun Íslands birtir í kortasjám yfirlit yfir vistgerðir, mikilvæg fuglasvæði, selalátur við strendur Íslands, tillögur að svæðum á Náttúruminjaskrá, sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd. Samkvæmt kortum NÍ eru mikilvægar sjófuglabyggðir við Vigur og Borgarey. Látur landsela eru við Hvítanes, Ögurnes, Vatnsfjarðarnes, Reykjanes, Borgarey og eyja í Mjóafirði. Aðeins einn foss, Selfoss í Laugardal, er tilgreindur innan sveitarfélagsins í korti NÍ yfir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja. Volgrur og laugar eru víða í sveitarfélaginu samkvæmt korti NÍ, einkum í innri hluta þess og í Reykjanesi eru hverir. Í botni Álftafjarðar, Skötufjarðar, Mjóafjarðar og Vatnsfjarðar auk Ögurvíkur og Vatnsfjarðarnes eru leirur samkvæmt kortasjá NÍ sem sýnir sérstaka

vernd vistkerfa og jarðminja. Lítið raskað votlendi er fremur fátítt miðað við önnur svæði á Vestfjörðum samkvæmt korti NÍ.

5.2 GILDI NÁTTÚRUNNAR OG VERÐMÆTAMAT

Samfara fjölbreyttari nýtingu náttúruauðlinda og aukinni samkeppni um land eykst álag á náttúruna og hugsanlegum hagsmunaárekstrum fjölga. Á sama tíma er löggjöf sem snertir náttúru, umhverfi og skipulag landsins orðin strangari og ítarlegri en áður. Óspillt náttúra hefur margvísleg gildi og er einnig forsenda margvíslegra grunngæða og mannlífs sem erfitt hefur verið að meta hagrænt.

Í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun er fjallað um mikilvægi verndunar og óspilltrar eða lítt snortinnar náttúru. Þar er bent á að íslenski náttúru hafi verið minna breytt af mannavöldum en víðast hvar í iðnvæddum löndum. Lífríkið á Íslandi hefur þó breyst mikið vegna áhrifa mannsins, m.a. vegna skógareyðingar, jarðvegsrofs og framræslu votlendis. Samfelld víðerni þar sem áhrifa mannsins gætir lítt eða ekkert er vart lengur að finna í Evrópu, nema nyrst í Skandinavíu og á Íslandi. Ætla má að slík víðerni fái aukið gildi í framtíðinni og verði því verðmætari.

Við verðmætamat á náttúru með hagrænum leiðum er settur fjárhagslegur mælikvarði á verðmætin. Flokka má hagrænt gildi náttúrunnar í beint notagildi og annað gildi. Beint notagildi má meta með athugunum á hegðun, t.d. fjölda ferðamanna og kostnað þeirra í tengslum við heimsóknina. Þróaðar hafa verið aðferðir til að meta óbeint notagildi, svo sem skilyrt verðmætamat. Þá er spurt um greiðsluvilja fólks til að halda svæðinu eða auðlindinni ósnortinni (Páll Harðarson og Magnús Harðarson. 2000). Slíkt verðmætamat hefur ekki verið gert innan Súðavíkurbrepps.

Náttúran býr einnig yfir svokölluðu eiginlegi en í því felst að í henni eru verðmæti sem ekki eru háð hagsmunum mannsins og því er skoðun mannsins á þessum verðmætum ekki til umfjöllunar (Umhverfisráðuneytið. 2011). Þessu til viðbótar er talað um *tilvistargildi* og *valkostagildi* (Sigurður

Jóhannesson. 2007). Með tilvistargildi er átt við að sumir gleðjast yfir því að ákveðin náttúruþyrirbrigði skuli vera til (ósnortin), þótt þeir hafi ekki hugsað sér sérstaklega að fara þangað og upplifa hana. Með valkostagildi er átt við það að nýting getur haft í för með sér óafturkræfar breytingar, þ.e. ógerlegt getur verið að afmá áhrif nýtingarinnar. Á meðan svæðið sem er til umræðu eða auðlindir þess eru ósnortnar má hugsa sér tvo valkosti. Annars vegar að láta landið vera ósnert eða hins vegar að ráðast í framkvæmdir sem hafa áhrif.

Í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands (Umhverfisráðuneytið. 2011) er fjallað um mat á verndargildi náttúrunnar út frá þjónustu vistkerfa (*e. ecosystem services*), þ.e. þjónustu sem maðurinn er algerlega háður. Náttúruna má *flokka* niður í þætti út frá þeim fyrirbærum sem þar finnast og talið er að búi yfir verðmætum: Jarðmyndanir, ferskvatn, haf, lífríki, landslag og óbyggð víðerni. Til viðbótar hafa verið skilgreindir eiginleikar eða *viðmið* sem verðmætin byggjast á:

- Auðgi, fjölbreytni
- Fágæti
- Stærð, samfella, heild
- Upprunaleiki/röskun
- Þekkingargildi
- Fagurfræðilegt eða upplifunargildi
- Táknrænt eða tilfinningarlegt gildi

5.3 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er náttúruverndarsvæðum skipt í þrennt:

- a. Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. gr.
- b. Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar skv. öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Náttúruminjar eru náttúruyfyrirbæri sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti eða fyrirbrigði sem tekin hefur verið afstaða til að rétt sé að vernda, þ.e. aðrar náttúruminjar. Náttúruminjaskrá skiptist í þrjú hluta sem auðkenndir eru sem A, B og C-hluti. Þar inniheldur A-hluti, skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar. Á B-hluta er yfirlit yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og er því nokkurs konar framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða eru skráðar í C-hluta náttúruminjaskrár. (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019)

Náttúruminjaskráin inniheldur lista yfir þessi friðlýstu svæði og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Skránni er m.a. ætlað það hlutverk að marka stefnu í friðlýsingamálum og undirbúa jarðveginns fyrir viðræður við rétthafa um þau efni. Þar er stærð og umfang tilgreint ásamt náttúruverndargildi svæðisins.

Skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á náttúrumyndunum, enda sé um að ræða hættu á því að spillt verði friðlýstum náttúruminjum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár, nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.

Í Súðavíkurreppi eru engin friðlýst svæði á A-hluta náttúruminjaskrár, samkvæmt flokkun friðlýstra svæða náttúruverndarlaga. Í hreppnum eru hins vegar sex svæði á C-hluta náttúruminjaskrár skráð sem aðrar náttúruminjar og taka þarf tillit til við skipulagsgerð (Tafla 5.1 og Mynd 5.1). Þrjú svæði í Súðavíkurreppi hafa verið tilnefnd til friðunar og sett á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár (Náttúrufræðistofnun.


2019). Það eru Vigur, Borgarey og Reykjanes. Vigur er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð og uppfylla æður og teista alþjóðleg verndarviðmið. Þar verpir einnig mikið af lunda. Borgarey er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð og þar er eitt af tíu stærstu lundavörpum landsins. Einnig er þar töluvert æðarvarp. Á Reykjanesi skapa jarðhiti og vatn við yfirborð aðstæður fyrir gróskulegan jarðhitagróður. Þar einkennist gróðurfarið af mýrahveravist sem finnst á nokkrum blettum á nesinu og hefur hátt verndargildi. Á Reykjanesi finnst einnig háplöntutegundin naðurtunga sem einungis þrífst við jarðhita og er flokkuð á valista sem tegund í nokkurri hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019).

5.4 ÓBYGGÐ VÍÐERNI

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Samkvæmt stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun skal tryggja að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Mannvirki skal eingöngu byggja utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun. Umhverfisstofnun mat árið 2009 að víðerni þektu um 38% landsins. Stærsti hluti þeirra var á miðhálandinu, eða um 24 þúsund km² sem er um 60% lands á miðhálandinu.

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 eru óbyggð víðerni birt skv. skilgreiningu Umhverfisstofnunar frá 2009. Nú stendur yfir vinna hjá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun við kortlagningu víðerna sem felur m.a. í sér nánari útfærslu viðmiða laga um náttúruvernd fyrir afmörkun óbyggðra víðerna. Þegar viðmiðin liggja fyrir mun skýrast hvaða svæði á hálandi Súðavíkurrepps verða skilgreind sem óbyggð víðerni.



Mynd 5.1 Svæði á náttúruminjaskrá og óbyggð víðerni (grænt) í Súdavíkurhreppi. Víðernin byggja á afmörkun Umhverfisstofnunar frá árinu 2009 (UST. 2009).

Náttúruminjar á C-hluta náttúruminjaskrár eru rúmlega 18% af landsvæði Súdavíkurhrepps og svæði sem skilgreind eru sem óbyggð víðerni skv. náttúruverndarlögum eru álíka stór eða um 19% (Mynd 5.1).


Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á varðveislu víðerna og náttúru hálandisins. Þannig verði mannvirkjagerð innan hálandisins áfram takmörkuð og uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu beint á jaðar þess. Þar segir einnig að mikilvægt sé að stuðla að því að landnýting verði sjálfbær og að hún valdi ekki gróður- eða jarðvegseyðingu eða hamli náttúrulegri gróðurframvindu á illa förnu landi. Lykilatriði í því sambandi er samráð við bændur og aðra sem eiga nýtingarrétt á svæðinu.

5.5 NÁTTÚRULEGIR BIRKISKÓGAR

Birkiskógar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið náttúruverndarlaga en þar segir að *sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem m.a. eru gömul tré*, skuli njóta sérstakrar verndar, sbr. kafla 5.1 Verndarmarkmið náttúruverndarlaga.

Ekki er til opinber íslensk skilgreining á því hvað telst vera birkiskógur. Í skýrslunni vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga (Umhverfisstofnuneytið. 2007) eru settar fram tillögur um stefnu Íslands varðandi birkiskóga. Þar eru birkiskógar skilgreindir sem *land þar sem birki er ríkjandi plöntutegund í gróðurfari óháð hæð, krónuþekju og stærð svæðis*.

Birkiskógar og kjarr, þar sem ríkjandi trjátegund er ilmbjörk af þeirri undirtegund sem í Skandinavíu kallast fjallabirki (*Betula pubescens Ehrh. ssp. czerepanovii Orlova*), er að finna frá Suðvestur-Grænlandi í vestri og austur fyrir Hvítahaf í norðanverðu Rússlandi. Eftir landnám manna hafa birkiskógar hins vegar farið hálloka og í Færeyjum og á Hjaltlandi hefur þeim algerlega verið útrýmt. Á öðrum eylöndum á svæðinu eru aðeins örlitlar leifar eftir, þær mestu á Íslandi.



Mynd 5.2 Dreifing náttúrulegra birkiskóga og aldur þeirra í Súdavíkurbær (Skógræktin, 2018)

Birki er eina trjátegunin sem myndar náttúrulegan skóg á Íslandi. Talið er að við landnám hafi fjórðungur Íslands verið þakinn birkiskógi eða birkikjarri, jafnvel allt að 40% landsins. Birki hefur fundist í allt að 600 m hæð hér á landi en verður sjálfst sjaldnast hærra en 12 m. Af einhverjum ástæðum er birkið sem vex vestanvert á landinu fremur lágvaxið og kræklótt.

Ilmbjörk er ljóselsk trjátegun og dreifir léttum, vængjuðum fræjum víða. Hún á auðveldara með að nema land á gróðurlitlum svæðum en á þéttu grónu landi. Birkiskógar eru háðir hæfilegu raski til að þeir geti endurnýjað sig en mikið og langvarandi rask, s.s. vegna ofbeitar eða of tíðs skógarhöggs, getur orðið til þess að skógarnir hverfi með öllu.

Birkiskógar veita margvíslega vistþjónustu, svo sem við miðlun vatns og næringarefna. Þeir binda kolefni úr andrúmslofti þegar þeir eru í vexti og þar sem þeir breiðast út um skóglaut land með rýrum jarðvegi getur heildarbinding kolefnis orðið bæði mikil og langvarandi, ekki síst í jarðvegi.

Í flestum birkiskógum landsins eru trén á svipuðum aldri eða um 60–80 ára. Skógarnir eru yfirleitt nokkuð þéttir sem er til marks um að þeir hafi flestir vaxið upp í kjölfar skógarhöggs á öndverðri 20. öld og/eða eftir að vetrarþeir var hætt.

Árið 2015 lauk kortlagningu birkiskóga héraðsins og sýndu niðurstöður fram á að 1,5% landsins var þakið birki, eða 1.506 ferkílómetrar. Flatarmál þess hafði þá aukist um tæp 10% frá árinu 1989, alls um 130 ferkílómetra. Birkiskógar þekja um 54km² landsvæði í Súdavíkurbær, sem er um 7% sveitarfélagsins og finnast þeir aðallega í fjörðum og dalbotnum eins og sjá má á Mynd 5.2.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Markmið

- ✓ Verndun sérkenna og fjölbreytileika náttúrunnar.
- ✓ Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- ✓ Takmarka skal mannvirkjagerð á óbyggðum víðernum eins og kostur er.
- ✓ Gerð verði ítarleg greining á verndargildi óbyggðra víðerna í Súðavíkurhreppi.
- ✓ Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ✓ Landslagheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.
- ✓ Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins.
- ✓ Endurheimt og verndun votlendis
- ✓ Útbreiðsla ágengra tegunda, eins og lúpínu og skógarkerfils, verði heft.
- ✓ Lögð verði áhersla á að endurheimta og vernda náttúrulega og fjölbreytta birkiskóga.
 - Að tryggt verði að náttúrulegir birkiskógar verði endurheimtir ef önnur nýting er fyrirhuguð á svæðinu.
 - Að tryggt verði að aðrar trjátegundir verði ekki gróðursettar í náttúrulega birkiskóga.
 - Að aðgengi almennings að birkiskóglendi verði tryggt.

Útfærsla

Ákveðin svæði eru hverfisvernduð með það að markmið að hlífa þeim fyrir óæskilegu raski. Fjallað er um hverfisvernd í kafla 9. Við deiliskipulagsgerð á

hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruminjasrá skal gera sérstaka greiningu á áhrifum skipulagsins (sjá leiðbeiningar í viðauka). Ákvæði fyrir óbyggð svæði er að finna í kafla 7, Óbyggð svæði.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir talsverðri sveigju varðandi uppbyggingu í dreifbýli. Þar er m.a. gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa og ferðapjónustu. Hafa skal í huga að helstu atvinnuvegir í hreppnum, sjávarútvegur, landbúnaður og ferðapjónusta, eru háðir ástandi og gæðum náttúrunnar. Nýting og verndun náttúruauðlinda í hreppnum skal vera í samræmi við leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins sem og aðrar skuldbindingar landsins og sveitarfélagsins. Fjallað er um stefnu sveitarfélagsins í einstökum atvinnugreinum í atvinnukafla (kafla 11) en hún grundvallast á sjálfbærri þróun.

Aðgengi að náttúrunni er hluti af lífsgæðum íbúa og gesta á svæðinu. Aðalskipulaginu er ætlað að tryggja að hægt sé að njóta ósnortinnar náttúru og þeirra svæða sem eru raskaðri og nær byggð. Gæta þarf því þess að nýframkvæmdir skerði ekki aðgengi að útivistarsvæðum. Umferð er jafnframt stýrt m.t.t. álags á náttúru. Sjá nánar í kafla 13.1 Útivist.

Almennt skal forðast framkvæmdir á óbrotnu landi og lágmarka jarðrask vegna framkvæmda eins og kostur er. Við framkvæmdir skal beita varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Áður en ráðist er í framkvæmdir sem valda umhverfisáhrifum skal skoða mismunandi valkosti og meta áhrif þeirra á umhverfið. Við matið skal bera saman mikilvægi náttúruminja sem í húfi eru á viðkomandi svæði og áhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Vernda skal vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni í samræmi við lög um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Ganga skal sómasamlega frá öllum framkvæmdarsvæðum. Fjallað er um efnistöku í kafla 11.8.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Landnýting og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings skal taka mið af áherslum landsskipulagsstefnu á sjálfbæra nýtingu orkulinda og verndun víðerna og hálandis. Ef um meiri háttar mannvirkjagerð er að ræða skal henni beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir Glámuhálendisins.

Í skoðun eru nokkur stærri virkjunarverkefni á Glámuhálendinu eins og nánar er fjallað um í kafla 11.7. Iðnaðar- og athafnasvæði. Þar kemur m.a. fram að Súðavíkurreppur er áhugasamur um að skoða nánar þessar hugmyndir. Áður en teknar eru ákvarðanir um virkjanir á svæðinu og vernd víðerna er mikilvægt að gerð verði ítarleg og fagleg greining á verndargildi óbyggðra víðerna í Súðavíkurreppi. Það er í samræmi við lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem segja að meta skuli virkjunarkosti sem fela í sér stærri en 10 MW aflstöðvar. Með þessu eru skapaðar faglegar forsendur fyrir ítarlegri stefnumörkun um nýtingu víðernanna. Æskilegt er að slík greining verði hluti af rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, (sbr. lög nr. 48/2011) eða sambærileg vinna sem tekur til greina náttúru og menningarminjar, útivist, ferðaþjónustu og hlunnindi og efnahagsleg og félagsleg áhrif virkjana. Rammaáætlun tekur auk þess tillit til virkjanahugmynda og hagkvæmni þeirra enda er markmið laga um rammaáætlun að *tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati með sjálfbæra þróun að leiðarljósi*. Æskilegt er að sveitarfélögin sem land eiga að víðernunum myndi sér sameiginlega stefnu um málefnið og svæðið. Á meðan greining á gildum svæðisins liggur ekki fyrir er ekki gert ráð fyrir skerðingu víðerna í aðalskipulaginu. Mikilvægt er að farið verði í greiningarvinnuna eins fljótt og mögulegt er.

Mikilvægt er að farið sé varlega með innfluttar plöntutegundir innan sveitarfélagsins. Sumar tegundir, s.s. skógarkerfill og lúpína, geta verið mjög ágengar og rutt náttúrulegum gróðri og vistkerfum úr vegi. Þessar tegundir breyta ásýnd landsins og erfitt getur reynst að halda þeim í skefjum eða uppræta þær. Því er mikilvægt að flytja ekki slíkar tegundir inn í landið og

reyna að uppræta eða hefta útbreiðslu þeirra sem þegar eru komnar. Við landgræðslu ber að forðast að skerða náttúruleg gæði viðkomandi svæða. Jafnframt skal taka tillit til héraðsáætlana Landgræðslu ríkisins.

Lögð er áhersla á að birkiskóglendi nýtist almenningi til útivistar, s.s. til berja- og sveppatínslu eða náttúruupplifunar. Heimilt er þó að takmarka aðgengi að skóglendi þar sem ágangur fólks eða búfjár hefur neikvæð áhrif á viðgang hans. Tryggja skal að ágengar tegundir sem ekki tilheyra vistkerfi birkiskóga berist ekki inn á skóglendið. Hlífa skal birkiskógum við raski og tryggja að önnur landnýting, eins og frístundabyggð og skógrækt, skerði ekki óhóflega náttúrulega birkiskóga.

Á stöðum þar sem náttúrulegur birkiskógur er til staðar er nauðsynlegt að huga vel að verndun skógarins út frá náttúruverndarsjónarmiðum í upphafi hvers kyns framkvæmda og deiliskipulagsvinnu. Einnig gæti þurft að huga að verndun hans út frá sögulegum sjónarmiðum eða vegna útivistargildis hans og tryggja að náttúruleg endurnýjun birkiskógarins eigi sér stað. Við framkvæmdir skal fylgja þeirri meginreglu að hlífa birkiskógum við raski en sé þess annars ekki kostur skal endurheimta birkiskóg í stað þess sem eytt er. Forðast skal að rjóðurfella birkiskóg.

Samkvæmt lögum um skógrækt nr. 3/1955 má ekkert svæði rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins að sá sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.

Takmörkun á landnotkun – Önnur náttúruvernd

Með Önnur náttúruvernd (ÖN) er í skipulagsreglugerð átt við svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Tafla 5.1 Önnur náttúruvernd (ÖN).

Auðkenni	Lýsing í náttúruminjaskrá	Takmörkun á landnotkun
ÖN1	Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúin við Hestfjörð. Svæði nr. 313 í náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar. Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.	Taka skal tillit til verndargildis svæðanna við alla ákvarðanatöku um nýtingu. Um svæðin gilda ákvæði í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Á svæðunum gilda hverfisverndarákvæði eftir því sem við á. Sjá töflur 9.1 og 9.2.
ÖN2	Mjóifjörður. Svæði nr. 319 í náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar. Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarlendi. Svæðið er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar.	
ÖN3	Botn Ísafjarðar. Svæði nr. 320 í náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar. Sérstætt gróðurfar.	
ÖN4	Reykjanes við Ísafjörð. Svæði nr. 321 í náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar. Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.	
ÖN5	Vatnsfjarðarnes. Svæði nr. 322 í náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar. Fagurt og fjölbreytt land, sérstæðar sjávarrofsmyndanir.	
ÖN6	Borgarey í Ísafjarðardjúpi. Svæði nr. 341 í náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar. Grösug eyja með fjölskrúðugu fuglalífi.	

Takmörkun á landnotkun – Varúðarsvæði

Varúðarsvæði (VA) Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Tafla 5.2 Varúðarsvæði (VA).

Auðkenni	Takmörkun á landnotkun
VA1 7615 ha Glámuvirkjun. Virkjunin er í biðflokki í rammaáætlun 2.	Gera má rannsóknir og mælingar, t.d. tengdar virkjunum, í samræmi við nauðsynleg leyfi. Ekki má ráðast í óafturkræfar framkvæmdir eða ráðstafa landinu þannig að framkvæmdir eða athafnir hindri möguleg virkjunaráform eða friðlýsingu.

6 VATNSVERND, LOFTGÆÐI OG HLJÓÐVIST

Takmörkun á landnotkun:

- Vatnsból (VB)
- Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)
- Vatnsvernd, grannsvæði (VG)

Vatnsgæði og hljóðvist hafa áhrif á heilsu og vellíðan fólks sem og vistkerfi og einstakar lífverur. Mengun vatns er eitt alvarlegasta heilbrigðismál samtímans og ein mesta ógn við lífríki og vistkerfi jarðar. Mengun getur einnig haft skaðleg áhrif á helstu atvinnuvegi sveitarfélagsins, s.s. sjávarútveg, ferðaþjónustu og landbúnað, sem allir byggja á gæðum náttúrunnar og ímynd svæðisins.

6.1 VATNSVERND

Gæði vatns eru almennt í lagi í sveitarfélaginu. Það orsakast m.a. af smæð samfélagsins. Hér á landi eru í gildi lög, reglugerðir og alþjóðlegar samþykktir er varða mengun, þar á meðal lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samningur um verndun hafrýmis NA-Atlantshafsins (OSPAR). Reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999 m.s.br., er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Skv. reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn.

Tafla 6.1 Flokkun vatns.

Flokkur	Ástand
A	Ósnortið vatn
B	Lítið snortið vatn
C	Nokkuð snortið vatn
D	Verulega snortið vatn
E	Ófullnægjandi vatn

Þessi flokkun hefur ekki verið gerð í Súðavíkurbreyttu en gera má ráð fyrir að stærsti hluti hreppsins flokkist sem *ósnortið vatn* þar sem svæðið er mjög strjálbyggt.

Jafnframt skal, samkvæmt reglugerðinni, skilgreina vatnsverndarsvæði vatnsbóla. Vatnasvið vatnsbólanna, þ.e. vatnsverndarsvæðið, skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Reglugerðin tilgreinir takmarkanir á athöfnum og framkvæmdum innan vatnsverndarsvæðisins (sjá reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001).

Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns gildir eftirfarandi um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði:

- **Brunnsvæði (VB)** er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.
- **Grannsvæði (VG)**. Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA


og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

- **Fjarsvæði (VF)** er á vatnasvæði vatnsbólans en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Vatnsverndarsvæði við Súðavík nær yfir allan Sauradalinn og hann er skilgreindur sem grannsvæði en fjarsvæðið teygir sig upp í hálendið að vatnaskipum á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Brunnsvæðið afmarkast frá vatnsbólínu og ánni í Sauradal og umhverfis borholu ofan þorpsins. Fjallað er um vatnsveitur í kafla 14.1.

Árið 2011 var rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (vatnatilskipun 2000/60/EB) innleidd með nýjum lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í kjölfarið fylgdu tvær reglugerðir, nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt lögunum nær vatn yfir straumvötn, stöðuvötn, árósa, strandsjó, grunnvatn og jökla og samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skal skipta öllu vatni, bæði yfirborðsvatni og grunnvatni í

vatnshlot. Vinna við framfylgd laganna hófst á síðasta skipulagstímabili en hefur ekki verið framhaldið í samfellu.



Mynd 6.1 Vatnsból og vatnsverndarsvæði í Súðavíkurhreppi.

Samkvæmt áhættuskoðun Almannafráttanna frá árinu 2011 hafa ekki verið kortlagðir staðir á Vestfjörðum þar sem *mengun er í jörðu* vegna fyrri starfsemi en á nokkrum stöðum eru þó gamlir sorphaugar.

6.2 HLJÓÐVIST

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum sem tilgreind eru í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Skv. reglugerð um hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1.000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaráætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það á við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlanir séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar.

Hljóðvistargreining var framkvæmd fyrir Hlíð í Álftafirði árið 2013. Þar er miðað við að umferð um veginn sé byggð á umferð 2012 með framtíðarvexti samkvæmt spá Vegagerðar fyrir umferð árið 2032 eða 300 ökutæki á sólahring. Gert er ráð fyrir að 14% hennar séu þyngri bílar og umferðarhraðinn sé 90 km/klst, þar af 80 km/klst. á þyngri bílum.

Krafa reglugerðar er að umferðarhávaði fari ekki yfir 45 dB í frístundabyggð. En þar segir: „*Mörk utan við húsvegg gilda fyrir utan opnanlega glugga. Viðmiðunarhæð þar sem annað er ekki tiltekið er 2 m*“. Á umferðarhávaðamatinu kemur fram að hægt er að komast hjá því að grípa til mótvægisáðgerða vegna umferðarhávaða þar sem ástandið er undir kröfum reglugerðar.

Reynt hefur verið að meta líklega dreifingu hávaða frá fyrirhugaðri kalkþörungaverksmiðju innan við Langeyri. Matið byggir á mælingum frá verksmiðju á Bíldudal. Samkvæmt matinu er hávaði frá verksmiðjunni við íbúðarbyggð vel undir mörkum reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

6.3 LJÓSVIST

Myrkrið er manningum mikilvægt ekki síður en dagsbirtan. Í myrkrunu felast ákveðin gæði og er það mat þeirra sem rannsakað hafa áhrif óþarfa birtu á lífsskilyrði og lífsgæði, að myrkurgæði ættu að vera sjálfsagður þáttur náttúruverndar og að líta beri á náttúrulegt myrkur sem umhverfisþátt, sem bæði menn og dýr eigi að geta notið (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2013). Aukin umræða á sér stað um ljósmengun víða um heim. Þegar talað er um ljósmengun er átt við óheppileg hliðaráhrif sem gjarnan fylgja manngerðri lýsingu. Þá er lýsing notuð á rangan hátt, hún of mikil eða algerlega óþörf. Ljósmengun myndast þannig þegar að birtan dreifist umfram það sem óskað er eftir. Oft er hægt að greina ljósmengunina yfir þéttbýli sem birtuhjúp og eru það einkum eftirfarandi þættir sem eru helstu uppsprettur hennar:

- Götulýsing.
- Fyrirtæki, stofnanir og athafnasvæði, t.d. íþróttavellir og iðnaðarsvæði.
- Heimili.

Tafla 6.2 Leiðbeinandi svæðisflokkun umhverfis byggð á CIE-S-015:2005 staðlinum.

Flokkun	Umhverfi	Lýsing umhverfisins	Dæmi
E1	Náttúrulegt	Náttúrulegt myrkur	Þjóðgarðar og verndarsvæði
E2	Dreifbýli	Lítið upplýst svæði	Iðnaðar- eða íbúasvæði í dreifbýli, sveitabýli
E3	Úthverfi	Meðal upplýst svæði	Iðnaðar- eða íbúasvæði í úthverfi
E4	Þéttbýli	Mikið upplýst svæði	Bæjar- og borgarkjarnar, verslunar- og þjónustusvæði

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

VATNSVERND OG HLJÓÐVIST

Markmið

- ✓ Allir íbúar sveitarfélagsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- ✓ Allir íbúar sveitarfélagsins eigi kost á nægu heilnæmu og ómenguðu vatni til neyslu og annarra nytja.
- ✓ Mengun í ferskvatni verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki óæskileg áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- ✓ Tekið verði tillit til hljóðvistar í öllu skipulagi og viðmið um ýtrustu hávaðamörk verði virt.
- ✓ Notkun og losun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi.
- ✓ Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi, m.a. þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma, hverfi með öllu.
- ✓ Súðavíkurreppur verði vettvangur rannsókna á umhverfisbreytingum á haf- og strandsvæðum.

Útfærsla

Íbúar í Súðavíkurreppi skulu eiga kost á því að búa við hreint og heilnæmt umhverfi. Íbúar, atvinnulífið og sveitarfélagið skulu í sameiningu vinna að því að draga úr hnattrænum umhverfisvandamálum í samræmi við lög landsins og alþjóðlegar skuldbindingar. Auka þarf meðvitund almennings og atvinnulífs um afleiðingar mengunar og hvetja sömu aðila til að forðast slíka mengun.

Beina skal framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og einnig skal tryggja að óæskileg mengun

frá iðnaðarsvæðum berist ekki í jarðveg eða vatn. Vatnsverndarsvæðið í Sauradal er sýnt á skipulagsupprætti sem og vatnsból þar sem ferðaþjónusta með veitingasölu og gistingu er fyrirhuguð. Um er að ræða Reykjarfjörð við Reykjanes, Skálavík í Mjóafirði, Heydal, Vigur, Ögur og Fofafót. Ekki hefur verið sett upp vatnsból í Skálavík og á Fofafæti og því er staðsetning þeirra á skipulagsupprætti ónákvæm. Vatnsbólín eru einnig tilgreind í Tafla 6.3. Mikilvægt er að nægjanlegt neysluvatn sé til staðar á verslunar- og þjónustusvæðum þar sem ferðaþjónusta er fyrirhuguð.

Á jörðinni Garðsstöðum skal taka jarðvegssýni og gera mengunarmælingar. Niðurstöðurnar verða grundvöllur fyrir útgáfu starfsleyfis og gerð deiliskipulags vegna reksturs bílapartasölu.

Sérstök áhersla er lögð á það að halda strandsvæðum og hafinu hreinu og ómenguðu. Fjallað er um losun gróðurhúsalofttegunda í kafla 4.1 Loftslagsbreytingar og sjávarrof.

Áhersla er lögð á það að framfylgja reglugerðum er varða hljóðvist, með gerð hávaðakorta sem nýtist við gerð skipulags.

LIÓSVIST

Útfærsla

Mikilvægt er að nálgast lýsingu innan þéttbýlis og dreifbýlis á heildrænan hátt þar sem velferð íbúa er sett í forgrunn. Lýsingin þarf því bæði að vera í samhengi við umhverfi sitt og virka sem samþættandi þáttur í heildar nætursýn sveitarfélagsins. Margir ferðamenn leggja leið sína í Djúpið til að upplifa náttúruna, kyrrðina, söguna og menningarminjar. LjósMengun og glýja getur stafað af flóðlýsingu, t.d. hafna og iðnaðarsvæða. Góð lýsing getur hins vegar hjálpað einstaklingum að átta sig með því að þeir greina útlínur og mótun byggðar úr fjarlægð án þess að upplifa glýju.

Í íbúðabyggð skal skoða hvernig lýsingu skuli háttáð við götur, stíga og gönguþveranir og hvaða einkenni er æskilegt að skapa eða viðhalda í þéttbýlinu.

Opin svæði eins og t.d. torg, stígar og græn svæði bjóða uppá möguleika fyrir skapandi lýsingu sem hægt er að nýta til að auka umhverfisgæði og gera með því umhverfið aðlaðandi fyrir íbúa og aðra vegfarendur. Á opnum svæðum skal einnig skoða hvernig lýsingu skuli háttáð við stíga og kennileiti og huga að myrkursvæðum þar sem það á við. Á iðnaðar- og athafnasvæðum skal skoða hvernig lýsingu skuli háttáð við byggingar, athafna- og vinnusvæði og hafnarsvæði. Setja skal nánari útfærslur og skilmála í deiliskipulag.

Takmörkun á landnotkun – Vatnsból og vatnsverndarsvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð er **vatnsból (VB)** svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar. Vatnsvernd vatnsbóla eru vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar **grannsvæði (VG)** og hins vegar **fjarsvæði (VF)** sbr. reglugerð um neysluvatn.

Tafla 6.3 Vatnsból og vatnsverndarsvæði (VB, VG og VF).

Auðkenni	Lýsing	Takmörkun á landnotkun
VB1	Sauradalur Vatnsból fyrir þéttbýlið. Vatnsverndarsvæði er sýnt á uppdrætti.	Beina skal framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum. Um varnir gegn mengun vatns á brunnsvæðum, grannsvæðum og fjarsvæðum gilda ákvæði í reglugerð nr. 796/1999 m.s.br.
VB2	Folafótur	
VB3	Vigur	
VB4	Ögur Verslunar og þjónustusvæði	
VB5	Heydalur	
VB6	Skálavík	
VB7	Reykjarfjörður	
VB8		
VB9	Þéttbýli Súðavíkur. Borholur tengdar vatnsveitu.	
VB10		
VB11		
VB12		
VB13		

7 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Stór hluti Súðavíkurrepps liggur hátt eða í miklum bratta og stýrist landnotkun og mannvirkjagerð m.a. af því. Brattlendi og hálendi er að miklum hluta skilgreint sem óbyggð svæði. Ýmsar takmarkanir eru á landnotkun á óbyggðum svæðum, svo sem vegna náttúruvár, náttúruverndar, vatnsverndar og minjaverndar. Slík notkun er þá sýnd með strikum ofan á þeim lit sem táknar óbyggð svæði. Önnur tákn eru einnig sýnd á óbyggðum svæðum, svo sem vegir, gönguleiðir, veitur o.s.frv. Fjallað er um óbyggð víðerni í kafla 5. Lífríki og landslag.

Takmörkun á landnotkun – Óbyggð svæði

Óbyggð svæði (ÓB) eru svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Markmið

- ✓ Gert er ráð fyrir nýtingu hlunninda á eyðijörðum utan landbúnaðarsvæða. Taka skal mið af hefð og sögu svæðisins.
- ✓ Á óbyggðum svæðum er heimilt er að reisa fjarskiptamannvirki, svo sem möstur, sem og minni mannvirki sem tengjast öryggi íbúa og vegfarenda.
- ✓ Nýting á óbyggðum svæðum skal vera í samræmi við önnur markmið er snúa að vernd náttúru og menningarminja og aðgengi að útivist.

Útfærsla

Óbyggðu svæðin í aðalskipulaginu eru að mestu samfelld eins og sést á skipulagsupprættinum. Þar er að finna óbrotið land og oft landsvæði sem eru auk þess vernduð sérstaklega sem náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði, hverfisverndarsvæði eða vatnsverndarsvæði. Þessi svæði eru oft sérstök og þarf að gæta að varðveislu þeirra. Í markmiðum í kafla 5 Lífríki og landslag er m.a. kveðið á um sjálfbæra nýtingu auðlinda, aðgengi að náttúru, verndun sérkenna, líffræðilegrar fjölbreytni og landslags. Hefðbundnar hlunnindanyttjar landeigenda og ábúenda geta m.a. falið í sér, allt eftir hefð og sögu hvers svæðis: beit, útivist, veiðar og skógrækt. Fjallað er um víðerni í kafla 5 Lífríki og landslag.

8 MENNINGAR OG BÚSETUMINJAR

Takmörkun á landnotkun:

- Minjavernd (MV)

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, t.d. fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Þjóðminjar eru jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Samkvæmt sömu lögum eru fornminjar annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru þeir lausamunir sem eru 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Fornleifar eru hins vegar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Samkvæmt lögum um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

8.1 FORNLEIFAR

Fornleifar teljast til fornminja skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og eru skilgreindar sem hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Fornminjar njóta friðunar nema Minjastofnun Íslands kveði á um annað skv. 3. gr. laganna. Þá eru sumar fornleifar jafnframt friðlýstar sérstaklega og getur friðlýsingin náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis skv. 18. gr. laganna. Rétt er að hafa í huga að margar minjar

nálgast 100 ára aldur og því mun fornleifum fjölga hratt á næstu árum miðað við núgildandi lög. Lögin kveða á um að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi (16. gr.). Skráning skal ætíð fara fram á vettvangi áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út. Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig. Þá setur stofnunin einnig reglur um skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og skil á gögnum þar að lútandi.


Í Súðavíkurbreppi eru níu friðlýstar fornleifar, þar af sjö á jörðinni Heydal og tvær í Vatnsfirði. Fornleifaskráning í Vatnsfirði stóð yfir frá árinu 2003 fram til ársins 2013. Að öðru leyti takmarkast fornleifaskráningar að mestu við framkvæmdir á svæðinu. Tafla 8.1 sýnir þau svæði sem hafa verið skráð í Súðavíkurbreppi.

Þó ekki hafi farið fram skipulögð heildar fornleifaskráning í Súðavíkurbreppi leynist þar mikill fjöldi fornleifa og menningarsögulegra minja sem tengjast bæði atvinnu- og byggðasögu hreppsins og vert er að gefa gaum að og varðveita. Búsetuminjar, s. s. bæjarstæði og bæjarhólar, teljast með verðmætustu fornleifastöðum enda geyma slíkir staðir mestar upplýsingar þótt þess sjáist ekki alltaf merki á yfirborði.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Tafla 8.1 Skráðar fornleifar í Súðavíkurbhreppi.

Jörð/svæði	Númer	Fjöldi minjastaða
Seljaland í Álftafirði	ÍS 141426-164	11
Ísafjarðardjúp – vegna ljósleiðara hringtengingar	Skráning minja í Ísafirði, Skötufirði, Hestfirði og Álftafirði	Sjá Ragnar Edvardsson 2016
Hlíð í Álftafirði	(1678) ÍS 141416-158	21
Hrútey í Mjóafirði	Ekki skráð	3
Vatnsfjörður	ÍS 205	52
Ísafjörður og Mjóifjörður (vegna Vatnsfjarðavegar)	(1385)	134
Hvítanes	(1866)	9
Reykjanes	ÍS 141583-210	39
Heydalur	ÍS 141571-198	19
Ögur	Upplýsingar liggja ekki fyrir	Upplýsingar liggja ekki fyrir
Álftafjörður og Seyðisfjörður (Dvergasteinseyri og Uppsalaeyri – hvalveiðar)	ÍS 2126917 (DVS) ÍS 2248666 (HOD) ÍS 2126995 (UPE)	43 (15, 12 og 16)



Mynd 8.1 Skráðar fornminjar og friðlýst hús í Súðavíkurbhreppi (Minjavefsja. 2018)

8.2 BYGGINGARARFUR OG HÚSFRIDUN

Skv. 4. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs og á það við um eftirfarandi:

- Stök hús eða hluta þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götummyndir.
- Kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar.
- Brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru því friðuð, skv. 29. grein, og er óheimilt að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er enn fremur skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Skv. 18. grein laganna nr. 80/2012 má friðlýsa hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing húsa og mannvirkja og friðun kirkna sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur jafnframt gildi sínu. Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám hennar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands hefur ennfremur heimild til skyndifriðunar menningarminja sé hætta á að minjunum verði spillt, þær glattist eða að gildi þeirra rýrist á einhvern hátt.

Í sveitarfélaginu eru 5 hús friðlýst, þar af 4 kirkjur. Auk þess eru um 13 hús orðin 100 ára, og því friðuð, og önnur 10 sem ná þeim aldri á skipulagstímabilinu og teljast þar með til byggingararfs samkvæmt lögum um menningarminjar (

Tafla 8.3 og 8.4). Sjá nánari umfjöllun í kafla 9 Hverfisvernd.

Lögin gera ráð fyrir því að öll mannvirki sem byggð voru fyrir 100 árum eða meira séu friðuð og að þau mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr séu umsagnarskyld. Þá eru kirkjur sem byggðar eru fyrir 1940 einnig umsagnarskyldar.

Fornleifar og aðrar búsetuminjar geyma upplýsingar um sögu og menningu svæðisins, einkum búskaparhætti, byggingarlag og lífnaðarhætti fyrri tíma. Á norðanverðum Vestfjörðum er tækifæri til að rannsaka þessa þætti því byggð hefur minnkað og þétt, auk þess sem stórt svæði er einangrað, þ.e. án vegtengingar við önnur svæði og þannig hafa verðmætin varðveist.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Tafla 8.2 Friðlýst hús í Súðavíkurbænum skv. upplýsingum- frá Minjastofnun.

Friðlýst hús	Lýsing og húsfriðun	Takmarkanir
Súðavíkurkirkja S4	Timburhús, flutt tilsníðið frá Noregi og reist á Hesteyri 1899. Tekin niður og endurbyggð í Súðavík 1962 og þá breytt verulega að innan og forkirkjuturn reistur í stað þakturns. Friðuð frá 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst frá gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012.	Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Umhverfis friðlýstar fornleifar skal afmarka 100 m friðhelgað svæði frá ystu sýnilegu mörkum þeirra, sbr. gr. 22 í lögum um menningarminjar.
Ögurkirkja og gamla íbúðarhúsið S7	Ögurkirkja er timburhús, byggt árið 1859. Þakturn reistur og hvelfing og setloft sett í kirkjuna um 1885. Gamla íbúðarhúsið var reist af Einari snikkara á Ísafirði fyrir Jakob Rósinkarsson forsmið og bónda í Ögri. Húsið er timburhús, byggt á árunum 1884-1885. Ögurkirkja er friðuð frá 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst frá gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012. Gamla íbúðarhúsið er friðað af menntamálaráðherra frá 19. apríl 1991 samkvæmt 1. mgr. 35. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Friðunin tekur til alls hússins að utan og innan. Friðlýst frá gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012.	
Vatnsfjarðarkirkja S8	Vatnsfjarðarkirkja er steinsteypuhús byggt á árunum 1911-1912. Friðuð frá 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst frá gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012.	
Eyrarkirkja í Seyðisfirði S6	Járnklætt timburhús, byggt á árunum 1866-1867. Friðuð frá 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst frá gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012.	

Tafla 8.3 Hús í Súðavíkurbænum sem eru 100 ára eða eldri og eru því friðuð samkvæmt aldursákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Hús	Lýsing	Byggingarár	Skipulagsákvæði
Eyrardalur (Melrekkasetur) Nýja byggð VP1	Gamalt bæjarhús	1849	Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Umhverfis fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal afmarka 15 m svæði nema annað sé ákveðið, sbr. 22. gr. í lögum um menningarminjar.
Eyrardalur 5 Nýja byggð ÍB4	Gamalt bæjarhús úr timbri. Að norski fyrirmynd og ber vitni um áhrif norsku hvalveiðimannanna fyrir aldamótin 1900.	1849	
Vigur Dreifbýli VP10	Vindknúin kornmylla (í ríkiseigu og vörslu Þjóðminjasafnsins)	1850	

Hús	Lýsing	Byggingarár	Skipulagsákvæði
Vigur Dreifbýli VP10	Viktoríuhús (í ríkiseigu og vörslu Þjóðminjasafnsins)	1862	<p>Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.</p> <p>Umhverfis fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal afmarka 15 m svæði nema annað sé ákveðið, sbr. 22. gr. í lögum um menningarminjar.</p>
Vigur Dreifbýli VP10	Bæjarhús	1882-1890	
Aðalgata 34, Súðavík Gamla byggð VP2	Bjarnahús - elsta hús sem stendur í Súðavík fyrir utan Eyrardalsá	1890	
Skötufjörður Dreifbýli AF9	Litli-bær, gamalt bæjarhús	1894	
Aðalgata 56, Súðavík Gamla byggð VP14	Brekka - frístundahús	1900 og 1969	
Kálfavík í Skötufirði Dreifbýli F8	Gamalt bæjarhús	1909	
Hestur Dreifbýli F5	Gamalt bæjarhús	1912	
Aðalgata 32, Súðavík Gamla byggð VP2	Tröð, gamalt bæjarhús	1912	
Fjarðarhorn Dreifbýli	Frístundahús	1918	
Sjónarhóll, Súðavík Gamla byggð	Frístundahús	1918	

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Tafla 8.4 Hús í Súðavíkurbænum sem eru byggð fyrir 1925 og hús sem verða 100 ára á skipulagstímabilinu. (Þjóðskrá Íslands. 2019 og Svanbjörg Helga Haraldsdóttir. 2005)

Hús	Lýsing	Byggingarár	Skipulagsákvæði
Aðalgata 18, Súðavík Gamla byggð S5	Stöðin - frístundahús, áður póstur og sími	1920	Byggt fyrir 1925. Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda hvort sem um er að ræða breytingu, flutning eða niðurrif skv. 30. gr. laga um menningarminjar.
Ofan við Aðalgötu 38, Súðavík Gamla byggð VP2	Dalbær	1930	Vegna aldurs hússins skal leita álits skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda, hvort sem um er að ræða breytingu, flutning eða niðurrif.
Víkurgata 9, Súðavík Nýja byggð ÍB2	Holt, íbúðarhús. Flutt að Víkurgötu 9 1996	1926	
Víkurgata 5, Súðavík Nýja byggð ÍB2	Fagrabrekka, íbúðarhús. Flutt að Víkurgötu 5 1997	1929	
Aðalgata 58, Súðavík Gamla byggð	Grund, frístundahús	1929	
Víkurgata 3, Súðavík Nýja byggð ÍB2	Sólbakki, íbúðarhús. Flutt að Víkurgötu 3 1996	1930	
Blómsturvellir, Súðavík Gamla byggð VP4	Frístundahús	1930	
Aðalgata 14, Súðavík Gamla byggð VP13	Frístundahús	1930	
Aðalgata 16, Súðavík Gamla byggð VP13	Frístundahús, bílskúr byggður seinna	1930	
Aðalgata 22, Súðavík Gamla byggð S5	Félagsheimilið, samkomuhús	1930	

Hús	Lýsing	Byggingarár	Skipulagsákvæði
Miðhús	Íbúðarhús	1921	Byggt fyrir 1925. Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda hvort sem um er að ræða breytingu, flutning eða niðurrif skv. 30. gr. laga um menningarminjar.
Ögur VÞ9	Samkomustaður	1925	Byggt 1925. Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda hvort sem um er að ræða breytingu, flutning eða niðurrif skv. 30. gr. laga um menningarminjar.
Vatnsfjörður	Frístundahús	1925	Byggt 1925. Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda hvort sem um er að ræða breytingu, flutning eða niðurrif skv. 30. gr. laga um menningarminjar.
Hagakot	Íbúðarhús	1926	Vegna aldurs hússins skal leita álits skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda, hvort sem um er að ræða breytingu, flutning eða niðurrif.
Laugarból	Íbúðarhús	1926	
Hvítanes	Íbúðarhús	1927	
Þúfur	Íbúðarhús	1929	
Blámýrar	Íbúðarhús	1930	
Garðsstaðir	Íbúðarhús	1930	

8.3 YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Einn þéttbýliskjarni er í Súðavíkurbreppi, Súðavík við Álftafjörð. Súðavík er miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum, umlukin háum fjöllum.

Eins og fram hefur komið voru mikil umsvif vegna verslunarhafnar Hansamanna, hvalveiði Norðmanna og reksturs hvalstöðvarinnar á Langeyri. Starfsemin var mannfrek og hvatti til þéttbýlismyndunar í nágrenni fyrirtækjanna. Þéttbýlið reis þó ekki á Langeyri, eins og vænta hefði mátt. Utar með firðinum var jörðin Súðavík, eitt mesta býli í Álftafirði frá fornu fari og mikilvægasta verstöð bænda í firðinum á árabátaöld. Þar tók að myndast vísir að þéttbýli skömmu fyrir aldamótin 1900 og lifðu íbúarnir af sjósókn öðru fremur, en höfðu landbúskap til styrktar, auk þess sem allmargir sóttu vinnu inn á Langeyri og í hvalveiðistöðina, sem rekin var á Dvergasteinseyri. Árið 1890 voru íbúar í þorpinu í Súðavík um 100 talsins, en fjölgaði hratt á næstu árum. Atvinnutækifæri og landfræðilegar aðstæður réðu því miklu um þróun byggðar á svæðinu.

Eftir snjóflóðin mannskæðu í Súðavík í ársbyrjun 1995 var tekin ákvörðun um að flytja þéttbýlið í Súðavík suður fyrir Eyrardalsá. Hreppsnefnd Súðavíkur efndi í því tilefni til hugmyndasamkeppni meðal fagmanna um skipulag nýrrar Súðavíkur í samráði við Skipulag ríkisins. Sex teiknistofum var boðin þátttaka. Í dómnefnd áttu sæti þrjú fulltrúar sveitarstjórnar, skipulagsstjóri ríkisins og einn fulltrúi frá Arkitektafélagi Íslands. Valin var tillaga Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og Sigurðar J. Jóhannssonar arkitekta FAÍ sem grundvöllur uppbyggingar nýrrar byggðar í Súðavík og tók forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fyrstu skóflustunguna að nýrri Súðavík þann 30. apríl 1995.

Flest hús í nýju byggðinni voru byggð skömmu eftir snjóflóðin 1995 en til viðbótar voru nokkur eldri timburhús úr gömlu byggðinni flutt yfir í þá nýju. Ákabúð og Eyrardalur 5 eru tvö þeirra og önnur fimm voru flutt að Víkurgötu. Flutningur húsanna skapar tengingu við gömlu byggðina og menningarsögu

þéttbýlisins. Flest íbúðarhúsin í nýju byggðinni eru einbýli en einnig eru nokkur rað- og parhús auk tvíbýlishúsa á tveimur hæðum.

Byggðin í Súðavík á því sérstaka sögu þar sem hluti af hinum upprunalega byggingararfi er horfinn vegna náttúrufarslegra aðstæðna. Nýr byggðakjarni í Súðavík reis og þar með færðist byggðin nær hinu upprunalega svæði athafnalífs, Langeyri. Eldri byggðin er því frístundabyggð og ferðapjónustusvæði þar sem einungis er leyfilegt að dvelja í íbúðarhúsum á hættusvæði yfir sumarmánuðina. Yfirbragð byggðarinnar er því töluvert nýlegt þó eldri hús leynist innan um og saman við en 15 hús eru byggð fyrir árið 1930 í Súðavík.



Mynd 8.2 Nýja byggðin var reist utan ofanflóðahættusvæða eftir snjóflóðin árið 1995 (Mynd: Gunnar Páll Eydal).

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Markmið

- ✓ Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár. Jafnframt skal leitast við að verja minjar vegna ágangs sjávar.
- ✓ Varðveita skal gömul hús sem hafa á einhvern hátt verndargildi.
- ✓ Íbúar og gestir geti notið þeirrar menningar og sögu sem búsetuminjarnar geyma.

Útfærsla

Beina skal framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi fornminja frá minjastöðum eins og kostur er. Leita skal umsagnar Minjastofnunar vegna allra framkvæmda sem kunna að hafa áhrif á minjar.

Varðveita skal, eins og kostur er, gamlar byggingar í þéttbýli og dreifbýli sem hafa verndargildi. Vernda skal staði eða svæði sem tengjast merktum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum en einnig mannvirki sem tengjast fornu verklagi eða tækni.

Minjar um byggð og atvinnusögu, svo sem nýtingu sjávarauðlinda og búskaparhætti skal varðveita. Dæmi um þetta eru verstöðvar, varir, fishjallar og naust sem setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Viðhalda má gömlum göngu- og reiðleiðum, stikum, bryggjum og vörðum sem eru í notkun. Hafa skal samráð við Minjastofnun ef umrædd mannvirki eru eldri en 100 ára.

Á hverfisvernduðum svæðum gilda sérstök ákvæði, m.a. til verndar menningarsögulegum minjum. Þar eru m.a. ákvæði um verndun fornminja og ásýnd bygginga. Á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli skal meta áhrif

deiliskipulags í sérstakri greiningu sbr. kafla 9 Hverfisvernd. Í dreifbýli eru hverfisverndarsvæði á Reykjanesi, Hvítanesi, Foflafæti, í Vatnsfirði, Ögri og Ögurnesi, á Uppsalaeyri, Dvergasteinseyri og Seljalandi.

Leitast skal við að upplýsa íbúa og gesti svæðisins um menningarsöguleg verðmæti með merkingum og öðrum upplýsingaveitum í samvinnu við Minjastofnun. Þannig er stuðlað að aukinni vitund fólks og bættri umgengni um þessi verðmæti. Vinna þarf með aðilum í ferðapjónustu að þessum verkefnum.

Súðavík er fámennt en víðfeðmt sveitarfélag og ríkt af minjum. Fornleifar verða skráðar samhliða deiliskipulagsvinnu, leyfisveitingum og framkvæmdum eftir því sem við á. Mikilvægt er að gera það tímanlega þannig að hægt verði að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af nauðsynjalausu en slíkt getur leitt af sér óbætanlegt tjón og haft mikinn ófyrirséðan kostnað í för með sér. Fornleifaskráning hefur upplýsingagildi fyrir almenning og ferðamenn en menningarminjar eru hluti af aðdráttarafli ferðamanna á svæðinu.

Nánar er fjallað um varðveislu bygginga og götummynda í næsta kafla.

YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Markmið

- ✓ Tryggt skal að kostum og sérkennum Súðavíkur verði viðhaldið samtímis og þróaður verði áhugaverður og eftirsóknarverður bær til framtíðar.
- ✓ Að samhengi nýju byggðarinnar, gömlu byggðarinnar og framtíðar byggðar verði styrkt með bættum samgönguleiðum og ásýnd og góðri tengingu byggðasvæða við útivistarsvæði, opin svæði og strandlengju.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

- ✓ Að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að sögulegri byggð og bæjarmynd Súðarvíkur og styrki hana og efla.

Útfærsla

Eins og sjá má á Mynd 3.3 í kafla um veðurfar í náttúrukafla hér að framan eru algengustu vindáttirnar í Súðavík, suð-suðaustanátt og norð-norðaustanátt og fylgja þær þannig legu fjarðarins. Við hönnun og skipulag byggðar skal taka mið af ráðandi vindáttum til að tryggja eins og mögulegt er skjólsæla og vandaða byggð með lífvænlegum almenningsrýmum.

Áhersla verði lögð á tengsl byggðar við sögu, atvinnuhætti og náttúru svæðisins, þannig að sérstaðan fái að njóta sín. Í því sambandi má nefna heildræna tengingu á milli gömlu byggðarinnar og þeirrar nýju. Það verði gert með bættum samgönguleiðum og hugað að bættri ásýnd þar sem gamla byggðin verður meira nýtt til útivistar, frístundaiðkunar og þjónustu við ferðamenn.

Menningarsöguleg verðmæti, önnur en byggingar, þarf einnig að vernda en jafnframt skal veita almenningi aðgang að þeim, hvort sem þau eru manngerð eða frá náttúrunnar hendi. Sérstaklega skal huga að ásýnd byggðarinnar við Aðalgötu, þjónustukjarna og frístundabyggðar í gömlu byggðinni.

Lýsingu innan þéttbýlis og dreifbýlis þarf að nálgast á heildrænan hátt þar sem velferð íbúa er sett í forgrunn. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir, þannig að lýsingin undirstriki einkenni byggðarinnar. Jafnframt skal hugað að öryggi og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Sjá nánar kafla 6.3 Ljósvisst.

Takmörkun á landnotkun – Minjavernd

Minjavernd (MV) nær yfir svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar sem og hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Tafla 8.5 Minjavernd (MV).

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
MV1 Heydalur	<ul style="list-style-type: none"> 1.-2. Tvennar tóftaleyfar þar sem bærinn hefur verið áður, einar fyrir innan Heydalsgil og aðrar yngri, í túninu inn frá bænum. 3.-7. Tóftarústir þar sem verið hafa bæirnir Bakkakot, Kirkjuból, Laugarbær, Galtarhryggur og Brennistaðir, frammi á Heydal. 	Hvers konar röskun og framkvæmdir eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar á 100 metra friðhelguðu svæði út frá ystu sýnilegu mörkum minjanna, sbr. ákvæði laga um menningarminjar.
MV2 Vatnsfjörður	<ul style="list-style-type: none"> Grettisvarða, svo nefnd, á Grettishjalla. Hjallur; tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 30. 08. 1976 og aftur 17. 11. s. á. Ekki þinglýst. 	Hvers konar röskun og framkvæmdir eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar á 100 metra friðhelguðu svæði út frá ystu sýnilegu mörkum minjanna, sbr. ákvæði laga um menningarminjar.

9 HVERFISVERND

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggða eða annarra menningarsögulegra minja s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, grein 2.7. og 4.3.1.

Engin hverfisvernd er í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018, sem samþykkt var árið 2002. Þar er þó sett fram sú hugmynd að setja hverfisvernd á jörðina Seljaland í botni Álftafjarðar og mögulega að gera hana að fólkvangi. Seljaland er í eigu Ísafjarðarbæjar en um er að ræða fallett gróðursvæði með tilkomumiklu landslagi.

Takmörkun á landnotkun:

- Hverfisvernd (HV)


9.1 HVERFISVERND Í ÞÉTTBÝLI

Þrjú svæði í þéttbýlinu njóta hverfisverndar, þ.e. í gömlu byggðinni, nýju byggðinni og á Langeyri. Ákvæði hverfisverndar taka til breytinga, viðhalds, niðurrifs og nýbyggingar húsa og umhverfis þeirra. Að auki taka ákvæði hverfisverndar á Langeyri til hvers kyns framkvæmda sem gætu haft áhrif á menningarsögulegt gildi svæðisins. Hverfisverndinni er ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal gerð húsakönnun sem höfð skal til hliðsjónar við ákvörðun um réttindi, skyldur og kvaðir samfara hverfisvernd. Fornleifaskráning skal liggja fyrir áður en leyfi er veitt fyrir hvers kyns framkvæmdum á Langeyri og við deiliskipulagsgerð.

Gamla byggðin - HV1

Hverfisverndarsvæði HV1 nær til þess hluta gömlu byggðarinnar þar sem íbúðarhús og önnur hús hafa náð talsverðum aldri eða hafa ákveðið menningarsögulegt gildi fyrir bæjarfélagið en ekki er lengur hægt að hýsa þar íbúa og aðra hefðbundna starfsemi sökum ofanflóðahættu. Húsin eru elleftu talsins og eru byggð á tímabilinu frá 1890 og fram til 1950. Með hverfisvernd er mögulegt að viðhalda menningararfinum og skapa aðlaðandi umhverfi sem verður eftirsóknarvert fyrir íbúa og gesti og styrkir jafnframt tengslin á milli byggðarhluta. Slíkt umhverfi getur styrkt bæjarfélagið í heild sinni.



Mynd 9.1 Hverfisvernd gömlu byggðarinnar (Þjóðskrá. 2018).

Hverfisvernd HV1 tekur til eftirfarandi húsa við Aðalgötu í gömlu byggðinni (Mynd 9.1):

1. Aðalgata 14, byggt árið 1930.
2. Aðalgata 16, byggt árið 1930.
3. Stöðin, byggt árið 1920. Er í dag frístundahús en var áður fyrr Póstur og sími. Húsið er við Aðalgötu 18.
4. Félagsheimilið, byggt árið 1930. Gegndi hlutverki samkomuhúss fyrir Súðvíkinga og er staðsett við Aðalgötu 22.
5. Varðahús, byggt árið 1950. Húsið er staðsett við Aðalgötu 26.
6. Aðalgata 28A, Skúr sem byggður var árið 1952.
7. Raggahús, byggt árið 1966 og staðsett við Aðalgötu 30.
8. Tröð, byggt árið 1912 og er því orðið yfir 100 ára gamalt og friðað með t.t. aldurs. Húsið er staðsett við Aðalgötu 32
9. Bjarnahús, byggt árið 1890 og er því orðið yfir 100 ára gamalt og friðað með t.t. aldurs. Húsið er staðsett við Aðalgötu 34.
10. Kaupfélagið, byggt árið 1941 og þjónaði sem verslun frá árinu 1942. Staðsett við Aðalgötu 38.
11. Dalbær, byggt árið 1930. Húsið er staðsett ofan við Aðalgötu 38 þar sem gamla Kaupfélagið er.

Skipulagsskilmálar eru í töflu 9.2.

Víkurgata - HV2

Á hverfisverndarsvæðinu við Víkurgötu finnast gömul íbúðarhús sem upphaflega voru byggð í gömlu byggðinni en voru flutt yfir í nýju byggðina á árunum 1996-1997. Elsta húsið, Holt, var upphaflega byggt árið 1926 og það yngsta, Innri-Grund, er frá árinu 1954. Önnur hús eru Fagrabrekka, byggt 1929, Sólbakki, byggt 1930 og Garðarshús, byggt 1931 (tafla 8.4). Þessi hús bera því menningarsögu Súðavíkur vitni þó þau séu á öðrum stað en upphaflega. Götumyndin er hönnuð til að undirstrika og leggja áherslu á þetta.

Með því að leggja áherslu á að varðveita uppruna þéttbýlisins er stuðlað að því að sérkenni og saga Súðavíkur fái að njóta sín við þróun þéttbýlisins. Líklegt er að áhersla í þessa átt hafi jákvæð áhrif á samfélagið og renni styrkari stoðum undir ferðapjónustu og bæti ímynd bæjarins.

Skipulagsskilmálar eru í töflu 9.2.

Langeyri - HV3

Langeyri liggur skammt innan við Eyrardalsá og tilheyrði Eyrardalsjörð. Langeyri er stærsta eyrin sem myndar góða höfn í fjörðunum við Djúpið, að Skutulsfjarðareyri undanskilinni. Þar var fyrsta hvalveiðistöðin reist af norskum hvalveiðimönnum á seinni hluta 19. aldar og um tíma var þar stórt vinnuhús með gufuvélum, íbúðarhús, geymsluhús, smiðja og fleira. Á norðanverðri Langeyri er allstórt vatn eða tjörn, sem nú er að mestu fyllt jarðvegi og gróið mosa og grasi, en sagt er að hún hafi fyrrum verið dýpri. Tjörnin heitir Skipatjörn og er talið að þar hafi Þjóðverjar lagt skipum sínum á vetrum. Í gömlum heimildum er minnst á malarkambinn fyrir framan tjörnina, að hann sé óslitinn en þó með skarði í, en það gæti stutt þá frásögn manna að skipin hafi verið dregin í gegnum það (Eiríkur P. Jörundsson. 2016).

Hverfisverndarsvæðið á Langeyri nær til þess svæðis þar sem líkur eru á að minjar finnist frá sögu útgerðar, hvalveiða og síldarvinnslu. Hverfisverndinni er ætlað að tryggja að hugsanlegar fornminjar spillist ekki við framkvæmdir og að uppbygging á svæðinu spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega. Jafnframt er henni ætlað að auka möguleika svæðisins sem útivistar- og safnasvæðis. Áhersla er lögð á að á skipulagstímabilinu verði gerð nákvæm fornleifaskráning á svæðinu. Skipulagsskilmálar eru í töflu 9.2.

9.2 HVERFISVERND Í DREIFBÝLI

Hverfisverndarákvæði í dreifbýli er sett á svæði með mikið verndargildi og svæði með verndargildi sem eru undir álagi. Markmiðið er, eins og fram kemur hér að framan, að tryggja verndun þessara auðlinda og menningarverðmæta og að auka velferð íbúa og gesta. Hverfisverndinni er

ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess, bæði menningarlandslags og náttúrulegs landslags. Skapa á umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn sveitarfélagsins og hefur jákvæð áhrif á þróun þess.

Níu svæði í dreifbýlinu njóta hverfisverndar, ýmist vegna menningarminja og/eða náttúruminja. Öll svæðin hafa tölvuvert útivistar- og fræðslugildi. Eins og fram kemur í 5.2 Gildi náttúrunnar og verðmætamat, hefur óspillt náttúra margvísleg gildi, m.a. fagurfræðilegt, siðferðilegt, menningarlegt, hagrænt, vistfræðilegt, sálrænt og vísindalegt en einnig með tilliti til útivistar og fræðslu. Hún er þannig forsenda margvíslegra grunnþæða og mannlífs sem erfitt getur verið að meta hagrænt.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal gerð húsakönnun sem höfð skal til hliðsjónar við ákvörðun um réttindi, skyldur og kvaðir samfara hverfisvernd. Á þeim svæðum sem njóta hverfisverndar vegna menningarminja skal fornleifaskráning, og húsakönnun þar sem það á við, liggja fyrir áður en leyfi er veitt fyrir hvers kyns framkvæmdum og við deiliskipulagsgerð. Á þeim svæðum sem njóta hverfisverndar vegna náttúruminja skal liggja fyrir úttekt á verndargildi og skráningu náttúruminja við deiliskipulagsgerð og áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdum.

Við deiliskipulagsgerð á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruminjaskrá skal gera sérstaka greiningu á áhrifum skipulagsins (sbr. leiðbeiningar í viðauka).

Seljaland – HV4

Vinsælt útivistarsvæði með fallegu gróðursvæði og tilkomumiklu landslagi í botni Álfafjarðar. Ísafjarðarbær er landeigandi.

Folafótur – HV5

Á Folafæti er mikill þéttleiki fornminja og vinsæl gönguleið. Fjallið Hestur setur sterkan svip á svæðið. Fjöldmenn byggð var á svæðinu í upphafi síðustu aldar en árið 1910 er talið að yfir 100 manns hafi búið á svæðinu. Um var að ræða þurrabúðarfólk sem sótti sjóinn í Ísafjarðardjúp. Í dag býr enginn á Folafæti.

Hvítanes – HV6

Við austanvert Hvítanes er látur landsela og þar hefur verið gerður útsýnisstaður með góðri sýn yfir Vigur og Ísafjarðardjúp. Vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Talið er að byggð hafi verið á Hvítanesi síðan á landnámsöld (Náttúrustofa Vestfjarða. 2017).

Reykjanes – HV7

Allt land Reykjanes er á náttúruminjasrá. Svæðið er eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum, með sérkennilegar sjávarrofsmýndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf (Náttúruminjasrá). Dýralíf er fjölskrúðugt, s.s. selir og ýmsar fuglategundir, einkum á austanverðu nesinu (Böðvar Þórisson. Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson. 2003). Vatnamynta finnst í Reykjanesi en hún er alfriðuð. Hún er afar sjaldgæf og finnst eingöngu við laugar á þremur stöðum á landinu (Flóra Íslands. 2017). Möguleikar til útivistar í Reykjanesi eru miklir, enda sérstæð náttúra með langa strandlengju og svæðið mjög aðgengilegt. Svæðið er almennt talið áhugaverður fuglaskoðunarstaður og sjórinn vinsæll meðal kafara vegna lífríkis og hvera á sjávarbotni (Vegagerðin. 2003). Svæðið er ríkt af sögu- og menningarminjum. Alls eru skráðar 39 minjar á svæðinu og það því talið afar merkilegt (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013). Í húsakönnun fyrir svæðið kemur fram að 10 hús eru metin með mikið varðveislu- og/eða menningarsögulegt gildi. Á átjándu öld var starfrækt saltvinnsla og á fyrri hluta tuttugustu aldar var jarðhitinn nýttur til gróðurhúsaræktunar (Finnbogi Hermannsson. e.d.). Barna og héraðsskólinn var rekinn þar nánast alla tuttugustu öldina (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013). Sund, leirböð og

ýmis útivist hefur lengi verið stunduð í Reykjanesi en sundkennsla hófst þar á fyrri hluta níttjándu aldar.

Vatnsfjörður – HV8

Vatnsfjörður er einn af áhugaverðustu minja- og sögustöðum Vestfjarða. Staðurinn er vel rannsakaður og minjarnar sýna vel breytingar sem hafa orðið á félags- og hagkerfi Vestfjarða sem og á menningu landsvæðisins (Fornleifastofnun Íslands. 2011). Vatnsfjarðarkirkja, sem var reist 1911-1912, er friðuð. Grettisvarða á Grettishjalla er friðlýst fornleif. Vatnsfjarðarnes er á náttúruminjasrá.

Ögur – HV9

Ögur var höfðingjasetur og stórbýli. Vegur staðarins var hvað mestur frá seinni hluta 15. aldar og fram á 17. öld (nat.is). Gamla íbúðarhúsið í Ögri, sem reist var 1884-1885, er friðað sem og Ögurkirkja, sem var reist 1859. Samkomuhús var byggt árið 1930.

Uppsalaeyri – HV10

Hvalstöð með umsvifamikilli starfsemi var reist á Uppsalaeyri í Seyðisfirði af Norðmönnum árið 1897. Hún var í notkun til ársins 1904 (Gylfi Björn Helgason, 2015; Trausti Einarsson. 1987).

Dvergasteinseyri – HV11

Hvalstöð var reist á Dvergasteinseyri í Álftafirði árið 1896. Stöðin var í notkun til ársins 1903. Tóftir eru sýnilegar og fornleifar hafa verið skráðar (Gylfi Björn Helgason. 2015).


Ögurnes – HV12

Saga útgerðar, verstöð og afurðavinnsla á landi. Fjöldmenn byggð var á Ögurnesi í upphafi tuttugustu aldar. Ekkert hús er uppstandandi en fjöldi tófta er á svæðinu.

Litlibær – HV13

Endurbyggt íbúðarhús í vörslu Þjóðminjasafnsins. Sérstæðar steinhleðslur. Litlibær var reistur árið 1895 af tveimur vinfjölskyldum, sem bjuggu upphaflega í sitt hvorum hluta hússins og var því þá skipt í miðju með þvervegg. Húsið er úr timbri með steinhlöðnum veggjum upp að langhliðum og grasi á þökum. Túnið er afmarkað af steinhlöðnum garði og mælist það um 3 hektarar. Einstaklega vel hefur verið vandað til allra steinhleðslna. Tóttir eru margar á jörðinni og skammt í suður frá steinhlöðnum vegg, sem liggur umhverfis túnið, er hringmynduð fjárborg og er hún talin mun eldri en aðrar hleðslur við Litlabæ (Bygðasafn Vestfirðinga. 2018).

Skipulagsskilmálar eru í töflu 9.2.



Mynd 9.2 Hverfisvernduð svæði í dreifbýli Súðavíkurhrepps.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

HVERFISVERND

Markmið

- ✓ Að tryggja verndun þeirra auðlinda og menningarverðmæta sem hafa verndargildi eða geta aukið velferð íbúa og gesta á svæðinu.
- ✓ Að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Súðavíkurrepps og að styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins.
- ✓ Að tryggja að tengsl sveitarfélagsins við söguna glattist ekki.

Útfærsla

Tiltekin svæði í Súðavíkurreppi njóta hverfisverndar vegna náttúruminja eða menningarsögulegs gildis. Um hverfisverndarsvæði gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska þeim þáttum sem verndin byggir á s.s. að spilla náttúru- eða menningarminjum eða breyta vernduðu yfirbragði hverfis. Allar áætlanir og framkvæmdir á hverfisverndarsvæðum eru háðar umfjöllun í skipulagsnefnd auk samþykkis sveitastjórnar Súðavíkurrepps. Nánar er fjallað um hverfisvernd einstakra svæða í næstu köflum.

Við deiliskipulagsgerð á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruminjaskrá skal gera sérstaka greiningu á áhrifum skipulagsins (sjá leiðbeiningar í viðauka).

Með þessu er ætlunin að tryggja að farið sé gætilega við framkvæmdir á hverfisvernduðum svæðum. Gæta skal þess að áhrifum sé haldið í lágmarki og að deiliskipulag sé í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Greiningunni er jafnframt ætlað að tryggja faglega málsmeðferð við ákvarðanatöku sveitastjórnar og framkvæmdaaðila.

Upplýsingar um hverfisverndina skulu vera vel kynntar og aðgengilegar öllum á skipulagstímabilinu. Aðkoma hagsmunaaðila að gerð deiliskipulags skal tryggð.

Hafa skal samráð við Minjastofnun Íslands við deiliskipulagsgerð á svæðum sem njóta hverfisverndar vegna menningarminja. Leita skal umsagnar Minjastofnunar við alla deiliskipulagsgerð og við útgáfu framkvæmdaleyfa skal kanna hvort framkvæmd hafi áhrif á menningarminjar.

Takmörkun á landnotkun – Hverfisvernd

Í skipulagsreglugerð segir um hverfisvernd (HV), svæði þar sem sveitastjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Tafla 9.1 Almenn skipulagsákvæði fyrir hverfisverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá.

Almenn skipulagsákvæði

Frístundahús

Taka skal mið að hverfisverndarákvæðum við byggingu frístundahúsa á hverfisvernduðum svæðum (Tafla 9.2).

Á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruminjaskrá (Tafla 5.1) skal gera greiningu á áhrifum frístundahúsa samhliða deiliskipulagsgerð (sjá nánar í viðauka 1).

Tafla 9.2 Hverfisvernd (HV)

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
<p>HV1 2,6 ha Aðalgata 14-38 í gömlu byggðinni</p>	<p>Gamla byggðin við Aðalgötu ofan við höfnina. Á svæðinu er verslunar- og þjónustusvæði (VP2 og VP13) og samkomuhúsið (S5). Sjá nánari umfjöllun í forsendukafla hér að ofan.</p>	<p>Hús með verndargildi skulu ekki fjarlægð. Miða skal viðhald húsa við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best. Leitast skal við að halda í þá hluti sem nýtanlegir eru. Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Leitast skal við að hafa ásýnd í sem upprunalegastri mynd. Umhverfi húsa skal vera í samræmi við arkitektúr hverfisins. Jafnframt gilda ákvæði í töflum 8.3. og 8.4. og lög um menningarminjar eftir því sem við á. Svæðið er á ofanflóðahættusvæði C og skal nýting taka mið af því.</p>
<p>HV2 0,7 ha Víkurgata</p>	<p>Gömul íbúðarhús sem flutt hafa verið úr gömlu byggðinni yfir í nýju byggðina. Tilheyrir íbúðarsvæði ÍB2. Sjá nánari umfjöllun í forsendukafla hér að ofan.</p>	<p>Heimilt er að byggja við hús á svæðinu. Viðbyggingar skulu hafa sama yfirbragð og aðalbyggingin, þ.e. í samræmi við þann arkitektúr sem einkennir húsið. Efnisval í viðbyggingum skal vera það sama og í aðalbyggingunni. Stærð viðbygginga skal vera þannig að aðalbygging haldi sínum sessi. Heimilt er að byggja ný hús eða færa hús inn á hverfisverndaða svæðið. Staðsetning og mótun nýrra bygginga á hverfisverndaða svæðinu skal falla að hefðum og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Leitast skal við að hafa ásýnd í sem upprunalegastri mynd. Umhverfi húsa skal vera í samræmi við arkitektúr hverfisins. Jafnframt gilda ákvæði í töflum 8.3. og 8.4. og lög um menningarminjar eftir því sem við á.</p>
<p>HV3 19 ha Langeyri, tjörnin og Súðavíkurkirkja</p>	<p>Súðavíkurkirkja (S4) er friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Á Langeyri er falllegt útivistarsvæði og auðug saga útgerðar, hvalveiða og sildarvinnslu. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir kirkjugarði K1, afþreyingar- og ferðamannasvæði AF7, frístundabyggð F4, athafnasvæði AT1 og opnu svæði OP1. Sjá nánari umfjöllun í forsendukafla hér að ofan.</p>	<p>Svæðið er lifandi og með svigrúm til áframhaldandi þróunar á fjölbreyttri nýtingu. Öll uppbygging á svæðinu skal miða að varðveislu sögu- og menningarminja og að auka möguleika svæðisins sem útivistar- og safnasvæðis. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og menningar á svæðinu. Við uppbyggingu, til að auka aðgengi almennings að fjörunni, skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins. Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega. Hverfisverndin hefur ekki áhrif á núverandi landnotkun, nema ef talið er að fornminjar geti spillst. Jafnframt gilda ákvæði í töflum 8.2. og 8.4. og lög um menningarminjar eftir því sem við á.</p>

ADALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
HV4 318 ha Seljaland	Vinsælt útivistarsvæði með fallegu gróðursvæði og tilkomumiklu landslagi í botni Álftafjarðar. Á svæðinu eru birkiskógar og vatnsverndarsvæði.	Svæðið verði fyrst og fremst nýtt til útivistar. Allar framkvæmdir skulu miða að því að vernda landslag og lífríki. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV5 413 ha Folafótur	Sérstætt menningarlandslag, mikill þéttleiki fornminja. Við svæðið er verslunar og þjónustusvæði VP11.	Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins. Við uppbyggingu skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins og möguleika þess sem fræðslu- og útivistarsvæðis. Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar og menningarverðmæti spillist ekki. Framkvæmdir skulu falla vel að menningarlandslaginu og taka mið af sögu, landslagi og lífríki svæðisins. Nánari staðsetning mannvirkja skal ákvörðuð í deiliskipulagi. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV6 90 ha Hvítanæs	Selalátur og útsýnisstaður. Vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Á svæðinu er bryggja H6.	Allar framkvæmdir skulu miða að því að vernda fornminjar, landslag og lífríki í fjörunni. Huga skal að öryggi vegfarenda við uppbyggingu. Gera skal ráð fyrir aðgengi að fjörunni og aðstöðu fyrir gesti, en gæta skal þess að uppbyggingin hafi ekki neikvæð áhrif á selalátur og skerði ekki verndargildi svæðisins. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV7 74 ha Reykjanes	Náttúru- og menningarminjar. Á svæðinu er afþreyingar- og ferðamannasvæði AF8, athafnasvæði AT3, verslunar og þjónustusvæði VP7, bryggja H10 og sendar. Svæðið er á náttúruminjasrá, önnur náttúruvernd ÖN4.	Öll nýting innan svæðisins skal taka mið af sérstæðri náttúru eða sérkennum svæðisins. Áhersla skal lögð á að við nýframkvæmdir verði öllu raski haldið í lágmarki. Leitast skal við að laga mannvirki sem best að landinu þannig að sérstæð náttúra svæðisins fái notið sín. Öll nýting jarðvarma skal vera með sjálfbærum hætti og þess jafnframt gætt að skerða ekki ímynd svæðisins. Tryggja skal að framkvæmdir raski ekki náttúru- og menningarminjum og skerði ekki gæði svæðisins. Tryggja skal varðveislu minja um nýtingu jarðvarma á svæðinu, s.s. saltvinnslu, gróðurhúsaræktun, sundkennslu og skólahald. Óheimilt er að breyta eða skerða heitavatnsrennsli til sjávar þannig að það raski því lífríki sem þar þrífst. Ekki skal hrófla að óþörfu við strandlengjunni nema með það að markmiði að laga eldra rask eða fjarlægja mannvirki eins og fráveitulagnir. Gæta skal þess að framkvæmdir raski ekki vatnasviði hvera og lauga. Tryggja skal að vaxtarsvæði vatnamyntu skerðist ekki. Tryggja skal aðgengi almennings til útivistar á svæðinu en þess gætt að útivistin skerði ekki gæði svæðisins. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
HV8 41 ha Vatnsfjörður	Söguminjar, fornminjar og landslag. Á svæðinu er Vatnsfjarðarkirkja S8, sem er friðuð og kirkjugarður K4. Þar er einnig Grettisvarða sem er friðlýst MV2, frístundabyggð og bryggja H9. Einnig er þar svæðið OP8 en þar er gert ráð fyrir bættri aðstöðu fyrir ferðamenn til að skoða fornminjar. Vatnsfjarðarnes er á náttúruminjaskrá, önnur náttúruvernd ÖN5.	Vernda skal sögu- og fornminjar. Taka skal tillit til landslags og yfirbragðs verndaðra og friðaðra bygginga við allar framkvæmdir á hverfisverndaða svæðinu. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV9 16,5 ha Ögur	Sögu- og fornminjar. Á svæðinu er samkomuhús og Ögurkirkja S7 og kirkjugarður K3. Gamla íbúðarhúsið í Ögri og kirkjan eru friðuð MV4. Þar er einnig Verslunar og þjónustusvæði VP9, frístundabyggð F25 og bryggja H7.	Vernda skal sögu- og fornminjar. Taka skal tillit til landslags og yfirbragðs verndaðra og friðaðra bygginga við allar framkvæmdir á hverfisverndaða svæðinu. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV10 8 ha Uppsalaeyri	Sögu- og fornminjar.	Vernda skal minjar um hvalstöðina á Uppsalaeyri. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV11 10,5 ha Dvergasteinseyri	Sögu- og fornminjar. Við svæðið er efnistökusvæði E7 og fyrirhugaðar breytingar á þjóðvegi.	Vernda skal minjar um hvalstöðina á Dvergasteinseyri. Tryggja skal að framkvæmdir á svæðinu raski ekki fornminjum. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV12 10 ha Ögurnes	Sögu- og fornminjar.	Vernda skal minjar um verstöðina í Ögurnesi. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).
HV13 5 ha Litlibær	Menningarminjar. Á svæðinu er afþreyingar- og ferðamannasvæði AF9.	Vernda skal minjar um búskap á Litlabæ. Tryggja skal að sérstæðar steinhleðslur raskist ekki við framkvæmdir á svæðinu. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags (viðauki).

Meginmarkmið - Samfélag

- Tryggt skal að kostum og sérkennum Súðavíkur verði viðhaldið og samtímis þróað aðlaðandi, öruggt, snyrtilegt og líflegt búsetuumhverfi. Nýting svæðisins skal njóta góðs af umhverfinu og menningarsögulegum arfi, án þess að sérstöðu svæðisins verði raskað.
- Í Ísafjarðardjúpi er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa, uppbyggingu ferðaþjónustu og landbúnaðar en einnig svigrúmi fyrir minni háttar iðnaðarstarfsemi sem raskar ekki verðmætri náttúru eða menningarsögulegum minjum.
- Yfirbragð og ásýnd strandlengju og hafnar skal vera í takt við náttúrulegt og sögulegt umhverfi svæðisins.
- Grunnur verði lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, m.a. með því að:
 - Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu
 - Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar
 - Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu
- Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun

SAMFÉLAG

10 BYGGÐ

Landnotkunarflokkar fyrir byggð eru:

- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Miðsvæði (M)
- Frístundabyggð (F)

10.1 SAMFÉLAG OG ÞRÓUN BYGGÐAR

Þéttbýli Súðavíkur byggðist upp, eins og mörg önnur sjávarþorp, vegna nálægðar við sjóinn og gjöful fiskimið. Sveitarfélagið er strjálbýlt og byggð í dreifbýli hefur mótast af landslagi og landgæðum svæðisins. Súðavík gekk í gegnum algera endurnýjun vegna mannskæðra snjóflóða árið 1995. Í kjölfar þeirra var nýtt þorp byggt upp litlu innar en gamla þorpið hefur verið notað í ferðaþjónustu, undir frístundabyggð og fyrir atvinnustarfsemi við höfnina.

Íbúum í dreifbýli hefur fækkað nokkuð og þjónusta þar breyst samhliða því. Breytingarnar hafa m.a. falist í samdrætti í landbúnaði og aukinni ásókn í uppbyggingu frístundahúsa, skógrækt, útivist og ferðaþjónustu. Fjöldi bæja hefur farið í eyði síðustu áratugina. Minni breytingar hafa orðið á fólksfjölda í þéttbýlinu en þó hefur fólki einnig fækkað þar.

Sjávarútvegur á norðanverðum Vestfjörðum hefur dregist saman undanfarin ár en hann hefur verið burðarás í atvinnulífi svæðisins. Aðrar greinar hafa sótt í sig veðrið, svo sem ferðaþjónusta, en auk þess er nú horft til fiskeldis og nýrrar kalkþörungaverksmiðju á Langeyri.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa undanfarin ár lagt mikla áherslu á að efla innviði og gera svæðið samkeppnishæft við aðra landshluta. Talsverður árangur hefur orðið með bættu raforkuöryggi, lagningu ljósleiðara og bættu vegakerfi en enn eru þó stór viðfangsefni framundan. Bjartsýni ríkir nú á

norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum og eru merki um að sveitarfélög séu nú að snúa vörn í sókn.

10.1.1 Saga byggðar

Saga byggðar við Djúp nær allt aftur til árána í kringum 900 en þá nam Snæbjörn sonur Eyvindar Austmanns, bróðir Helga Magra, land á milli Langadalsár og Mjóafjarðar og bjó í Vatnsfirði. Gunnsteinn og Halldór synir Gunnbjarnar Úlfssonar kráku námu Skötufjörð, Laugardal, Ögurvík og að Mjóafirði. Eyvindur kné og kona hans Þuríður rúmgylda námu Álftafjörð og Seyðisfjörð og bjuggu þar.

Ísafjarðardjúp á sér mikla og merka atvinnusögu sem nær langt aftur á þjóðveldisöld. Heimildir herma að helsta miðstöð Hansamanna á Vestfjörðum hafi verið á Langeyri við Álftafjörð á 15. og 16. öld. Einnig er sagt frá því að upphaf stóriðju Íslendinga hafi verið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp en um 1780 hófst þar saltvinnsla í stórum stíl með því að þurrka sjó með hverahita. Þegar mest var um að vera voru unnin um 280 tonn á ári með þessum hætti í saltverksmiðjunni í Reykjanesi.

Um 1700 er Súðavíkur fyrst getið í heimildum sem þingstaður. Súðavík var þriggja hreppa þingstaður og hafa íbúar Skutulsfjarðar, Súðavíkur- og Ögurhrepps væntanlega sótt þinghald þangað. Talið er að Súðavíkurhreppur hafi verið stærri fyrr á öldum og jafnvel náð yfir Skutulsfjarðarhrepp auk meginhluta núverandi Súðavíkurhrepps. Hinn forni hreppur hafi síðan skipst en þingstaður haldist óbreyttur, e. t. v. vegna þess að þar hafi verið mannvirki fyrir þinghald. Síðar í landshöfðingjabréfi árið 1882 var heimilað að flytja þingstað hreppsins frá Súðavík að Tröð þar sem tryggt húsnæði var til þinghalds. Á Svarthamri í Álftafirði ólst Jón Indíafari upp en hann skráði fyrstur Íslendinga ferðasögu sína, reisubók Jóns Indíafara.


Útgerð var mikil við Ísafjarðardjúp og sjósókn frá næstum hverjum bæ, enda Djúpið oft nefnt „Gullkistan“. Mikil saga útgerðar er tengd Ögurnesi og Folafæti en þar voru verstöðvar og afurðir unnar í landi. Norskir hvalfangarar

námu land við Djúp og reistu verksmiðjur í Seyðisfirði á Uppsalaeyri og í Álftafirði á Langeyri, Dvergasteinseyri og Hattareyri. Árið 1898 voru unnir um 120 hvalir við Álftafjörð eða sem nemur því að einn hvalur hafi verið unninn þriðja hvern dag árið um kring. Segja má að hvalveiðar við Djúp um aldarmótin 1900 hafi verið stóriðja þess tíma. Árið 1913 hófu Súðvíkingar fyrstir Íslendinga hrefnuveiðar en upphafsmaður þeirra veiða var Þorlákur Hinrik Guðmundsson, kallaður Hrefnu-Láki. Árið 1933 hóf Þjóðverjinn Ernst Fresenius fyrstur manna ræktun matjurta með aðstoð jarðhita í Reykjanesi. Hann var þannig frumkvöðull á þessu sviði og bauð íbúum við Djúp afurðir sínar.

Fram til 1994 náði Súðavíkurhreppur frá Götu yst í Súðavíkurhlíð um Álftarfjörð allan, Seyðisfjörð og Hestfjörð vestan- og innanverðan út að landi Hvítaness í Ögursveit. Þann 1. janúar 1995 voru Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur sameinaðir Súðavíkurhreppi og nær Súðavíkurhreppur nú eins og fram hefur komið að Ísafjarðará í suðri (Mynd 10.1).

Hafnarskilyrði eru góð á Langeyri. Þar er höfn frá náttúrunnar hendi. Í Súðavík voru hins vegar lengi vel eingöngu skilyrði fyrir árabáta. Einhverjar hafnarbætur voru þar gerðar árið 1920 en um 1950 var byggð bryggja í Súðavík og hafnargarður upp úr 1970. Skiptar skoðanir voru um það hvort byggð ætti að þróast í Súðavík eða við Langeyri þar sem allar aðstæður eru mun betri til hafnargerðar.

Árið 1942 voru byggð íshús bæði í Súðavík og á Langeyri. Læknissetur var um árabíl í Súðavík og í Ögri, símstöð var opnuð árið 1946 og sjálfvirkur sími var tekinn í notkun árið 1969. Póstafgreiðsla hófst árið 1945 en bréfhirðing hafði verið þar frá árinu 1898.



Mynd 10.1 Skipting Súðavíkurhrepps fyrir 1. janúar 1995 (LMÍ. 2018).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Kirkjur voru í Vatnsfirði, í Ögri og á Eyri við Seyðisfjörð. Kirkja var reist í Súðavík árið 1962. Hún stóð á Hesteyri í Jökulfjörðum en var tekin niður og endurbyggð í Súðavík.

Eins og fram kemur hér að ofan hófst þéttbýlismyndun í Súðavík skömmu fyrir aldamótin 1900. Elstu tölur um fólksfjölda eru frá árinu 1890. Þá voru íbúar í Súðavík að Eyrardal meðtöldum um 100. Fólksfækkun verður áratuginn þar á eftir en árið 1920 voru íbúar í Súðavíkurbreppi orðnir 221 og fjölgaði hægt fram til ársins 1950 en þá voru þeir 231. Áratuginn þar á eftir varð nokkur fækkun og árið 1960 voru íbúar Súðavíkurbrepps 184. Síðan tekur við tímabil þar sem íbúafjöldun er nokkuð jöfn en þó með nokkrum undantekningum. Íbúafjöldinn í Súðavíkurbreppi var árið 1982 408 manns en hefur fækkað talsvert síðan þá, eins og fjallað er um í næsta kafla.

Mannfjöldi í Súðavík hefur í gegnum tíðina sveiflast í takt við aðgengi að sjávarauðlindum og sjósókn. Á kreppuárunum 1930-40 seldu Súðvíkingar báta sína og var um tíma aðeins einn bátur gerður út þaðan. Síðar stofnaði kaupfélagið á Ísafirði hlutfélagið Andvara sem gerði út þrjá báta frá Langeyri. Til skamms tíma var rekin öflug rækjuverksmiðja í Súðavík, ein sú fullkomnasta á Íslandi, og vann hún úr um 5.000 tonnum af rækju ár hvert.

Nánar er fjallað um fjölda bæja í dreifbýli sem farið hafa í eyði síðustu áratuginna í kafla 11.3 Lögbýli og eyðijarðir.


10.1.2 Íbúafjöldi

Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um langt skeið. Ákveðinn viðsnúningur varð á áttunda áratugnum og fram undir miðjan níunda áratuginn, en síðan þá hefur íbúum fækkað á hverju ári. Heildaríbúafjöldi á Vestfjörðum 1. desember 1980 var 10.479 og bjuggu þar af um 81,7% í þéttbýli en 18,3% í dreifbýli. Þann 1. desember 2016 voru íbúar orðnir 6.875 talsins. (Mynd 10.2). Fækkun er í öllum aldurshópum frá 0-50 ára en fjölgun í þeim eldri. Árið 2017 hafði hlutfall mannfjölda í þéttbýli og dreifbýli á Vestfjörðum breyst en þá voru 6.870 íbúar þann 1. janúar, þar af 89,8% í þéttbýli en 10,2%

í dreifbýli (Tafla 10.1). Íbúum í dreifbýli hafði því fækkað talsvert frá árinu 1980.

Sé litið lengra aftur í tímann kemur í ljós að Vestfirðingar voru tæp 15% af mannfjölda landsins árið 1915 en árið 2015 var þetta hlutfall komið niður í 2%. Straumur fólks á 20. öldinni og fyrstu árum þeirrar 21. hefur sýnilega legið frá landsbyggðinni yfir á suðvesturhornið.

Samkvæmt skýrslu sem tekin var saman árið 2016 fyrir *Sviðsmyndir um búsetuþróun á Íslandi til ársins 2030* (Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson, 2016) kemur í ljós að á Vestfjörðum er hlutfallslega mesta fækkunin miðað við aukinn íbúafjölda á landinu öllu eða um 35% en næst á eftir kemur Norðurland vestra með um 30%. Á mótí er aukning í öllum öðrum landshlutum og á landsvísu fjölgaði íbúum um 19%.



Mynd 10.2 Íbúafjöldi á Vestfjörðum 1. desember á tímabilinu 1995-2017 (Hagstofa Íslands, 2018).

Tafla 10.1 Hlutfallsleg breyting á mannfjölda í þéttbýli og dreifbýli á Vestfjörðum 1. janúar 2006 og 2017 (Hagstofa Íslands. 2018).


	Íbúafjöldi 2006	Íbúafjöldi 2017	Breyting (%)
Þéttbýli á Vestfjörðum	6.774	6.170	-9,8%
Dreifbýli á Vestfjörðum	777	700	-11%
Súðavík	207	150	-38%

Þann 1. janúar 1995 voru Súðavíkurreppur, Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur sameinaðir undir merkjum Súðavíkurrepps. Þann 1. desember sama ár voru íbúar hreppsins 283 og 20 árum síðar eða þann fyrsta desember 2017, voru íbúarnir 196. Fækkunin á þessu tímabili er því talsverð, eða ríflega 30%.

Á sama tíma fjölgaði íbúum á landinu öllu um 30%. Mesta fólksfækkunin í Súðavíkurreppi varð á árunum 1996-2001, eða tæp 26% á 6 árum (mynd 10.3). Telja má víst að snjóflóðin í Súðavík í janúar árið 1995 hafi átt þátt í hinni miklu fólksfækkun til ársins 2001. Frá árunum 2001-2012 var fækkunin stöðug þó inná milli hafi einhver fjölgun átt sér stað á milli ára. Íbúum fjölgaði lítillega á árunum 2013-2014 en fækkaði síðan aftur árin á eftir. Í Súðavíkurreppi fækkaði íbúum í dreifbýli einnig frá 1991 til 2011 þó einhver aukning hafi orðið síðustu ár (Tafla 10.2). Þó nýjustu tölur fyrir 2017 sýni lítilsháttar fjölgun í hreppnum verður að hafa í huga að sveitarfélagið er fámennt og hver einstaklingur hefur mikið hlutfallslegt vægi.

Ýmsar skýringar hafa verið settar fram til að skýra mannfjöldaþróun á Vestfjörðum, þ.m.t. í Súðavíkurreppi. M.a. hefur verið bent á breytingar í undirstöðuáttvinnugreinum, þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði í þessu samhengi. Ýmis sóknarfæri eru í atvinnulífi í hreppnum eins og fjallað er um í kafla 11. Atvinna. M.a. er gert ráð fyrir allt að 30 nýjum störfum vegna kalkþörungaverksmiðju í Súðavík og til viðbótar 12 óbeinum störfum.

Jarðgöng á milli Súðavíkur og Ísafjarðar munu einnig hafa áhrif á þróun þorpansins. Með tilkomu þeirra verður auðveldara en nú er fyrir Súðvíkinga að sækja vinnu til Ísafjarðar og öfugt. Aðalskipulagið rúmar þessa fólksfjölgun og reynðar enn meiri, enda er mikilvægt að eiga til frátekin góð íbúðarsvæði þar sem landrými í sveitarfélaginu er fremur takmarkað.




Mynd 10.3 Íbúafjöldi í Súðavíkurbýli 1. desember á tímabilinu 1995-2017 (Hagstofa Íslands. 2018).

Tafla 10.2 Dreifing íbúafjölda í þéttbýli og dreifbýli Súðavíkurrepps.

Ár	Íbúar alls	Byggðakjarni		Önnur byggð	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%
2017	186	150	80,6	36	19,4
2011	192	165	85,9	27	14,1
1998	271	220	81,2	51	18,8
1991	304	228	75,0	76	25


AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA



Mynd 10.4 Íbúafjöldi í Súðavík 1. janúar á tímabilinu 2006-2017 (Hagstofa Íslands. 2018).

Fjöldi þeirra sem flytja árlega til og frá Súðavíkurbreppi hefur verið mjög mismunandi á síðustu áratugum. Nokkuð algengt er að 20-30 manns flytjist á hverju ári til og frá Súðavík eða um 10- 12% íbúanna.

Þróun íbúafjölda er háð búferlaflutningum og náttúrulegri fjölgun, þ.e. fjölda fæddra umfram dána. Búferlaflutningar hafa jafnan verið neikvæðir síðustu 20 ár, þ.e. fleiri flytja frá sveitarfélaginu en í það, eins og sjá má á Mynd 10.5. Jákvæðastir voru flutningarnir á tímabilinu 2002-2005 og 2013-2014. Síðustu 10 ár hefur flutningsjöfnuður karla og kvenna verið svipaður í sveitarfélaginu. Náttúruleg fjölgun á tímabilinu hefur hins vegar verið jákvæð, þ.e. fæðingar hafa verið fleiri en dauðsföll og hefur það unnið á móti fólksfækkuninni.



Mynd 10.5 Búferlaflutningar, þ.e. aðfluttur umfram brottflutta, innan skipulagssvæðisins á tímabilinu 1986-2017 (Hagstofa Íslands. 2018).

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar gerir ráð fyrir fólksfækkun á Vestfjörðum og í Súðavíkurbreppi á skipulagstímabilinu og áfram eins langt og spáin nær eða allt til ársins 2066 (Byggðastofnun. 2018c). Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa hins vegar litið svo á að með uppbyggingu innviða og skynsamlegri nýtingu auðlinda séu forsendur fyrir fjölgun starfa og fólksfjölgun á svæðinu (Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016; Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016c). Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að áframhaldandi uppbygging ferðapjónustu, fiskeldis og ný kalkpörungaverksmiðja muni leiða til fólksfjölgunar. Samkvæmt úttekt KPMG fyrir Súðavíkurbrepp er gert ráð að fjöldi íbúa sem hefur afkomu af kalkpörungaversmiðju verði um 90 í lok skipulagstímabilsins. Atvinnusvæðið nær út fyrir sveitarfélagið og því má gera ráð fyrir að íbúar í öðrum sveitarfélögum muni að hluta til vinna þessi störf. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir að íbúar í Súðavíkurbreppi verði á bilinu 230-260 í lok skipulagstímabilsins.

10.1.3 Samsetning íbúafjölda

Næstu myndir sýna aldur, kyn, þjóðerni og fjölskyldugerð íbúa. Skv. súluriti sem sýnir aldursdreifingu íbúa Súðavíkurhrepps í samanburði við aldursdreifingu landsins alls (Mynd 10.6) er hlutfall yngstu barna 0-9 ára lægra í Súðavíkurhreppi en á landsvísu. Það sama má segja um aldursbilið 25-44 ára. Í hreppnum er hlutfallið hins vegar heldur hærra fyrir aldurinn 45-74 ára og áberandi hvað aldurshópurinn 55-59 er hlutfallslega stór. Hlutfall karla og kvenna er nokkuð líkt því sem það er á landsvísu, þar sem konur eru um 47% en karlar um 53% af mannfjölda.

Markmið laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Þar segir enn fremur að gæta skuli kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra.


Mikill brottflutningur kvenna úr landsbyggðunum er sérstakt áhyggjuefni og bendir mikill brottflutningur ungra kvenna til félags- og efnahagslegs mismunar og ógnar heildarmynd svæðisbundinnar samkenndar og jafnvægi í byggðaþróun. Augljóslega veikjast samfélögin alvarlega þegar ekki eru konur til að fæða börn til að viðhalda samfélaginu. Árið 2015 voru konur færri en karlar í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu en í byrjun árs 2017 voru þær orðnar heldur færri þar líka. Sambærilegt munstur er víða að sjá á Vesturlöndum, þ.e. færri konur en karlar eru á svæðum fjarri stórum þéttbýlisstöðum og borgum. Í Noregi hefur t.d. verið gripið til ýmissa aðgerða til þess að reyna að laða konur til búsetu í hinum dreifðu byggðum og jafna kynjahallann. Jafnrétti kynjanna er mikilvægt til þess að sporna gegn neikvæðri byggðaþróun.

Atvinnuástand á svæðum, möguleiki til náms, aðgengi að grunnþjónustu og sambætting atvinnu- og fjölskyldulífs eru mikilvægir mælikvarðar til að tryggja jöfn tækifæri bæði svæðisbundið og milli kynjanna. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er um 78% og konur eru um 47% vinnuafslins.

Í rannsókn frá árinu 2005, bentu Kjartan Ólafsson og Ingólfur V. Gíslason á það að á Íslandi hafi ekki verið rannsakað sérstaklega hvað þurfi til að konur kjósi sér búsetu á landsbyggðinni og byggðaaðgerðir hafi ekki miðað sérstaklega að því að laða konur til búsetu þar.


Ráðast verður í aðgerðir sem gera ungu fólki kleift að snúa aftur að námi loknu. Aukin háskólamenntun kvenna kallar á fleiri störf fyrir háskólamentaðar konur í landsbyggðunum eigi þær að geta sest þar að. Atvinna fyrir bæði kynin, gott umhverfi til að ala upp börn, þar með talin dagvistun og skólar, ásamt nægu húsnæðisframboði, eru mikilvægir þættir til þess að fá ungar konur til að snúa heim eftir nám. Mikilvægt er að grunnþjónusta sé góð og opinber þjónusta er bæði nauðsynleg vegna framboðs á störfum og líka nátengd ímynd sveitarfélagsins (Byggðastofnun. 2017b).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA




Mynd 10.6 Hlutfallsleg aldursdreifing og samsetning íbúafjölda í Súðavíkurbætti og á Íslandi 1. janúar 2016 (Hagstofa Íslands. 2016).

Hlutfall erlendra ríkisborgara í Súðavíkurbætti er um 20%, eins og sjá má á Mynd 10.7, sem er töluvert hærra en landsmeðaltalið sem er um 9%. Árið 1998 var hlutfallið svipað í hreppnum og á landsvísi eða um 2% en Mynd 10.7 sýnir að hlutfallið er almennt hærra í Súðavíkurbætti en á landinu öllu fyrir utan 6 ára tímabil frá 2006-2010. Talsverð fjölgun hefur verið meðal erlendra ríkisborgara í Súðavíkurbætti frá því árið 2007 þegar hlutfallið var tæp 3% og samanborið við landið allt er fjölgunin mun hægari á landsvísi.




Mynd 10.7 Hlutfall erlendra ríkisborgara á landsvísi samanborið við Súðavíkurbætt á tímabilinu 1998-2017 (Hagstofa Íslands. 2018).




Mynd 10.8 Fjöldi erlendra ríkisborgara í Suðavíkurhreppi á tímabilinu 1998-2017 (Hagstofa Íslands. 2018).

Af Mynd 10.8 má ráða að kynjahlutfall erlendra ríkisborgara í Suðavíkurhreppi hafi jafnast síðustu ár og munar þar mest um fjölda erlendra karla sem nú er orðinn álíka og fjöldi kvenna. Mynd 10.9 sýnir að fjölmennasti hópurinn með erlent ríkisfang í Suðavíkurhreppi kemur frá Portúgal og næst fjölmennustu hóparnir eru frá Frakklandi og Búlgaríu. Þá eru einnig einstaklingar frá Bretlandi, Hollandi, Noregi, Póllandi, Suður-Afríku, Taílandi, og Þýskalandi. Þessir einstaklingar vinna m.a. við fiskvinnslu, ferðaþjónustu, í grunnskólanum, í heilbrigðisgeiranum og almenn skrifstofustörf.



Mynd 10.9 Fjöldi erlendra íbúa í Suðavíkurhreppi árið 2017 eftir ríkisfangi (Suðavíkurheppur. 2017).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA




Mynd 10.10 Fjölskyldumynstur íbúa í Súðavíkurbær á tímabilinu 1998-2016 (Hagstofa Íslands, 2016).


Litlar breytingar hafa orðið á fjölskyldugerð í sveitarfélaginu síðustu 18 ár eins og Mynd 10.10 sýnir, en þó hefur þeim fjölgað sem búa einir og telja nú um 65% af íbúum og 72% ef einstæðir foreldrar eru taldir með. Fólki í sambúð eða hjónabandi og með börn hefur fækkað en fjöldi barnlausra í sambúð eða hjónabandi hefur haldist nokkuð jafn síðustu ár. Myndin sýnir að hlutfall einstæðra foreldra er frekar lágt eða um 7% og hefur lítil sveifla verið á þeim á tímabilinu. Hafa verður í huga fólksfækkun síðustu 10 ára í sveitarfélaginu við túlkun þessara gagna.

10.2 ÍBÚÐARSVÆÐI


Fjöldi íbúða í Súðavíkurbær árið 2017 var 106. Fjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur frá árinu 2004 en mikil sveifla varð í nýbyggingum á tímabilinu 1994-1998 eftir snjóflóðin mannskæðu í ársbyrjun 1995, þegar tekin var ákvörðun um að flytja þéttbýlið suður fyrir Eyrardalsá (Mynd 10.11). Nánast ekkert hefur verið byggt af íbúðarhúsum síðastliðin tíu ár. Af 106 íbúðum í sveitarfélaginu eru 88 íbúðir í einbýli, 11 í sambýli og 7 íbúðir í annars konar húsnæði (Mynd 10.12).



Mynd 10.11 Fjöldi íbúða í Súðavíkurbær 1994-2017 (Þjóðskrá, 2018).




Mynd 10.12 Tegund íbúða í Súðavíkurbreppi 2017 (Þjóðskrá. 2018).



Mynd 10.13 Fjöldi íbúa á hverja íbúð í Súðavíkurbreppi 1998-2017 (Unnið úr gögnum frá Þjóðskrá og Hagstofunni. 2018).

Fjöldi íbúa á hverja íbúðareiningu hefur dregist saman jafnt og þétt frá árinu 1994 til 2014, að undanskildum árunum 2003, 2014 og 2015. Þannig hefur flatarmál á hvern íbúa aukist í Súðavík síðustu ár en hlutfall íbúa á framboð íbúða árið 2017 var 1,75 (Mynd 10.13). Áhersla hefur verið lögð á byggingu stórra íbúða, einkum í einbýlishúsum.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA



Mynd 10.14 Fjöldi íbúðarhúsa eftir byggingarári (Veðurstofa Íslands. 2005).

Í landi Eyrardals, í nýju byggðinni, eru nú 63 íbúðir, að mestu í einbýli og tvíbýli. Af 53 íbúðarhúsum í nýju byggðinni hafa 48 verið byggð frá grunni frá því að snjóflóðin féllu, flest á árunum 1995-1998, og til viðbótar hafa 5 íbúðarhús verið flutt úr gömlu byggðinni yfir í þá nýju. Engin íbúðarhús hafa risið frá árinu 2005 (Mynd 10.14).

Rúmlega helmingur alls íbúðarhúsnæðis í gömlu byggðinni var byggður eftir 1960 eða 52 íbúðir. Á Súðavíkurbærinni eru höfnin, hafnar svæðið, fiskvinnsluhúsið og helstu atvinnufyrirtæki staðarins staðsett en allt svæðið upp af höfninni er á hættusvæði vegna ofanflóða. Öll opinber þjónusta hefur hins vegar verið flutt yfir í nýju byggðina í Eyrardalslandi.

Íbúðarhúsnæði er að einhverju leyti vannýtt í sveitarfélaginu en þó verður að hafa það í huga að líklegt er að íbúar hér kjósi að búa í stærra húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna lægra íbúðaverðs. Nýtingarhlutfall íbúðarsvæða í Súðavík er því lágt enda einkennist byggðin af fremur stórum íbúðalóðum.

Áætluð landþörf fyrir íbúðarbyggð ræðst m.a. af fólksfjölgun, þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og vannýttu íbúðarhúsnæði. Mat á því hvers konar húsnæði er þörf fyrir byggir einkum á aldursdreifingu, fjölskyldugerð, heimilisstærð, viðhorfum og efnahagsástandi á hverjum tíma. Undirlendi á Vestfjörðum er lítið og byggingarland takmarkað. Þannig er það einnig í landi Eyrardals og því ber að nýta landið vel þannig að byggð í Súðavík dafni og sé tryggð til lengri tíma.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

ÍBÚÐARSVÆÐI

Markmið

- ✓ Að skipulag þéttbýlisins stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi.
- ✓ Að áhersla verði lögð á að þróa aðlaðandi, öruggt, snyrtilegt og lífflegt búsetuumhverfi. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi, njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru þegar til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru.
- ✓ Að ávallt verði tiltækar fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Þannig hafi fólk val um búsetu m.t.t. staðsetningar og umhverfis.

Útfærsla

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir annarri starfsemi sem þjónar íbúðarhverfunum og veldur ekki óþægindum vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða dregur að sér óeðlilega mikla umferð. Sérstaklega skal beina slíkri starfsemi að svæðinu næst miðsvæði við Grundarstræti.

Til þess að nýta sem best þá innviði sem eru til staðar er gert ráð fyrir að þetta byggðina þar sem kostur er og mögulega stækka núverandi hverfi. Til að auka fjölbreytni í lóðarvali er einnig gert ráð fyrir nýjum byggingarsvæðum sem eru í góðum tengslum við núverandi byggð og miðsvæði. Við uppbyggingu nýrra svæða verður fyrst horft til landsvæðis við miðsvæði. Til lengri tíma er horft til svæðisins fyrir ofan Hlíðargötu og Holtagötu.

Lögð er áhersla á að götur eða hverfi með sérstætt yfirbragð, m.t.t. sögu bæjarins og arkitektúrs, haldi sínum sérkennum, þrátt fyrir þéttingu byggðar

eða viðhalds einstakra húsa. Dæmi um slíkt eru húsin við Víkurgötu sem flutt voru þangað úr gömlu byggðinni og hafa því menningarsögulegt gildi fyrir Súðavík. Sérstök ákvæði gilda um þann hluta byggðarinnar en hann er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði, sbr. kafla 9.1 Hverfisvernd í þéttbýli.

Þrátt fyrir breytingu íbúðarsvæða frá fyrra skipulagi rúma íbúðarsvæðin mun meiri mannfjölda en aðalskipulagið gerir ráð fyrir og fjallað var um í kafla 10.1 Samfélag og þróun byggðar, eða um 65 íbúðir. Þannig verða tiltæk íbúðarsvæði fari svo að fjölgun verði meiri en gert er ráð fyrir í skipulaginu en hér er einnig horft til lengri tíma en 12 ára. Gert er ráð fyrir því að íbúðarsvæði byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum m.t.t. náttúruvár. Fjallað er nánar um ofanflóðahættu í kafla 4 Náttúruvára.

Lögð er áhersla á að náttúruleg sérkenni verði varðveitt, s.s. umhverfi Eyrardalsár og Langeyri. Til að sérkennin geti notið sín þarf jafnframt að vernda menningarsöguleg verðmæti. Sjá nánar í kafla 8 Menningar- og búsetuminjar. Mynda skal góðar tengingar við náttúruna með stígum og gæta þess að útsýni verði ekki hindrað. Stefnt skal að því að öll íbúðarhverfi verði í góðum tengslum við útivistarsvæði, og að hugað verði að göngu- og hjólaleiðum og aðgengi fyrir alla. Sjá einnig í kafla 13.1 Útivist.

Öll íbúðarsvæði eru innan gildandi deiliskipulags, en frekari uppbygging svæðisins kallar á breytingu þess. Við umsókn um lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi skal meta hvort lóðin samræmist áformum um síðari uppbyggingu samkvæmt aðalskipulagi. Lóðum sem kunna að stangast á við áformin skal ekki úthlutað fyrr en deiliskipulagið hefur verið endurskoðað. Við uppbyggingu þarf einnig að skoða hagkvæmni, fjárhagslegar forsendur, samfélag, gatnakerfi og samgöngur, útivist, umhverfi, fráveitu og meðhöndlun yfirborðsvatns.

Stefna um landnotkun - Íbúðarbyggð

Samkvæmt skipulagsreglugerð er **íbúðarbyggð (ÍB)** svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærpjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Tafla 10.3 Íbúðarbyggð (ÍB).

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB1 7 ha Holtagata Vallargata Álfabyggð Arnarflöt Svæði ofan við Holtagötu	Núverandi íbúðarhverfi. Að hluta til fastmótað og fullbyggt svæði einbýlis- og parhúsa. Hverfið byggðist upp eftir snjóflóðin 1995 og er enn í uppbyggingu.	Á reitnum er svigrúm til þéttingar. Til viðbótar er gert ráð fyrir lágreistri byggð í samræmi við aðra byggð fyrir ofan Holtagötu sem framtíðar byggingarlandi. Við uppbyggingu í hverfishlutanum skal þess gætt að ný hús falli vel að þeirri götummynd sem fyrir er, s.s. fjarlægð frá götu, þakform og efnisval. Á stækkunarsvæðinu skal sérstaklega hugað að nálægð svæðisins við útivistarsvæði. Hugað skal að aðgengi fyrir alla og öruggum göngu- og hjólaleiðum. Gert er ráð fyrir allt að 18 nýjum íbúðum af fjölbreyttri gerð. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæða.
ÍB2 0,5 ha Víkurgata	Byggt svæði að mestu. Reiturinn nær yfir eldri hús bæjarins sem flutt voru úr gömlu byggðinni og á honum er hverfisvernd, sjá umfjöllun HV2. Öll íbúðarhúsin eru 2 hæðir með lyftu þaki.	Svæðið er hverfisverndað, sbr. umfjöllun um HV2. Á reitnum er svigrúm til þéttingar í samræmi við ákvæði hverfisverndar HV2, einkum á baklóðum. Heimild er því til að reisa viðbyggingu eða sérbýli, 1-2 hæðir, á lóðum. Áhersla lögð á aðlaðandi götummynd og ásýnd í anda þeirrar byggðar sem húsin tilheyrðu áður. Gert er ráð fyrir allt að 5 nýjum íbúðum. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæða.
ÍB3 5,3 ha Hlíðargata Grundarstræti Nýtt svæði ofan Hlíðargötu	Svæðið skiptist í tvo hluta; Grundarstræti við miðsvæði annars vegar og hins vegar Hlíðargata og svæðið þar fyrir ofan. Á reitnum eru fimm einbýlishús og eitt frístundahús.	Nýbyggingarsvæði. Gert er ráð fyrir þéttri og fjölbreyttri byggð við Grundarstræti og umhverfis Álftaver. Á svæðinu við skal sérstaklega hugað að nálægð svæðisins við miðsvæði með þéttri og samfelldri byggð og gert ráð fyrir blandaðri byggð með íbúðum verslunum og þjónustu. Hugað skal að nálægð við útivistarsvæði í uppbyggingu svæðisins, aðgengi fyrir alla og öruggum göngu- og hjólaleiðum. Við uppbyggingu á hverfishlutanum ofan Hlíðargötu skal þess gætt að ný hús falli vel að þeirri götummynd sem fyrir er í byggðinni, s.s. fjarlægð frá götu, þakform og efnisval. Í deiliskipulagi skal reikna með einbýlis- og parhúsum og litlu fjölbýli. Gert er ráð fyrir að aðkoma að reitnum verði frá Grundarstræti. Gert er ráð fyrir allt að nýjum 40 íbúðum af fjölbreyttri gerð. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæða.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB4 1,3 ha Eyrardalur	Núverandi íbúðarhverfi. Á reitnum eru tvö einbýlishús. Hverfið byggðist upp eftir snjóflóðin 1995 og er enn í uppbyggingu.	Heimilt er að stunda minniháttar tómsbundabúskap á hverri lóð innan reitsins. Gert er ráð fyrir 2 nýjum íbúðum. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæða.

10.3 MIÐSVÆÐI

Öflugur og líflegur miðbær krefst bæði markvissrar og frjálssar umferðar. Þar sem almenn þjónusta er, þ.e. staðir sem allir þurfa að sækja reglulega, myndast gjarnan markviss umferð. Því er mikilvægt að slík þjónusta sé í miðbænum og að hún sé ekki dreifð yfir stórt svæði. Miðbærinn þarf líka að vera aðlaðandi, þannig að fólk velji að fara þar um og að þar sé frjálss umferð. Frjálss umferð getur verið þegar fólk velur frekar að ganga um svæðið, á leið sinni eitthvert annað, af því að svæðið er meira aðlaðandi. Frjálss umferð er líka þegar fólk velur að fara um eða dvelja á svæðinu án þess að eiga þangað annað erindi. Það er því mikilvægt að miðbærinn sé bæði aðlaðandi og að þar sé sem mest af þjónustunni í bænum. Það er ekki nóg að huga bara að öðrum þættinum til að miðbærinn dafni.

Í Súðavík er eitt miðsvæði sem staðsett er við Grundarstræti þar sem gert er ráð fyrir um 0,9 ha svæði fyrir blandaða landnotkun, verslun, þjónustu og opinberar stofnanir. Þar er tiltölulega nýlegt þjónustu- og stjórnsýsluhús, Álfnaver. Ýmiss opinber starfsemi og þjónustufyrirtæki sem áður voru í eldri hluta byggðarinnar hafa flutt í húsið. Þar eru nú skrifstofur Súðavíkurhrepps, heilsugæsla, Íslandspóstur, matvöruverslun, kaffihús, bókasafn og bensínstöð. Á miðsvæðinu er einnig gert ráð fyrir framtíðar lóðum fyrir ýmsar stofnanir, verslanir og aðra þjónustustarfsemi með möguleika á íbúðarhúsnæði á efri hæðum.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

MIÐSVÆÐI

Markmið

- ✓ Að áhersla verði lögð á að í miðbænum geti þrífist fjölbreytt starfsemi sem eflir líf og tengingu við íbúðabyggð.
- ✓ Að miðbærinn endurspegli sögu og ímynd Súðavíkur.
- ✓ Að góð tenging verði á milli miðsvæðis, gömlu byggðarinnar og útivistarsvæða.

Útfærsla

Vistlegur miðbær er mikilvægur fyrir bæjarfélagið í heild. Hann getur haft áhrif á hvort íbúar velji að búa í sveitarfélaginu og styrkir þannig samkeppnisstöðu þess. Áhersla skal lögð á að efla Grundarstræti, frá Álfabyggð ofan við Súðavíkurskóla að nýrri fyrirhugaðri íbúðabyggð (ÍB3) ofan við Súðavíkurkirkju, sem miðbæ Súðavíkur. Mikilvægt er að varðveita og styrkja þá þætti sem geta gert götuna lífvænlega, s.s. verslun, þjónustu og útivistarsvæði. Sérstök áhersla er lögð á að þetta byggðina á þessu svæði í samræmi við miðbæ. Vinna skal með rýmismyndun á svæðinu þannig að möguleiki verði á að mynda lítil torg af stærðargráðu sem er í samræmi við áætlaðan fólksfjölda í bænum.

Fyrir miðbæ, skiptir fjölbreytileiki miklu máli og er því lögð áhersla á að tengslin við gömlu byggðina og Langeyrina glattist ekki. Súðavík byggðist upp í tengslum við hvalveiðar og útgerð og því er mikilvægt að gera upprunann sýnilegri. Staðsetning íbúða fyrir eldri borgara (S2) nálægt miðsvæðinu getur orðið mikilvægur þáttur í styrkingu miðbæjarins. Slíkri starfsemi fylgir gjarnan jöfn og dagleg umferð auk staðbundins mannlífs sem er einn af lykilþáttum í uppbyggingu miðbæja. Með því að blanda saman mannlífi, sem tengist ferðaþjónustu, íbúðum aldraðra og því sem tengist verslun og þjónustu, er möguleiki á að það byggist upp miðbær með aðráttarafi fyrir fólk og starfsemi.

Lögð er áhersla á að styrkja gönguleiðir frá Grundarstræti að Langeyrinni. Að auki er mikilvægt að efla göngutengsl við aðra bæjarhluta, s.s. íbúðahverfi og gömlu byggðina sem hýsir ferðaþjónustu og frístundarhús.

Stefna um landnotkun - Miðsvæði

Miðsvæði (M) er samkvæmt skipulagsreglugerð, svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Tafla 10.4 Miðsvæði (M).

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M1 0,9 ha Miðsvæði Súðavíkur	Miðsvæði Súðavíkur við Grundarstræti, frá Álfabyggð ofan við Súðavíkurskóla að íbúðabyggð ÍB3. Á svæðinu er öll stjórnýsla, almannavarnir og heilsugæslusel. Gert er ráð fyrir að aðal samkomusvæði bæjarbúa verði innan reitsins til framtíðar. Núverandi byggingamagn er um 620 m ² .	Á reitnum skal gera ráð fyrir blandaðri 1-2 hæða byggð sem fellur vel að fjölbreyttri miðbæjarstarfsemi, s.s. verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir þéttri byggð við Grundarstræti og umhverfis Áltaver þar sem íbúðir eru heimilar á efri hæðum. Hlutfall íbúðarhúsnæðis innan reitsins má vera allt að 30%. Huga skal að rýmismyndun með áherslu á gangandi vegfarendur. Gera skal ráð fyrir bæjargarði/torgi. Leggja skal áherslu á aðgengi fyrir alla og að umhverfið verði vistlegt.

10.4 FRÍSTUNDABYGGÐ

Frístundabyggð er svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu. Frístundahús eru hús sem nýtt eru til tímabundinnar dvalar, þ.e. ekki til heilsársbúsetu, óháð eignaraðild eða rekstrarfyrirkomulagi. Þar er jafnan óheimilt að hafa skráð lögheimili.


Almennt má segja að með bættum samgöngum aukist líkur á byggingu frístundahúsa og mannvirkja. Mannvirki eru nú byggð fjær þéttbýlisstöðum en áður. Einnig hafa frístundahús stækkað undanfarin ár. Uppbygging frístundabyggðar í dreifbýli hefur víða áhrif, oft óafturkræf, á náttúru. Áhrif á ásýnd lands og skert aðgengi getur rýrt útivistargildi og möguleika á nýtingu, m.a. í þágu ferðaþjónustu. Uppbygging frístundahúsa getur auk

Þess skert nýtingarmöguleika landbúnaðarsvæða og haft óafturkræf áhrif á menningarminjar.

Í dreifbýli Súðavíkurhrepps eru um 66 frístundahús. Í gömlu byggðinni í Súðavík eru um 50 fyrrum íbúðir skráðar sem frístundahús, flest í einbýlishúsum en einnig í fjölbýlishúsi við Aðalgötu 2. Eins og fram hefur komið er gamla byggðin í Súðavík utan Eyrardalsár nánast öll á ofanflóðahættusvæði. Hreppurinn keypti upp húsín á sínum tíma og seldi þau flest aftur með kvöðum um búsetu sem er óheimil frá 1. nóvember til 30. apríl. Þar hefur því myndast eins konar frístundabyggð en skipulagi á svæðinu var frestað um óákveðinn tíma eftir snjóflóðin 1995.



Mynd 10.15 Í Raggagarði er stórt leikvæði fyrir börn. Garðurinn hefur góða tengingu við frístundahús og ferðaþjónustu í gömlu byggðinni í Súðavík.



Mynd 10.16 Jarðir þar sem frístundahús eru leyfð í dreifbýli Súðavíkurhrepps.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

FRÍSTUNDBYGGÐ

Markmið

- ✓ Að svigrúm verði fyrir uppbyggingu frístundabyggðar á Langeyri, í nýju byggðinni í Súðavík.
- ✓ Að yfirbragð og mælikvarði frístundabyggðar falli að sögulegri byggð og bæjarmynd Súðavíkur, styrki hana og efli og skerði ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild.
- ✓ Að góð tenging myndist milli nýrrar frístundabyggðar, miðsvæðis, gömlu byggðarinnar og útivistarsvæða í Súðavík.
- ✓ Svigrúm verði fyrir uppbyggingu frístundabyggðar í dreifbýli Súðavíkurhrepps.
- ✓ Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.
- ✓ Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.

Útfærsla

Útlit frístundahúsa skal taka mið af umhverfinu, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við staðsetningu, stærðarhlutföll, form og efnisnotkun. Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar. Frístundabyggð skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun.

Nánari skilmálar fyrir frístundabyggð eru settir fram í deiliskipulagi. Þar skal gerð grein fyrir yfirbragði byggðar og leitast við að samræma útlit og litaval

frístundahúsa innan hvers svæðis. Við gerð deiliskipulags skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands. Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflu 10.5. Í hverfisverndarákvæðum gömlu byggðarinnar er kveðið á um útlit frístundahúsa sem þar eru.

Í gömlu byggðinni í Súðavík er gert ráð fyrir hægt sé að nýta gömul íbúðarhús sem frístundahús, þ.e.a.s. þau sem staðsett eru á ofanflóðahættusvæðum, sbr. kafla 11.5 Verslun og þjónusta. Þar er ekki heimilt að dvelja yfir vetrartímamann eins og fram kemur hér að ofan. Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum á þessu svæði, í samræmi við ofanflóðahættumat og lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum 1997 nr. 49 og reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Skóg- og trjárækt er heimil í nágrenni frístundahúsa í gömlu Súðavík. Þar er gert ráð fyrir útivistarsvæðum fyrir almenning, sbr. kafla 13 Útivist, opin svæði og íþróttir.

Á Langeyri er gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð ofan tjarnarinnar. Svæðið er óbyggt í dag og er utan skilgreinds ofanflóðahættusvæðis. Þannig er boðið upp á möguleika á uppbyggingu frístundahúsa í þéttbýlinu á öruggu svæði en eins og fram hefur komið er ekki heimilt að dvelja í frístundahúsum í gömlu byggðinni yfir vetrartímamann. Yfirbragð frístundabyggðarinnar skal vera í anda þorpsbyggðar ofan við Aðalgötu. Umrætt svæði er hverfisverndað með það að markmiði að byggðin falli vel að Langeyri og skerði ekki þau gæði sem þar eru til staðar. Ekki er heimilt að byggja frístundahús utan þessa svæðis í þéttbýlinu.

Undirlendi er mjög takmarkað í Djúpinu og er því fremur lítið rými fyrir stór svæði fyrir frístundabyggð. Landhalli er almennt talsverður á mögulegum frístundasvæðum sem eykur sýnileika og áhrif þeirra á upplifun á svæðinu.

Landslagsrými eru mörg en smá og bera illa þetta byggð. Smærri einingar eða stök hús falla því betur að landslaginu og samræmast byggingarhefð í Djúpinu.

Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á þeim jörðum sem tilgreindar eru töflu 11.10 í kafla 11.3. Í töflunni er yfirlit yfir fjölda núverandi húsa og fyrirhugaðra húsa skv. þessu ákvæði. Hámarksstærð nýrra húsa er 100 m² og skulu þau reist utan ræktað lands.

Í töflu 10.6. er fjöldi frístundahúsa þar sem gert er ráð fyrir fleiri en þremur húsum tilgreindur. Fjöldinn er skilgreindur m.t.t. eftirspurnar, nýtingarsögu, tengsla við innviði og áhrifa á umhverfið. Almennt veitir aðalskipulagið nokkurt svigrúm til uppbyggingar frístundahúsa á þeim jörðum sem eru eða hafa verið í byggð. Heimilt byggingarmagn er þó aðeins hluti af því magni sem verið hefur í Djúpinu síðustu áratugi. Þessar heimildir munu styðja við og heimila uppbyggingu á ferðaþjónustu í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.

Sameina skal innviði frístundabyggðar þó þannig að vegagerð og öðru raski verði haldið í lágmarki. Yfirbragð húsa, lega og aðrar útfærslur skulu vera í samræmi við markmiðin sem sett eru fram hér að framan.

Stefna um landnotkun - Frístundabyggð

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru svæði fyrir **Frístundabyggð (F)**, svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Tafla 10.5 Lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vötn, ár og sjór	50 m
Friðlýstar fornleifar	100 m
Friðaðar fornleifar	15 m
Verksmiðjur, loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m
Veitulagnir	25 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

ADALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Tafla 10.6 Frístundabyggð (F).

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
F2 Kamsnes	Ekkert frístundahús er á jörðinni í dag.	Allt að tvö frístundahús (tvö ný). Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² .
F3 10 ha Hestur í Hestfirði	Eitt frístundahús er á jörðinni í dag auk gamla íbúðarhússins sem stendur að hluta til uppi ennþá.	Gert er ráð fyrir allt að 10 frístundahúsum (9 ný) úr timbri á samliggjandi lóðum. Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² . Aðkoma verður um sameiginlegan veg (2 km) frá Þjóðvegi nr. 61.
F4 2,1 ha Langeyri	Neðan við Þjóðveg í nýju byggðinni. Óbyggt svæði. Svæðið fellur undir Hverfisvernd.	Gert er ráð fyrir allt að 15 frístundahúsum og skal hámarksstærð húsa vera 60 m ² . Við uppbyggingu skal þess gætt að reiturinn falli vel að ásýnd og sérstöðu Langeyrar í heild. Heimild er fyrir útvistartengdri uppbyggingu á svæðinu. Aðkoma verður um sameiginlegan veg frá hringtorgi við Hlíðargötu. Öll uppbygging á svæðinu skal nánar útfærð í deiliskipulagi. Á hverfisvernduðu svæði HV3 gilda ákvæði hverfisverndar (Tafla 9.2).
F5 34 ha Hlíð í Álftafirði	Eitt íbúðarhús er ofan Þjóðvegjar, þ.e. bærinn Hlíð, og eitt útihús. Í gildi er deiliskipulag af jörðinni þar sem gert er ráð fyrir 26 stökum frístundahúsum. Veðurstofa Íslands hefur metið ofanflóðahættu á svæðinu undir viðmiðunarmörkum fyrir frístundabyggð (reglugerð nr. 505/2000).	Gert er ráð fyrir 26 stökum frístundahúsum á 0,37-1,1 ha lóðum á samhangandi svæðum, 17 lóðum ofan Þjóðvegjar og 9 neðan vegar (25 ný hús). Gert er ráð fyrir einnar hæðar byggingum miðað við landhæð ofan húss. Kjallarar, niðurgrafnir að hluta, eru heimilir. Fjórar tengingar eru fyrirhugaðar við Þjóðveg nr. 61 (2+2). Á 5 lóðum neðan Þjóðvegjar eru skilgreindir byggingareitir fyrir bátaskýli/geymslu og heimild er fyrir flotbryggjum. Hámarksstærð frístundahúsa er 160 m ² . Hámarksstærð bátaskýla/geymslna er 40 m ² . Gert er ráð fyrir skógræktarsvæði í tengslum við þessa frístundabyggð, sbr. kafla 13.2 Skógrækt og trjárækt.
F7 4 ha Borg í Skötufirði	Fjögur frístundahús í dag.	Allt að 5 frístundahús (eitt nýtt). Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² .
F8 42 ha Kálfavík í Skötufirði	Fjögur frístundahús og eitt íbúðarhús í dag.	Allt að 6 frístundahús (tvö ný). Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² .
F9 41 ha Þernuvík	Sex frístundahús og eitt íbúðarhús í dag.	Allt að 12 frístundahús (sex ný). Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² .
F10 20 ha Heydalur	Fjögur frístundahús í dag.	Allt að 10 frístundahús (sex ný). Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² . Aðkoma að hverju húsi frá Heydalsvegi.

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
(utan ferðaþjónustusvæðis)		
F11 5,5 ha Galtahryggur	Sex frístundahús í dag.	Allt að 10 frístundahús (fjögur ný). Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² .
F12 Hörgshlíð í Mjóafirði	Þrjú frístundahús í dag	Ekki frekari uppbygging.
F13 6 ha Hörgshlíð í Mjóafirði	Eitt frístundahús í dag.	Allt að 4 frístundahús (þrjú ný). Lóðastærðir skulu vera 0,5-1 ha og hámarksstærð húsa 100 m ² ásamt aukahúsi allt að 15 m ² .
F14 Hörgshlíð í Mjóafirði	Tvö frístundahús í dag.	Allt að þrjú frístundahús (eitt nýtt) innan landbúnaðarlands á jörðinni. Nýtt hús skal reist utan ræktaðs lands. Hámarksstærð húss 100 m ² .
F20 Almenningur í botni Hestfjarðar	Eitt frístundahús í dag.	Ekki frekari uppbygging.

11 ATVINNA

Landnotkunarflokkar fyrir atvinnu eru:

- Landbúnaður (L)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Verslun og þjónusta (VP)
- Hafnir (H)
- Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Athafnasvæði (AT)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Minjavernd (MV)

11.1 ATVINNUÞRÓUN


Atvinnuþróun á Vestfjörðum hefur mótast af staðháttum. Stutt er á fiskimið en undirlendi til landbúnaðar er af skörnum skammti. Sjávarútvegur hefur verið stærsta atvinnugreinin en síðustu ár hefur fjölbreytni aukist (mynd 11.1 og 11.2 og tafla 11.1). Á tímabilinu 2008-2017 jukust heildaratvinnutekjur á Vestfjörðum um 7,3%. Á milli áruna 2016 og 2017 hækkuðu tekjurnar um 2%. Árið 2017 voru mestu atvinnutekjur í fiskveiðum og fiskvinnslu en þar á eftir í opinberri stjórnsýslu, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónustu (mynd 11.3). Árin 2008-2017 var langmesta aukning atvinnutekna í fiskeldi en þar á eftir komu fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta og fiskvinnsla (Byggðastofnun. 2018a). Á þessu tímabili varð hins vegar samdráttur í atvinnutekjum af fiskveiðum, opinberri stjórnsýslu, mannvirkjagerð og fjármála- og váttryggingastarfsemi. Árin 2016 og 2017 var mesta aukningin í mannvirkjagerð, iðnaði og opinberri stjórnsýslu en samdráttur varð í

atvinnutekjum í fiskvinnslu og fiskveiðum (Byggðastofnun. 2018b). Fólksfækkun hefur verið á Vestfjörðum í mörg ár, eins og fjallað var um í kafla 10 Byggð. Á árunum 2008-2015 fækkaði fólki um 4%. Á sama tímabili var nokkur samdráttur í efnahagsstarfsemi á svæðinu og dróst framleiðsla saman um 6% (Byggðastofnun. 2017b). Nokkur vöxtur varð í sjávarútvegi á þessu tímabili eftir erfiðleika í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Margir binda miklar vonir við að ferðaþjónusta og fiskeldi, ásamt eflingu innviða, muni snúa við langvarandi neikvæðri þróun á Vestfjörðum.

Atvinnutekjur á íbúa á Vestfjörðum eru lítillega undir landsmeðaltali (Byggðastofnun. 2018b). Fyrir fáeinum áratugum voru meðaltekjur á Vestfjörðum hærrí en annars staðar. Byggðastofnun bendir á, í greiningu sinni á hagvexti landshluta, að erfiðar samgöngur ráði miklu um það að hlutur Vestfjarða í sjávarútvegi hafi lengi farið minnkandi. Fasteignaverð er hvergi lægra en á Vestfjörðum, staðgreiðsluverð á fermetra var árið 2015 ríflega 40% undir landsmeðaltali.


Í stöðugreiningu Byggðastofnunar árið 2016 er bent á að landsbyggðir Íslands séu mjög karllægar. Bent er á að gildi samfélaga og störf séu meira tengd við karlmenn, s.s. í frumatvinnugreinunum, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Konur sinna frekar störfum í ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og öðrum störfum í opinberri þjónustu. Lítið atvinnuleysi hefur verið á Vestfjörðum og hefur þurft að flytja inn vinnuafl fyrir frumvinnslustörf í sjávarútvegi. Hátt hlutfall erlendra ríkisborgara hefur unnið við frumvinnslu í greininni (Lára Dögg Gústafsdóttir. 2008). Bent hefur verið á að þörf sé á fleiri tækifærum fyrir menntað fólki á Vestfjörðum.

Í gildi eru lög sem jafna aðstöðumun landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, svo sem lög um svæðisbundna flutningsjöfnun og lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.



Mynd 11.1 Framlag atvinnugreina til hagvaxtar 2008-2016 (Byggðastofnun. 2019).

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa lagt áherslu á eflingu innviða, þannig að öflugt atvinnulíf geti þróast og svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta (Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016). Öflugir innviðir eru forsenda þess að hægt verði að laða fólk að svæðinu. Ungt fólk er ólíklegt til að setjast að á Vestfjörðum ef nútímasamskiptatækni er ekki til staðar. Sérstaklega hefur verið horft til mikils vaxtar í fiskeldi og áframhaldandi áforma um uppbyggingu í greininni sem og tækifæra í ferðapjónustu. Ferðapjónustan á Vestfjörðum hefur vaxið verulega en vöxturinn er þó minni en landsmeðaltalið.




Mynd 11.2 Skipting framleiðslu á atvinnugreinar á Vestfjörðum árið 2016 (Byggðastofnun. 2019).

Tafla 11.1 Skipting framleiðslu eftir atvinnugreinum og landshlutum árið 2016 (Byggðastofnun. 2019)

	Höfuð-borg	Útan	Suður-nes	Vestur-land	Vestfirðir	N-land vestra	N-land eystra	Austur-land	Suður-land	Allt landið
Landbúnaður	0%	3%	0%	2%	2%	9%	2%	2%	6%	1%
Sjárúttvegur	1%	18%	17%	18%	27%	15%	16%	25%	14%	7%
Fiskeldi	0,1%	0,4%	0,6%	0,1%	3,6%	0,1%	0,2%	0,2%	0,3%	0,2%
Iðnaður	7%	13%	5%	27%	5%	8%	9%	28%	7%	9%

ADALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

	Höfuð-borg	Útan	Suður-nes	Vestur-land	Vestfirðir	N-land vestra	N-land eystra	Austur-land	Suður-land	Allt landið
Verslun, hótél veit., samgöngur	22%	19%	29%	15%	14%	18%	17%	12%	21%	21%
Fjármál, fasteignir, leiga, sérfræðiþjónust a	36%	13%	17%	10%	12%	10%	16%	8%	13%	29%
Byggingar, veitur	11%	12%	14%	8%	11%	12%	14%	10%	14%	11%
Opinber þjónusta	19%	20%	15%	17%	24%	26%	24%	15%	21%	19%
Önnur starfsemi	3%	2%	1%	2%	2%	2%	2%	2%	2%	3%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%



Mynd 11.3 Atvinnutekjur á Vestfirðum, raðað eftir stærð atvinnugreina 2017 í milljónum króna (Bygðastofnun. 2018b.)

GSM símasamband og 4G netsamband er stopult í dreifbýli Súðavíkurrepps. Seinnihluta árs 2016 var lokið við hringtengingu ljósleiðara á Vestfirðum og nú er unnið að því að tengja bæi í dreifbýli með ljósleiðara. Úrbætur í samgöngumálum og raforkumálum eru nauðsynlegar til að hreppurinn geti talist samkeppnishæfur við önnur sveitarfélög. Unnið er að frekari úrbótum í þessum málum eins og fram kemur í kafla 15 Samgöngur. Jarðgöng á milli Súðavíkur og Ísafjarðar hafa þó ekki farið inn á samgönguáætlun en sú framkvæmd er eitt brýnasta hagsmunamál hreppsins.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

ATVINNA

Markmið

- ✓ Að grunnur verði lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, m.a. með því að:
 - Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu.
 - Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar.
 - Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu.
- ✓ Að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun.
- ✓ Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar.

Útfærsla

Mikilvægt er að sveitarfélagið stuðli að fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi og laði þannig að mismunandi aldurs- og þjóðfélagsþópá. Grunnstoðirnar eru sjávarútvegur, landbúnaður, matvælaframleiðsla og ferðaþjónusta og önnur sjálfbær nýting náttúruauðlinda. Jafnframt þarf að vera svigrúm fyrir iðnað og tæknigreinar.

Gæði innviða hafa bein áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja og búsetuskilyrði. Vegakerfið, flugsamgöngur, sjóflutningar, almenningsamgöngur, afhending rafmagns, fjarskipti, veitur og fyrirkomulag úrgangsmála eru grunnforsenda fyrir blómlegu atvinnulífi. Þessir þættir þykja sjálfsgöð lífsgæði í nútímasamfélagi og verða að vera til staðar á Vestfjörðum eigi atvinnulíf og samfélag að geta dafnað.

Vinnuafli og velferð þess, s.s. aðgangur að heilsugæslu, félagsþjónustu, afþreyingu og ekki síst menntun á öllum stigum er jafnframt lykilþáttur í uppbyggingu öflugs atvinnulífs. Markviss uppbygging innviða og efling

samfélagslegra þátta styður við atvinnulífið og stöðugleika þess og eykur líkurnar á því að fólk velji að búa í Súðavíkurbæ. Aukin menntun kallar á fleiri störf fyrir menntað fólk á landsbyggðinni, þar sem störf hafa verið einhæf og frekar hentað körlum. Aukin háskólamenntun kvenna kallar á breytingar í þessum eignum. Aðstæður fyrir fjölskyldufólk, svo sem dagvistun og umhverfi til að ala upp börn og önnur grunnþjónusta eru mikilvægir þættir til eflingar búsetuskilyrða.

Jarðgöng á milli Súðavíkur og Ísafjarðar myndu gjörbreyta aðstæðum og gera fólki kleyft að sækja vinnu á milli bæjarfélaganna án þess að vera sífellt háð veðri og ofanflóðahættu. Góð útivistarsvæði, íþróttastaða, þjónusta og menningarstarfsemi auka lífsgæði og laða að íbúa. Nánar er fjallað um þessa þætti í öðrum hlutum greinargerðarinnar.

Áhersla er lögð á það að nýta þær aðstæður, menningu, hefðir, húsnæði og þekkingu sem fyrir er í sveitarfélaginu. Hlúa þarf að frumkvæði, styðja og styrkja þau verkefni og hugmyndir að atvinnutækifærum sem fram hafa komið en auðvelda jafnframt nýjum hugmyndum að þróast. Halda þarf svæðinu opnu fyrir nýsköpun og nýjum tækifærum.

Ímynd sveitarfélagsins getur haft áhrif á atvinnuþróun. Tengsl ímyndar við ferðaþjónustu er augljós, en í mörgum tilvikum getur ímyndin haft áhrif á grundvöll fyrirtækja og þar með hvort þau velji að starfa í sveitarfélaginu. Hér er lögð áhersla á það að viðhalda og bæta þá ímynd svæðisins sem kennd er við hreinleika og tengsl við náttúru og sögu.

Samvinna hagsmunaaðila er lykilatriði til eflingar atvinnulífsins. Mikilvægt er að upplýst umræða fari fram við stefnumótun og einstakar ákvarðanir og að þær verði í sátt við umhverfið. Með samstarfi á milli sveitarfélags, fyrirtækja og atvinnugreina má bæta stöðu fyrirtækja og skapa ný sóknarfæri. Kynningarmál, ímynd og samræming í markaðssetningu á Vestfjörðum er þáttur sem hægt er að hafa samvinnu um og gegnir Vestfjarðastofa þar lykilhlutverki.

Atvinnulífið, s.s. iðnaður, ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á landslag og náttúru. Mjög mismunandi er þó hve mikil áhrif atvinnugreinar hafa eða geta haft á umhverfið. Stórfelldar breytingar og inngríp geta samrýmst umhverfinu nokkuð vel en eins geta lítil mannvirki haft veruleg áhrif, t.d. ef þau eru óheppilega staðsett og án tillits til aðstæðna. Mikilvægt er að ásýnd atvinnusvæða verði í sátt við umhverfið og horft verði til stærðarhlutfalla bygginga og götumynda þar sem eldri hús eru. Sérstaklega ber að huga að afturkræfni framkvæmda og aðgerða.

Skapa þarf atvinnuvegum nægt rými til þróunar og vanda val á plássfrekum atvinnurekstri, þannig að tryggt verði að framtíðarnýting svæðisins verði sem best.

Stuðla skal einnig að vönduðum frágangi allra atvinnulóða, því það hefur áhrif á ímynd svæðisins.


Mikilvægt er að virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu með markvissum stuðningi. Ívilnanir sem höfða til fólks og fyrirtækja, geta verið grundvallarforsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki komist á legg. Hvetja þarf því og styðja samfélagið til sjálfsbjargar í atvinnumálum, en ekki horfa einungis til þess sem sveitarfélagið getur gert.

11.2 SJÁVARÚTVEGUR


11.2.1 Veiðar og vinnsla

Fiskveiðar hafa verið undirstaða byggðar á Vestfjörðum frá upphafi búsetu á svæðinu. Nálægð við gjöful fiskimið og verkunnátta í landi skapaði Vestfjörðum sérstöðu með öflugum sjávarútvegsbyggðum. Súðvíkingar sóttu sjó á áraskipum fram yfir aldamótin 1900. Vélbátaútgærð hófst síðan á fyrsta áratug 20. aldar þegar vélar voru settar í gamla sexæringa. Þeir voru jafnan settir á kamb á milli sjóferða, en þörfin á bryggjum og öðrum hafnarmannvirkjum jókst með tilkomu svokallaðra dekkbáta. Fyrstu bryggjurnar voru því gerðar á öndverðum 4. áratugnum. Fram á miðjan 3. áratuginn sóttu Súðvíkingar þó beitu í íshúsin á Ísafirði, en árið 1926 var íshúsið Frosti stofnað í Súðavík og starfaði til ársins 1943 þegar Hraðfrystihúsið Frosti hf. tók við hlutverkinu. Það sameinaðist síðan Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal árið 1997.

Sjávarútvegur skapar um helming af heildartekjum á Vestfjörðum og er hann stærsti launagreiðandinn á svæðinu en um 40% af greiddum launum á svæðinu eru vegna hans (Neil Shiran Þórisson. 2014). Talsverðar breytingar hafa orðið síðustu áratugi í sjávarútvegi vegna breytinga í aflaheimildum og aukinnar tæknivæðingar í veiðum og vinnslu. Störf í greininni eru nú færri en áður. Framleiðsla í sjávarútvegi dróst töluvert saman eftir bankahrunið 2008 en hefur náð betra jafnvægi eftir það (mynd 11.5). Strandveiðar voru heimilaðar árið 2008 og glæddi það lífi í mörg vestfirsk sjávarþorp (mynd 11.4). Veiðar og vinnsla á Vestfjörðum takmarkast að mestu leyti við botnfisk (ýsu og þorsk) en mjög lítið er veitt af uppsjávarfiski. Sóknarfæri liggja fyrir hjá vestfirskum sveitarfélögum í að nýta betur þann afla sem berst að landi. Uppbygging í fiskeldi hefur einnig haft talsverð áhrif á atvinnulíf og íbúafróun á Vestfjörðum, einkum á sunnanverðum fjörðunum. Vonir eru bundnar við frekari uppbyggingu í greininni. Nánar er fjallað um fiskeldi í næsta kafla.



Mynd 11.4 (Guðmundur Guðmundsson. 2018)




Mynd 11.5 Úthlutun afla á Vestfjörðum í þorskígildistönnum skv. heimild frá Fiskistofu (Byggðastofnun. 2015b).

Atvinnutækifæri og umfang sjávarútvegs ákvarðast mjög af sókn og nýtingu fiskistofna, framleiðsluháttum, tækninýjungum, nýsköpun og markaðsmótun sem skýrir þær sveiflur sem koma fram í atvinnulífi tengdu sjávarútvegi á norðanverðum Vestfjörðum. Spár og áætlanir um fjölda starfa í sjávarútvegi til lengri tíma markast af þessu með tilheyrandi óvissu.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Ímynd svæðisins getur haft áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Aukin umhverfisvitund neytenda kallar á það að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við veiðar og vinnslu afurða. Neytendur kalla eftir auknum gæðum og lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd.



Mynd 11.6 Fjöldi báta og skipa með heimahöfn í Súðavík á árunum 2002-2015 (Hagstofa Íslands, 2016)

Í Ísafjarðardjúpi hefur verið veitt með flestum gerðum veiðarfæra. Á árunum 2000-2014 var heildarafli úr Djúpinu 17.000 tonn. Álíka mikið hefur veiðst af rækju, ýsu og þorski en mun minna af öðrum aflu (um 3%). Mest hefur veiðst í rækjutroll en þar á eftir á línu en minna á handfæri og net. Þorskur og ýsa hafa að mestu veiðst á línu (Hafrannsóknarstofnun, 2019).

Í Súðavíkurreppi má sjá fjölgun opinna fiskibáta með heimahöfn í Súðavík undanfarin ár þó þar sé enginn togari lengur. Þessa fjölgun má meðal annars rekja til ferðaþjónustu sem rekin er á staðnum og sérhæfir sig í

sjóstangveiðiferðum fyrir erlenda og innlenda ferðamenn og eru 10 bátar af 21 staðsettir í Súðavík (Mynd 11.6). Þeir eru gerðir út frá vori og fram að hausti. Nánar er fjallað um þá starfsemi í kafla 11.4 Ferðaþjónusta.


Í upphafi árs 2019 voru skráðar u.þ.b. 10 trillur í Súðavík. Tveir rækjubátar gera út frá Súðavík, báðir í eigu Hraðfrystishússins Gunnvarar, og til viðbótar eru þrír bátar sem veiða með snurvoð.

Í Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 1999-2018 kemur fram að árið 1996 voru unnin 71,9 ársverk í fiskveiðum og vinnslu. Upplýsingar um fjölda ársverka í sjávarútvegi í sveitarfélaginu liggja ekki fyrir núna.


Aðstaða til veiða og vinnslu er almennt góð í Súðavík og svigrúm er fyrir aukningu. Sérstaklega þarf að horfa til þeirra áhrifa sem fiskeldi mun hafa á veiðar og vinnslu en nánar er fjallað um fiskeldi í næsta kafla og kafla 11.6 Hafnarsvæði.

11.2.2 Eldi og ræktun

Á Mynd 11.7 má sjá þróun á framleiddum eldisfiski í tonnum frá 2007 til 2017. Aukningin sem þar sést er fyrst og fremst í sjóeldi á Vestfjörðum og Austfjörðum. Á Vestfjörðum eru aðstæður til eldis víða góðar og möguleikar á frekari þróun í greininni. Nálægð við góðar hafnir, fiskvinnsluhús og flutningsleiðir er mikilvæg, því ferskleiki afurða gefur möguleika á herra afurðaverði. Ástæðan fyrir miklum vexti í eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum er sú að önnur svæði, utan Eyjafjarðar, eru friðuð fyrir eldi laxfiska í sjókvíum. Áform eru uppi um mikið laxeldi á Vestfjörðum eins og nánar er fjallað um hér á eftir en umhverfisaðstæður takmarka umfang eldisins. Árið 2017 var 12.330 tonnum slátrað í vesturumdæmi (Mynd 11.8) eða um 60% af öllum eldisfiski á landinu það ár. Hjá tveimur stærstu eldisfyrirtækjunum á Vestfjörðum starfa nú um 120 manns, flestir á sunnanverðum fjörðunum (Landssamband fiskeldisstöðva, 2017).



Mynd 11.7 Framleiðsla eldisfiska 2007-2017 á Íslandi (Mast. 2018).



Mynd 11.8 Heildarframleiðsla sláturfisks í fiskeldi árið 2017 (Mast. 2017).


Fyrirhugaðar eldisstöðvar þar sem reiknað er með að ársframleiðsla verði 200 tonn eða meira eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Sveitarfélög hafa hingað til ekki komið með beinum hætti að ákvörðunum um fiskeldi. Leyfisveitingar eru í höndum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og því til viðbótar hefur skipulagsvald sveitarfélaga eingöngu náð 115 m út fyrir stórstraumsfjöruborð. Með nýjum lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 hefur þessu nú verið breytt og hefja á vinnu við slíkt skipulag á Vestfjörðum haustið 2018. Þessi lagasetning hefur verið eitt af stóru baráttumálum vestfirska sveitarfélaga síðustu ár. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa þó ekki markað sér heildstæða stefnu um fiskeldi. Ríkið vinnur nú að stefnumörkun í fiskeldi en þeirri vinnu er ekki lokið (Starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. 2017).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Nú þegar eru í gildi rekstrarleyfi fyrir eldi á 2.000 tonnum af þorski, 400 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af regnbogasilungi og laxi í Ísafjarðardjúpi. Á árunum 1985-1987 reyndu menn fyrir sér með fiskeldi á Reykjanesi en ekki var framhald á þeirri starfsemi á þeim tíma. Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. (HG) stundaði þorskeldi í Ísafjarðardjúpi frá árinu 2002, aðallega í Álftafirði og Seyðisfirði. Öll fiskeldisstarfsemi félagsins er nú í höndum Háafells ehf. sem er í eigu HG og starfrækir eldi á bæði regnbogasilungi og þorski í Álftafirði. Þrjú af þeim sex eldissvæðum sem HG hefur heimild til að nýta í Álftafirði og Seyðisfirði eru nú nýtt og til viðbótar er félagið með rekstrarleyfi til framleiðslu á allt að 200 tonnum af þorski í Skötufirði. Nokkur fyrirtæki vinna að því að koma upp fiskeldi eða auka við núverandi starfsemi í Ísafjarðardjúpi (Mynd 11.9) (Verkís. 2016):

- Háafell ehf. áformar framleiðslu á 6.800 tonnum af laxi og 200 tonnum af þorski á níu stöðum í Ísafjarðardjúpi. Frummatsskýrsla var lögð fram í lok árs 2016. Í álit Skipulagsstofnunar frá í apríl 2018 leggst stofnunin gegn eldinu vegna neikvæðra áhrifa þess.
- Arctic Sea Farm hefur starfsleyfi til framleiðslu á 4.000 tonnum af regnbogasilungi við Sandeyri á Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi og rekstrarleyfi til framleiðslu á 200 tonnum af laxi og silungi við Snæfjallaströnd og 200 tonnum í Skötufirði. Fyrirtækið áformar að frameiða 8.000 tonn af laxfiskum í Djúpinu (7.600 tonna aukning frá gildandi rekstrarleyfum). Fyrirhuguð eldissvæði verða (1) Sandeyri við Snæfjallaströnd, (2) út af Arnarnesi við Skutulsfjörð, (3) Kirkjusund og (4) Laugarvík í Skötufirði sem er hugsað sem varasvæði.
- Arnarlax áformar 10.000 tonna eldi í Ísafjarðardjúpi, nánar tiltekið á svæðum sem kennd eru við Óshlíð, Drangavík og Eyjahlíð (Snæfjallaströnd). Skipulagsstofnun féllst á tillögu að matsáætlun þann 15.6. 2017.

Ef áform um eldisframleiðslu ofangreindra fyrirtækja ná fram að ganga mun heildarframleiðsla á laxfiskum í Ísafjarðardjúpi verða alls um 24.800 tonn á ári.



Mynd 11.9 Núverandi og fyrirhuguð eldissvæði í Ísafjarðardjúpi (Verkís. 2016).

Hafrannsóknastofnun hefur burðarþolsmetið Ísafjarðardjúp m.t.t. áhrifa á vistkerfið. Samkvæmt matinu þolir Djúpið 30.000 tonna eldi á ári (Hafrannsóknastofnun. 2017). Sumarið 2017 gaf Hafrannsóknastofnun út áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Vestfjörðum og Austfjörðum (Hafrannsóknastofnun. 2017). Samkvæmt matinu er ekki mælt með eldi laxfiska í Ísafjarðardjúpi en samkvæmt matinu er hámarkseldi í Arnarfirði 20.000 tonn og 20.000 tonn í Patreks- og Tálknafirði en 10.000 tonn í Dýrafirði. Forsendur áhættumatsins verða endurskoðaðar frá ári til árs í samræmi við niðurstöður vöktunaráætlunar. Framhald eldis í Djúpinu er því í nokkurri óvissu við gildistöku aðalskipulagsins. Eldisfyrirtæki hafa bent á að með

mótvægisáðgerðum megi draga verulega úr áhættu vegna erfðablöndunar. Ljóst er þó að talsverður munur er á áformum eldisfyrirtækjanna og tillögum Hafrannsóknastofnunar um eldismagn.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lét greina áhrif laxeldis í Ísafjarðardjúpi á efnahag og íbúápróun. Miðað var við 25.000 tonna framleiðslu á ári. Helstu niðurstöður eru birtar í Tafla 11.2.

Tafla 11.2 Áhrif 25.000 tonna laxeldis í Ísafjarðardjúpi á efnahag og íbúápróun (KPMG, 2017)

Helstu niðurstöður	
Störf	<ul style="list-style-type: none"> Fjöldi beinna nýrra starfa er áætlaður um 260 og nái hámarki um 11 árum eftir að ákvörðun um að leyfa eldi yrði tekin. Fjöldi afleiddra starfa sem verða til á svæðinu verði um 150 á sama tíma.
Íbúápróun	<ul style="list-style-type: none"> Íbúápróun snúist við og áætluð fjölgun verði um 900 manns í sveitarfélögum við Djúp á sama tíma og bein störf ná hámarki.
Samanburður við stangveiði	<ul style="list-style-type: none"> Heildarumfang beinna og óbeinna áhrifa 25 þús. tonna laxeldis er talið verða um 23 m.kr. á ári við hámarksframleiðslu. Heildarumfang beinna og óbeinna áhrifa stangveiði á svæðinu er metinn um 220 m.kr. á ári.
Tekjur hins opinbera	<ul style="list-style-type: none"> Greiðslur á ári til ríkissjóðs nema um 1.070 m.kr. og um 380 m.kr. til sveitarfélaga þegar framleiðsla er í hámarki og flest bein störf verða til.

Vesturskel hefur heimild og starfsleyfi til ræktunar kræklinga í Álftafirði og Skötufirði. Kræklingaræktun hefur að mestu verið á tilraunastigi og áhugi einkaaðila hefur í auknum mæli beinst að fiskeldi.

Byggðastofnun birti í ágúst 2017 mat á byggðalegum áhrifum fiskeldis (Byggðastofnun, 2017a) (Tafla 11.3). Þar er bent á að talsverður munur sé á mati þeirra aðila sem hyggja á fiskeldi um fjölda starfa og önnur líkleg jákvæð áhrif fiskeldis. Þar er bent á að veruleg óvissa sé óhjákvæmilega í mati á fjölda starfa tengdu fiskeldi og áhrifum þess á íbúafjölda. M.a. er bent á óvissuþætti eins og seiðaframleiðslu, fjármögnun og leyfismál. Einnig hversu mikið eldisfiskurinn verður unninn á svæðinu, hvort ráðist verði í að byggja fóður- og kassaverksmiðjur og hvort þjónusta muni byggjast upp í kringum eldissvæðin eða hvort hún verði keypt annars staðar frá.

Tafla 11.3 Hugsanleg áhrif fiskeldis samkvæmt úttekt Byggðastofnunar (Byggðastofnun, 2017a)

Hugsanleg áhrif fiskeldis		
Framleidd tonn	10.000	40.000
Bein störf	130	520
Afleidd störf	104	416
Íbúar með afkomu af fiskeldi	562	2.246
Launagreiðslur millj. kr.		
Bein störf	780	3.120
Afleidd störf	624	2.496
Útsvarstekjur millj. kr.		
Bein störf	106	426
Afleidd störf	85	341
Útflutningsverðmæti milljarðar kr.		
4,5 evrur á kg.	5,4	21,7
6,00 evrur á kg.	7,2	29,0
7,00 evrur á kg.	8,5	33,8
8,00 evrur á kg.	9,7	38,7

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

VEIÐAR OG VINNSLA

Markmið

- ✓ Að í sveitarfélaginu verði öflugur sjávarútvegur.
- ✓ Að tryggja rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi, vinnslu og rannsóknum þeim tengdum.
- ✓ Að styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi.
- ✓ Að sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi.
- ✓ Að innviðir þjóni og styðji við sjávarútveg þannig að hann sé samkeppnishæfur við aðra landshluta.

Útfærsla

Súðavíkurreppur leggur áherslu á að öflugur sjávarútvegur geti þrífist í sveitarfélaginu. Nálægðin við auðlindina gerir það að verkum að sjávarútvegur mun dafna við rétt starfsskilyrði. Hlúa þarf að þeirri starfsemi sem fram fer í dag en einnig þarf að nýta þau sóknarfæri sem gefast. Mikilvægt er að hægt sé að nýta hana með sjálfbærni og vistkerfisnálgun að leiðarljósi til langtíma hagsældar fyrir íbúa sveitarfélagsins. Vistkerfisnálgun innan sjávarútvegs felur í sér að leitast verður við að ná jafnvægi með fjölbreyttum samfélagslegum markmiðum, með því að taka tillit til þekkingar og óvissu um lífræna, ólífræna og mannlega þætti vistkerfisins og samverkan þeirra, ásamt því að beita heildrænni nálgun í greininni.

Áhersla er lögð á það að starfsumhverfi sjávarútvegs verði bætt og eru innviðir þar í lykilhlutverki. Traustar og öruggar flutningsleiðir og lækkaður flutningskostnaður er ein af grunnforsendum þess að öflugur sjávarútvegur geti þrífist á svæðinu. Sjóflutningar og beint millilandaflug frá Vestfjörðum auka samkeppnishæfni og þróunarmöguleika í greininni, sem og öðrum greinum. Afhendingaröryggi rafmagns hefur einnig veruleg áhrif á möguleika til uppbyggingar í greininni, sbr. kafla 14.1 Veitur. Erfiðar samgöngur og

ótryggt rafmagn skekkja samkeppnisstöðu svæðisins og gera það minna aðlaðandi fyrir greinina, þrátt fyrir nálægðina við miðin.

Ímynd svæðisins getur haft veruleg áhrif á gengi sjávarútvegsins og annarra atvinnugreina. Með áherslu sveitarfélagsins á sjálfbærni og hreinleika er lagður mikilvægur grunnur sem sjávarútvegur getur nýtt sér til verðmætasköpunar. Leggja þarf áherslu á að umgengni um hafið og auðlindir þess verði með sjálfbærum hætti. Það stuðlar að jákvæðri ímynd svæðisins.

Mismunandi atvinnugreinar hafa líka áhrif á hvor aðra og þarf að skoða ákvarðanir heildstætt. Dæmin hafa t.d. sýnt að sjávarútvegur, landbúnaður og ferðaþjónusta geta styrkt hver aðra og að ímynd svæðisins skiptir máli varðandi framtíðarþróun þess samstarfs.

ELDI OG RÆKTUN

Markmið

- ✓ Að í Ísafjarðardjúpi verði starfrækt fiskeldi sem skili efnahagslegum ávinningi til íbúa Súðavíkurrepps og annarra íbúa við Djúpið.
- ✓ Að sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanir um fiskeldi og tengda starfsemi.
- ✓ Að þróun eldis verði í takt við getu samfélagsins og náttúrunnar til að geta talist sjálfbært.
- ✓ Að lokið verið við gerð skipulags á haf- og strandsvæðum.
- ✓ Að Súðavíkurreppur bjóði góða aðstöðu fyrir fiskeldi og tengda þjónustu á núverandi hafnarsvæði og iðnaðarsvæði í Súðavík.

Útfærsla

Súðavíkurhreppur styður uppbyggingu og þróun á fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Horft er til þeirra samfélagslegu jákvæðu áhrifa sem eldi í Djúpinu mun hafa á svæðinu. Fiskeldi af þeirri stærðargráðu sem er í undirbúningi er umfangsmikið og kann að hafa áhrif á aðrar greinar, ímynd þeirra og ímynd Vestfjarða eða einstakra sveitarfélaga. Mikilvægt er því að fiskeldið sé ábyrgt og taki mið af fyrirliggjandi rannsóknum og þeim skorðum sem settar eru vegna umhverfisáhrifa. Þess skal gætt, í samræmi við lög um fiskeldi, að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Vanda þarf ákvarðanir og fara ekki of geyst í uppbyggingu. Afar mikilvægt er að gert verði skipulag á haf- og strandsvæðum Vestfjarða og frekari ákvarðanir teknar þar. Einnig er mikilvægt að þróun í fiskeldi verði í takt við sameiginlega stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun. Ákvarðanir skal taka á traustum grunni, þ.e. með vandaðri stjórnslu og á grundvelli nauðsynlegra grunnrannsókna, svo sem burðarþoli fjarða og áhættumats vegna erfðablöndunar.

Í viðauka er fjallað sérstaklega um áherslur Súðavíkurhrepps á haf- og strandsvæðum, þ.e. á svæði utan við hið skipulagsskylda svæði sveitarfélaga skv. skipulagslögum.

11.3 LANDBÚNAÐUR

Landbúnaðarsvæði er fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir helstu einkennum landbúnaðarsvæða, þ.e. búrekstri sem þar er stundaður, þ.m.t. ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Fjalla skal um helstu atriði sem varða mannvirkjagerð og gera sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum innan landbúnaðarsvæða. Marka skal stefnu um hvar og hvernig þörfum um landbúnaðarstarfsemi verður mætt og hvaða atvinnustarfsemi önnur en hefðbundinn landbúnaður er heimil á bújörðum.

Undirlendi í Súðavíkurhreppi er takmarkað og aðstæður til að stunda landbúnað eru því ekki mjög ákjósanlegar nema á takmörkuðu svæði. Búseta á Vestfjörðum virðist í gegnum tíðina fyrst og fremst hafa byggst á fiskveiðum frekar en landbúnaði (Ragnar Edvardsson. 2004). Fæstar bújarðir eru í þessum landshluta, fyrir utan höfuðborgarsvæðið og Suðurnes eða ein af hverjum átján (Byggðastofnun. 2013).

Undanfarin 50 ár hefur landbúnaður á Íslandi breyst mikið og um leið hafa ólíkar greinar þróast innan landbúnaðargeirans. Má þar nefna alifugla- og loðdýrarækt, hrossarækt, ferðaþjónustu, fiskeldi, garðyrkju og skógrækt. Síðustu ár hefur landbúnaður verið á undanhaldi á Vestfjörðum og framleiðsla frá býlum minnkað umtalsvert. Sláturhús er ekki staðsett á Vestfjörðum og er því búfénaður fluttur burt af svæðinu til slátrunar. Neyslumynstur íslenskra neytenda hefur breyst og hefur það haft áhrif á þróun landbúnaðar. Nokkur vöxtur er í framleiðslu afurða á einstaka bæjum en meginhluti úrvinnslu kjötafurða fer fram utan svæðisins. Samdráttur hefur einnig verið í landbúnaði í Súðavíkurhreppi og býlum fækkað þar eins og víðast annars staðar.

Samkvæmt stöðugreiningu Byggðastofnunar fyrir árið 2015 eru 14 sauðfjárbú með greiðslumark í Súðavíkurhreppi. Af þeim eru 11 með allt að 200 fjár og þrjú með á milli 2-400 fjár. Alls var fjöldi sauðfjár um 1.543 gripir

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Í nóvember 2015¹. Þá voru 2 skráð kúabú í hreppnum á sama tíma og var annað þeirra með mjólkurkúum en hitt án mjólkurkúna (tafla 11.5). Samtals var fjöldi nautgripa 34 (Byggðastofnun. 2016a). Föst búseta er þó aðeins á um það bil 12 bæjum og á 10 af þeim er búskapur með meira en 50 ærgildum (Tafla 11.4). Dæmi eru um minni háttar grænmetisræktun og sölu heimaafurða í dreifbýlinu í tengslum við ferðapjónustu. Einnig eru dæmi um minni háttar búskapur sem ætlaður er til eigin nota en ekki sölu afurða. Eins og fram kemur í kafla 3.4 Dýralíf er umtalsvert æðarvarp í Vigur og Borgarey og einnig er vísir að æðarvarpi í Hrótey, Þernuvík, Ögurhólum, Hvítanesi og Langeyri. Vörpin eru almennt nýtt.

Tafla 11.4 Landbúnaður í Súðavíkurreppi. Býlin hafa meira en 50 ærgildi nema annað sé tekið fram (Matvælastofnun. 2017).

Bær	Búskapur
Heydalur	Ferðapjónusta og minni háttar grænmetisræktun. Hvorki sauðfé né nautgripir.
Hvítanes	Minna en 50 ærgildi
Hörgshlíð	Sauðfé
Laugaból	Sauðfé
Látur – Látrar	Nautgripir
Meiri-Hattardalur	Hvorki sauðfé né nautgripir
Minni-Hattardalur	Nautgripir og sauðfé
Strandsel	Nautgripir og sauðfé
Svarthamar	Sauðfé
Vatnsfjörður	Minna en 50 ærgildi
Svansvík	Sauðfé
Búðarnes	Fjárþú

Tafla 11.5 Greiðslumark sauðfjár og mjólkur á Vestfjörðum 2010 og 2013 (Byggðastofnun. 2015b).

Nr.	Sveitarfélag	Greiðslumark mjólkur			Greiðslumark sauðfjár		
		2010	2013	Breyting	2010	2013	Breyting
4100	Bolungarvíkur-kaupstaður	104.819	104.594	-0,2%	345	251	-27,24%
4200	Ísafjarðarbær	1.155.760	1.130.780	-2,2%	6.604	6.568	-0,55%
4502	Reykholahreppur	1.036.980	686.185	-33,8%	6.021	6.173	2,53%
4604	Tálknafjarðarhreppur	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
4607	Vesturbyggð	814.719	704.063	-13,6%	4.823	4.772	-1,05%
4803	Súðavíkurreppur	177.900	162.350	-8,7%	2.242	2.402	7,14%
4901	Árneshreppur	0	0	0,00%	2.349	2.349	0,00%
4902	Kaldraneshreppur	0	0	0,00%	1.194	1.194	0,00%
4911	Strandabyggð	0	0	0,00%	10.787	10.852	0,60%
Vestfirðir		3.290.178	2.787.972	-15,3%	34.363	34.560	0,57%

Hugsanlegt er að þörf fyrir að landbúnaður á Íslandi geti aukist í framtíðinni. Til að auka matvælaöryggi þjóðarinnar er mikilvægt að varðveita það land sem best hentar til matvælaframleiðslu. Með loftslagsbreytingum er líklegt að ræktunarmöguleikar á bújörðum breytist.

Parfir neytenda hafa breyst. Eftirspurn er ekki lengur bundin við vörur sem fullnægja frumþörfum neytandans, s.s. kjöt og mjólk. Neytendur vilja einnig kaupa landbúnaðarvörur sem tengjast lífstíl og upplifun. Neytandinn kallar

eftir auknum gæðum og lætur sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd. Landbúnaðurinn hefur því fjölþætt hlutverk.

Samþjöppun á mjólkurframleiðslu og samdráttur í sauðfjárbúskap hafa einkennt landbúnaðinn seinustu ár. Aðrar greinar hafa vaxið, t.d. ferðabjónusta og skógrækt. Ferðabjónusta og búfjárrækt eru dæmi um greinar sem geta styrkt hvor aðra, en uppkaup jarða í öðrum tilgangi geta veikt þessar greinar.

Landbúnaður á Íslandi er að verða mun sjálfbærari en áður, samfara breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu. Það er sjálfsgöð krafa í dag að nýting lands sé sjálfbær, þannig að starfsemi og bygging vistkerfis viðhaldist eða eflist. Bændur hafa einnig síðustu ár gripið til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu þeirra. Ekkert býli í sveitarfélaginu stundar núna lífrænan landbúnað.

Með breyttum áherslum í landbúnaði og nýjum landbúnaðarafurðum hefur hugtakið menningarlandslag borið á góma. Landslag felur ekki aðeins í sér náttúrufar, heldur einnig menningarþætti. Menningarlandslag er auðlind til upplifunar sem fræðir um ferla náttúrunnar, menningarsögu og samspil manns og náttúru. Bændur eiga mikinn þátt í þeim mikla vexti sem orðið hefur í ferðabjónustu hér á landi. Það er m.a. að þakka framboði þeirra á upplifun er tengist búskaparháltum, menningu og sögu, þ.e. menningartengdri ferðabjónustu, þar sem sagan og menningin er hluti af söluvöru.

11.3.1 Flokkun landbúnaðarlands

Í landsskipulagsstefnu er lagt til að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum í sveitarfélögum. Í þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram að umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skógræktina og Bændasamtök Íslands, standi fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við

skipulagsgerð og stefnumótunar um landnýtingu. Leiðbeiningar þessar eða áætlun um skráningu ræktunarlands og verndar- og varðveisluráðstafanir liggja ekki fyrir. Í 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004 m.s.br. segir að ef flokkun landbúnaðarlands liggja ekki fyrir skuli sveitarfélag óska eftir umsögn ráðunautar um viðkomandi land þar sem lagt skuli mat á stærð lands, staðsetningu lands, ræktunarskilyrði, ræktun sem þegar er þar stunduð eða er fyrirhuguð og hvort breyting á landnotkun hafi áhrif á aðliggjandi landbúnaðarsvæði. Formleg flokkun landbúnaðarlands í Súðavíkurbreytingu liggur ekki fyrir.

Ef fyrirhugað er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði skal, skv. 6. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, fá leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarlotum, áður en skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli, sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha, eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Þetta á einnig við um framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir paulnýtinn landbúnað.

11.3.2 Lögbýli og eyðijarðir

Flestar jarðir í Súðavíkurbreytingu eru í eigu einkaaðila en mest af landi í og við þéttbýlið er í eigu hreppsins (Tafla 11.6). Einstaka landskikar í gömlu byggðinni eru í eigu einstaklinga. Ísafjarðarbær er eigandi Seljalands í botni Álftafjarðar og Reykjaness. Súðavíkurbreytingu keypti Eyrardal árið 1993. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um nákvæm landamerki og aðrar eignaskiptingar í Súðavíkurbreytingu. Hreppurinn hefur undanfarið unnið að skráningu á landeignamörkum á afmörkuðum svæðum en þeirri vinnu er ekki lokið. Almennu liggur ekki fyrir hvar landeignarmörk liggja enda hefur kerfisbundin skráning þeirra ekki farið fram með tilheyrandi þinglýsingum.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Óbyggðanefnd hefur til umfjöllunar eignarhald lands á landsvísu. Samkvæmt yfirlitskortum um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu er málsmeðferð lokið á meirihluta landsins alls og til meðferðar eru svæði 9A - Dalasýsla og 9B - Snæfellsnes. Vestfjörðum er skipt í 3 svæði 10A, 10B og 10C en ekki kemur fram á vefsíðu Óbyggðanefndar hvenær málsmeðferð hefst þar. Hlutverk nefndarinnar er, skv. lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta að:

- Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Þó svo að skipulag takmarkist ekki af eignarhaldi þá er mikilvægt að þær upplýsingar liggi fyrir við framkvæmd skipulags og landnýtingu. Niðurstöður um landamerki og mörk þjóðlendna og eignarlands verða færðar inn í aðalskipulagið eftir því sem færi gefst til við endurskoðun þess.

Skv. Jarðalögum nr. 81/2004 er lögbýli sérhver jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í Jarðaskrá ráðuneytisins 1. desember 2003. Ný býli sem hljóta viðurkenningu ráðuneytisins geta einnig talist lögbýli.

Eyðijörð er samkvæmt Jarðalögum „jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð“.

Búsetumynstrið hefur verið í stöðugri þróun til okkar daga. Þróunin hefur verið hægfara allt þar til á síðustu öld. Um aldir voru sveitirnar þétt setnar, stór býli voru fá en minni býli, hjáleigur, tómthús og þurrabúðir í miklum meirihluta. Þegar leið á öldina fækkaði býlum og stærð þeirra varð jafnari og þau minnstu fóru í eyði. Býlin héldu áfram að stækka og undir lok aldarinnar voru þau orðin fá en stór.

Eftirspurn eftir heilsársbúsetu í dreifbýli hefur aukist síðustu ár. Sækjast menn þá einkum eftir búsetu en sækja atvinnu í þéttbýlið. Í sumum tilvikum er um tvöfalda búsetu að ræða, þ.e. einstaklingurinn eða fjölskyldan rekur eitt heimili í þéttbýli en annað í dreifbýlinu og sækir þaðan jafnvel vinnu að hluta til. Í öðrum tilvikum er um fasta búsetu að ræða, þ.e.a.s. atvinna sótt annað en ekki stundaður hefðbundinn landbúnaður. Segja má að eftirspurn eftir hjáleigum, tómthúsum eða þurrabúðum sé að endurtaka sig.

Lögbýli í Súðavíkurbreppi eru 50. Alls eru 43 af þeim í ábúð en eyðijarðir eru 7. Einungis er þó búseta á um 11 jörðum. Til viðbótar eru a.m.k. 19 jarðir í hreppnum sem ekki teljast lögbýli. Samtals eru uppistandandi hús á um 47 jörðum í dreifbýlinu (Tafla 11.6).

Tafla 11.6 Lögbýli í Súðavíkurbreppi (Þjóðskrá. 2016. Upplýsingar um búsetu og uppistandandi byggingar byggja á munnlegum heimildum staðkunnugra).

Jörð	Eyðibýli	Föst búseta	Eignarhald	Uppi-standandi byggingar
Birnustaðir	Nei	Nei	Einstaklingar / einkaaðilar	Já
Bjarnastaðir 1 og 2	Já	Nei	Einstaklingar	Já
Blámýrar	Já	Nei	Einstaklingar	Já
Borg	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Botn	Já	Nei	Einstaklingar	Já
Dvergasteinn	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Dvergasteinskot	Já	Nei	Einstaklingar	Nei
Eiði	Já	Nei	Einstaklingar	Já
Eyrardalur	Nei	Nei	Súðavíkurbreppur	Nei
Eyri í Skötufirði	Nei	Nei	Einstaklingar / einkaaðilar	Já
Eyri í Mjóafirði	Nei	Nei	Ríkissjóður	Já
Eyri og Traðir	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Galtarhryggur	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Garðsstaðir	Nei	Nei	Einstaklingar	Já

Jörð	Eyðibýli	Föst búseta	Eignarhald	Uppi-standandi byggingar
Hagakot	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Hestur	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Heydalur	Nei	Já	Eignarhaldsfélag	Já
Hjallar	Já	Nei	Einstaklingar	Nei
Hlíð 1	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Hlíðarkot	Nei	Nei	Einstaklingar	Nei
Hrafnabjörg	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Hvítanes	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Hörgshlíð	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Kálfavík	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Kelda	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Kleifar	Nei	Nei	Einstaklingar	Nei
Kleifar í Seyðisfirði	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Laugaból	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Látur – Látrar	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Litlibær	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Meiri-Hattardalur I	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Meiri-Hattardalur II	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Miðhús	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Minni-Hattardalur	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Reykjarfjörður	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Seljaland	Nei	Nei	Ísafjarðarbær	Nei
Skarð	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Skálavík Ytri	Nei	Nei	Eignarhaldsfélag	Já
Strandsel	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Svansvík	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Svarfhóll	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Svarthamar	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Sveinshús	Nei	Nei	Einstaklingar	Nei

Jörð	Eyðibýli	Föst búseta	Eignarhald	Uppi-standandi byggingar
Uppsalar	Nei	Nei	Einstaklingar	Nei
Vatnsfjörður	Nei	Já	Kirkjumálasjóður	Já
Vigur	Nei	Já	Einstaklingar	Já
Vogar	Nei	Nei	Einstaklingar	Nei
Þernuvík 1 og 2	Nei	Nei	Einstaklingar	Já
Þúfur	Já	Nei	Einstaklingar	Já
Ögur	Nei	Nei	Einstaklingar	Já

Tafla 11.7 Aðrar jarðir sem ekki eru lögbýli. (Upplýsingar um uppistandandi byggingar byggja á munnlegum heimildum staðkunnugra.)

Aðrar jarðir	Staðsetning	Uppistandandi byggingar
Tröð	Álftafjörður	Þéttbýli
Súðavík	Álftafjörður	Þéttbýli
Saurar	Álftafjörður	Þéttbýli
Eyri	Álftafjörður og Seyðisfjörður	Já
Kamsnes	Álftafjörður og Seyðisfjörður	Nei
Folafótur	Seyðisfjörður og Hestfjörður	Nei
Hestfjarðarkot	Hestfjörður	Nei
Almenningur	Hestfjörður	Já

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Aðrar jarðir	Staðsetning	Uppistandandi byggingar
Stórikambur	Skötufjörður	Nei
Hjallar	Skötufjörður	Já
Ögurhólmar	Selvík/Strandseljavík	Nei
Efstidalur	Laugardalur	Nei
Eiríksstaðir	Laugardalur	Já
Galtarstaðir	Mjóifjörður	Já
Kleifarkot	Mjóifjörður	Já
Reykjanes	Reykjarfjörður/Ísafjörður	Já
Eyri	Ísafjörður	Nei
Almenningur	Ísafjörður	Nei
Vatnsfjarðarsel	Vatnsfjarðardal	Nei

11.3.3 Endurheimt votlendis

Súðavíkurreppur mun vinna að endurheimt votlendis til að draga úr gróðurhúsaáhrifum sbr. kafla 4 Náttúruvá. Kortlögð hafa verið votlendissvæði í hreppnum og mun hreppurinn leggja fram langtíma aðgerðaáætlun til að vinna að settu marki (mynd 11.10). Áhersla verður lögð á að að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í náttúruvernd og loftslagsmálum, greina tækifæri fyrir endurheimt votlendis og mögulega forgangsröðun í verkefnum. Stuðst verður við rit umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um endurheimt votlendis (2016). Helsta markmið þess er að setja fram

aðgerðaráætlun sem fylgir eftir stefnu Íslands varðandi endurheimt votlendis og alþjóðlegum skuldbindingum.



Mynd 11.10 Tilgreind svæði til endurheimt votlendis.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

LANDBÚNAÐUR

Markmið

- ✓ Að gott landbúnaðarland verði nýtt til landbúnaðar.
- ✓ Að styðja við þann landbúnað sem er til staðar og tryggja möguleika til uppbyggingar.
- ✓ Að stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar.
- ✓ Að efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu.
- ✓ Að tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu.

Útfærsla

Formleg flokkun landbúnaðarlands í Súðavíkurbreppi liggur ekki fyrir en stuðst hefur verið við greiningu af nýlegum loftmyndum, vistgerðarkorti NÍ og hallastefnukorts og hefur landbúnaðarland verið skilgreint í samræmi við hana. Miðað er við graslendi og vel gróið land sem einnig er í góðum tengslum við innviði, s.s. vegasamgöngur. Náttúrulegt skóglendi og votlendi eru undanskilin en svæði sem henta til endurheimtar votlendis eru innan landbúnaðarsvæða. Einnig er miðað við að landbúnaðarland sé með minna en 17° landhalla. Ræktað land er sýnt til skýringar á skipulagsupprætti. Ráðist verður í flokkun landbúnaðarlands þegar leiðbeiningar þar um liggja fyrir og verða niðurstöðurnar hafðar til hliðsjónar við ráðstöfun lands.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að það landbúnaðarland sem nú er nýtt verði áfram nýtt með svipuðum hætti. Jafnframt er svigrúm fyrir aukinn landbúnað og nýsköpun. Lögð er áhersla á að það land sem best hentar til matvælaframleiðslu verði ekki spillt með óafturkræfum hætti og mögulegt verði að nýta það til slíkrar framleiðslu. Með því að spilla ekki slíku landi er einnig viðhaldið möguleikum fyrir nýliða að hefja búskap. Mikilvægt er að möguleikum til þróunar og nýsköpunar á landbúnaðarsvæðum verði haldið opnum svo nýta megji núverandi aðstöðu til fulls, en einnig verður að gera

ráð fyrir svigrúmi fyrir þróun innan greinarinnar. Mikilvægt er að álitleg landbúnaðarsvæði, sem ekki eru nýtt til landbúnaðar í dag, verði ekki nýtt á þann hátt að aðrir valmöguleikar, s.s. landbúnaður, verði útilokaðir.

Í dreifbýlinu er gert ráð fyrir að hægt verði að byggja upp og stunda ferðaþjónustu og nýta þannig þá innviði sem eru til staðar. Á landbúnaðarsvæðum er svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og mannvirkjum því tengdu. Skipulagið heimilar að á landbúnaðarsvæðum séu minni tjaldsvæði (3 ha eða minna og minni háttar þjónusta) og gistiaðstaða fyrir ferðamenn. Heimasala og heimavinnsla eru einnig leyfð. Við gerð tjaldsvæða skal lágmarka rask og huga að ásýnd. Stærri tjaldsvæði, þar sem rekin er ferðaþjónusta, skulu vera á afþreyingar og ferðaþjónustusvæði. Sjá einnig ákvæði í kafla 11.4 Ferðaþjónusta. Tjaldsvæði eru oft á eða í nálægð við viðkvæm svæði og því eru þau eingöngu heimil á fyrrnefndum svæðum ef þau valda litlu raski og hafa ekki veruleg áhrif á ásýnd.

Lögð er áhersla á það að hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein geti eflst og uppbygging stoðgreina hans verði auðvelduð. Möguleikar til breytinga felast m.a. í framleiðslu og sölu afurða, á ýmsum framleiðslustigum, beint til neytenda. Mikilvægt er að tryggja möguleika til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði. Því er gert ráð fyrir því að vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirki því tengd verði innan landbúnaðarsvæða. Þetta á einnig við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld. Þetta styður við ferðaþjónustu og þá stefnu sem hefur verið mörkuð í tengslum við hana, bæði í aðalskipulaginu (sjá kafla 11.4 Ferðaþjónusta) og innan greinarinnar sjálfar.

Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á þeim jörðum sem eru tilgreindar í töflu 11.10. Hámarksstærð nýrra húsa er 100 m² og skulu þau reist utan ræktað lands. Í kafla 10.4. er nánar fjallað um frístundabyggð, svo sem útlit og takmarkanir.

Landeigendum er heimilt að virkja bæjarlækinn með smávirðjun þar sem gert er ráð fyrir byggð á landbúnaðarsvæðum. Aðalskipulagið heimilar allt að 30 kW virkjanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirkjanir. Nánar er fjallað um smávirðjanir í kafla 11.7 Virkjanir og orkumál.

Gert er ráð fyrir því að bændur geti stundað sjósókn frá sínum jörðum. Einnig er gert ráð fyrir minni mannvirkjum fyrir fiskverkun á landbúnaðarsvæðum, s.s. litlum hjöllum. Gæta þarf þess að slík starfsemi valdi öðrum ekki óþægindum. Áhersla er lögð á hreinleika umhverfis og afurða og hvatt er til lífrænnar framleiðslu.

Gert er ráð fyrir því að heimild landeigenda til hefðbundinnar hlunnindanýtingar verði óbreytt, s.s. æðarvarp, fiskveiði og eggjataka. Áhersla er lögð á möguleika landeigenda til að vernda mikilvæg búsvæði fugla, s.s. æðarvarp, gagnvart mannvirkjagerð og annarri umgengni sem getur raskað þeim.

Minni háttar mannvirki eru heimil á landbúnaðarsvæðum, svo sem lítil fjarskiptamöstur, litlar vindmyllur og sólarcellur til heimanotkunar sbr. kafla 14.2 Fjarskipti.

Á hverfisvernduðum svæðum gilda ákvæði hverfisverndar. Þau eru tilgreind í kafla 9. Hverfisvernd.

Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum. Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða skal sá aðili er hyggur á skógrækt greina áhrif skógræktar skv. viðauka 2 í aðalskipulaginu. Við afgreiðslu framkvæmdaleyfis skal sérstaklega hugað að áhrifum á landbúnað og landbúnaðarsvæði. Jafnframt er æskilegt að leita samráðs við Skógræktina. Nánar er fjallað um skógrækt í kafla 13.2.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í Tafla 11.8. Um

fjarlægðir vegna skógræktar er fjallað í kafla 13.2 Skógrækt og trjárækt. Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir endurheimt votlendis eins og nánar er fjallað um hér að framan. Þá skal þess gætt við túnrækt, uppgræðslu lands og aðra ræktun að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Æskilegt er að fornleifaskráning liggi fyrir áður en ný tún eru unnin.

LÖGBÝLI OG EYÐIJARÐIR

Markmið

- ✓ Gott landbúnaðarland skal skilgreint sem landbúnaðarsvæði og því ekki ráðstafað í annars konar nýtingu en landbúnað.
- ✓ Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á afskekktari búsvæðum sem farin eru í eyði.
- ✓ Landbúnaðarnýting og hefðbundin hlunnindanýting skerði ekki önnur gæði svæðisins.
- ✓ Svigrúm verði fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu í dreifbýli í samræmi við markmið um lífríki, landslag og menningar- og búsetuminjar.

Útfærsla

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að hægt sé að stunda hefðbundna hlunnindanýtingu á þeim jörðum sem búskapur hefur lagst af. Gott landbúnaðarland er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, þó svo að það sé ekki nýtt sem slíkt við gildistöku skipulagsins. Þannig er tryggt að góðu landbúnaðarlandi sé ekki spillt eða ráðstafað í annars konar nýtingu. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að tengsl ferðaþjónustu og landbúnaðar veðri eflid. Þannig er gert ráð fyrir nokkurri sveigju við uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýlinu. Uppbygging í landbúnaði og ferðaþjónustu skal vera í takt við markmið sem sett eru fram í kafla 11 Atvinna. Þar kemur fram

að nýta eigi nálægð við náttúruna og sérkenni til atvinnuþróunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í því felst m.a. að virða verndarákvæði náttúru og menningarminja. Einnig þarf að tryggja aðgengi að áhugaverðum og vinsælum ferðamannastöðum. Fjallað er nánar um frístundabyggð í næsta kafla.

Stefna um landnotkun – Landbúnaðarsvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð er **Landbúnaðarsvæði (L)** svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Tafla 11.8 Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks-fjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða. Jarðhitaleitarholur
Vötn, ár og sjór	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Friðlýstar fornleifar	100 m	Uppbygging til verndar minjum
Friðaðar fornleifar	15 m	Uppbygging til verndar minjum
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

Tafla 11.9 Almenn skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði.

Almenn skipulagsákvæði

Frístundahús

Byggja má allt að þrjú frístundahús á hverri jörð á landbúnaðarsvæði ef aðstæður leyfa. Hámarksstærð nýrra húsa er 100 m² og skulu þau reist utan ræktað lands.

Uppbygging frístundarhúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland. Ekki skal skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.

Uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.m.t. óröskuð svæði, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.

Frístundabyggð skal hafa góð tengsl við núverandi byggð og falla vel að sögulegri byggð.

Ferðapjónusta

Gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta núverandi mannvirki og byggingar á landbúnaðarsvæðum til minni háttar ferðapjónustu.

Heimildir er fyrir tjaldsvæðum, heimasölu og heimavinnslu.

Við gerð tjaldsvæða skal lágmarka rask og huga að ásýnd.


Tafla 11.10 Heimildir fyrir frístundahúsum á landbúnaðarsvæðum skv. almennri reglu sem gerir ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð. Ekki er gert ráð fyrir frístundahúsum á öðrum jörðun utan þeirra sem eru tilgreind í töflu 10.6.

Jörð	Skipulagsákvæði
Vatnsfjörður	Eitt frístundahús í dag. Rými fyrir tvö ný
Eyri í Ísafirði	Ekkert frístundahús í dag. Rými fyrir þrjú ný.


Jörð	Skipulagsákvæði	
Svarfhóll í Álftafirði	Tvö frístundahús eru á hverri jörð í dag. Rými fyrir eitt nýtt hús á hverri jörð.	
Minni-Hattardalur í Álftafirði		
Uppsalar í Seyðisfirði		
Eyri í Skötufirði		
Hjallar í Skötufirði		
Skarð í Skötufirði		
Ögur		
Látur í Mjóafirði		
Kelda í Mjóafirði		
Miðhús í Vatnsfjarðardal		
Þúfur í Vatnsfjarðardal		
Kleifar í Seyðisfirði		Eitt frístundahús á hverri jörð í dag. Rými fyrir tvö ný hús á hverri jörð.
Fjarðarhorn í Seyðisfirði		
Eiði í Hestfirði		
Kleifar í Skötufirði		
Garðsstaðir		
Eiríksstaðir í Laugardal		
Birnustaðir í Laugardal		
Laugaból í Laugardal		
Botn í Mjóafirði		
Reykjarfjörður		
Svansvík í Ísafirði		
Vigur Ísafjarðardjúpi		
Dvergasteinn í Álftafirði	Ekkert frístundahús í dag. Rými fyrir þrjú ný hús á hverri jörð.	
Svarthamar í Álftafirði		
Meiri-Hattardalur í Álftafirði		
Eyri í Seyðisfirði		
Hvítanes í Skötufirði		
Strandsel í Laugardal		
Hagakot í Laugardal		
Blámýrar í Laugardal		
Hrafnabjörg í Laugardal		
Efstidalur í Laugardal		
Eyri í Mjóafirði		

11.4 FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónusta er ein af meginundirstöðum íslensks efnahagslífs og hefur mikill vöxtur einkennt greinina að undanfögnu (mynd 11.11 og 11.12). Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi hefur um það bil tífaldast á 10 árum og er það margfaldur vöxtur miðað við vöxt á alþjóðavísu sem var samkvæmt World Tourism Organization 3,5% á hverju ári á tímabilinu 2005-2014 (Íslandsbanki. 2016). Árlegur vöxtur í fjölda ferðamanna hérlendis frá árinu 2010-2015 nam að jafnaði um 22% og hlutur ferðaþjónustu í gjaldeyristekjum óx úr 23,7% í 39,2% á árunum 2012-2016 samkvæmt mælingum Hagstofunnar (Bygðastofnun. 2016c). Dregið hefur úr árstíðasveiflu í komu ferðamanna til landsins en þær eru enn talverðar, einkum utan suðvesturhornins. Spár benda til að þessi vöxtur muni staðna á næstu árum og leita í langtímavöxt, um 7-8 % aukningu á ári. Flest bendir þó til góðra horfa í íslenski ferðaþjónustu (Bygðastofnun. 2016c).



Mynd 11.11 Fjöldi ferðamanna á Íslandi 2011-2017 (Ferðamálastofa. 2018).



Mynd 11.12 Útflutningur vöru og þjónustu 2013-2018 (Hagstofa Íslands, 2018)

Ferðaþjónustan er afar mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og ein hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka efnahagsvöxt, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samdráttur hefur verið í öðrum greinum. Ferðaþjónusta getur aukið eftirspurn eftir þekkingu sem leiðir af sér betur launuð störf. Ferðaþjónustan hefur einnig oft jákvæð áhrif á menningarlíf, afþreyingu, þjónustu og manngert umhverfi. Fjölgun ferðamanna fylgir jafnan aukið álag á samfélag og náttúru og þar með eykst þörfin fyrir að draga úr þeim áhrifum.

Kannanir og greiningar hafa leitt í ljós að markaðshlutdeild Vestfjarða í ferðaþjónustu er minni en á mörgum öðrum landsvæðum en jafnframt eru miklir möguleikar til sóknar (tafla 11.9). Á svæðinu hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu og samfara því hefur atvinnugreinin

eflst. Ein helsta áskorun í ferðaþjónustu á Vestfjörðum er, og hefur um langan tíma verið, samgöngur. Lélegar samgöngur hafa hamlað uppbyggingunni en nýlegar og fyrirhugaðar úrbætur á því sviði munu styðja verulega við þróun í ferðaþjónustu. Önnur stór áskorun er árstíðarsveifla innan greinarinnar. Lögð hefur verið mikil áhersla á lengingu ferðamannatímabilsins síðustu ár. Aðilar í ferðaþjónustu á Vestfjörðum hafa á síðustu 10-15 árum lagt talsverða vinnu í að skilgreina sérstöðu svæðisins og reyna þannig að ná samkeppnisforskoti. Í stefnumörkun Ferðamálasamtaka Vestfjarða er nefnt að sérstaða svæðisins felist í nálægð við einstaka náttúru, einstakri friðsæld og öðruvísi upplifun.

Skv. könnunum á viðhorfi og hegðun ferðamanna á Vestfjörðum er náttúran helsta aðdráttarafli svæðisins, sérstaklega hjá erlendum ferðamönnum. Ferðamenn á Vestfjörðum eru náttúruunnendur sem sækja í frið og ró og eru meðvitaðir um umhverfið. Slíkir ferðamenn krefjast almennt minni þjónustu og afþreyingar en sækja í að upplifa hið „ósnerta“ eða óhefðbundna. Útivist, einkum gönguferðir og fuglaskoðun, er á meðal þess helsta sem ferðamenn svæðisins vilja upplifa. Þó nokkuð stór hópur sækir einnig í söfn, sýningar, sund og aðra þjónustu.

Þetta er í samræmi við þá þróun sem við sjáum í víðara samhengi. Íslendingar ferðast í meiri mæli en áður um eigið land og hafa gönguferðir um náttúruna notið vaxandi vinsælda. Ferðamenn í heiminum í dag sækja í auknum mæli í lítt spillta náttúru sem verður sífellt sjaldgæfari. Jafnframt leitast þeir eftir nýrri upplifun í ferðum sínum.

Tafla 11.11 Vöxtur gistinátta milli 2012-2016 (Markaðsstofa Vestfjarða, 2018).

Svæði	Aukning
Höfuðborgarsvæði	108%
Suðurland	176%
Norðurland eystra	81%
Austurland	7%
Vesturland	99%

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Svæði	Aukning
Suðurnes	224%
Vestfirðir	84%
Norðurland vestra	66%
Allt landið	108%

Ferðapjónusta hefur farið vaxandi í Súðavík á undanförunum árum samfara almennum vexti í greininni á svæðinu. Horfur eru bjartar samfara heilsárshringvegi um Vestfirði sem nú er unnið að og samfara almennri eflingu ferðapjónustufyrirtækja með aukinni afþreyingu og annarri vöruþróun.

Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í tengslum við fjölgun sjóstangveiðimanna sem koma til Vestfjarða, einkum til Flateyrar, Suðureyrar, Súðavíkur og Tálknafjarðar. Komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur einnig fjölgað jafnt og þétt og sumarið 2018 er búist við 112 skemmtiferðaskipum þangað með tæplega 100 þúsund farþega innanborðs. Til samanburðar komu 39 skip fyrir 5 árum (árið 2013) með um 42 þúsund farþega (isafjordur.is. 2018).

Í Heydal í Mjóafirði er búist að byggja upp heilsársferðapjónustu. Þar eru nú 17 hótélherbergi, útleiga á frístundahúsum, tjaldsvæði, veitingasala og ýmis afþreying. Reykjanes er vinsæll áfangastaður og þar er rekið hótél sem og í Ögri. Í Laugardal eru seld laxveiðileyfi í ám og vötnum í dalnum. Einnig eru seld þar silungsveiðileyfi svo og í Hörgshlíð og Svansvík.

Litlibær í Skötufirði er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og í eyggi Vigur er starfrækt sérstæð ferðapjónusta og er hún án efa vinsælasti ferðamannastaðurinn í Súðavíkurreppi. Tíðar siglingar eru frá Ísafirði og út í eyjuna og þar er hægt að fá veitingar. Lundi, æðarfugl og fleiri fuglar laða að ferðamenn en þar er einnig minnsta pósthús og eina kornmylla landsins auk áhugaverðra húsa sem hafa verið gerð upp af Þjóðminjasafninu.

Í þéttbýlinu er Melrakkasetur Íslands sem er einn vinsælasti áningarstaður ferðamanna þar en Raggagarður er einnig vinsæll á meðal fjölskyldna. Tjaldsvæðið í Súðavík er í gömlu byggðinni ofan við félagsheimilið en einnig eru tjaldsvæði í Heydal og á Reykjanesi eins og áður var getið.

Mikilvægt er að stjórnvöld, sveitarfélög og aðilar í ferðapjónustu rói í sömu átt í uppbyggingu og rekstri ferðapjónustu. Stjórnvöld hafa markað sér stefnu í Ferðamálaáætlun og Landskipulagsstefnu. Fjallað er um það hér að neðan en nánar er fjallað um stefnu Súðavíkurrepps og ferðapjónustuaðila svæðisins hér í framhaldinu.



Mynd 11.13 Vigur í Ísafjarðardjúpi (Mynd: Salvar Baldursson).

Í Ferðamálaáætlun 2011-2020 eru sett fjögur meginmarkmið, sem iðnaðarráðherra er falið að stefna að:

- Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar.
- Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.
- Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðapjónustunnar.
- Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugri greiningar- og rannsóknarstarfi.

Eitt af markmiðum Landsskipulagsstefnu 2015-2026 m.t.t. skipulags í dreifbýli er að ferðapjónusta verði í sátt við náttúru og umhverfi. Samkvæmt stefnunni skal skipulag landnotkunar stuðla að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðapjónustu. Í umfjöllun um skipulagsgerð sveitarfélaga segir í landsskipulagsstefnunni: *„Ferðapjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðapjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðapjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.“*

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

FERÐAÞJÓNUSTA

Markmið

- ✓ Sjálfbær ferðaþjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi hreppsins. Með sjálfbærri ferðaþjónustu er átt við ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.
- ✓ Ferðaþjónustan verði í takt við stefnu sveitarfélaga um umhverfisvottaða Vestfirði og í takt við áfangastaðaáætlun fyrir Vestfirði.
- ✓ Unnið verði markvisst með öðrum sveitarfélögum og aðilum í ferðaþjónustu að uppbyggingunni.
- ✓ Tekið verði tillit til þarfa ferðaþjónustunnar við uppbyggingu innviða ákvarðana um þjónustu.

Útfærsla

Árið 2010 var samþykkt á Fjórðungspingi Vestfjarða að stefna að sameiginlegri umhverfisvottun Vestfjarða í heild samkvæmt staðli EarthCheck undir forystu Fjórðungssambandsins. Með þessu skuldbundu sveitarfélögin sig til þess að taka mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum sínum og tryggja sjálfbærni auðlinda á svæðinu. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur haldið utan um þetta verkefni en hugmyndin kemur upprunalega frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að gerð stefnumótandi stjórnunaráætlun fyrir Vestfirði, eða svokallaðri Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Verkefnið er leitt af Ferðamálastofu, Stjórnstöð ferðamála og unnið í samvinnu við markaðsstofu Vestfjarða. Í áfangastaðaáætlun Vestfjarða er sett fram sameiginleg sýn til næstu þriggja ára;

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og kerfi göngu-, hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, ægifagurrar náttúru og heilstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.

Meginmarkmið áætlunarinnar, með sjálfbærni að leiðarljósi, eru:

- Uppbygging gæðaáfangastaðar
- Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu
- Samstaða um umhverfi og samfélag
- Bættar samgöngur
- Viðhald sérkennis svæðis og náttúru
- Heilsársferðaþjónusta
- Heildstæðar þorpsmyndir
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun

Fram kemur að á Vestfjörðum verði lögð áhersla á ferðaþjónustu sem er með náttúru og menningu sem helstu áherslusvið, þ.e. náttúruferðamennsku, sjálfbæra ferðamennsku, upplifunarferðamennsku, menningar- og arfleiðarferðamennsku og matarferðamennsku. Varast eigi massa ferðaþjónustu en leggja fremur áherslu á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir þá ferðamenn sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

Fyrir Vestfirði sem heild er lögð áhersla á eftirfarandi þætti í áfangastaðaáætlun:

1. Uppbygging hringvegur nr. 2 um Vestfirði.
2. Efling heilsársferðaþjónustu.
3. Uppbygging ferðaþjónustu í bæjarkjörnum.
4. Stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa.
5. Öflugt samstarf og gæði.

6. Efling áhugaverða sögustaða.
7. Þjónusta við ferðamannavegi.

Súðavíkurbreppur mun vinna í takt við áfangastaðaáætlunina sem endurspeglar sameiginlegar áherslur vestfirskra sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila. Inntakið í þeirri áætlun er, eins og fram kom að framan, að Vestfirðir verði gæðaáfangastaður þar sem ferðamenn geti notið sérkenna svæðisins. En jafnframt að þar verði rekin arðbær ferðaþjónusta í sátt við umhverfi og samfélag, þ.e. sjálfbær ferðaþjónusta.

Sjálfbær ferðaþjónusta er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar sem tengjast nýtingu auðlinda og matvælaframleiðslu, svo sem sjávarútvegi og fiskeldi. Ferðaþjónustan krefst afþreyingar og aðlaðandi umhverfis og er því einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á íbúa sveitarfélagsins og laða að fleiri íbúa.

Náttúra svæðisins og menningin er auðlind og aðdráttarafl og aukinn fjöldi ferðamanna veldur álagi á þessa þætti sem og innviði. Lágmarka þarf þessi áhrif en jafnframt þarf að huga að áhrifum annarra greina, framkvæmda og athafna á ferðaþjónustu, sem og áhrifum ferðaþjónustu á aðrar greinar og athafnir. Sérstaklega þarf að huga að ósnortnum svæðum en þeim fer fækkandi í heiminum og fyrir vikið verða þau sífellt verðmætari. Uppbygging innviða er ein af forsendum öflugrar ferðaþjónustu en ófullnægjandi innviðir geta líka valdið umhverfiskrasi.

Áfram þarf að stuðla að samvinnu sveitarfélaga og aðila í ferðaþjónustu, m.a. við stefnumótun í greininni en einnig við skipulagningu atburða sem geta haft jákvæð áhrif á ímynd svæðisins. Vinna þarf sameiginlega að því markmiði að lengja ferðamannatímamann en einnig eru vannýtt tækifæri í Súðavík vegna komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar yfir sumarið.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir ferðaþjónustukjarna, þ.e. gistingu og veitingu, í Heydal, Reykjanesi, Ögri, Skálavík og Vigur.

Í gömlu byggðinni í Súðavík er gert ráð fyrir þjónustu fyrir ferðamenn yfir sumartímamann. Þar er skilgreint verslunar- og þjónustusvæði en jafnframt er heimild fyrir frístundahúsum. Öll nýting og uppbygging skal vera í samræmi við gildandi reglur um takmarkanir á viðverðu og nýtingarreglur á ofanflóðahættusvæðum (reglugerð nr. 505/2000).

Einnig er gert ráð fyrir smáhúsum fyrir ferðamenn við Eyrardalsá og frístundahúsum neðan vegar innarlega í nýju byggðinni. Mikilvægt er að ferðamenn geti tjaldað við góðar aðstæður í þéttbýli og dreifbýli. Áfram er gert ráð fyrir þeim tjaldsvæðum sem þegar eru rekin, með svigrúmi til stækkunar, en einnig er lögð áhersla á það að hægt verði að byggja upp ný svæði. Stærri tjaldsvæði skulu vera á afþreyingar- og ferðaþjónustusvæðum en einnig eru tjaldsvæði á verslunar- og þjónustusvæðum þar sem ferðaþjónusta er fyrirhuguð. Minni tjaldsvæði eru heimil á landbúnaðarsvæðum sbr. kafla 11.3 Landbúnaður. Tjaldsvæði eru oft á eða í nálægð við viðkvæm svæði og því eru þau eingöngu heimil á fyrrnefndum svæðum ef þau valda litlu raski og hafa ekki veruleg áhrif á ásýnd. Sjá nánar í kafla 10.4 Frístundabyggð.

Leggja skal áherslu á bætt aðgengi og öryggi á vinsælum ferðamannastöðum. Á Hvítanesi og við Litlabæ er unnið að úrbótum með áherslu á samlyndi náttúru og öryggi ferðamanna. Ferðaþjónustan vex hratt og því þarf að vakta áhrif hennar á náttúru og samfélag og bregðast við þegar þörf krefur.

Heimagisting, skv. skilgreiningu í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (flokkur I), er heimil á íbúðarsvæðum. Annars konar gisting skv. sömu lögum (flokkar II, III og IV) er ekki heimil á íbúðarsvæðum. Gisting er heimil á verslunar- og þjónustusvæðum og miðsvæðum í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð. Útleiga húsnæðis til gistipjónustu er leyfisskyld starfsemi sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 m.s.br.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Á hverfisvernduðum svæðum gilda sérstök ákvæði til verndar náttúru og menningarminjum.

Stefna um landnotkun – Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru **Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)**, svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Tafla 11.12 Almenn skipulagsákvæði fyrir landnotkun tengdri ferðþjónustu í Súðavíkurbhreppi.

Landnotkun	Skipulagsákvæði
Afþreyingar- og ferðþjónustusvæði	Afþreying og móttaka ferðafólks, svo sem tjaldsvæði og þjónustumiðstöðvar. Sjá nánar í töflu 11.11.
Landbúnaðarsvæði	Gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta núverandi mannvirki og byggingar á landbúnaðarsvæðum til minni háttar ferðþjónustu. Heimild er fyrir tjaldsvæðum, heimasölu og heimavinnslu. Við gerð tjaldsvæða skal lágmarka rask og huga að ásýnd. Sjá nánar í kafla 11.3. Landbúnaður.
Verslunar- og þjónustusvæði	Svigrúm fyrir ferðþjónustu í samræmi við töflu 11.12, m.a. gístaðstöðu og veitingar.
Miðsvæði	Svigrúm fyrir ferðþjónustu í samræmi við kafla 10.3.
Opin svæði	Útivist, áningarstaðir og önnur þjónusta þessu tengdu. Heimilt að hafa tjaldsvæði. Lágmarka skal rask og huga að ásýnd. Sjá nánar í kafla 13.
Óbyggð svæði	Ekki er gert ráð fyrir byggingu mannvirkja vegna ferðþjónustu á óbyggðum svæðum. Sjá nánar í kafla 7.

Tafla 11.13 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Auðkenni	Skipulagsákvæði
AF2 0,6 ha Tjaldsvæði í Súðavík Afþreyingar og ferðaþjónustusvæði	Gert er ráð fyrir almennri þjónustu fyrir tjaldsvæðagesti, svo sem þjónustuhúsi og salernum. Auka má þjónustu en huga skal að nálægð við frístundahúsabyggð. Svæðið er á ofanflóðhættusvæði og nýting og uppbygging skal taka mið af því.
AF3 0,1 ha Gamli Póstur og sími	Húsið hýsti áður Póst og síma. Afþreying og móttaka ferðafólks, svo sem fyrir sýningar og safnastarfsemi. Húsið er á ofanflóðahættusvæði C. Nýting skal vera í samræmi við gildandi reglur um takmarkanir á viðveru á svæðinu.
AF4 1,4 ha Raggagarður og útivistarsvæði.	Áfram verði byggt upp leiksvæði og útivistarsvæði fyrir gesti. Upplýsingaskilti og almenn aðstaða, svo sem grillaðstaða. Tryggja skal gott aðgengi að svæðinu. Uppbygging skal taka mið af ásýnd og umhverfi.
AF7 0,6 ha Afþreyingar og ferðaþjónustusvæði neðan og innan við Álftaver	Aðkoma að útivistarsvæði á Langeyri. Gert er ráð fyrir allt að tveimur þjónustuhúsum fyrir móttöku, afþreyingu og upplýsingamiðlun fyrir ferðafólk ásamt bílastæðum. Taka skal mið af ásýnd svæðisins við uppbyggingu og tryggja að gæði útivistarsvæðis á Langeyri skerðist ekki. Svæðið er utan ofanflóðahættusvæðis og er því mikilvæg viðbót við ferðaþjónustusvæðin í gömlu byggðinni sem eru innan hættusvæðis.
AF9 1 ha Litlibær Veitingar og móttaka ferðamanna.	Móttaka ferðamanna og þjónusta við þá. Öll uppbygging skal taka mið af hverfisverndarákvæðum, sem tilgreind eru hér að neðan. Tryggja skal góða og örugga aðkomu gesta með viðeigandi bílastæðum. Á svæðinu gilda einnig hverfisverndarákvæði, sem sjá má í töflu 9.2.

11.5 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi svæði. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð verslunar- og þjónustusvæða, tengslum svæðanna við aðra landnotkun, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra verslunar- og þjónustusvæða.

Eins og kemur fram í umfjöllun um atvinnuþróun, hefur ferðaþjónusta vaxið verulega á Vestfjörðum og gistinóttum fjölgað talsvert en vöxturinn er þó minni en landsmeðaltalið og enn sem komið er, er lítið um veitinga- og gistiþjónustu á Vestfjörðum.

Verslun og þjónusta innan sveitarfélagsins er að miklu leyti bundin við þéttbýlið í Súðavík. Þar er á miðsvæði M1 lítil verslun, bensínstöð, ferðaþjónusta og veitingarekstur, sjá kafla 10.3 Miðsvæði. Súðvíkingar sækja hins vegar ýmsa þjónustu til Ísafjarðar þar sem aðgengi er að lágvöruverslunum, öðrum verslunum og annars konar þjónustu. Ofanflóðahætta hamlar hins vegar samgöngum og dregur þannig úr þjónustustigi við íbúa hreppsins. Í ljósi þess eru fyrirhuguð jarðgöng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar mikilvæg fyrir sveitarfélagið, til þess að stuðla að samkeppnishæfni þess á landsvísu eins og Landskipulagsstefna kveður á um. Sjá nánari umfjöllun um jarðgöng í kafla 15 Samgöngur. Í nýju byggðinni er eitt verslunar og þjónustusvæði við Eyrardal. Þar hefur Melrakkasetrið, sem er fræðasetur með veitingaaðstöðu, starfsemi sína. Svæðið er innan hættumatssvæðis A.

Öll gamla byggðin ofan Aðalgötu í Súðavík er á hættumatssvæði C. Mannvirki er eingöngu hægt að nýta yfir sumarmánuðina og henta þau því vel sem frístundahús og fyrir verslun og þjónustu tengda ferðamönnum og frístundahúsaegendum.

Í dreifbýlinu eru skilgreind afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem rekin er verslun og önnur þjónusta fyrir ferðamenn. Nánar er fjallað um þau í kafla 11.4 Ferðaþjónusta.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Markmið

- ✓ Að stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi sem hæfir stærð hreppsins og eykur lífsgæði fólks.
- ✓ Að efla miðsvæði Súðavíkur í nýju byggðinni.
- ✓ Að efla gömlu byggðina í Súðavík sem ferðaþjónustusvæði.

Útfærsla

Þróa skal verslun og þjónustu þannig að áhætta vegna ofanflóða verði lágmörkuð, í samræmi við markmið aðalskipulagsins, í kafla 4 Náttúruvá.

Í nýju byggðinni er allri verslun og þjónusta beint inn á miðsvæði M1 til að efla gæði miðsvæðisins. Þar er lögð áhersla á að eingöngu verði sú starfsemi sem hentar miðbæjarsvæði, s.s. verslun, þjónusta og íbúðarbyggð. Í Eyrardal er einnig verslunar- og þjónustusvæði Vþ1 við Eyrardal.

Í gömlu byggðinni í Súðavík er gert ráð fyrir sjö verslunar- og þjónustusvæðum. Öll svæðin eru innan hættumatssvæðis C sem takmarkar notkun þeirra við sumartímann, sbr. kafla 4.2 Ofanflóð. Svæðin eru fyrst og fremst ætluð fyrir ferðaþjónustu yfir sumartímann, m.a. veitingarekstur, gistiheimili, verslanir og þjónustu við sjóstangveiði. Frístundabyggð er heimil innan þessara svæða en nýtingin er bundin við sumartímann.

Stefna um landnotkun – Verslun og þjónusta

Verslun og þjónusta (VP) er svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Tafla 11.14 Verslun og þjónusta (VP).

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
<p>VP1 0,9 ha Eyrardalsbærinn og nærliggjandi svæði.</p>	<p>Í gamla Eyrardalsbænum er fræðasetur og safn (Melrakkasetur) sem er fjölsótt af ferðamönnum. Eyrardalur fellur einnig undir húsafriðun Minjastofnunar sökum aldurs.</p> <p>Neðan við Melrakkasetrið er íbúðarhús.</p> <p>Eyrardalur 3 er óbyggð lóð.</p> <p>Stærstur hluti svæðisins er á hættumatssvæði A.</p>	<p>Svigrúm fyrir starfsemi sem tengist ferðapjónustu.</p> <p>Gert er ráð fyrir móttöku ferðamanna og þjónustu í Melrakkasetrinu. Uppbygging skal hæfa starfseminni og umhverfinu. Gæta skal að ásýnd Melrakkasetursins, gamla Eyrardalsbæjarins.</p> <p>Á lóðinni Eyrardalur 3 er gert ráð fyrir allt að 280 m² byggingu. Þar verður lítil verslun, kaffihús og minni háttar framleiðsla því tengdu.</p> <p>Næst þjóðveginum er íbúðarhús en neðan þess er gert ráð fyrir allt að þremur smáhúsum til útleigu (allt að 35 fermetrum hvert). Göngustígur verður að húsunum frá bílastæðum við Eyrardalsveginn.</p> <p>Huga ber sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð við skipulag og framkvæmdir.</p> <p>Uppbygging svæðisins alls hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar.</p> <p>Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár.</p>
<p>VP2 1,1 ha Aðalgata ofan Suðurgarðs í gömlu byggðinni.</p>	<p>Á svæðinu eru 5 fyrrum íbúðarhús og eitt hús sem gegndi hlutverki kaupfélags í sögu Súðavíkur.</p> <p>Innan hverfisverndarsvæðis HV1.</p> <p>Svæðið er innan hættumatssvæðis C.</p>	<p>Svigrúm fyrir verslun og þjónustu fyrir ferðamenn en auk þess er heimilt að nýta fyrrum íbúðarhús sem frístundahús.</p> <p>Nýbyggingar ekki heimilar.</p> <p>Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki gert ráð fyrir íbúðum eða þjónustu með samfelldri viðveru starfsfólks eða miklum mannsafnaði í byggingum á svæðinu að vetrarlagi.</p> <p>Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar.</p> <p>Áhersla er lögð á aðlaðandi umhverfi og huga ber að göngutengingum við miðbæ og útivistarsvæði.</p> <p>Heimild er fyrir fjölnytjaskógrækt og útivistartengda uppbyggingu á svæðinu.</p>

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Vp3 0,24 ha Á milli hafnarsvæðis (H2) og Aðalgötu í gömlu byggðinni.	Á svæðinu er verslun og veitingarekstur. Svæðið er á hættumatssvæði C.	Svigrúm fyrir verslun og þjónustu fyrir ferðamenn en í samræmi við gildandi ofanflóðahættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki er gert ráð fyrir rekstri sem felur í sér gistingu eða veitingasölu yfir vetrartímamann vegna ofanflóðahættu. Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Nýbyggingar ekki heimilar. Áhersla er lögð á aðlaðandi umhverfi og huga ber að göngutengingum við miðbæ og útivistarsvæði.
Vp4 1,4 ha Nesvegur að Aðalgötu í gömlu byggðinni.	Á svæðinu eru 12 fyrrum einbýlishús og ein íbúðarblokk sem er nýtt sem þjónustuhús fyrir frístundabyggð og sjóstangveiði. Svæðið er á hættumatssvæði C.	Svigrúm fyrir verslun og þjónustu fyrir ferðamenn en auk þess er heimilt að nýta fyrrum íbúðarhús sem frístundahús. Nýbyggingar ekki heimilar. Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki gert ráð fyrir íbúðum eða þjónustu með samfelldri viðveru starfsfólks eða miklum mannsafnaði í byggingum á svæðinu að vetrarlagi. Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Áhersla er lögð á aðlaðandi umhverfi og huga ber að göngutengingum við miðbæ og útivistarsvæði. Heimild er fyrir fjölnytjaskógrækt og útivistartengda uppbyggingu á svæðinu.
Vp5 9,2 ha Skálavík í Mjóafirði (nyrðra svæði)	Kjarni með litlum gistihúsum og þjónustuhúsi.	Allt að 20 lítil gistihús ásamt svæði með heitum pottum og þjónustuhúsi með veitingum, bað- og snyrtiaðstöðu. Núverandi bygging neðan vegar verður nýtt fyrir menningartengda starfsemi. Gistihúsin verða á einni hæð en þjónustuhús má vera á tveimur hæðum. Taka þarf mið af ásýnd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.
Vp6 44,8 ha Skálavík í Mjóafirði (syðra svæði)	Kjarni með litlum gistihúsum, þjónustuhúsi og tjaldsvæði.	Allt að 20 lítil gistihús, tjaldsvæði og þjónustuhús. Í þjónustuhúsinu verður bað- og snyrtiaðstaða fyrir tjaldgesti en einnig veitingasalur. Gistihúsin verða á einni hæð en þjónustuhús má vera á tveimur hæðum. Taka þarf mið af ásýnd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.
Vp7 43,7 ha Reykjanes	Gamli héraðsskólinn. Hótelrekstur lengst af frá lokun skólans árið 1991. Eitt frístundahús er í Hveravík.	Ferðaþjónustukjarni með svigrúm fyrir frekari uppbyggingu, svo sem fjölgun gistirýma og aukna þjónustu, t.d. veingar, verslun, stækkun tjaldsvæðis og byggingu þjónustumiðstöðvar. Taka þarf mið af ásýnd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu. Öll uppbygging skal taka mið af hverfisverndarákvæðum, sem tilgreind eru hér að neðan. Gera þarf deiliskipulag af svæðinu eftir gildistöku endurskoðaða aðalskipulagsins.

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		Á þessu svæði gildir einnig hverfisverndarákvæði og má sjá þau í töflu 9.2.
Vp8 9,3 ha Heydalur	Gisting, veitingar, tjaldsvæði og skipulagðar ferðir.	<p>Ferðaðþjónustukjarni með svigrúm fyrir frekari uppbyggingu, svo sem fjölgun gistirýma, stækkun tjaldsvæðis og aukna þjónustu. M.a. er gert er ráð fyrir sex útleiguhúsum (allt að 60 m² hvert), tveimur steinsteyptum norðurljósahúsum (allt að 150 m² hvort) og annarri viðeigandi starfsemi sem nánar er gert grein fyrir í deiliskipulagi. Frístundahúsin verða í þyrpingu á sameiginlegri lóð. Tvö þeirra hafa þegar verið byggð við gildistöku aðalskipulagsins.</p> <p>Einnig er gert ráð fyrir nýju íbúðarhúsi, allt að 170 m² í húsabyrpingunni en það er ekki tilgreint í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið.</p> <p>Taka þarf mið af ásýnd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.</p> <p>Sérstaklega skal gæta að fornminjum sem þarna eru.</p>
Vp9 10 ha Ögur	Gisting, veitingar og skipulagðar ferðir.	<p>Ferðaðþjónustukjarni með svigrúm fyrir frekari uppbyggingu, svo sem fjölgun gistirýma og aukna þjónustu. Gert er ráð fyrir allt að tuttugu gistihúsum, allt að 40 m² innan skilgreinds verslunar- og þjónustusvæðis.</p> <p>Taka þarf mið af ásýnd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.</p>
Vp10 1 ha Vigur	Gisting, veitingar og móttaka ferðamanna.	<p>Ferðaðþjónustukjarni með svigrúm fyrir frekari uppbyggingu, svo sem gistirýmum, tjaldsvæði og aukinni þjónustu. Gert er ráð fyrir allt að þremur gistihúsum, allt að 60 m² innan skilgreinds verslunar- og þjónustusvæðis.</p> <p>Taka þarf mið af ásýnd, sögu, staðaranda og náttúru við uppbyggingu.</p> <p>Útlit húsa skal samræmast þeim húsum sem fyrir eru á svæðinu.</p>

ADALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
<p>Vp11 2 ha Folafótur – Geopark</p>	<p>Menningar- og vísindasetur.</p>	<p>Rannsóknarsetur með þjónustu og aðstöðu fyrir fræðimenn og ferðamenn. Heimilt að byggja allt að 200 m² þjónustuhús með svefnaðstöðu og allt að 40 m² geymsluskúr í nágrenni við Fótatraðir. Uppbygging með sjálfbærni að leiðarljósi.</p> <p>Gæta skal að ásýnd; arkitektúr og efnisval skal taka mið af byggingarhefðum á svæðinu og umhverfinu. Gert er ráð fyrir gönguslóða og reiðleið frá Hesti í Seyðisfirði að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en þar er gömul þjóðleið. Jafnframt er svigrúm fyrir gerð bryggju við framkvæmdasvæðið í Seyðisfirði.</p> <p>Hluti jarðarinnar er hverfisverndaður og því þarf uppbygging innan þess svæðis að taka mið af ákvæðum verndarinnar.</p> <p>Gert ráð fyrir vatnsbóli við Álfalág og lítilli vindmyllu fyrir raforku í setrinu. Jafnframt er svigrúm til nýtingar jarðvarma.</p>
<p>Vp12 1 ha Túngata í gömlu byggðinni.</p>	<p>Á svæðinu eru 11 fyrrum einbýlishús. Húsið er á hættumatssvæði C.</p>	<p>Svigrúm fyrir verslun og þjónustu fyrir ferðamenn en auk þess er heimilt að nýta fyrrum íbúðarhús sem frístundahús.</p> <p>Nýbyggingar ekki heimilar.</p> <p>Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki gert ráð fyrir íbúðum eða þjónustu með samfelldri viðveru starfsfólks eða miklum mannsafnaði í byggingum á svæðinu að vetrarlagi.</p> <p>Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Áhersla er lögð á aðlaðandi umhverfi og huga ber að göngutengingum við miðbæ og útivistarsvæði. Heimild er fyrir fjölnytjaskógrækt og útivistartengda uppbyggingu á svæðinu.</p>
<p>Vp13 0,23 ha Aðalgata ofan Njarðarbrautar í gömlu byggðinni.</p>	<p>Á svæðinu eru 4 fyrrum íbúðarhús. Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis HV1. Svæðið er innan hættumatssvæðis C.</p>	<p>Svigrúm fyrir verslun og þjónustu fyrir ferðamenn en auk þess er heimilt að nýta fyrrum íbúðarhús sem frístundahús.</p> <p>Nýbyggingar ekki heimilar.</p> <p>Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki gert ráð fyrir íbúðum eða þjónustu með samfelldri viðveru starfsfólks eða miklum mannsafnaði í byggingum á svæðinu að vetrarlagi.</p> <p>Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Áhersla er lögð á aðlaðandi umhverfi og huga ber að göngutengingum við miðbæ og útivistarsvæði.</p>

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VP14 0,57 ha Aðalgata við Réttarholt í gömlu byggðinni.	Á svæðinu eru 4 fyrrum einbýlishús. Svæðið er á hættumatssvæði C.	Svigrúm fyrir verslun og þjónustu fyrir ferðamenn en auk þess er heimilt að nýta fyrrum íbúðarhús sem fristundahús. Nýbyggingar ekki heimilar. Nýting skal vera í samræmi við hættumat og markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár. Ekki gert ráð fyrir íbúðum eða þjónustu með samfelldri viðveru starfsfólks eða miklum mannsafnaði í byggingum á svæðinu að vetrarlagi. Uppbygging svæðisins hafi tengsl við sögu þéttbýlisins og byggingar falli að yfirbragði byggðarinnar. Áhersla er lögð á aðlaðandi umhverfi og huga ber að göngutengingum við miðbæ og útivistarsvæði. Heimild er fyrir fjölnytjaskógrækt og útivistartengda uppbyggingu á svæðinu.

11.6 HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja í undantekningartilvikum, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir hafnarstjórn en Samgöngustofa fer með stjórnslu hafna, siglinga og sjóvarnarmála og verkefni er snúa að hafnargerð eru í höndum Vegagerðarinnar. Fjallað er um hafnarsvæði í Hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð nr. 788/2005 fyrir Súðavík. Skv. lögum má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki hafnarstjórnar.

Innsiglingin inn Álftafjörð er djúp og auðveld og eru hafnarskilyrði góð við Langeyri. Þar er höfn frá náttúrunnar hendi. Í Súðavík voru hins vegar lengi vel eingöngu skilyrði fyrir árabáta en núverandi hafnargarður var reistur um 1970. Skiptar skoðanir voru um það hvort byggð ætti að þróast í Súðavík eða við Langeyri þar sem aðstæður eru mun betri til hafnargerðar. Höfnin og athafnasvæði hennar hafa því tekið umtalsverðum breytingum í árunna rás. Starfsemi hefur einnig breyst mikið, en umsvif sjávarútvegs hafa dregist

verulega saman síðustu ár. Útflutningur sem var einn af hornsteinum hafnarinnar hefur að mestu lagst af en hann er mikilvægur fyrir rekstrarumhverfi framleiðslufyrirtækja. Umtalsverðar breytingar hafa einnig átt sér stað í aflabrögðum sem hefur áhrif á rekstur hafnarinnar. Um höfnina fara einungis takmarkaðir vöruflutningar, útgerðarvörur og hluti nauðsynja til byggðarlagsins en sjávarafurðir til útflutnings fara um höfnina á Ísafirði.

Í Súðavíkurreppi er enginn viti en þeir vitar sem þjóna öryggishlutverki fyrir sjófarendur í Ísafjarðardjúpi eru staðsettir í nærliggjandi sveitarfélögum; Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Strandabyggð.

Höfnin í Súðavík hefur ýmsa möguleika í tengslum við ferðaþjónustu. Þar eru stundaðar fristundaveiðar og er sú starfsemi í anda þeirrar áherslu sem lögð er á ferðaþjónustu í aðalskipulaginu. Höfnin gegnir líka mikilvægu öryggishlutverki á meðan samgöngur um Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð, þ.e. á milli Súðavíkur og Ísafjarðar, eru jafn óáreiðanlegar og þær eru nú við gildistöku aðalskipulagsins. Súðavíkurhlíð lokast að jafnaði nokkrum sinnum á hverjum vetri vegna snjóflóða.

Víða í Ísafjarðardjúpi eru jafnframt litlar bryggjur. Þar má nefna Ögur, Reykjanes, Vatnsfjörð, Hvítanes, Eyri í Mjóafirði og Vigur. Þessar bryggjur eru

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

allnokkuð notaðar í ferðaþjónustu en gegna einnig veigamiklu hlutverki í öryggiskeðju sveitarfélagsins hvað varðar vegfarendur um Djúp, íbúa við Djúp og sjómenn. Í Vigur hamlar hins vegar hafnaraðstaða ferðaþjónustu, en þar koma um 10.000 ferðamenn í land á ári hverju.

Hafnarsvæðið í Súðavík hefur takmarkaða þróunarmöguleika vegna staðsetningar þess innan marka ofanflóðahættusvæðis. Í Frosta, gamla frystihúsinu, hefur um árabil farið fram niðursuða á þorsklifur á vegum Hraðfrystihússins Gunnvarar (HG) og einnig hefur Vestfiskur haft aðstöðu þar til söltunar, þurrkunar og herslu fiskafurða. Horft er til Langeyrar með frekari möguleika til þróunar hafnsækinnar starfsemi, þar sem hafnarskilyrði eru talin góð og svæðið utan hættu vegna ofanflóða.

Íslenska kalkþörungafélagið fékk leyfi til tilraunartöku á kalkþörungaseti af hafsbotni í Ísafjarðardjúpi, nánar tiltekið við Æðey og Kaldalón, árið 2015. Eigendur Íslenska kalkþörungafélagsins hafa lagt fram viljayfirlýsingu, í samvinnu við Súðavíkurbreytt, þar sem aðilar lýsa yfir áhuga á að reisa kalkþörungaverksmiðju í Súðavík. Starfsemin felst í að dæluskip dælir kalkþörungaseti á land þar sem það er unnið nánar og svo flutt út með skipum. Vinnslan krefst 80 m viðlegukants og landrýmis fyrir verksmiðju. Vegagerðin hefur skoðað fjóra mismunandi valkosti vegna landfyllingar og hafnar innan við Langeyri (Vegagerðin. 2018a; Vegagerðin. 2018b).

Viðlegubryggjur fyrir 1.350 tonna skip og stærri eru matsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. (A flokkur). Samkvæmt lögnum eru landfyllingar sem eru allt að 5 ha tilkynningarskyldar til viðkomandi sveitarstjórnar, sem tekur ákvörðun um hvort þær skuli háðar umhverfismati (C flokkur).

Landfylling og verksmiðja af þessari stærð hafa einnig áhrif á umhverfi og samfélag. Nánar er fjallað um kalkþörungaverksmiðju og landfyllingar vegna hennar í kafla 11.7.2. og í umhverfismati aðalskipulagsins í viðauka 4.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

HAFNARSVÆÐI

Markmið

- ✓ Að aðstaða og þjónusta á hafnarsvæðum miðist við þarfir og áherslur sem settar eru fram í aðalskipulaginu um atvinnumál. Má sérstaklega nefna smábátaútgerð, fiskeldi og annan sjávarútveg, skemmti- og frístundabáta og ferðapjónustu.
- ✓ Að haldið verði opnum fleiri þróunarmöguleikum fyrir hafnsækna starfsemi.
- ✓ Að ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.
- ✓ Gerð verði ný höfn sem m.a. þjóni kalkþörungaverksmiðju á Langeyri.
- ✓ Að bæta hafnaraðstöðu í Vigur, þannig að hún nýtist í ferðapjónustu.

Útfærsla

Með samdrætti í sjávarútvegi og aukningu í ferðapjónustu hefur hlutverk hafnarinnar breyst. Mæta þarf breyttum þörfum og huga að nýjum möguleikum en jafnframt gera ráð fyrir að hefðbundnar greinar geti dafnað á svæðinu. Við uppbyggingu og hönnun hafnarsvæða þarf að gera ráð fyrir fjölbreyttri notkun og þróun ólíkra atvinnutækifæra, án hagsmunaárekstra. Mikilvægt er að haga landnotkun þannig að atvinnugreinar styrki hverja aðra og ekki verði þrengt að hafnarsvæðunum svo að það hefti uppbyggingu og þróun þeirra.

Gert er ráð fyrir tveimur hafnarsvæðum í Súðavík. Hafnarsvæðið í gömlu byggðinni mun áfram þjóna sjávarútvegi en einnig ferðapjónustu, enda er það í góðum tengslum við ferðapjónustusvæði í gömlu byggðinni. Hafnarsvæðið á Langeyri mun fyrst og fremst þjóna iðnaðarstarfsemi, þar á meðal kalkþörungaverksmiðju, en getur einnig nýst fyrir fiskeldi og annan

sjávarútveg. Með þessu móti geta bæði hafnarsvæðin dafnað í góðum tengslum við aðra starfsemi. Sérstaklega er fjallað um fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju í næsta kafla.

Áfram er gert ráð fyrir bryggjum í Ísafjarðardjúpi. Mikilvægt er að þeim sé viðhaldið þannig að þær nýtist í ferðapjónustu og geti áfram gegnt þýðingarmiklu hlutverki í öryggiskeðju sveitarfélagsins þar sem vegasamband er oft á tíðum rofið vegna færðar.

Um umgengni við og á hafnarsvæðum gilda lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Öll losun úrgangs og mengandi og skaðlegra efna á hafnarsvæðum er bönnuð. Fjallað er um sjóvarnir í kafla 4 Náttúruvá.

Ásýnd hafnarsvæða getur haft talsverð áhrif á afkomu þeirra atvinnugreina sem þar eru stundaðar, m.a. sjávarútveg og ferðapjónustu. Aukin umhverfisvitund neytenda og ferðamanna kallar á aukin gæði. Almennt skal miða við það að umgengni og ásýnd hafnarsvæða verði til fyrirmyndar. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif hafnarsvæða á umhverfi, stuðla að vistvænni starfsemi og að hafnarsvæðin uppfylli ströngustu kröfur um umgengni og frágang. Starfsemi eins og sjávarútvegur, matvælaíðnaður og ferðapjónusta geta þannig nýtt hreinleika og jákvæða ímynd svæðisins, sér til framdráttar.

Lýsingu á hafnarsvæðum þarf að nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem nýta svæðið er sett í forgrunn. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Sjá nánar kafla 6.3 Ljósvisit.

Innan við Langeyri er gert ráð fyrir *hafnarsvæði* (H4) og allt að 80 m bryggjukanti á allt að 230.000 m³ og 38.000 m² (3,8 ha) landfyllingu. Gert er ráð fyrir að skip stærri en 1.350 tonn geti lagst að bryggjunni. Hafnarsvæðið

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

tengist iðnaðarsvæði þar sem fyrirhuguð er kalkþörungaverksmiðja sem hefur heimild til að vinna allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti. Aðkoma að höfninni verður frá Langeyri. Landfyllingin og höfnin eru í samræmi við valkost 3 í minnisblaði Vegagerðarinnar um kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir landfyllingu og stálþilskant vegna kalkþörungaverksmiðju á Langeyri (Vegagerðin. 2018a).

Efni til landfyllingar í grjótvörn verður sótt í Súðavíkurlíð en þar hyggst Vegagerðin breikka vegrás þjóðvegur 61 til að auka öryggi vegfarenda (efnistökusvæði E12). Nánar er fjallað um þetta í kafla 11.8 Efnistaka.

Í umhverfismati aðalskipulagsins eru metnir þrír valkostir fyrir mögulega kalkþörungaverksmiðju og landfyllingu (viðauki 4). Nánar er fjallað um kalkþörungaverksmiðjuna og landfyllinguna í kafla 11.7.2.

Stefna um landnotkun – Hafnir

Hafnir (H) er, samkvæmt skipulagsreglugerð, svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Tafla 11.15 Hafnir (H)

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
H1 Norðurgarður 0,5 ha	Sá hluti hafnarinnar sem er nyrstur, við enda Njarðarbrautar. Þar er hafnaraðstaða fyrir stærri skip. Innan A og B svæðis skv. ofanflóðahættumati.	Svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við hafnaraðstöðu. Huga ber að nálægð við frístundabyggð og ferðaþjónustusvæði. Nýting skal vera í samræmi við ofanflóðahættumat.

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
H2 Miðgarður við Njarðarbraut 0,9 ha	Svæði hafnarinnar sem nær frá Norðurgarði, við Njarðarbraut, að Aðalgötu 14. Á svæðinu eru tvær byggingar sem eru fyrrverandi frystihús. Fyrir neðan frystihúsið er trébryggja, flotbryggja og rampur fyrir smærri báta. Innan skilgreinds ofanflóðahættusvæðis. Byggingarnar eru á hættusvæði B og C.	Gert er ráð fyrir starfsemi tengdri útgerð og ferðaþjónustu á sjó. Einnig er svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi sem sækir styrk sinn í hafnaraðstöðu. Huga ber að nálægð við frístundabyggð og ferðaþjónustusvæði. Nýting skal vera í samræmi við ofanflóðahættumat. Ekki skal auka við starfsmannafjölda í byggingunum.
H3 Suðurgarður við Suðurkant 0,6 ha	Nær frá Aðalgötu við Tröð fram rampinn og út á suðurkantinn. Þar er smábátahöfn með tveimur trébryggjum ásamt flotbryggju. Innan A, B og C svæðis skv. ofanflóðahættumati.	Gert er ráð fyrir að smábátahöfn verði áfram á suðurgarðinum og komi til með að nýtast uppbyggingu frístundabyggðar í gömlu Súðavík. Nýting skal vera í samræmi við ofanflóðahættumat.
H4 Langeyri 0,6 ha	Svæðið er við innanverða Langeyrina við hlið athafnasvæðis.	Hafnarsvæði til að þjónusta kalkþörungaverksmiðju og mögulega aðra hafnsækna starfsemi. Gert er ráð fyrir allt að 80 m löngum bryggjukanti. Svæðið er hluti af allt að 230.000 m ³ og 38.000 m ² (3,8 ha) landfyllingu. Gert er ráð fyrir að skip stærri en 1.350 tonn geti lagst að bryggjunni. Aðkoma verður um Langeyri. Svæðið nær að lóðamörkun fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju sem staðsett verður á iðnaðarsvæði. Greið leið skal vera á milli hafnarsvæðisins og iðnaðarsvæðisins þar sem kalkþörungasetið verður unnið. Mótvægisáðgerðir til að vernda hvalbein og aðra gripi skulu útfærðar í samvinnu við Minjastofnun Íslands og í samræmi við tillögur sem settar eru fram í fornleifakönnun fyrir svæðið. Sérstakt tillit skal tekið til fyrirkomulags raflýsingar og komið í veg fyrir ljósmengun og skerðingu myrkurgæða. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Sjá nánar kafla 6.3. Ljósvisit.

ADALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
H5 Vigur 0,3 ha	Svæðið er við suðurenda eyjunnar Vigur. Þar er lítil timurbryggja. Vigur er áfangastaður fyrir ferðaþjónustu og hluti af siglingaleið milli Ísafjarðar og Æðeyjar.	Gert er ráð fyrir stækkun hafnaraðstöðu og svigrúmi fyrir endurbætur og uppbyggingu á bryggjunni vegna ferðaþjónustu. Huga ber sérstaklega að sérstöðu svæðisins og tengingum við sögulega byggð.
H6 Hvítanes	Sunnan áningarstaðar og hverfisverndarsvæðis.	Svigrúm til viðhalds og endurbóta.
H7 Ögur	Norðan svæðis VP9.	
H8 Eyri í Mjóafirði	Neðan heimatúns.	
H9 Vatnsfjörður	Austan hverfisverndarsvæðis HV8.	
H10 Reykjanes	Á norðvesturhluta Reykjanes. Innan hverfisverndarsvæðis HV7. Svæðið er á náttúruminjaskrá.	Gert er ráð fyrir stækkun hafnaraðstöðu og svigrúmi fyrir endurbætur og uppbyggingu á bryggjunni vegna ferðaþjónustu. Huga ber sérstaklega að sérstöðu svæðisins. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar.

Stefna um landnotkun – Sérstök not haf og vatnasvæða

Sérstök not haf og vatnasvæða (SN) eru svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.

Tafla 11.16 Sérstök not haf- og vatnasvæða (SN)

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
SN1 Súðavíkur 600 ha	Takmörk hafnarinnar er bein lína, sem er dregin úr Þormóðarnesi yfir Álftafjörð í Rauðanef á Kambsnesi, bein lína úr Þórðarsteinum yfir Álftafjörð í Hamar á Sjötúnahlíð og ströndin innan þeirrar línu.	Um svæðið gildir Hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 788/2005.

11.7 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Starfsemi tengd búrekstri, s.s. vörugeymslur og verkstæði, getur rúmast innan athafnasvæða og landbúnaðarsvæða. Þar sem þetta á við í dreifbýli er gert ráð fyrir því að starfsemin verði innan landbúnaðarsvæða.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli, sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha, eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Margvíslegar framkvæmdir innan iðnaðar- og athafnasvæðis eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar og er vísað til laga nr. 106 / 2000 um mat á umhverfisáhrifum.

11.7.1 Ýmis starfsemi á athafna- og iðnaðarsvæðum

Við Njarðarbraut í Súðavík er afgirt svæði með gámum og er það aðal móttöku- og flokkunarstöð hreppsins fyrir úrgang. Ekkert sorpförgunarsvæði og engir urðunarstaðir eru í hreppnum (sjá nánar í kafla 11.7.3 þar sem fjallað er um úrgang). Við Njarðarbraut, neðan Aðalgötu er bifreiðaverkstæði, geymslur fyrir atvinnustarfsemi og einnig er útgerð með aðstöðu þar. Móttökusvæðið og fyrrnefnd bygging við Njarðarbraut er á C hættusvæði vegna ofanflóða. Þar gilda því kvaðir um starfsemi og uppbyggingu eins og fjallað er um í kafla 4 Náttúruvá og í stefnu hér á eftir. Gámar fyrir úrgang eru einnig í dreifbýli. Þeir eru ekki á iðnaðarsvæði en eru tilgreindir í kafla 11.7 Úrgangur.

Við Bólholt er varaafsstöð Orkubús Vestfjarða og þaðan liggja þrjár raflínur í þéttbýlið (nánar í kafla 14.1 Veitur). Stöðin er á ofanflóðahættusvæði B.

Í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018 er innri hluta Langeyrar, innan tjarnar, skilgreindur sem iðnaðar- og athafnasvæði. Þar er í gildi deiliskipulag sem samþykkt var árið 2003 og breytt árið 2014. Á eyrinni, innan

Langeyrarvegur, eru tvær byggingar frá árinu 2005. Þær hýsa m.a. áhaldahús hreppsins og slökkvistöðina. Einnig er líkamsræktaraðstaða og aðstaða fyrir útgerð ásamt geymslum. Ferðapjónustan Sea Angling er með aðstöðu í stærstum hlutanum af neðra húsinu en þar eru bátar fyrirtækisins m.a. geymdir. Ofar á eyrinni er bygging frá árinu 2007. Þar er verktakafyrirtæki með aðstöðu og trésmíðaverkstæði en einnig er íbúð í endanum. Þar fyrir ofan er geymslusvæði, m.a. fyrir vinnuvélar. Hraðfrystihúsið Gunnvör á stóra byggingu sunnan Langeyrarvegur en engin starfsemi er í henni. Elsti hluti byggingarinnar er frá árinu 1935. Fyrirtækið á einnig þrjár byggingar utar á eyrinni, sunnan Langeyrarvegur. Þar er m.a. verbúð en einnig geymsla vegna starfsemi Hraðfrystihússins. Búið er í ysta húsinu á eyrinni (Oddi). Norðan Langeyrarvegur eru fiskhjallar en á efri hæð annars hjallans hefur verið útbúin íbúð, sem ekki er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Í Reykjanesi hefur verið starfrækt saltvinnsla frá árinu 2011. Við vinnsluna er jarðhiti nýttur. Saltið hefur m.a. verið selt fullunnið úr landi. Í Reykjanesi var einnig starfrækt saltvinnsla á árunum 1773 til 1786. Sjó var þá dælt úr Pumphúsvík að hverasvæðinu við skólahúsið. Í skýrslu um fornleifakönnun á svæðinu er bent á að svæðið sé merkilegt vegna fyrri saltvinnslu. Flestar minjar um saltvinnsluna hafa þó skemmst við byggingaframkvæmdir á síðustu öld.

Á jörðinni Garðsstöðum í Ögurvík hefur ábúandi safnað ónýtum bílum til niðurrifs. Jörðin er skilgreind sem landbúnaðarsvæði og því hafa forsvarsmenn hennar ekki getað sótt um starfsleyfi fyrir starfseminni. Súðavíkurhreppur gerði samning við forsvarsmann jarðarinnar árið 2006 og aftur árið 2010 og þá átti Hringrás ehf. einnig aðild að málinu. Í samningnum frá 2010 er gert ráð fyrir að forsvarsmáður jarðarinnar fjarlægji í áföngum allar bifreiðar og bifreiðaúrgang af jörðinni. Honum var þó heimilt að halda 90 bifreiðum eða farartækjum auk bílahluta sem samsvara 20 körum eftir á jörðinni. Í kjölfarið var gert ráð fyrir aðalskipulagsbreytingum og þá gætu eigendur jarðarinnar sótt um starfsleyfi. Í janúar 2014 voru 455 bílar á jörðinni samkvæmt talningu Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða en ábúandi telur

að í upphafi ársins 2019 séu um 650 bifreiðar á jörðinni. Mælingar hafa verið gerðar á olíumengun í lækjum við Garðsstaði en mengun hefur ekki mælst þar (Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. 2014). Ekki er vitað um ástand jarðvegar m.t.t. mengunar á jörðinni.

11.7.2 Kalkþörungaverksmiðja á landfyllingu

Fram kom í kafla 11.6. að Íslenska kalkþörungafélagið hefur áhuga á að reisa kalkþörungaverksmiðju innan við Langeyri. Fyrir liggur viljayfirlýsing frá félaginu og Súðavíkurreppi og Vegagerðin hefur skoðað fjóra mismunandi valkosti vegna landfyllingar og hafnar innan við Langeyri (Vegagerðin. 2018a; Vegagerðin, 2018b).

Starfsemin felst í að dæluskip kemur með efni að landi og dælir því í hráefnislón sem er afmarkað af grjóttgarði og nær töluverðu dýpi. Efninu er síðan mokað upp með vinnuvél í hörpu sem flokkar efnið. Efnið sem á að vinna er geymt í haugum utanhúss þar til því er mokað með vinnuvél inn til frekari vinnslu, þar sem það er m.a. þurrkað og sekkjað. Efnið er svo flutt í skipum til kaupenda utan Íslands. Hafnaraðstaða innan við Langeyri er góð og stutt er í efnisnámurnar frá Súðavík. Verksmiðjan þarf um 8 MW til starfseminnar en í dag eru eingöngu 3,5-4 MW tiltæk til afhendingar í kerfinu. Núverandi raflína á milli Engidals í Skutulsfirði og Álftafjarðar er óáreiðanleg og ber ekki þá raforku sem verksmiðjan þarfnast.

Íslenska kalkþörungafélagið rekur sambærilega verksmiðju á Bíldudal og því liggur fyrir nokkur reynsla um framkvæmdir og rekstur slíkra verksmiðja. Framkvæmdaaðili kynnti frummatsskýrslu um verkefnið í Ísafjarðardjúpi í ágúst og fram í október 2017 (VSÓ ráðgjöf. 2017). Umsagnir og athugasemdir bárust frá níu aðilum. Matsskýrsla var send Skipulagsstofnun í maí 2018 og er hún nú til meðferðar hjá stofnuninni. Súðavíkurreppur lét ráðgjafafyrirtæki meta hagrænan ávinning vegna verksmiðjunnar (KPMG. 2017). Þar kemur fram að gera megir ráð fyrir því að verksmiðjan muni skapa 30 störf sjö árum eftir að útflutningur hefst og að auki 12 óbein störf.

Sveitarfélög á atvinnusvæðinu munu fá auknar tekjur, m.a. vegna hafnargjalda, fasteignagjalda og annarra gjalda.

Verksmiðjan mun einnig hafa neikvæð áhrif á umhverfi og íbúa sbr. fyrrnefnda matsskýrslu. Búast má við foki á finefnum og hávaðamengun en einnig breytingu á ásýnd svæðisins. Verksmiðja af þessari stærðargráðu mun einnig þrengja að annarri landnotkun og þróunarmöguleikum í þéttbýlinu.

Fyrir liggur fornleifakönnun á vegum framkvæmdaaðila vegna fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju við Langeyri (Ragnar Edvardsson. 2017). Engir minjastaðir á Langeyri eru á friðlýsingaskrá en allar minjar, þekktar og óþekktar, eru verndaðar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Á Langeyri var ein stærsta hvalveiðistöð sem Norðmenn reistu á Vestfjörðum. Í skýrslu Ragnars og í frummatsskýrslu kemur fram að aðeins einn minjastaður á landi hafi fundist og er hann um 130 m norðaustur af framkvæmdasvæðinu (hlaðinn grunnur Rauða hússins). Framkvæmdin mun því ekki hafa áhrif á fornminjar á landi eða skerða fjölbreytileika þeirra. Ragnar bendir þó á að hvalveiðistöðin á Langeyri sé hluti mikilvægrar minjaheildar í samhengi hvalveiðistöðva Norðmanna á Vestfjörðum. Í sjó er líklegt að fornminjar verði eyðilagðar og þá helst hvalbein með mikið fornfræðilegt gildi en einnig aðrir gripir. Til að koma í veg fyrir óþarfa rask á fornminjum bendir Ragnar á að nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða.

Í gildi er deiliskipulag fyrir jörðina Hlíð þar sem gert er ráð fyrir frístundahúsum. Verksmiðjan mun hafa neikvæð áhrif á frístundabyggð þar. Nánar er fjallað um umhverfisáhrif kalkþörungaverksmiðju á Langeyri í viðauka aðalskipulagsins. Íslenska kalkþörungafélagið vinnur nú að hönnun verkssmiðjunnar í samvinnu við Súðavíkurrepp. Samhliða aðalskipulaginu vinnur félagið að deiliskipulagsgerð á svæðinu.

11.7.3 Úrgangur

Skv. lögum nr. 55/2003 bera sveitarfélög ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skulu sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Umhverfiskröfur eru sífelld að aukast en jafnframt er reynt að leita hagkvæmustu leiða.

Skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs er úrgangur flokkaður í heimilisúrgang og rekstrarúrgang. Gerðar eru strangari kröfur en áður um meðhöndlun úrgangs þar sem hann er nú starfsleyfis skyldur atvinnurekstur og stefna íslenskra stjórnvalda er að minnka magn lífræns úrgangs sem berst til urðunarstaða (Tafla 11.17).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024. Áætlunin gildir fyrir allt landið og byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 737/2003, auk fleiri laga og reglugerða sem snerta málefnið.

Markmið íslenskra stjórnvalda í úrgangsmálum eru af tvennum toga; annars vegar markmið sem eru bundin í lögum og hins vegar markmið sem eru hluti af stefnumótun stjórnvalda án þess að vera lögbundin.

Landsáætluninni er ætlað að leiða til ábyrgari meðhöndlunar úrgangs, draga úr hættu á mengun umhverfis og sóun á verðmætum og landrými til urðunar. Henni er jafnframt ætlað að vera sveitarstjórnnum til leiðbeiningar um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Í landsáætluninni er tekið mið af mengunarbótareglunni, þ.e. gert ráð fyrir því að úrgangshafi greiði fyrir meðhöndlun úrgangs. Skv. áætluninni verður markmiðum hennar náð með því að draga úr myndun úrgangs, með endurnotkun, endurnýtingu og endanlegri förgun, m.a. með aukinni endurnýtingu lífræns úrgangs, umbúðaúrgangs og raftækjaúrgangs (Tafla 11.17).

Í svæðisáætlun ber sveitarstjórn að gera grein fyrir því hvernig hún hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Fyrirhuguð er svæðisáætlun fyrir Vestfirði.

Niðurstöður áætlunarinnar verða færðar inn í aðalskipulagið eins og þurfa þykir.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt áherslu á sjálfbæra meðhöndlun úrgangs og aukna samvinnu og samskipti í úrgangsmálum (Samband íslenskra sveitarfélaga. 2009). Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur gefið út fyrstu almennu stefnuna um úrgangsförvarnir sem ber heitið *Saman gegn sóun* sem gildir fyrir árin 2016-2027. Markmið stefnunnar eru m.a. að draga úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Tafla 11.17 Markmið um minnkun á úrgangi samkvæmt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Ákvæði	1. júlí 2020
Minnkun á lífrænum heimilisúrgangi sem berst til urðunarstaða miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995.	35%
Minnkun á öðrum lífrænum úrgangi sem berst til urðunarstaða, svo sem lífrænum rekstrarúrgangi, miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995.	35%


Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Áhersla er lögð á að huga að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu. Einnig kemur fram að huga þurfi að nýjum leiðum varðandi úrgangsmeðhöndlun og nýtni við auðlindanotkun.

Um 52 tonn af úrgangi falla til árlega í þéttbýli Súðavíkurrepps, þar af eru um 45 tonn af blönduðum úrgangi, rúmlega 6 tonn af endurvinnanlegum úrgangi og um 700 kíló af bylgjupappa. Árið 2015 var safnað 2,6 tonnum af heyrúlluplasti frá lögbýlum í sveitarfélaginu. Þá er ekki talinn með annar lífrænn úrgangur, eins og ónýtar heyrúllur, en með bættum skilyrðum í

landbúnaði hefur umfang afgangsheys aukist verulega. Lífrænn úrgangur og garðaúrgangur frá heimilum hefur ekki verið flokkaður til jarðgerðar.

Gámaþjónusta Vestfjarða sér um þjónustu við íbúa Súðavíkur og er almennur heimilisúrgangur fjarlægður aðra hverja viku en endurvinnslutunnur á fjögurra vikna fresti. Blönduðum úrgangi ásamt endurvinnsluúrgangi er safnað og hann flokkaður og fluttur í Fíflholt á Mýrum. Móttökustaði fyrir úrgang má sjá á mynd 11.14.

Ekki liggja fyrir tölur um magn úrgangs sem til fellur í dreifbýlinu, en mikill munur er á magni eftir árstíma, þar sem hann getur allt að þrefaldast frá maí og fram í október. Tíðni losana er eftir þörfum á veturna en á tveggja vikna fresti frá maí til septemberloka.



Mynd 11.14 Móttökustaðir fyrir úrgang í Súðavíkurhreppi.

11.7.4 Virkjanir og orkumál

Varaaflostöð Orkubús Vestfjarða er staðsett á Bólholti í hlíðinni ofan Súðavíkur, norðan Eyrardalsár. Byggingin er á ofanflóðahættusvæði B samkvæmt hættumati. Um þetta mannvirki fer allt rafmagn til Súðavíkur og nær alla leið inn í Hattardal.

Ein vatnsaflsvirkjun er í sveitarfélaginu, Sængurfossvirkjun í Húsadal, sem tekin var í notkun árið 1976. Virkjunin nýtir afl Húsadalsár og er uppsett afl hennar 720 KW. Síðustu misseri hefur orðið vart við nokkurn áhuga landeigenda á að koma upp smávirkjunum. Nánar er greint frá því hér í stefnuhluta kaflans.

Orkubú Vestfjarða og Vesturverk hafa sýnt áhuga á að reisa stærri virkjanir í hreppnum. Samkvæmt upplýsingum frá Vesturverki er verið að skoða möguleika á að reisa 17 MW virkjun í Hest- og Skötufirði (Hundsá og Hestá) og um 12 MW virkjun í Ísafirði (Hvanneyradalsvirkjun). Orkustofnun veitti Vesturverki tvö rannsóknarleyfi árið 2016 vegna áætlana um annars vegar virkjun Hundsár og Hestár og hins vegar vegna áætlana um Hvanneyradalsvirkjun við Ísafjörð. Leyfið fyrir Hundsá og Hestá gildir til Apríl 2020 en Vesturverk fékk framlengingu á rannsóknarleyfinu fyrir Hvanneyradalsvirkjun og gildir það til út árið 2025. Orkubú Vestfjarða fékk rannsóknarleyfi vegna áætlana um 20 MW Glámuvirkjun árið 2016. Þær hugmyndir ganga út á að safna vatni frá vatnasviði Kjálkafjarðar, Vattarfjarðar og Ísafjarðar og veita því í Vattarfjörð, þar sem stöðvarhús yrði staðsett. Orkubú Vestfjarða er einnig með rannsóknarleyfi vegna áætlana um 6,8 MW virkjun á aðrennslissvæði Skötufjarðar til Mjólkár (Mjólká VI). Bæði leyfi Orkubúsins gilda fram í ágúst 2024.

Samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) ber að meta virkjunarkosti sem fela í sér aflstöðvar stærri en 10 MW. Framanefndir virkjanakostir hafa ekki verið teknir til skoðunar í rammaáætlun en samkvæmt lögum á að endurskoða áætlunina á fjögurra ára fresti. Virkjunarkosturinn Glámuvirkjun, sem gerði ráð fyrir 67 MW

virkjun Orkubús Vestfjarða á Glámuhálendi, er í biðflokki skv. 2. áfanga rammaáætlunar sem samþykkt var árið 2013. Þessi kostur var þó ekki til skoðunar í 3. áfanga rammaáætlunar, sem enn bíður samþykkingar alþingis. Skv. skipulagsreglugerð ber að sýna varúðarsvæði þeirra virkjunarkosta sem eru í biðflokki. Ákvæði fyrir varúðarsvæðið eru tilgreind í töflu 5.2 og í stefnukaflanum hér á eftir.

Rammaáætlun er ætlað að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Nú stendur yfir vinna hjá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun við kortlagningu víðerna sem felur m.a. í sér nánari útfærslu viðmiða laga um náttúruvernd fyrir afmörkun óbyggðra víðerna. Þegar viðmiðin liggja fyrir mun skýrast hvaða svæði á hálendi Súðavíkurrepps verða skilgreind sem óbyggð víðerni. Ljóst er þó að stór hluti Glámuhálendisins mun flokkast sem óbyggð víðerni (sbr. kafla 5.4 Óbyggð víðerni).

Vesturverk hefur kynnt frumdrög Hvanneyradalsvirkjunar og farið lauslega yfir helstu fyrirsjáanlegu umhverfisáhrif hennar (Verkís. 2018). Almenn skortir þó greiningar á heildaráhrifum virkjana á Glámuhálendinu og upplýsingar um óbyggð víðerni og gildi þeirra. Þetta háir stefnumörkun sveitarfélaga sem tilheyrja Glámuhálendinu. Nánar er fjallað um þetta í stefnumótunarhlutanum hér á eftir.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eru allar virkjanir, 10 MW eða stærri, þ.m.t. vindorkuver, matskyldar. Vindorkuver sem eru 2 MW og stærri og vatnsaflsvirkjanir sem eru 200 kW eða stærri (allt að 10 MW) eru tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar (flokkur B). Vindorkuver og vatnsaflsvirkjanir sem eru undir þessum mörkum eru tilkynningarskyld til viðkomandi sveitarstjórnar (flokkur C), sem tekur ákvörðun um hvort þær skuli háðar umhverfismati.

Áreiðanleiki raforkuafhendingar í kerfi Landsnets er lakara á Vestfjörðum en víðast annars staðar (samstarfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. 2013 og Landsnet. 2019). Ástæðan fyrir því er einkum sú að inn á svæðið liggur aðeins ein flutningsleið sem samanstendur af þremur línunum sem verða oft fyrir truflunum vegna veðurs. Á síðustu árum hafa úrbætur verið gerðar, m.a. með nýjum spennu í Mjólka, nýju tengivirki á Ísafirði, nýrri varaafsstöð í Bolungarvík og uppsetningu og stækkun smærri virkjana. Ljóst er að framtíðarlausnir felast í styrkingu flutningslína og mögulega frekari framleiðslu á raforku innan Vestfjarða. Nánar er fjallað um rafveitu og afhendingaröryggi raforku í kafla 14.1 Veitur.

Í skýrslu starfshóps um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum frá árinu 2012 er fjallað lítillega um aðra möguleika á raforkuframleiðslu en með vatnsorku. Starfshópurinn lagði til að skoðað yrði hvort möguleiki væri á raforkuframleiðslu í Reykjanesi eða frekari nýtingu á varmanum, svo sem til frekari húshitunar en varminn er þegar nýttur til húshitunar í dag. Í Ísafjarðardjúpi er víða að finna nýtanlegan jarðhita víðar en áður hefur verið talið. Um er að ræða lághita, þ.e.a.s. jarðhita undir 150° C á 1-3 km dýpi.

Í fyrrnefndri skýrslu starfshóps um afhendingaröryggi á Vestfjörðum er fjallað um mögulega framleiðslu með sorpbrennslu og hauggasi en bent er á að stærðarhagkvæmni dragi úr fýsileika slíkra stöðva á svæðinu. Sorpbrennslustöð gæti þó mögulega meðhöndlað aðflutt sorp. Í skýrslunni kemur fram að nýting sjávarorku sé á tilraunastigi og að ekki hafi þótt fýsilegt að ráðast í slíkar virkjanir. Ljóst er að aðferðir við raforkuframleiðslu geta tekið örum breytingum á næstu árum og lengra fram í tímann. Þetta þurfa sveitarfélög að hafa í huga við stefnumörkun sína.

Beislun vinds hefur hlotið aukna athygli hér á landi undanfarin ár. Líklegt má telja að slík orkuver muni rísa á næstu árum hér á landi, m.a. vegna þess að vindorkustöðvar eru orðnar ódýrari en áður og geta hentað þar sem aðrir orkugjafar gera það ekki. Vindorka hefur þó þann augljósa ókost að framleiðslan er háð vindstyrk og því hentar hún ekki vel nema með öðrum orkugjöfum. Vindorka hentar almennt vel á Íslandi samhliða

vatnsaflsframleiðslu þar sem þeirri framleiðslu er auðvelt að stýra og vindur er mestur á veturna þegar lágt getur verið í lónum en er minni á sumrin þegar vatnsrennsli er mest. Hámarks orkuvinnslugeta vindafls er því á veturna en vatnsafls á sumrin. Samkvæmt skýrslu samstarfshóps um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum frá því 2012 eru ekki uppi neinar áætlanir um beislun vindorku á Vestfjörðum þar sem sveiflukennd framleiðsla eins og vindorka passar ekki vel við svæði þar sem afhendingaröryggi er takmarkað. Vindorka hentar því ekki vel sem varaafli og sem meginorkugjafi hefur hún þann galla að logn kallar á varaafli. Þar sem húshitunarpörf er mikil á Vestfjörðum mætti mögulega jafna nýtingu á vindorku með því að geyma hana að hluta sem hita og þannig draga úr álagi á raforkukerfið þar sem rafmagn er notað til upphitunar (Samstarfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. 2013).

Ekki hafa verið gerðar neinar athuganir á fýsileika vindorkuvera í Ísafjarðardjúpi og áhrifum þeirra og því liggur ekki ljóst fyrir hvaða svæði væru heppileg fyrir slík mannvirki. Ljóst er þó að vindorkuver hafa afgerandi áhrif á ásýnd landslags og valda hljóðmengun. Slík áhrif geta magnast upp í bröttum og þröngum fjörðum. Vindmyllur hafa einnig áhrif á fugla og jafnframt má gera ráð fyrir að hljóð berist auðveldlega innan þeirra fjarða sem vindmyllur yrðu staðsettar í.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Markmið

- ✓ Nægt framboð verði tiltækt af iðnaðar- og athafnalóðum á hverjum tíma.
- ✓ Gert er ráð fyrir að kalkpörungaverksmiðja rísi á landfyllingu innan Langeyrar
- ✓ Taka skal tillit til sögu og verndargildis húsa og umhverfis við nýtingu eldri húsa í atvinnuskini.
- ✓ Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt á iðnaðar- og athafnasvæðum.
- ✓ Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa og möguleika á aukinni raforkuframleiðslu í sveitarfélaginu.
- ✓ Gert verði ráð fyrir smávirkjunum án þess að aðalskipulaginu verði breytt.
- ✓ Skoðaðir verði möguleikar á stærri virkjunum í Ísafjarðardjúpi.
- ✓ Fyrirkomulag á gámasvæðum fyrir úrgang verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins.

ÝMIS STARFSEMI

Útfærsla

Áhersla er lögð á að umgengni á iðnaðar- og athafnasvæðum verði til fyrirmyndar. Gæta skal þess að varningur safnist ekki á ónýttar lóðir og opin atvinnusvæði. Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands sbr. 69. gr laga um náttúruvernd. Nánar skal tekið á þessu í deiliskipulagi en þar á jafnframt að hvetja til snyrtilegs umhverfis. Stuðla skal að öryggi á iðnaðar- og

athafnasvæðum í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um náttúruvá (sbr. kafla 4 Náttúruvá).

Gert er ráð fyrir svigrúmi til uppbyggingar á iðnaðar- og athafnasvæðum. Áfram er gert ráð fyrir sambærilegri starfsemi á iðnaðar- og athafnasvæði við Njarðargötu í gömlu byggðinni. Reiturinn er á hættusvæði C samkvæmt ofanflóðahættumati og tekur skipulagið mið af því (Tafla 11.19).

Í innri hluta Súðavíkur (nýju byggðinni) er gert ráð fyrir athafnasvæði á Langeyri í samræmi við gildandi deiliskipulag. Uppbygging og starfsemi skal taka mið af þeim menningarminjum sem þar er að finna en einnig skal taka mið af útivistarsvæðinu á norðurhluta eyrarinnar og annarri nálægri nýtingu (t.a.m. svæði fyrir frístundabyggð og íbúðarbyggð). Á Langeyri gilda hverfisverndarákvæði sem tilgreind eru í töflu 9.2.

Í Reykjanesi er gert ráð fyrir athafnastarfsemi. Þar er einkum horft til vistvænnar starfsemi sem notar jarðhita svo sem saltframleiðslu, gróðurhúsaræktun eða annan léttan iðnað. Sérstaklega skal huga að náttúruverndargildi og menningarminjum við nánari útfærslu í deiliskipulagi. Á Reykjanesi gilda hverfisverndarákvæði sem tilgreind eru í kafla 9.2.

Á Garðsstöðum er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði til niðurrifs á bifreiðum í samræmi við ákvæði í Tafla 11.19. Í töflunni eru einnig tilgreindar mótvægisáðgerðir til að milda ásýnd svæðisins. Gert er ráð fyrir að það dragi umtalsvert úr fjölda bifreiða er líður á skipulagstímabilið. Landeigandi skal strax að samþykktu aðalskipulagi láta gera deiliskipulag af svæðinu og sækja um starfsleyfi. Þar verða settir nánari skilmálar um starfsemina og mótvægisáðgerðir.

KALKÞÖRUNGAVERKSMIÐJA

Í framhaldi af svæði fyrir hafnir á fyrirhugaðri landfyllingu er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir kalkþörungaverksmiðju. Á svæðinu verður hráefnislón og aðstaða fyrir frekari vinnslu efnisins, þ.e.a.s. þurrkun, síun, mölun og sekkjun. Á iðnaðarsvæðinu verður rými fyrir allt að 9.000 m² verksmiðjuhús, 1.400 m² grófgeymslu auk 400 m² skrifstofu- og starfsmannahúsnæðis.

Hreinleiki, kyrrð og nálægð við náttúruna eru m.a. þeir þættir sem gera Súðavík að aðlaðandi búsetukostum. Þetta kom skýrt fram á íbúáþingi haustið 2017. Því er mikilvægt að lágmarka áhrif verksmiðjunnar eins og kostur er.

Starfsemin skal uppfylla ákvæði í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Samkvæmt hljóðgreiningu er gert ráð fyrir að hávaðinn verði talsvert innan þeirra marka sem tilgreind eru í reglugerðinni. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að leyfilegt ryk í útblæstri frá þurrkurum verði allt að 20 mg/nm³, þ.e.a.s. sömu mörk og tilgreind eru í starfsleyfi fyrir kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Gert er ráð fyrir settjörn til að koma í veg fyrir gruggmyndun frá hráefnislóni.

Við hönnun og nánari útfærslu í deiliskipulagi þarf að lágmarka áhrif verksmiðjunnar á ásjón svæðisins. Einnig skal draga úr þessum áhrifum með mótvægisáðgerðum, svo sem gróðursetningu trjáa á milli verksmiðjunnar og þéttbýlisins. Skoða skal hvernig raflýsingu skuli háttað við byggingar, athafna- og vinnusvæði og taka tillit til myrkurgæða og koma í veg fyrir ljósmengun. Sjá kafla 6.3 um ljósvist.

Við framkvæmdir skal hlífa fornminjum eins og kostur er í samvinnu við Minjastofnun. Í fornleifakönnun vegna framkvæmdarinnar er lagt til að hvalbein verði tekin til varðveislu eða færð út fyrir framkvæmdasvæðið. Í könnuninni er einnig lagt til að grafnir verði tveir eða þrjár könnunarskurðir í setið á hafsbótlinum á norðurhluta framkvæmdasvæðisins svo kanna megi

dýpt mannvistarlaga, fjölda gripa og tegunda og fá lágmarks upplýsingar um búsetu á Langeyri. Ekki er þörf á mótvægisáðgerðum á landi skv. könnuninni.

Nánari ákvæði um mengunarmörk, ásjón, mótvægisáðgerðir vegna fornminja og aðrar kvaðir verða sett í deiliskipulagi og starfsleyfi. Deiliskipulagið er grundvöllur leyfisveitinga og verður auglýst samhliða aðalskipulaginu.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan gangi á jarðgasi þar til hægt verður að afhenda næga raforku með öruggum hætti í gegnum raforkudreifikerfið (sbr. kafla 14.1). Miðað við stærð verksmiðjunnar þarf u.þ.b. 360 tonn af própangasi á ári til að keyra verksmiðjuna. Bruni jarðgass veldur losun á gróðurhúsalofttegundum og er það ekki samkvæmt stefnu sveitarfélagsins. Lausn er hins vegar tímabundin, þ.e. á meðan ekki er búið að tryggja verksmiðjunni örugga raforku með almenna raforkukerfinu. Íslenska Kalkþörungafélagið hefur í hyggju að gróðursetja tré til að bæta fyrir þessa losun. Rými er fyrir plöntur á skilgreindum skógræktarsvæðum við þéttbýlið.

ÚRGANGUR

Markmið

- ✓ Að dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu hans.
- ✓ Að fyrirkomulag úrgangsmála verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins, þ.á.m. ásjón móttökusvæða.
- ✓ Áhersla lögð á það að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft og tryggt að spilliefni berist ekki út í umhverfið.

Útfærsla

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs:

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Engin svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er í gildi fyrir Vestfirði eins og lög nr. 55/2003 kveða á um og er brýnt að hlutaðeigandi sveitarfélög vinni að gerð hennar.

Mikilvægt er að mótuð verði stefna um úrgangsförvarnir eins og fjallað er um í *Saman gegn sóun* til að draga úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Endurnýting:

Endurvinnslutunnur eru við íbúðarhúsnæði. Allar upplýsingar um flokkun og endurnýtingu heimilisúrgangs eru aðgengilegar íbúum á heimasíðu hreppsins. Stefnt er að aukinni fræðslu fyrir íbúa um hvernig hægt er að lágmarka myndun úrgangs og þeim gert auðveldara að flokka úrgang. Gert er ráð fyrir að flokkun lífræns úrgangs hefjist á skipulagstímabilinu.

Móttöku- og flokkunarstöð:

Aðal móttöku- og flokkunarstöð Súðavíkurhrepps er staðsett við Njarðarbraut í Súðavík á lðnaðarsvæði I2. Ekkert sorpförgunarsvæði er innan sveitarfélagsins og er fyrirkomulagið með þeim hætti að úrgangur er fluttur í Fíflholt á Mýrum og sér Gámapjónusta Vestfjarða um þjónustuna. Ekki er gert ráð fyrir urðunarstöðum í Súðavíkurhreppi.

Fram til þessa hefur garðaúrgangi verið fargað á Bólholti vestan við aðstöðu Orkubús Vestfjarða. Stefnt er að því að nýta það svæði áfram til förgunar garðaúrgangs.

Sjá nánar skipulagsákvæði fyrir móttöku- og flokkunarstöð við Njarðarbraut og fyrir förgunarsvæði garðaúrgangs í kafla 11.7 lðnaðar- og athafnasvæði.

Gámasvæði í dreifbýli:

Súðavíkurhreppur þjónustar íbúa og sumarbústaðaeigendur í dreifbýli Súðavíkurhrepps með átta gámum fyrir úrgang víðsvegar í sveitarfélaginu og eru þeir þjónustaðir af Sorpsamlagi Strandasýslu. Gámarnir eru losaðir aðra

hverja viku frá 1. júní til 30. september en eftir þörfum frá 1. október til 30. maí. Áfram er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi við sorphirðu í dreifbýli Súðavíkurhrepps og er hvorki gert ráð fyrir að fjölga þeim eða fækka. Halda skal móttökusvæðum snyrtilegum.

Staðsetning gámana er á eftirfarandi stöðum (mynd 11.14):

- Við Hvítanes í Skötufirði.
- Við Ögur
- Fyrir neðan Strandsel við Mjóafjörð
- Við Tvísteina í Laugardal
- Við Látur í Mjóafirði
- Við Djúpmannabúð í Mjóafirði
- Við Vatnsfjörð
- Í Reykjanesi

Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang:

Ekki er gert ráð fyrir urðunar- og geymslusvæði fyrir óvirkan úrgang s.s. bílhæ, brotajárn og dekk í sveitarfélaginu. Á Garðstöðum í Ögurvík hefur þó verið starfrækt geymslusvæði fyrir þess konar úrgang um árabíl, sbr. umfjöllun hér að framan.

VIRKJANIR OG ORKUMÁL

Útfærsla

Bætt afhendingaröryggi og nægt framboð af raforku er einn af lykilþáttum fyrir framtíðarþróun Súðavíkurhrepps. Stefna hreppsins er að tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu. Þannig er hægt að tryggja góða þjónustu við íbúa og leggja grunn að fjölbreyttri atvinnustarfsemi. Nýta má orkuauðlindir ef það samræmist meginmarkmiðum aðalskipulagsins um verndun náttúru. Meginmarkmiðin fela m.a. í sér að:

- Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- Sérkenni svæðisins verði vernduð.
- Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.

Nýta má orku sem framleidd er með með endurnýjanlegum orkugjöfum. Kanna þarf möguleika á nýtingu jarðvarma í Reykjanesi, sbr. tillögur starfshóps um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Súðavíkurhreppur er opin fyrir öðrum orkugjöfum til raforkuframleiðslu. Hér að framan var fjallað lauslega um orkuframleiðslu með vindi, jarðgasi, hauggasi og sjávarorku. Beislun vindorku er orðinn að raunhæfum valkosti og er eðlilegt að sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum skoði sameiginlega kosti og galla slíkra orkuvera á skipulagstímabilinu. Sérstaklega verði þar horft til áhrifa á ásýnd svæðisins.

Gert er ráð fyrir að landeigendum verði heimilt að virkja bæjarlækinn með smávirkjun þar sem gert er ráð fyrir byggð á landbúnaðarsvæðum. Að fengnu framkvæmdaleyfi á grundvelli deiliskipulags eru virkjanir sem eru allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni eða rennslisvirkjanir, sem eru allt að 200 kW án uppistöðulóns, því heimilar ef aðstæður leyfa án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Halda skal öllu raski í lágmarki við framkvæmdir og gæta að ásýnd landsins og afturkræfni. Á hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúruinjasrá skal við deiliskipulagsgerð meta áhrif framkvæmda í sérstakri greiningu sem finna má í viðauka aðalskipulagsins. Sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa deiliskipulag fyrir Hattardalsvirkjun í Álftafirði. Þar er gert ráð fyrir virkjunum með allt að 100 kW uppsettu afli sem landeigendur Meiri-Hattardals I og II hafa í hyggju að reisa við Hattardalsá. Einnig er gert ráð fyrir allt að 300 kW

virkjun í landi Kleifa í Ögurbúðardalsá innst í Skötufirði og minni virkjun (um 30 kW) aðeins utar í Nónlækjum sem rúmast innan heimilda aðalskipulagsins.

Hálend og óbyggð svæði í Súðavíkurhreppi eru víða lítið röskuð og því verðmæt. Hluti af Glámuhálendinu flokkast sem óbyggð víðerni samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nákvæm afmörkun víðerna liggur þó ekki enn fyrir. Stórar stíflur, vegir, og flutningur vatns á milli fjarða geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og þar með gæði svæðisins sem aftur hefur áhrif á aðrar atvinnugreinar og lífsgæði íbúa. Við mat á mögulegum virkjunarkostum er mikilvægt að skoða til jafns, frá upphafi ákvarðanatökufærlis, verkfræðilegar forsendur og forsendur m.t.t. náttúrufars og menningarmínja, svo sem afmörkun víðerna og gildi þeirra. Jafnframt skal slíkt mat vera innan þess ramma sem markaður er í öðrum stefnuskjölum, svo sem í Landsskipulagsstefnu, Orkustefnu og stefnu sveitarfélaga. Í ágúst 2016 samþykkti sveitarstjórn Súðavíkurhrepps að fela sveitarstjóra að vinna að samningi við Vesturverk um nýtingu á vatnsafla til raforkuvinnslu í Hvanneyrardal. Einnig var sveitarstjóra falið að undirbúa samningaviðræður vegna annarra virkjanakosta. Á skipulagstímabilinu verður áfram unnið að þessum undirbúningi. Virkjunin í heild sinni er ekki sett inn á aðalskipulagið en gert er gert ráð fyrir vinnuvegum vegna rannsókna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Hvanneyrardalsvirkjunar. Vinnuvegir skulu vera í sömu hæð og landið í kring og falla vel að landslaginu. Mikilvægt er að ummerki vega verði afmáð verði ekki af virkjuninni. Setja þarf skilyrði um þetta í framkvæmdaleyfi.

Á skipulagstímabilinu skal skoða möguleika á stærri virkjunum á Glámuhálendinu en forsendur skortir til ákvarðanatöku eins og fjallað var um hér að framan. Markmið með stærri virkjununum í Djúpinu yrði að tryggja ásættanlegt afhendingaröryggi og tryggja nægt framboð á raforku innan svæðisins. Mikilvægt er að virkjanakostir á Glámuhálendinu verði teknir fyrir í rammaáætlun sem fyrst, þannig að hægt verði að taka faglegar ákvarðanir um orkunýtingu og aðra nýtingu á svæðinu. Þeir virkjanakostir

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

sem nefndir hafa verið munu hafa áhrif á mörg sveitarfélög og því er mikilvægt að sveitarfélögin marki sér sameiginlega stefnu um nýtingu hálendisins.

Á skipulagsupprætti er, í samræmi við skipulagsreglugerð, afmarkað sérstakt varúðarsvæði á Glámuhálendinu vegna Glámuvirjunar sem er í biðflokki í rammaáætlun 2. Á varúðarsvæðinu má gera rannsóknir og mælingar, t.d. tengdar virkjunum, í samræmi við nauðsynleg leyfi. Ekki má ráðast í óafturkræfar framkvæmdir eða ráðstafa landinu þannig að framkvæmdir eða athafnir hindri möguleg virkjunaráform eða friðlýsingu.

Stefna um landnotkun – Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæði (I) skal samkvæmt skipulagsreglugerð staðsetja umfangsmeiri iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmíðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsaflsvirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Tafla 11.18 Iðnaðarsvæði (I).

Auðkenni	Skipulagsákvæði
I1 10 ha Vatnsaflsvirkjun í Ögurbúðardalsá	Gert ráð fyrir allt að 300 kW vatnsaflsvirkjun í Ögurbúðardalsá innst í Skötufirði. Lágmarka skal allt rask á umhverfi og fella mannvirki sem best að landslagi. Heimild er fyrir þeim mannvirkjum sem virkjun af þessari stærð krefst, þ.e. inntaksmannvirki ásamt litlu inntakslóni og stíflu, stöðvarhúsi og þrýstipípu. Aðkoma verður um land Kleifa, vestan Kleifaár.
I2 0,1 ha Móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Við Njarðarbraut.	Gert er ráð fyrir almennri móttöku á öllum úrgangi. Tryggja ber snyrtilega umgengni, einkum m.t.t. nálægra útivistarsvæða. Reiturinn er á ofanflóðahættusvæði C. Haga ber nýtingu m.t.t. ofanflóða. Gert er ráð fyrir lítilli viðveru fólks á svæðinu. Svæðið skal afgirt og haldið snyrtilegu.

Auðkenni	Skipulagsákvæði
I3 3,4 ha Iðnaðarsvæði á Garðsstöðum	Aðstaða til tímabundinnar geymslu og niðurrifs á bifreiðum. Gert er ráð fyrir allt að 200 bifreiðum í lok skipulagstímabilsins. Milda skal neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins með gróðri og mögulega landmótun. Nánari ákvæði um starfsemina og mótvægisaðgerðir skal setja í deiliskipulagi og starfsleyfi. Þau skulu byggja á nánari upplýsingum, m.a. um mögulega mengun í jarðvegi og áhrif á lífríki og ásýnd svæðisins.
I4 55 ha Sængurfossvirkjun. Afl 720 kW.	Uppistöðulón og stífla, veitugöng, inntaksmannvirki og stöðvarhús. Aðkoma um Húsadal. Óbreytt landnotkun en svigrúm til endurbóta og viðhalds virkjunar og mannvirkja. Lágmarka skal rask og huga að ásýnd svæðisins komi til endurbóta.
I5 1,9 ha Iðnaðarsvæði ofan Langeyrar. Tengivirki.	Gert er ráð fyrir tengivirki fjærst byggðinni. Fyrir fjölbreyttra atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, svo sem léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum, starfsemi sem þarfnast góðra tengsla við samgöngur. Gæta skal að ásýnd svæðisins enda er svæðið mjög sýnilegt við innkomu í bæinn. Nýta skal landhalla til aðlögunar mannvirkja að landinu. Sérstakt tillit skal tekið til fyrirkomulags raflýsingar og komið í veg fyrir ljósmengun og skerðingu myrkurgæða. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Sjá nánar í kafla 6.3 Ljósvisit.
I6 0,16 ha Bólholt Varaafstöð. Á hættusvæði A og B.	Ekki er gert ráð fyrir stækkun. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.
I7 0,02 ha Aðalgata við Eyrardalsá Dreifistöð.	Óbreytt landnotkun.
I8 8 ha Hattardalsvirkjun	Gert ráð fyrir allt að 100 kW vatnsaflsvirkjun í Hattardal í Álftafirði. Lágmarka skal allt rask á umhverfi og og fella mannvirki sem best að landslagi. Gert er ráð fyrir mannvirkjum í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem sveitarstjórn í Súðavíkurbreppi hefur samþykkt að auglýsa. Þar er gert ráð fyrir stíflu fyrir inntakslón, stöðvarhúsi, aðveitulögn frá inntakslóni að stöðvarhúsi, frárennisskurði frá stöðvarhúsi og rafveitustreng og fjarskiptastreng frá stöðvarhúsi til notenda. Aðkoma að stöðvarhúsi verður um veg austan Hattardalsár.

Auðkenni	Skipulagsákvæði
<p>I9 35 ha Langeyri Kalkþörungaverksmiðja</p>	<p>Iðnaðarsvæði fyrir fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju sem hefur heimild til að vinna allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti. Svæðið er hluti af allt að 230.000 m³ og 38.000 m² (3,8 ha) landfyllingu sem tengist hafnarsvæði og nýjum viðlegukanti. Aðkoma verður um Langeyri.</p> <p>Á svæðinu verður rými fyrir hráefnislón, setlón og frekari vinnslu efnisins, þ.e.a.s. þurrkun, síun, mölun og sekkjun. Rými er fyrir allt að 9.000 m² verksmiðjuhúsi, 1.400 m² grófgeymslu og 400 m² skrifstofu- og starfsmannahúsi.</p> <p>Starfsemi kalkþörungaverksmiðjunnar skal uppfylla ákvæði í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.</p> <p>Leyfilegt magn í útblæstri frá þurrkurum er 20 mg/nm³.</p> <p>Huga ber sérstaklega að nálægð svæðisins við íbúðarbyggð og aðkomu í bæinn.</p> <p>Mótvægisáðgerðir til að vernda hvalbein og aðra gripi skulu útfærðar í samvinnu við Minjastofnun Íslands og í samræmi við tillögur sem settar eru fram í fornleifakönnun fyrir svæðið.</p> <p>Sérstakt tillit skal tekið til fyrirkomulags raflýsingar og komið í veg fyrir ljósmengun og skerðingu myrkurgæða. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og þess gætt að ljósmengun hljótist ekki af. Sjá nánar kafla 6.3. Ljósvist.</p>

Stefna um landnotkun – Athafnasvæði

Á **athafnasvæði (AT)** skal samkvæmt skipulagsreglugerð vera starfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir.

Tafla 11.19 Athafnasvæði (AT).

Auðkenni	Skipulagsákvæði
<p>AT1 2,8 ha Athafnasvæði á Langeyri. Slökkviliðið o.fl.</p>	<p>Gert ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, svo sem léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum, starfsemi sem þarfnast þungaflutninga (t.d. vöruheymslur og matvælaíðnaður) og starfsemi sem þarfnast mikils rýmis, svo sem vinnusvæði utandyra.</p> <p>Huga skal að nálægð við útivistarsvæði á Langeyri, frístundabyggð og íbúðarsvæði.</p> <p>Uppbygging og starfsemin skal taka mið af þeim menningarminjum sem þar er að finna.</p> <p>Á Langeyri gilda hverfisverndarákvæði sem tilgreind eru í töflu 9.2.</p>
<p>AT2 0,25 ha Athafnasvæði við Njarðarbraut. Reiturinn er á ofanflóðahættusvæði C.</p>	<p>Gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun, þ.e. atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. verkstæðum, léttum iðnaði og vöruheymslum.</p> <p>Reiturinn er á ofanflóðahættusvæði C og því gilda um hann ákvæði í reglugerð 505/2000.</p> <p>Þar segir m.a. að breyti megi húsnæðinu en þó aðeins þannig að heildaráhætta aukist ekki, svo sem með fjölgun starfsmanna.</p>
<p>AT3 4 ha Reykjanes Svæðið er á náttúruminjaskrá.</p>	<p>Gert er ráð fyrir áframhaldandi saltframleiðslu, með möguleika á stækkun, og annarri atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun. Horft er til vistvænnar starfsemi þar sem mögulegt er að nýta jarðhita svæðisins. Sérstaklega skal huga að náttúruverndargildi og menningarminjum við nánari útfærslu í deiliskipulagi.</p>
<p>AT4 Bólholt Förgunarsvæði fyrir garðaúrgang. Svæðið er á hættusvæði B og C.</p>	<p>Tryggja ber snyrtilega umgengni, einkum m.t.t. nálægra útivistarsvæða.</p> <p>Kvöð á nýtingu vegna ofanflóða, í samræmi við reglugerð 505/2000 m.s.br. Gert er ráð fyrir lítilli viðveru fólks á svæðinu.</p>

11.8 EFNISTAKA

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 nær skipulagsskylda til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Samkvæmt lögnum skulu framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, þ.m.t. efnistaka, vera í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem mörkuð er stefna um landnotkun og byggðaþróun með tilliti til náttúruverndar, landslags og efnistöku. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði (sjá nánar gr. 13 og 14 í skipulagslögum nr. 123/2010). Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi þarf frá embætti veiðimálastjóra fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með efnistöku á landi. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Óheimilt er að veita leyfi fyrir efnistöku sem er tilkynningar- og matskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áður en ákvörðun um matskyldu liggur fyrir og/eða álit í mati á umhverfisáhrifum. Skilyrði um mat á umhverfisáhrifum er m.a. háð flatarmáli og rúmmáli efnistökusvæða (Tafla 11.20).

Tafla 11.20 Efnistaka og mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.

<i>Efnistaka</i>	<i>Flokkur</i>	<i>Umhverfismat</i>
Áætluð efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m ² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m ³ eða meira.	A	Ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m ² svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m ³ eða meira.	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m ² .	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum.	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m ² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m ³ .	C	Tilkynningarskylt sveitarfélag metur hvort þörf sé á umhverfismati.

Í gegnum tíðina hefur malarefni verið tekið mjög víða í sveitarfélaginu, einkum til vegagerðar en einnig til steinsteypuframkvæmda. Víða eru enn ófrágengin efnistökusvæði sem ekki eru lengur í notkun. Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 eru ekki gerðar sérstakar kröfur um frágang á gömlum námum. Þrátt fyrir það, áformar Vegagerðin að vinna áfram að frágangi náma í samræmi við langtímaáætlun um námufrágang á árunum 2004-2018 sem gefin var út árið 2004.

Af þeim 60 efnistökusvæðum sem ekki er fyrirhugað að nýta eru 56 frágengin með vottun eða fullfrágengin (namur.is. 2018). Engar námur eru með starfsleyfi í sveitarfélaginu samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (í ágúst 2017).

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

EFNISTAKA

Markmið

- ✓ Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi og uppbyggingu innviða.
- ✓ Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.

Útfærsla

Aðgengi að efnisnánum er forsenda margs konar mannvirkjagerðar. Opin og ófrágengin efnistökusvæði hafa hins vegar neikvæð áhrif á ásýnd og ímynd sveitarfélagsins. Flest efnistökusvæði í Súðavíkurreppi eru staðsett nálægt þjóðveginum, Djúpvegi (nr. 61). Talsverðar endurbætur hafa verið á veginum á gildistíma núverandi aðalskipulags með tilheyrandi efnistöku. Fram kom hér að framan að alls eru 64 námur frágengnar og aðrar 9 ófrágengnar eða hálffrágengnar.

Opin og ófrágengin efnistökusvæði leiða gjarnan til lakari umgengni og jafnvel efnistöku án heimildar. Áhersla er því lögð á það að efnistökusvæðum verði fækkað og eldri svæði nýtt í stað þess að opna ný. Ganga skal frá eldri námum. Þegar hlé verður á notkun námunnar eða henni lokað skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu þannig að það falli sem best að umhverfi. Jafnframt skal ganga snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur, sérstaklega þar sem sýnileiki er mikill eða umhverfið er viðkvæmt. Frágangur á gömlum efnistökusvæðum verður unninn í tengslum við uppgræðslu- og skógræktarverkefni þar sem því verður við komið.

Framkvæmdaleyfi verður bundið skilyrðum um það að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á landslag, lífríki, vistkerfi og núverandi eða fyrirhugaða starfsemi eða

landnýtingu í nágrenni svæðanna. Í áætlun réttshafa skal gera grein fyrir því hvernig þessum markmiðum verður framfylgt. Við ákvarðanatöku skal bærinn kynna fyrirhugaða efnistöku fyrir landeigendum og þeim er kunna að hafa hagsmuna að gæta.

Súðavíkurreppur mun áfram nýta námur í nágrenni þéttbýlis en aðrar námur verða að mestu nýttar af Vegagerðinni. Samtals er gert ráð fyrir 12 efnistökusvæðum (Tafla 11.21) en öðrum verði lokað (Tafla 11.22). Samstarf verður við Vegagerðina, sem vinnur að frágangi sinna efnistökusvæði í samræmi við langtímaáætlun um námufrágang.

Ekki er gert ráð fyrir efnistökusvæði eða haugsvæði vegna framkvæmda við jarðgöng á milli Súðavíkur og Ísafjarðar enda liggja ekki forsendur fyrir um slíkt. Gert er ráð fyrir að efnistaka vegna uppfyllingar fyrir kalkþörungaverksmiðju verði í Súðavíkurlíð í tengslum við vegafamkvæmdir þar (E12 í Tafla 11.21 hér að neðan).

Framkvæmdatími, t.d. vegna vegagerðar, liggur ekki fyrir langt fram í tímann. Gert er ráð fyrir að allar námurnar geti verið nýttar á öllu skipulagstímabilinu en að gengið verði frá þeim að lokinni nýtingu. Þetta verður endurskoðað við næstu heildarendurskoðun aðalskipulags. Fyrirhuguð efnistökusvæði eru sýnd á skipulagsuppdrætti.

Stefna um landnotkun – Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Samkvæmt skipulagsregluergð er efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Tafla 11.21 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).

Auðkenni	*Númer / Gerð námu	Umfang og efnismagn	Stærð / Lýsing	Skipulagsákvæði
E1 Utan við Laufskálaeyri.	22130 / Berg	14.000 m ² 2.000 m ³	Fyrir viðhald á sjávar-rofvörnum.	Framkvæmdaleyfi og starfsleyfi skulu vera í samræmi við ákvæði aðalskipulags og deiliskipulags ef það er til staðar. Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna. Sérstaklega skal vanda til verka á svæðum sem eru á náttúruminjasrá. Ganga skal frá efnistökusvæðum innan tveggja ára eftir að efnistöku hefur verið hætt eða hlé hefur verið gert.
E2 Heydalur neðan vegar.	17711 / Set	4.000 m ² 1.000 m ³	Fyrir minni lagfæringar á vegi í Mjóafirði. Svæðið er á náttúruminjasrá – aðrar náttúruminjar (nr. 319).	
E3 Holtasund.	19124 / Berg	10.000 m ² 10.000 m ³	Fyrir vegagerð og viðhald á vegum.	
E4 Eyri í Skötufirði.	19321 / Berg	4.000 m ² 10.000 m ³	Fyrir vegagerð og viðhald á vegum.	
E5 Sjötúnahlíð.	17736 / Set	5.000 m ² 20.000 m ³	Skering vegna vegaframkvæmda. Efnið verður notað í vegagerð innst í Álftafirði.	
E6 Vatnshlíð.	19625 / Berg	1.000 m ² 5.000 m ³	Skering vegna vegaframkvæmda til að rýmka þrengsli.	

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Auðkenni	*Númer / Gerð námu	Umfang og efnismagn	Stærð / lýsing	Skipulagsákvæði
E7 Dvergasteinseyri.	17753 / Set	2.000 m ² 5.000 m ³	Fyrir minni framkvæmdir.	<p>Framkvæmdaleyfi og starfsleyfi skulu vera í samræmi við ákvæði aðalskipulags og deiliskipulags ef það er til staðar.</p> <p>Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna. Sérstaklega skal vanda til verka á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá.</p> <p>Ganga skal frá efnistökusvæðum innan tveggja ára eftir að efnistöku hefur verið hætt eða hlé hefur verið gert.</p>
E8 Sauradalur.	20576 / Berg	12.000 m ² Óvíst	Náma á vegum Súðavíkurrepps.*	
E9 Gljúfurá.	17717 / Set	6.000 m ² 3.000 m ³	Notað í mól og slitlag við vegagerð. Svæðið er á náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar (nr. 319).	
E10 Utan Kleifar.	20066 / Berg	9.000 m ² 60.000 m ³	Skering á um 1.000 m kafla til að auka sjónlengdir. Rofvörn, burðarlag og klæðning við vegagerð.	
E11 Kamsnes.	17737 / Berg	9000 m ² 5.000 m ³	Notað í vegagerð. Eingöngu tekið neðan vegar.	
E12 Súðavíkurhlíð.	Vegur 61-38	42.000 m ² Allt að 250.000 m ³	Skering til að stækka vegrás og víkka gil vegna ofanflóða. Gert er ráð fyrir 10 m vegrás og breiðari við snjóflóðagil. Framkvæmdasvæðið er frá stöð 2000 að stöð 3200 skv. skilgreiningu Vegagerðarinnar (1.200 m kafla). Efnið verður notað í landfyllingu við Langeyri í Álftafirði.	

*Númer skv. námuskrá Vegagerðarinnar.

Tafla 11.22 Eldri efnistökusvæði sem á að loka og ekki er heimilt að nýta. Samtals eru 56 svæði frágengin með vottun eða fullfrágengin. Fjögur svæði eru óskráð eða ófrágengin.

<i>Náma</i>	<i>*Númer</i>	<i>Staða</i>
Ísafjarðarbotn	17705	Fullfrágengin
Hestakleifargil	17706	Fullfrágengin
Skering milli Kleifar og Eyrargils	22379	Fullfrágengin
Eyrargil	17708	Fullfrágengin
Eyrargil	17877	Frágengin, vottun
Neðan við Bjarnastaði	22254	Ekki skráð
Svansvíkuroddi	17878	Fullfrágengin
Ristarhlið	17887	Fullfrágengin
Reykjanes innan við Rauðagarð	22128	Ófrágengin
Reykjanes berggangur	22355	Ekki skráð
Fjarðarhornasá	17880	Frágengin, vottun
Sveinhúsanáma	17879	Fullfrágengin
Sveinhúsanes	17881	Fullfrágengin
Vatnsfjarðarnes	17883	Frágengin, vottun
Saltvík	17882	Fullfrágengin
Borgin austan við Mjóafjarðarbrú	22385	Fullfrágengin
Karlmannaá	17884	Fullfrágengin
Skeiðá	17885	Frágengin, vottun
Skeiðá II	17886	Frágengin, vottun
Botnsá	17710	Frágengin, vottun
Kleifakotsholt	17709	Fullfrágengin
Heydalur (ofan vegar)	17713	Frágengin, vottun
Langeyri	17718	Fullfrágengin
Hörtná	17716	Ófrágengin
Látur grjótnáma	22031	Fullfrágengin

<i>Náma</i>	<i>*Númer</i>	<i>Staða</i>
Digranes	19618	Fullfrágengin
Hjarðardalsá	19121	Frágengin, vottun
Þernuvík	17715	Frágengin, vottun
Búðarnes	19120	Frágengin, vottun
Laugabólsnáma	20051	Fullfrágengin
Laugardalsá	17714	Frágengin, vottun
Holtasund	19124	Frágengin, vottun
Grundin	19123	Frágengin, vottun
Ögurnes	17722	Frágengin, vottun
Skarðseyri	17723	Fullfrágengin
Gilseyri	17724	Frágengin, vottun
Gilseyrarbrekka	22019	Fullfrágengin
Borg	19570	Fullfrágengin
Kleifaós	17725	Fullfrágengin
Gunnarseyri	19322	Fullfrágengin
Hvítanes (grjótnáma)	22029	Frágengin, vottun
Hvítanes	17728	Frágengin, vottun
Skógargötur, Hestfirði	21951	Fullfrágengin
Hestfjarðarkot	17730	Frágengin, vottun
Hestfjarðará	17729	Frágengin, vottun
Hestfjarðarbotn	17731	Fullfrágengin
Eiðisleiti	21980	Fullfrágengin
Uppsalaá	17734	Fullfrágengin
Kambsnæs	17735	Fullfrágengin
Hattareyri	17741	Fullfrágengin
Hattardalsá	17749	Fullfrágengin
Hattardalsá	17742	Fullfrágengin

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Náma	*Númer	Staða
Meiri-Hattardalur	17740	Fullfrágengin
Minni-Hattardalur	17748	Frágengin, vottun
Vatnshlíð	17745	Fullfrágengin
Fjarðarhorn	17743	Hálfrágengin
Seljalandsós	17744	Fullfrágengin
Seljaland	17746	Fullfrágengin
Seljalandsá	17751	Fullfrágengin
Svarthamar	17750	Frágengin, vottun

*Númer skv. námuskra Vegagerðarinnar.

12 FÉLAGS- OG VELFERÐAMÁL

Í þessum hluta er fjallað um skóla, íþróttahús, söfn og menningarhús, kirkjur og kirkjugarða og félags- og heilbrigðismál. Í Súðavík eru nokkrar lóðir þar sem rekin er opinber eða kjarna þjónustustarfsemi sem þjónar bænum sjálfum og gera þarf ráð fyrir í þéttbýli af umræddri stærð, s.s. skóli, íþróttahús, heilsugæsla, skrifstofa sveitarfélagsins, starfsemi banka, pósts og síma. Öll þjónustustarfsemi önnur en Súðavíkurskóli og íþróttahús er staðsett á miðsvæði M1, sjá nánari umfjöllun í kafla 10.3 Miðsvæði.

Á Ísafirði er Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, framhaldsskóli en auk þess starfstöðvar ýmissa ríkisstofnana.

Landnotkunarflokkar fyrir Félags- og velferðarmál eru:

- Samfélagsþjónusta (S)

12.1 SKÓLAR OG ÍÞRÓTTAHÚS

Súðavíkurskóli er fámennur skóli sem samanstendur af þremur skólagerðum, þ.e. leikskóla, grunnskóla og tónlistardeild með einum skólastjóra. Það eru 11 nemendur í leikskóladeild, 22 nemendur í grunnskóladeild og 14 nemendur í tónlistardeild. Skólinn er fjölþjóðaskóli og því eru mörg barnanna með annað tungumál en íslensku sem móðurmál. Þetta gerir skólalald bæði snúið en um leið mjög mikilvægt, eins og sést á Mynd 10.8 þar sem m.a. kemur fram að hlutfall erlendra ríkisborgara í Súðavíkurreppi er 20% samanborið við 9% á landsvísu. Súðavíkurskóli hefur góða möguleika á að skapa sér sérstöðu og hefur á grunni smæðar sinnar aðdráttarafl fyrir fólk sem getur hugsað sér að setjast að í því rólega og friðsæla umhverfi sem hreppurinn hefur uppá að bjóða.

Um miðja síðustu öld var reist húsnæði fyrir skólann í landi Eyrardals og árið 1994 bættist við nýtt íþróttahús og árið 1996 ný viðbygging fyrir leikskóla. Skólalúsið stendur nú miðsvæðis í nýju byggðinni í Súðavík og er þar öll nauðsynleg aðstaða fyrir grunnskólann ásamt íþróttahúsinu, leikskóla og tónlistarskóla.

Grunnskóladeildin er einsetinn níu og hálf mánaða skóli fyrir 0. - 10. bekk. Leikskólinn Kofrasel er fyrir 1-5 ára og er fimm ára nemendum kennt í allt að 11 stundir með 1. 2. og 3. bekk á viku. Nemendum er kennt í þremur námshópum og eru tveir til þrjú árgangar í hverjum þeirra.

Árið 1996 var einnig tekið í notkun tveggja hæða hús sem hafði tvær kennaraíbúðir niðri og heimavist uppi. Heimavist var rekin alla virka daga fyrir nemendur úr Ísafjarðardjúpi en þeir fóru heim um helgar. Heimavistin var lögð niður árið 2007 en þó er gert ráð fyrir því að nemendur úr dreifbýli hreppsins stundi nám í Súðavíkurskóla.

Í Reykjanesi var til skamms tíma starfræktur barnaskóli og héraðsskóli í sérhæfðum byggingum og var skólastarf þar á árunum 1934-1996 eða samfellt í 62 ár. Árið 1996 lagðist skólalald af í Reykjanesi en byggingarnar eru að einhverju leyti notaðar í þágu ferðaþjónustu. Þar eru m.a. sundlaug, leikfimiðhús og sparkvöllur.

Á árunum 2003 til 2014 var rekinn fornleifaskóli í Vatnsfirði á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Skólinn var starfræktur samhliða uppgreftri í júlímánuði ár hvert og komu nemendur víðs vegar að til að læra uppgreftartækni undir handleiðslu íslenskra og erlendra sérfræðinga. Svæðið er opið sýningarsvæði í dag, sbr. kafla 12.2 menning.

Stutt er í aðstöðu til keppnisíþrótt á Ísafirði sem nágrannahreppar hafa aðgang að. Á íbúðingum sem haldið var í nóvember 2017 kom fram að Álftafjarðargöng væru lykilforsenda fyrir framtíð og vexti sveitarfélagsins og á það einnig við um börn og unglinga í Súðavíkurreppi, svo að þau geti setið

við sama borð og önnur ungmenni á landsvísu hvað varðar íþrótt- og tólmstundaiðkun, sbr. kafla 15 Samgöngur.

12.2 MENNING

Menningarlíf Súðavíkurhrepps tengist að mörgu leyti landsins gæðum. Árlegar hátíðir eins og Bláberjadagar hafa fest sig í sessi og eflt með því móti menningarlífið í sveitarfélaginu.

12.2.1 Söfn og menningarhús

Meðal safna í Súðavíkurhreppi má nefna Melrakkasetur Íslands sem er fræðasetur, helgað íslenska melrakkanum af tegundinni “Vulpes lagopex” sem er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi. Setrið er staðsett í Eyrardalsbænum í Súðavík og var stofnað árið 2007 af áhugafólki um íslensku tófuna og öllu því sem hana snertir (nánari umfjöllun er í kafla 11.5 Verslun og þjónusta, VÞ1). Þá hefur Þjóðminjasafn Íslands fengið Litlabæ í Skötufirði til framtíðarvarðveislu og fellur það í hlutverk Byggðasafns Vestfjarða að halda úti sýningu þar um búskaparhætti frá fyrri hluta 20. aldar. Safnið er opið yfir sumartímenn, sjá nánar umfjöllun um svæði AF9 í kafla 11.4 Ferðaþjónusta.

Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp er merkur sögustaður og einn af áhugaverðari áningarstöðunum á ferð um Ísafjarðardjúp. Þar er sýningarsvæði með uppgreftri 10. aldar þorps og 18. aldar bygginga, Grettisvarða, kirkja og endurbyggður gamall fiskihjallur. Sjá einnig kafla 8 Menningar- og búsetuminjar.

Bókasafnið í Súðavík sem verið hefur í húsnæði Súðavíkurskóla frá því 1996 hefur verið flutt í Kaupfélagið sem staðsett er á miðsvæði M1, en þó er gott „barnabókasafn“ staðsett í skólanum. Súðavíkurhreppur er einnig aðili að Héraðskjala- og héraðsbókasafninu á Ísafirði.

Samkomuhús var reist í Súðavík árið 1930 og hefur það lengst af verið notað til fundarhalda og skemmtana. Í tengslum við uppbyggingu nýrrar byggðar kom til greina að flytja samkomuhúsið í nýju byggðina en fallið var frá þeim hugmyndum. Jafnframt er samkomuhús í Ögursveit sem byggt var um 1930 og stækkað árið 1993.

Eftirtalin félög eru starfrækt í Súðavíkurhreppi: Björgunarsveitin Kofri, Kvenfélagið Iðja, Kvenfélagið Sunna í Reykjafjarðarhreppi, Slysavarnadeild Súðavíkurhrepps, Sögufélag Súðavíkur, Göngufélag Súðavíkur, Söngkór Súðavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga og Ungmannafélagið Geisli.

12.2.2 Kirkjur og kirkjugarðar

Kirkjur eru fjórar innan sveitarfélagsins. Skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar þær kirkjur sem voru reistar fyrir árið 1918 friðlýstar þar sem friðun skv. eldri lögum um húsafriðun nr. 104/2001 jafngildir friðlýsingu í nýju lögnum. Allar kirkjurnar innan sveitarfélagsins eru frá því fyrir 1918 en elst þeirra er Ögurkirkja sem byggð var árið 1859 og er bændakirkja og sóknarkirkja Ögursóknar. Öll byggðin við Álftarfjörð átti kirkjusókn að hinum forna kirkjustað Eyri við Seyðisfjörð. Kirkjan að Eyri er bændakirkja sem byggð var árið 1866 og er því friðuð. Árið 1961 var reist kirkja í Súðavík. Kirkjuhúsið stóð áður á Hesteyri í Jökulfjörðum en var tekið niður og endurbyggt í Súðavík. Kór var reistur við kirkjuna árið 1988 og hún var friðuð samkvæmt aldursákvæði árið 1990. Í Vatnsfirði er kirkja sem reist var árið 1912 og er sóknarkirkja Vatnsfjarðarsóknar. Kirkjan hefur nýlega verið endurnýjuð.

Um kirkjugarða gilda lög nr. 36/1993 er varða kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Fjórir kirkjugarðar eru í Súðavíkurhreppi, Súðavíkurkirkjugarður, Eyrarkirkjugarður í Seyðisfirði, Ögurkirkjugarður og Vatnsfjarðarkirkjugarður. Kirkjugarður var gerður í Súðavík árið 1943 en áður var jarðsett á Eyri við Seyðisfjörð og voru kistur fluttar með bátum yfir fjörðinn, fyrir Kamsnesið og inn að Eyri. Eyrarkirkjugarður tilheyrir Eyrarkirkju sem er í

einkaeigu og þar eru 62 þekkt legstæði. Ögurkirkjugarður er einnig gamall kirkjugarður og þar eru 137 þekkt legstæði. Vatnsfjarðarkirkjugarður er sérstæður hringlaga kirkjugarður hlaðinn upp með grjóti og hafa verið gerðar verulegar lagfæringar á kirkjugarðinum á síðustu árum. Í honum finnast 93 þekkt legstæði.

Súðavíkurkirkjugarður getur auðveldlega þjónað hlutverki sínu út skipulagstímabilið, miðað við áætlaðan íbúafjölda í hreppnum. Þó íbúafjölgun verði umfram það sem skipulagið gerir ráð fyrir, er ekki þörf á stækkun eða nýbyggingu kirkjugarða á skipulagstímabilinu.

Á síðasta skipulagstímabili voru reistir tveir minningarreitir í Súðavík. Sumarið 2005 var gerður minningarreitir um þá sem fórust í snjóflóðunum 1995 við Túngötu í Súðavík og árið 2010 var síðan reistur minnisvarði um druknaða sjómenn á lóðinni við Súðavíkurkirkju.

12.3 FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Viðbragðsaðilar eru staðsettir á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Stjórnsýslan ásamt almannavörnum Súðavíkurhrepps, sem er hluti af sameinaðri almannavarnarnefnd Súðavíkurhrepps, Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur, er á Miðsvæði M1 við Grundarstræti 3-5 (Álftaver).

Slökkvilið Súðavíkur er staðsett á Athafnasvæði AT1 við Langeyraryveg og hefur eina slökkvibifreið til umráða með 1.000 l geymi, þrjár dælur auk annars útbúnaðar. Ein dælan er staðsett í Reykjanesi. Dreifing brunahana í Súðavík er viðunandi.

Þá eru Björgunarsveitin Kofri og Slysavarnadeild Súðavíkurhrepps með aðstöðu í Ákabúð sem staðsett er á svæði S3 en Björgunarsveitin Kofri á og rekur eina bifreið sem staðsett er í húsi slökkviliðsins við Langeyraryveg og nýtist einnig slökkviliði staðarins í útköllum.

Heilsugæslusel Súðavíkur er í þjónustuhúsinu Álftaveri við Grundarstræti 3 í Súðavík. Tannlæknaþjónusta og önnur sérhæfð lækniþjónusta er staðsett á Ísafirði á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Súðavíkurhreppur er, ásamt fleiri sveitarfélögum á Vestfjörðum, aðili að Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Samlagið hefur yfirumsjón með málaflokknum.

Búseta í Súðavíkurhreppi er einnig talsvert dreifð. Boðið er því uppá akstursþjónustu fyrir íbúa í dreifbýlinu þrjá daga í viku til að stuðla að auknu þjónustustigi í hreppnum og er sótt um það sérstaklega hjá félagsmálanefnd sveitarfélagsins.

„Heilsueflandi Súðavíkurhreppur“ er verkefni sem Súðavíkurhreppur vinnur í samstarfi við landlæknisembættið undir merkjum heilsueflandi samfélags. Markmið verkefnisins er að efla lýðheilsu, með því að styrkja líkamlegt, andlegt og næringarlegt atgervi einstaklinga í Súðavíkurhreppi. Áhersla er lögð á að bæta bæði hið manngerða og félagslega umhverfi íbúa, draga úr



ójöfnuði og draga úr tíðni og afleiðingum langvinnra sjúkdóma með margvíslegu forvarnar- og heilsueflingarstarfi. Í þessu samhengi er lykilnálgun að gæta að áhrifum á heilsu og líðan í allri stefnumótunavinnu til að auka lífsgæði allra íbúa í samfélaginu. Verkefnið er og verður í stöðugri þróun á skipulagstímabilinu.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Í Súðavíkurbreppi er hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna og því má segja að um fjölmenningslegt samfélag sé að ræða (nánar í kafla 10.1.3 Samsetning íbúafjölda). Stutt er í Fjölmenningssetrið sem staðsett er á Ísafirði en það þjónustar allt landið. Hlutverk setursins er að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búa á Íslandi eða vilja flytja til landsins.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

FÉLAGS OG VELFERÐAMÁL

Markmið

- ✓ Að allir íbúar sveitarfélagsins geti átt jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni og geti þannig tekið þátt í að þróa og efla samfélagið.
- ✓ Að Súðavíkurbreppur verði samfélag án aðgreiningar.
- ✓ Að Súðavíkurbreppur verði fjölskylduvænt samfélag með aðgengi fyrir alla.
- ✓ Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til að auka lífsgæði íbúa og komandi kynslóða.
- ✓ Að í Súðavíkurbreppi verði hlúð að blómlegu mannlífi og að sköpuð verði skilyrði til eflingar menningarstarfs, listasmiðja og fræðasetra.

SKÓLAR OG ÍÞRÓTTAHÚS

Markmið

- ✓ Að ávallt verði nægt leikskólapláss í sveitarfélaginu.
- ✓ Að Súðavíkurskóli verði til fyrirmyndar.
- ✓ Að áfram verði tryggt samstarf á milli skólastiga og einnig stuðlað að samstarfi við eldri borgara.
- ✓ Að aðgengi hreyfihamlaðra að leik- og grunnskóla verði ávallt tryggt.
- ✓ Að umhverfi skóla verði heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efla þroska allra nemenda.
- ✓ Að skólinn nýti sér nálægðina við náttúruna og góðar tengingar við opin svæði og stígakerfi Súðavíkur.
- ✓ Að allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri íþróttaiðkun.

Útfærsla

Gert er ráð fyrir að ávallt verði nægt framboð á leikskólaplássi í Súðavík og börnum með lögheimili í Súðavíkurbreppi áfram boðnar 6 gjaldfrjálsar stundir á dag, en það getur styrkt stöðu sveitarfélagsins í samkeppni um íbúa. Leikskólinn verður áfram í Súðavíkurskóla og áfram er lögð áhersla á samstarf milli skólastiga og jafnvel kynslóða, s.s. samstarf milli yngstu og elstu borgara sveitarfélagsins. Eldri borgarar gætu t.d. komið brot úr degi og hlustað á yngstu börnin lesa og eldri börn gætu heimsótt þá og lesið fyrir þá fréttir eða annað sem áhugi er fyrir, sbr. kafla 12.3 Félags- og heilbrigðismál. Nánar er fjallað um skólastarfsemi í skólastefnu Súðavíkurbrepps. Einnig er gert ráð fyrir því að öllum nemendum Súðavíkurskóla verði áfram boðið upp á tónlistarnám með því markmiði að nemendur geti þroskað tónlistarhæfileika sína í jákvæðu og hvetjandi umhverfi.

Gert er ráð fyrir að skólinn nýti tækifærin sem felast í fjölmenningarlegu samfélagi. Lögð er áhersla á að nemendur með sérþarfir fái viðeigandi aðstoð og skal miða alla hönnun skólmannvirkja við að aðgengi verði fyrir alla.

Áhersla verði lögð á virðingu fyrir umhverfinu og að íbúar geri sér grein fyrir þeim verðmætum sem felast í óspilltri náttúru. Lögð verði sérstök áhersla á að tengja námið við nánasta umhverfi og nýta tækifæri sem gefast til útifræðslu. Skólalóðir skulu þannig vera hluti af kennsluumhverfinu og mæta þörfum nemenda í samræmi við þroskastig þeirra. Stuðlað skal að fjölbreytileika á lóð ásamt öruggum tengingum við önnur útivistarsvæði eða ósnortna náttúru. Lágmarka skal neikvæð áhrif frá umferð eða iðnaði.

Gert skal ráð fyrir göngutengingum milli nýrra íbúðahverfa og Súðavíkurskóla.

SÖFN OG MENNINGARHÚS

Markmið

- ✓ Að Súðavíkurbreppur verði menningareflandi samfélag.
- ✓ Að gamlar byggingar með sögulegu gildi verði nýttar fyrir menningarlífið.
- ✓ Að gerð verði menningarstefna til að styrkja menningarstarf og ímynd Súðavíkurbrepps.
- ✓ Að stuðlað verði að uppbyggingu menningar- og listaseturs í Súðavík.
- ✓ Að Súðavík bjóði uppá húsnæði fyrir listamenn.

Útfærsla

Mikilvægt er að hlúa vel að því safnastarfi sem þegar er í Súðavíkurbreppi, svo sem Melrakkasetrinu. Melrakkasetrið hefur það langtímamarkmið að safna saman á einn stað allri þekkingu, efni og hlutum sem tengjast melrakkanum í fortíð og nútíð, ásamt því að stuðla að rannsóknum og bjóða uppá fræðslufni fyrir ferðamenn. Safnið hefur þannig mikilvægu hlutverki að gegna fyrir ferðabjónustu í sveitarfélaginu.

Mikilvægt er að standa vörð um þá starfsemi sem þegar er til staðar í sveitarfélaginu og hlúa að nýjum hugmyndum. Einnig er mikilvægt að menningarstarfsemi geti nýtt sér verðmætin sem liggja í gömlu húsunum og sögunni og unnið verði þannig að því að finna hentugt húsnæði fyrir sögusýningu um Súðavík sem jafnframt gæti gegnt hlutverki upplýsingamiðstöðvar ferðamála fyrir hreppinn. Mikill ávinningur getur falist í því að tengja starfsemi við sögufræg eða vernduð hús en þó skal taka tillit til hugsanlegra ofanflóða við alla skipulagsgerð, sbr. kafla 4 Náttúruvá.

Samkomuhúsið í gömlu byggðinni er mikilvægur staður í sögu og menningarlífi bæjarins. Mikilvægt er að efla tengsl þess við miðbæinn og íbúabyggðina sem fjallað er um í kafla 10.3 Miðsvæði.

Reiknað er með því að samkomuhúsið í Ögursveit verði áfram rekið með svipuðum hætti og verið hefur.

KIRKJUR OG KIRKJUGARÐAR

Markmið

- ✓ Að varðveita kirkjur sem menningar- og þjónustuhús.
- ✓ Að varðveita kirkjur og kirkjugarða sem menningarminjar.

Útfærsla

Áhersla er lögð á það að kirkjur geti áfram gegnt mikilvægu hlutverki sem menningar- og þjónustuhús þótt þær leggist af sem sóknarkirkjur. Jafnframt er gert ráð fyrir því að útlit þeirra, kirkjugarða og nánasta umhverfis, verði verndað, þar sem það á við. Við endurbætur og hugsanlegar stækkanir á kirkjugörðum skal þess gætt að þær verði í samræmi við aldur og stíl kirkjunnar og að sérkenni svæðisins haldi sér.

Huga skal að aðgengi fyrir alla að kirkjum og kirkjugörðum. Unnið verði að bættari aðkomu að kirkjugörðum sem enn eru í notkun. Þess skal þó gætt að endurbætur verði í samræmi við önnur ákvæði, s.s. vegna verndunar svæðisins, að höfðu samráði við viðkomandi sóknarnefnd eða kirkjugarðsstjórn.

FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Markmið

- ✓ Að allir íbúar sveitarfélagsins geti tekið þátt í að þróa og efla samfélagið.
- ✓ Að tryggja aðgengi allra íbúa að þjónustu í bæjarfélaginu.

- ✓ Að tryggja að allir sem þess óska, geti búið sem lengst á eigin heimili.
- ✓ Að bæta dvalarúrræði fyrir eldri borgara.
- ✓ Að efla lýðheilsu í sveitarfélaginu og að því sé fylgt eftir í allri stefnumörkun og skipulagi.

Útfærsla

Í samkeppni sveitarfélaga um fólk og fyrirtæki er mikilvægt að viðhalda og efla samfélagslega auðlegð Súðavíkurrepps. Mikilvægt er að styrkja þær stoðir sem stuðla að fjölskylduvænu samfélagi og skapa þannig góð skilyrði fyrir fjölskyldusamveru. Smæð samfélagsins, samvinna og félagsleg nálægð íbúa, óháð aldri, færni eða uppruna, eru þar lykilatriði.

Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun nýbygginga og útisvæða og við alla þjónustu, s.s. internetþjónustu. Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við það að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir. Yfir vetrartíma skal það tryggt að snjóir teppi ekki megingönguleiðir og aðkomu að þjónustu.

Aldraðir skulu eiga kost á þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Gert er ráð fyrir því að nýtt dvalarheimili rísi við Álfabyggð gegnt grunnskólanum og miðsvæðinu við Grundarstræti. Þar er nærþjónusta í göngufæri, útsýni yfir Álfafjörð og möguleiki á tengingum við skólustarf og útivistarsvæði. Einnig er nægilegt landrými fyrir þúttvöll á opnu svæði OP2. Mikilvægt er að eldri borgarar í sveitarfélaginu geti valið dvalarúrræði í samræmi við þarfir og að þeir hafi persónulegt svigrúm og einkalíf ævina á enda. Heimþjónusta er mikilvægur þáttur í úrræðum eldri borgara en þar skipta öruggar samgöngur verulegu máli. Allir íbúar sveitarfélagsins skulu eiga þess kost að búa á eigin heimili, þrátt fyrir mismunandi líkamlega eða andlega færni. Lögð skal áhersla á tengslamyndun og samstarf milli yngstu og elstu borgara sveitarfélagsins. Sjá mögulega útfærslu á þessu í kafla 12.1 Skólar og íþróttahús.

Umhverfi hefur talsverð áhrif á líkamlega og andlega heilsu íbúa á stofnunum. Þetta á bæði við um útsýni sem og beinan aðgang að útisvæðum. Þess vegna er lögð áhersla á að umhverfi stofnana verði hannað með þarfir íbúanna í huga og að jafnframt verði hugað að útsýni íbúa frá vistarverum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á sýnileika trjá- og blómgróðurs og tengingu við dýralíf og vatn. Útsýni til sjávar, fjalla og gróðursvæða skal sett í forgang sem og útsýni yfir svæði þar sem búast má við fólki við leik og störf. Mikill kostur er ef stofnanagarður dregur einnig að sér gesti og blómlegt mannlíf.

Stefna um landnotkun – Samfélagsþjónusta

Samkvæmt skipulagsreglugerð er **samfélagsþjónusta (S)**, svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem, óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Tafla 12.1 Samfélagsþjónusta (S).

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
S1 1,0 ha Súðavíkurskóli og íþróttahús	Á svæðinu er grunnskóli, leikskóli og íþróttahús ásamt útileiksvæði.	Svigrúm til frekari uppbyggingar íþrótt- og skólamanvirkja. Umhverfi bygginga verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og eflri þroska allra nemenda og iðkenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að byggingum og þjónustu sé fyrir alla. Skólinn og íþróttastarfsemi nýti sér nálægðina við náttúruna.
S2 0,24 ha Álfabyggð	Reiturinn er óbyggður. Svæði ætlað þjónustustofnun fyrir aldraða.	Gert er ráð fyrir dvalarheimili fyrir aldraða og uppbyggingu öldrunarþjónustu Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum. Aðgengi skal vera fyrir alla.
S3 0,3 ha Ákabúð	Björgunarsveitarhús við Aðalgötu.	Svigrúm til uppbyggingar líkamsræktaraðstöðu. Hugað skal sérstaklega að aðlögun mannvirkja að landslagi og strandlengju.
S4 0,53 ha Súðavíkirkirkja og kirkjugarður	Súðavíkirkirkja, upprunalega reist á Hesteyri 1889/1890 en flutt í Súðavík 1962. Kirkjan fellur undir Minjavernd. Einnig er minningarreitir til minningar um drukknaða sjómenn. Hverfisverndarsvæði.	Kirkjan er friðuð og fellur undir minjavernd. Sjá nánar Tafla 8.2 í kafla Byggingararfur og húsfriðun. Kirkjan er á hverfisverndarsvæði HV3 og gilda því ákvæði hverfisverndar (Tafla 9.2). Skipulagið rúmar stækkunarmöguleika og safnaðarheimili í framtíðinni.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Auðkenni	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
S5 0,3 ha Stöðin og Samkomuhúsið við Aðalgötu	Stöðin er við Aðalgötu 18, og gegndi hlutverki Pósts og síma í sögu Súðavíkur. Samkomuhúsið er við Aðalgötu 22. Á hverfisverndarsvæði HV1. Húsin eru á ofanflóðahættusvæði C.	Húsið verður nýtt sem samkomuhús fyrir einstaka viðburði, með svipuðum hætti og verið hefur. Nýting skal vera í samræmi við gildandi reglur um takmarkanir á viðveru á svæðinu vegna ofanflóða. Svæðið er hverfisverndað vegna menningarsögulegs gildis og því gilda ákvæði hverfisverndar (Tafla 9.2).
S6 Eyrarkirkja í Seyðisfirði og Eyrarkirkjugarður	Kirkjan að Eyri var byggð árið 1866. Eyrarkirkjugarður tilheyrir Eyrarkirkju sem er í einkaeigu.	Kirkjan er friðuð og fellur undir minjavernd. Sjá nánar Tafla 8.2 í kafla 8.2 Byggingararfur og húsfriðun. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað.
S7 Ögurkirkja og Ögurkirkjugarður Samkomuhúsið í Ögri 0,2 ha	Kirkjan í Ögri var byggð árið 1859. Kirkja hefur verið í Ögri frá fyrstu árum kristni á Íslandi og alla tíð verið í eigu Ögurbænda. Samkomuhús byggt árið 1930 og stækkað 1993. Á hverfisverndarsvæði HV9.	<i>Kirkja og kirkjugarður</i> Kirkjan er friðuð og fellur undir minjavernd. Sjá nánar Tafla 8.2 í kafla 8.2 Byggingararfur og húsfriðun. Kirkjan og kirkjugarðurinn eru á hverfisverndarsvæði HV9 og gilda því ákvæði hverfisverndar, sjá töflu 9.2. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað. <i>Samkomuhús</i> Húsið verður nýtt sem samkomuhús fyrir einstaka viðburði, með svipuðum hætti og verið hefur. Svæðið er hverfisverndað vegna menningarsögulegs gildis og því gilda ákvæði í kafla 9.2 Hverfisvernd í dreifbýli.
S8 Vatnsfjarðarkirkja og Vatnsfjarðarkirkjugarður	Núverandi kirkja í Vatnsfirði var byggð úr steini á árunum 1911-12. Hún tekur um 60 manns í sæti. Garðurinn er sérstæður hringlaga kirkjugarður hlaðinn upp með grjóti. Hverfisverndarsvæði. Önnur náttúruvernd ÖN5.	Kirkjan er friðuð og fellur undir minjavernd. Sjá nánar Tafla 8.2 í kafla 8.2 Byggingararfur og húsfriðun. Kirkjan og kirkjugarðurinn eru á hverfisverndarsvæði HV8 og gilda því ákvæði hverfisverndar. Á svæðinu er einnig önnur náttúruvernd ÖN5, sjá Tafla 5.1. Útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis verði verndað.

13 ÚTIVIST, OPIN SVÆÐI OG ÍPRÓTTIR

Hér er fjallað um almenna útivist, leiksvæði, íþróttir og önnur græn svæði.

Landnotkunarflokkar fyrir útivist, opin svæði og íþróttir eru:

- Opin svæði (OP)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

13.1 ÚTIVIST

Útivist af ýmsum toga hefur almennt aukist á Íslandi síðustu árin. Fjölbreytnin hefur aukist jafnt og þétt en einnig er um tískusveiflur að ræða. Áhugi á útivist tengist m.a. breytingum á viðhorfi og breyttum lífsgildum þar sem meira er horft til heilsu.

Í byrjun árs 2017 var byrjað á nýju verkefni í Súðavíkurbreytingu í samstarfi við landlækni, en yfirskrift þess er „Heilsuefandi samfélag í Súðavík“, sjá nánar í kafla 12.3 Félags- og heilbrigðismál. Verkefni sem þetta hafa verið í gangi hér á landi síðan 2013 og er Súðavíkurbreytingu áttunda sveitarfélagið sem tekur þátt, það fyrsta á Vestfjörðum. Markmið með verkefninu er að efla lýðheilsu íbúa með því að styrkja líkamlegt, andlegt og næringarlegt atgervi fólks í Súðavíkurbreytingu.

Súðavíkurbreytingu hefur upp á margt að bjóða þegar kemur að útivist og hreyfingu, hvort sem um er að ræða opin svæði til afþreyingar eða tilbúin íþróttasvæði. Fagurt landslag einkennir firðina sem ganga suður úr Ísafjarðardjúpi innanverðu. Undirlendi eru talsverð í fjarðarbotnunum og er mikið um fallegar gönguleiðir, bæði um fjörur, fjöll og dali.

Náttúrulegar aðstæður eru einkum góðar fyrir vetraríþróttir. Víða er góð aðstaða til skíðagöngu en hreppsþúar hafa einnig nýtt sér aðstöðuna í Tungudal og Seljalandsdal á Ísafirði í miklum mæli fyrir skíðaíþróttir þar sem

góð aðstaða er í boði. Tjörnina á Langeyri er hægt að nota til skautaiðkunar en sú aðstaða er einstaklega góð frá náttúrunnar hendi. Einnig er akstur snjósleða vinsæll innan fjarða.

Hestamennska er stunduð í hreppnum sem tómstundaiðja, en hesthúsasvæði hefur ekki byggst upp við þéttbýlið. Einnig eru hestaferðir fyrir ferðamenn vinsælar á Vestfjörðum og er slík þjónusta í Heydal.

Nokkur opin svæði eru í Súðavíkurbreytingu og er þar Raggagarður mjög vinsæll. Það er fjölskyldugarður með leiktækjum og aðstöðu til þess að grilla og borða saman, en einnig eru haldnir þar allskonar viðburðir. Leiktækin eru fjölbreytt og við allra hæfi, bæði fyrir börn og fullorðna, en einnig eru þjálfunartæki í svokölluðum Orkulundi og mini-golfbrautir.

Strandsvæði Reykjaness er vinsæll staður til margskonar útivistar. Þar er talinn mjög áhugaverður fuglaskoðunarstaður og einnig er vinsælt að kafa þar í kring og sigla um á kajak. Þar er sjórinn oft lygn, dýralíf fjölskrúðugt og hverir finnast á sjávarbotni. Eftir að þjóðvegurinn var færður frá austanverðu nesinu og yfir á það vestanvert jukust útivistarmöguleikarnir á svæðinu enn frekar, en gamli vegurinn hefur nýst sem reið- og gönguleið og til fugla- og selaskoðunar.

Merktar gönguleiðir hafa verið lagðar í nágrenni Heydals undanfarin ár meðal annars yfir í Skötufjörð, Laugadal og Dýrafjörð og búið er að útbúa upplýsingarskilti um fugla og plöntur staðarins. Hægt er að kaupa veiðileyfi í Ausvatn, fara á kajak, rjúpnaveiði, snjósleða, jöklaferð og fugla- og náttúruskoðun svo eitthvað sé nefnt, en einnig eru leiktæki neðan við hótelið og þrautabraut fyrir fullorðna.

Á eyjunni Vigur er einnig mikið fuglalíf og stórt æðavarp ásamt fallettri náttúru, sögu og menningu.

Smábátavegnað hreppsþúar, einkum Súðavíkinga, hefur aukist nokkuð á síðari árum og siglingar og sjóstangaveiði orðin stór þáttur í útivistarlífi Súðavíkinga.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Í höfninni í Súðavík er flotbryggja fyrir smábáta og rækjubátar sem notaðir eru til veiða á innfjarðarækju á veturna henta vel til frístundasiglinga og sjóstangaveiði á sumrin. Úrelding smábáta hefur gert það að verkum að fleiri smábátar hafa verið teknir úr notkun í atvinnuskyni sem nýtast því til frístundasiglinga og sjóstangaveiði.

Önnur afþreying og útivistarmöguleikar eru til dæmis fornleifaskoðun, óveðursferðir, köfun, rjúpnaveiði, jöklaferðir og refaskoðun.

Í Súðavíkurreppi má finna bæði sundlaugar og náttúrulegar. Sundlaug með sjálfrennandi heitu vatni er í Reykjanesi en þar er einnig inniaðstaða fyrir íþróttir og möguleiki á göngu- og bátsferðum, en einnig er lítil sundlaug í gróðurhúsi í Heydal. Heitar laugar eru Galtarhryggjarlaug á Galtarhrygg í Heydal og Hörngshlíðarlaug í Mjóafirði, en mun fleiri sundlaugar og heitar laugar eru í næsta nágrenni við hreppinn sem íbúar nýta sér.

Eftir að verkefnið „Heilsueflandi Súðavíkurreppur“ fór af stað hefur margt verið gert til þess að stuðla að heilbrigðari lífsstíl íbúa. Líkamsræktin á Langeyri er gjaldfrjáls á meðan á verkefninu stendur og sveitastjórn hreppsins veitir frístundastyrki til barna og unglunga að 18 ára aldri.

Ungmennafélagið Geisli heldur uppi allnokkru íþróttastarfi fyrir börn, unglunga og almenning á svæðinu.

Á árum áður nýttu menn tún til íþróttaiðkunar sunnan grunnskólans í Súðavík. Sú aðstaða lagðist af við uppbyggingu nýrrar byggðar. Í dag er íþróttavöllur staðsettur í nýju byggðinni í Eyrardalslandi, sem er 0.8 ha að stærð. Lengi hafði uppbygging á knattspyrnuvelli að löglegri stærð verið til umræðu ásamt frjálsíþróttaaðstöðu en fallið var frá þeirri hugmynd við uppbyggingu nýju byggðarinnar og í staðin horft til stærri sparkvallar í góðum tengslum við nærliggjandi íbúðarsvæði. Byggt var lítið íþróttahús við Súðavíkurskóla sem tekið var í notkun 1994. Í Reykjanesi hjá sundlauginni er leikfímihús og sparkvöllur sem nýttist í tengslum við skólustarf sem þar var rekið frá 1934-1996, en er núna nýtt fyrir almenning.

Stutt er í aðstöðu til keppnisíþróttar á Ísafirði sem nágrannahreppar hafa aðgang að og er þar mun meira framboð af skipulagðri íþróttaiðkun, en einnig eru starfræktar félagsmiðstöðvar sem halda úti fjölbreyttu félagslífi fyrir fólk á svæðinu. Í stærri bæjum í kring má meðal annars finna gervigrasvelli, stærri íþróttahús, golfvelli, reiðvelli, skotæfingasvæði, sundlaugar og skíðasvæði. Íþróttirnar eru af fjölbreyttum toga líkt og fótþolti, taekwondo, tennis, badminton, sund, blak, hnefaleikar, tafl, körfubolti og handbolti, en einnig aðrar tómsundur svo sem bridge, kór, myndlist og ýmiskonar hljóðfæraleikur.

13.1.1 Gildi útivistar

Í dag einkennist líf fólks af hraða, spennu og flóknum samskiptum manna á milli. Breytingar sem átt hafa sér stað í samfélögum og miklar kröfur sem gerðar eru til einstaklinga og fjölskyldna hafa leitt af sér aukið álag og streitu. Gert er ráð fyrir að streitutengdir sjúkdómar verði ríkjandi heilsuvandamál næstu áratugina. Langvarandi streita leiðir til margvíslegra skaðlegra breytinga á hjarta- og æðakerfi líkamans, auk taugaskemmda, meltingarfærasjúkdóma og svefntruflana. Þá fylgja oft geðrænir sjúkdómar í kjölfarið, eins og þunglyndi og kvíði.

Rannsóknir sýna að dvöl á grænum svæðum minnkar streitu og hefur jákvæð áhrif á andlega líðan fólks (Stigsdóttir og Grahn. 2003.) og því oftast sem einstaklingar dvelja í grænu umhverfi, þeim mun færri streitueinkenni hrjáir þá.

Hreyfing í heilnæmu umhverfi, ríku af náttúrufrýrbærum s.s gördum, almenningssvæðum, skógum og óspilltri náttúru hefur jákvæð áhrif bæði á andlega og líkamlega heilsu fólks. Í náttúrunni er að finna umhverfi sem veitir ómeðvitaða slökun og andlega hvíld ásamt því sem dagsbirtan og hreina loftið bætir líðan. Allt sem einstaklingurinn upplifir í umhverfinu hefur áhrif á vellíðan hans og heilsu, bæði andlega og líkamlega.

Mikilvægt er því að allir hafi aðgengi að grænu svæði ásamt möguleikum á að nýta það hvort sem það eru börn, eldra fólk eða aðrir sem eiga við einhvers konar skerðingar að stríða. Hafa þarf í huga að ákveðnir hópar fólks eiga á hættu að einangrast ef ekki er hugað að aðgengi að náttúru í öllu skipulagi. Þá staðfesta rannsóknir einnig að regluleg hreyfing gegni lykilhlutverki fyrir heilsu og vellíðan alla ævi. Hún minnkar líkurnar á flestum langvinnnum sjúkdómum og ávinningurinn af því að hreyfa sig takmarkast ekki við að fyrirbyggja sjúkdóma eða halda þeim í skefjum heldur eykur hreyfing líkamshreysti, vellíðan og lífsgæði almennt.

Skógar landsins henta vel til útivistar. Þar er að finna skjól gegn vindum, hlýlegt og fjölbreytt umhverfi, líffræðilega fjölbreytni, náttúruupplifun og víða góða innviði fyrir almenna notkun. Rannsóknir sýna að dvöl í skógi:

- Bætir ónæmiskerfið
- Lækkar blóðþrýsting
- Minnkar stress
- Bætir geð
- Eykur einbeitingu, jafnvel hjá börnum með ADHD
- Bætir svefn

13.2 SKÓGRÆKT OG TRJÁRÆKT

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og getur haft áhrif á gróðurfar, landslag, veðurfar, samfélag og svæði sem njóta verndar, t.d. vegna vatns, náttúrufars eða söguminja.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Fimm jarðir í Súðavíkurbreppi hafa gert samninga um landshlutaverkefni í skógrækt á Vestfjörðum, Skjólsskóga (

Tafla 13.5). Samningarnir voru gerðir á árunum 2001-2006 og eru allir til 40 ára. Skógræktarsvæðin eru frá 34,5 ha og upp í 130 ha (mynd 13.1). Skjólsskógar hafa verið starfræktir allt frá árinu 1999 en sumarið 2016 tók Skógræktin formlega við hlutverki Skógræktar ríkisins og landshlutabundnu skógræktarverkefnanna. Eitt af markmiðum landshlutaverkefnis í skógrækt er að sköpuð verði skógarauðlind í sveitarfélögum með ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta ásamt því að treysta byggð og efla atvinnulíf, eins og segir í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006. Til lengri tíma, þ.e. út fyrir ramma aðalskipulagsins, er gert ráð fyrir ræktun skóga á allt að 5% af flatarmáli láglandis á Vestfjörðum neðan 400 m h.y.s.

Gerð hefur verið áætlun um skógrækt innan og ofan byggðar í Eyrardalslandi. Ræktunin hefur m.a. þann tilgang að skýla fyrir veðri, vindum og snjó jafnt á sumri sem vetri.

Ofan Túngötu og Nesvegar er um 7.0 ha skógræktarsvæði þar sem plantað hefur verið trjám í nokkur ár. Skógræktarfélag Ísafjarðar hefur leyfi til þess að planta á svæðinu. Jafnframt hafa landeigendur komið þar upp trjáræktarreit.


Skógrækt, uppgræðsla lands og ruðningur á náttúrulegum skógi kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum (tilkynningarskyld) samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum í eftirfarandi tilvikum:

- Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógareyðing sem breytir fyrri landnotkun (flokkur B).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

- Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun (flokkur A)
- Uppgræðsla lands á verndarsvæðum (flokkur B)

Öll meiri háttar skógrækt er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, hvort sem hún fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum eða ekki.



Mynd 13.1 Skóglendi í Súðavíkurbær (Skógræktin, 2018).

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

ÚTIVIST

Markmið

- ✓ Að uppbygging útivistarsvæða stuðli að markmiðum "Heilsuefandi Súðavíkurrepps".
- ✓ Að allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþrótt- og tómstundastarfs.
- ✓ Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar.
- ✓ Að tengsl íbúa við náttúru og umhverfi verði eflað.
- ✓ Að aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og birkiskógum.
- ✓ Að náttúrulegum birkiskógum verði hlífð.

Útfærsla

Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar og íþróttar m.t.t. lýðheilsu og umhverfis, m.a. vegna uppeldis- og forvarnargildis og aukinnar umhverfisvitundar. Aðalskipulagið leggur áherslu á að öll uppbygging í samfélaginu taki mið af þessum sjónarmiðum með markmið verkefnisins um heilsuefandi Súðavíkurrepp að leiðarljósi. Áhersla skal lögð á aðgengi fyrir alla að íþróttamannvirkjum og útivistarsvæðum, þar sem því verður við komið, sbr. kafla 12.3 Félags- og heilbrigðismál. Lögð er áhersla á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar, þannig að allir íbúar geti stundað hreyfingu við sitt hæfi.

Markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu göngustíga í nýju byggðinni og tengja göngustígar flest útivistarsvæði í bænum. Það gerir íbúum kleift að komast auðveldlega leiðar sinnar og eru stígarnir vel nýttir af íbúum bæjarins. Góðar göngutengingar að útivistarsvæðum og á milli þeirra eru lykilatriði í heilsuefandi bæ og stuðla að bættri lýðheilsu bæjarbúa. Lögð er áhersla á að bæta og fjölga göngu- og hjólaleiðum í þéttbýlinu, þannig að

þær hvetji til útivistar en verði jafnframt raunhæfur valkostur sem samgönguleið, sbr. kafla 15 Samgöngur.

Markmið aðalskipulagsins er að útivistarsvæði séu ávallt í nánasta umhverfi íbúa sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu opinna svæða með það að markmiði að svæðin séu nytsamleg til leikjaiðkunar og útivistar. Gert er ráð fyrir að í skipulagi nýrra svæða verði gert ráð fyrir opnum svæðum, sem m.a. geta nýst á fjölbreyttan hátt. Heimilt er að reisa mannvirki í tengslum við þjónustu við opin svæði, enda skerði það hvorki gæði né notkun svæðisins.

Lögð er áhersla á að leiksvæði barna hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar og miða ber að því að svæðin nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Mikilvægt er að varðveita náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er.

Mikilvægt er að varðveita náttúru þeirra svæða sem henta vel til útivistar. Á meðal þessara svæða eru Eyrardalsá og nánasta umhverfi hennar og Langeyrin sem hvoru tveggja eru innan þéttbýlisins, Seljaland í botni Álftafjarðar, Hestfjarðarbotn, Reykjanes og góð berjalönd ásamt birkiskóglendi sem víða finnst í fjörðunum. Uppbygging á slíkum svæðum skal miðast við að skerða ekki gæði þeirra, en huga skal að aðgengi fyrir alla eins og kostur er. Náttúrulegir birkiskógar eru afmarkaðir sem útivistarsvæði á skipulagsupprætti.

Stefna hreppsins er að skapa skógarauðlind til útivistar og atvinnusköpunar. Fimm jarðir í sveitarfélaginu hafa gert samninga um landshlutaverkefni í skógrækt.

Opnum svæðum í þéttbýlinu má nokkurn veginn skipta í þrennt, þ.e. í almenn opin útivistarsvæði þar sem áhersla er lögð á góða stíga og útivist fyrir alla, bæjargarða/-torg þar sem lögð er áhersla á ákveðna sérstöðu og svo hverfissvæði með leik- og dvalarsvæðum. Það síðast talda er yfirleitt hluti af íbúðarhverfi og þjónar þeim sérstaklega.

Almenn opin útivistarsvæði:

Svæði sem umlykja byggðarkjarnann eins og trefill og myndar þannig samfelld útivistarsvæði þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt gróðurfar, fjölbreytta útivistarmöguleika, skjól og stíga í bland við ósnortna náttúru.

Bæjargarðar/-torg:

Svæði þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri útivistariðkun, afþreyingu, hátíðarhöldum, fræðslu og leik. Í Súðavík er einn bæjargarður á Miðsvæði M1, sjá nánar í kafla 10.3 Miðsvæði.

Leik- og hverfissvæði:

Svæði sem taka til leiksvæða, dvalarsvæða eða smærri almenningsgarða. Mikilvægt er að slík svæði séu jafnan í hæfilegri göngufjarlægð frá aðliggjandi íbúðabyggð með góðum og öruggum stígatengingum. Æskileg fjarlægð frá jaðri íbúðabyggðar að hverfissvæði er um 150-250m og æskileg stærð þeirra er á bilinu 1.000-2.000m². Í nýjum hverfum skal gera ráð fyrir slíkum svæðum og skal staðsetning og útfærsla ákvarðist nánar í deiliskipulagi. Mikilvægt er að slíkum svæðum sé fylgt eftir í deiliskipulagi og almenna reglan sú að betra sé að hafa þau fleiri en færri.

SKÓGRÆKT OG TRJÁRÆKT

Markmið

- ✓ Sköpuð verði skógarauðlind til útivistar og til atvinnusköpunar.
- ✓ Skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á náttúrulega birkiskóga.
- ✓ Skógrækt skerði ekki önnur náttúruleg gæði eða hafi neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar.

Útfærsla

Stefna hreppsins er að skapa skógarauðlind til útivistar og atvinnusköpunar. Unnið skal í samræmi við markmið og áætlanir Skjólskóga. Gæta skal þess að skógræktin hafi ekki neikvæð áhrif á náttúrulega birkiskóga, önnur náttúruleg gæði, svo sem náttúrulegt gróðurfar og búsvæði, eða aðrar atvinnugreinar. Jafnframt er mikilvægt að hefta útbreiðslu ágengra tegunda, eins og lúpínu og skógakerfils. Við alla skógrækt skal leggja áherslu á það að skerða ekki gott landbúnaðarland.

Varðveita skal náttúrulega birkiskóga, bæði vegna verndargildis og útivistargildis þeirra. Náttúrulegir birkiskógar eru afmarkaðir sem útivistarsvæði á skipulagsupprætti. Þeim skal hlífa en uppbygging í náttúrulegu skóglendi og á skógræktarsvæðum skal miðast við að gæði svæðanna verði ekki skert. Sjá kafla 5.5 Náttúrulegir birkiskógar.

Gert er ráð fyrir markvissri eflingu trjáræktar í þéttbýlinu til prýðis og skjóls og er sérstaklega lögð áhersla á skóg- og trjárækt á opnum svæðum í gömlu byggðinni með lundum og skemmtilegum áningastöðum í tengslum við sögu og frístundabyggð. Sett er fram hugmynd um að ræktun trjabelta á áherslusvæðum framtíðarbyggðar hefjist fyrir uppbyggingu hverfanna. Trjágróður markar þá land og myndar kennileiti í bæjarfélaginu áður en uppbygging hefst og jákvæðra áhrifa á skjól og yfirbragð nýrrar byggðar gætir fyrir.

Skógræktar- og landgræðslusvæði eru afmörkuð á skipulagsupprætti þar sem í gildi eru samningar á milli landeigenda og Skógræktarinnar (áður landshlutaverkefni í skógrækt) (

Tafla 13.5). Þar er gert ráð fyrir skógrækt í samræmi við þá samninga sem í gildi eru. Unnið er að sambærilegum samningi á milli landeigenda Skálavíkur ytri í Mjóafirði og Skógræktarinnar.

Skógrækt er einnig möguleg á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum. Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða skal sá aðili er hyggur

á skógrækt greina áhrif skógræktar skv. viðauka 2 í aðalskipulaginu. Við afgreiðslu framkvæmdaleyfis skal sérstaklega hugað að áhrifum á landbúnað og landbúnaðarsvæði. Jafnframt er æskilegt að leita samráðs við Skógræktina.

Á hverfisvernduðum svæðum skal þess gætt að skógrækt spilli ekki þeim náttúru- og menningarverðmætum sem eru vernduð.

Nytjaskógrækt, þ.e. ræktun skógar með það að meginmarkmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, er aðeins heimil á skógræktar- og landgræðslusvæðum. Fjölnytjaskógrækt, þar sem m.a. er gert ráð fyrir útivist fyrir almenning, er heimil á opnum svæðum.

Öll skógrækt skal falla vel að heildarsvipmóti lands, náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi. Skógrækt má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum og berjalöndum og ekki raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. um lífríki og landslag, þ.e.:

- Votlendi (20.000 m² eða stærra), stöðuvötnum og tjörnum (1.000 m² eða stærri) og sjávarfitjum og leirum.
- Sérstæðum eða vistfræðilega mikilvægum birkiskógum og leifum þeirra.
- Eldvörpum, eldhraunum, gervígum og hraunhellum.
- Fossum, hverum og öðrum heitum uppsprettum.

Leggja skal áherslu á góðar tengingar og gott samræmi á milli skógræktar, útivistar og ferðaþjónustu.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða, skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. Tafla 13.3.

Varast ber að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótun ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæðis ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarástýnd svæðisins.

Stefna um landnotkun – Opin svæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru **Opin svæði (OP)** svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Tafla 13.1 Opin svæði (OP).

Auðkenni	Stærð [ha]	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
OP1 Langeyri	7,9	Útivistarsvæði. Hverfisvernd.	Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæðis í sátt við náttúru og sögu svæðisins. Heimilt er að reisa mannvirki og byggingar allt að 100m ² , sem tengjast útivist eða þjónustu við frístundalífið. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV3 og gilda því ákvæði hverfisverndar (Tafla 9.2).

ADALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Auðkenni	Stærð [ha]	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
			Huga skal að aðgengi fyrir alla.
OP2 Arnarhóll	0,8	Leik- og hverfissvæði vestan við Grundarstræti.	Svigrúm til endurbóta. Leiksvæði hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar. Miða ber að því að svæðin nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla. Varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er.
OP3 Leiksvæði	0,3	Leik- og hverfissvæði milli Holtagötu, Álfabyggðar og Vallargötu.	Svigrúm til endurbóta. Leiksvæði hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar. Miða ber að því að svæðin nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla. Varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er.
OP4 Eyrardalsá	9,2	Útivistarsvæði upp með Eyrardalsá og fyrir ofan byggð. Hluti af stærra svæði. Innan hættumatssvæðis A og B.	Skipulagt útivistarsvæði, svo sem sleðabrekka, æfingabrautir og hreystiaðstaða, í sátt við náttúruna. Nýting í samræmi við hættumat vegna ofanflóða.
OP5 Útivistarsvæði í gömlu byggðinni	15	Útivistarsvæði frá Eyrardalsá og gegnum gömlu byggðina. Hverfisvernd á hluta svæðis. Innan hættumatssvæðis C.	Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæða í sátt við náttúru og búsetulandslag. Heimilt er að nýta núverandi byggingar og mannvirki til að bæta aðgengi að svæðinu og auka útivistarmöguleika þar, s.s. með veitingasölu, gistingu eða miðlun sögu svæðisins. Staðbundið hættumat liggur fyrir og skal öll uppbygging taka mið af því. Sjá nánar í kafla um ofanflóð (4.2) og frístundabyggð (10.4). Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis HV1 og gilda því ákvæði hverfisverndar (Tafla 9.2).
OP6 Ljósulundur	0,2	Lundurinn er samkomustaður og útivistarstaður.	Vernda skal ásýnd staðarins.
OP8 Vatnsfjörður	-	Aðkoma að menningarminjum í Vatnsfirði.	Gert ráð fyrir bættri aðstöðu fyrir ferðamenn til að skoða fornminjar og aðrar menningarminjar, svo sem bílastæði, stíga, skilti, salerni o.fl. Uppbygging skal vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar (svæði HV8), sjá töflu 9.2.

Stefna um landnotkun – Íþróttasvæði

Íþróttasvæði (ÍÞ) er samkvæmt skipulagsreglugerð, svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Tafla 13.2 Íþróttasvæði (ÍÞ).

Auðkenni	Stærð [ha]	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
ÍÞ1 Íþróttasvæði	0,8	Íþróttasvæði milli Holtagötu og Vallargötu, sunnan Eyrardalstorfu. Stór sparkvöllur í góðum tengslum við nærliggjandi íbúðarsvæði.	Svigrúm til uppbyggingar minni háttar aðstöðu tengda velliinum. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla.
ÍÞ2 Hesthúsasvæði	1,4	Svæði ofan Þjóðvegur við Langeyri.	Svigrúm til uppbyggingar fyrir hesthúsahverfi og frístundabúskap. Miða skal að því að ásýnd hverfisins hafi jákvæð áhrif á ímynd sveitarfélagsins.

Tafla 13.3 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Skipulagsákvæði
Landamerki	25 m	Á þessu svæði skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	50 m	Ekki þétt skógrækt. Heimilt að láta jaðar nærliggjandi skógræktar þynnast út í átt að vötnum, ám og sjó.
Friðlýstar fornleifar	100 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Friðaðar fornleifar	15 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Veitulagnir	1 m	Ekki skógrækt, sbr. kafla 14.1 Veitur.
Stofnvegir, tengivegir og aðrir vegir	15-30 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla 15 Samgöngur.

Stefna um landnotkun – Skógræktar- og landgræðslusvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru **skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)** svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Tafla 13.4 Almenn skipulagsákvæði fyrir landnotkun m.t.t. skógræktar.

Landnotkun	Skipulagsákvæði
Hverfisvernduð svæði vegna menningarminja.	Ákvörðun sveitarstjórnar um skógrækt á þessum svæðum skal byggja á sérstakri greiningu framkvæmdaraðila á áhrifum skógræktar, sem finna má í viðauka aðalskipulagsins. Einungis er gert ráð fyrir gróðursetningu plantna sem teljast til náttúrulegrar flóru svæðisins. Gróðursett tré skulu falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og ekki skerða útsýni. Ekki má raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Gróðursett tré skulu ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Sjá einnig hverfisverndarákvæði í kafla um hverfisvernd í dreifbýli (9.2) og frístundabyggð (10.4).
Hverfisvernduð svæði fyrir útivist Óbyggð svæði	Ákvörðun sveitarstjórnar um skógrækt skal byggja á sérstakri greiningu á áhrifum skógræktar, sem finna má í viðauka aðalskipulagsins. Einungis er gert ráð fyrir gróðursetningu plantna sem teljast til náttúrulegrar flóru svæðisins. Ekki skal spilla landi sem hentar vel til matvælaframleiðslu. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Sjá einnig hverfisverndarákvæði í köflum um hverfisvernd í dreifbýli (9.2) og frístundabyggð (10.4).
Landbúnaðarsvæði	Skógrækt, þ.m.t. nytjaskógrækt, er heimil á landbúnaðarsvæðum. Ekki skal spilla landi til matvælaframleiðslu. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Á hverfisvernduðum landbúnaðarsvæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

Opin svæði	<p>Fjölnytjaskógrækt er heimil, m.a. þar sem gert er ráð fyrir útivist fyrir almenning.</p> <p>Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni. Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.</p> <p>Skógrækt skal ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum.</p> <p>Á hverfisvernduðum opnum svæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.</p>
-------------------	--

Tafla 13.5 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Auðkenni	Stærð ha	Lýsing/núv. ástand	Skipulagsákvæði
SL1 Heydalur	35 ha	Aðili að Skjólaskógum síðan 2003. Svæðið er á náttúruverndarsvæði ÖN2.	Skógrækt í samræmi við samninga. Taka skal fullt tillit til þess að svæðið er á náttúruminjaskrá, sjá Tafla 5.1.
SL2 Birnustaðir	82 ha	Aðili að Skjólaskógum frá 2006.	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL3 Hestur/ Folafótur	68 ha	Aðili að Skjólaskógum frá 2002. Hverfisvernd.	Skógrækt í samræmi við samninga. Skógræktarsvæðið er að hluta til á hverfisverndarsvæði HV5 og gilda því ákvæði hverfisverndar, sjá töflu 9.2. Ljúka þarf við fornleifaskráningu áður en frekari skógrækt er heimil. Heimild er fyrir allt að 35 m ² geymslu við veginn.
SL4 Hlíð	130 ha	Aðili að Skjólaskógum frá 2003.	Skógrækt í samræmi við samninga.
SL5 Dvergasteinn	41 ha	Aðili að Skjólaskógum frá 2001.	Skógrækt í samræmi við samninga.

Meginmarkmið - Innviðir

- Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu.
- Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.

INNVIÐIR

14 VEITUR OG FJARSKIPTI

Í þessum kafla er fjallað um fjarskipti og veitur, þ.e. vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu.

14.1 VEITUR

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveita, hitaveita, rafveita, fráveita og fjarskipti. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum veitna, þ.e. flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Landsnet rekur stofnlínakerfi á Vestfjörðum ásamt Orkubúi Vestfjarða. Dreifikerfi raforku og hitaveitu í Súðavíkurreppi er í höndum Orkubúsins.

Vísað er til kafla um skógrækt og trjárækt (13.2), frístundabyggð (10.4) og landbúnað (11.3) varðandi lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum. Ákvörðun byggingarbanns háspennulína er skv. ÍST EN 50341-1:2001 og EN 50341-3-12:2001 og ákvarðast í hverju tilviki fyrir sig eftir kennistærðum línunnar. Gildir sú ákvörðun ef fjarlægð skal vera meiri en tilgreind er í ofangreindum köflum. Dæmigerð breidd byggingarbanns við 66 kV háspennulínu er 25 m og 35-45 m fyrir 132 kV línu. Um jarðstrengi gildir að ekki má grafa eða byggja innan eins og hálf metra fjarlægðar frá ysta streng.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er fjallað um veitur í kafla um Gæði hins byggða umhverfis. Þar kemur fram að „við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði“. Gera þurfi ráð fyrir landrými, aðstöðu og aðgerðum til að tryggja vatnsból, fráveitu og aðra þætti sem varða heilnæmt umhverfi og skoða möguleika á sjálfbærum eða blágrænum ofanvatnslausnum.


Tafla 14.1 Lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Skipulagsákvæði
Skógrækt	25 m	Skógrækt er ekki heimil innan uppgefina marka, sbr. kafla 13.2 Skógrækt og trjárækt.
Frístundahús	25 m	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við staðsetningu frístundahúsa, sbr. kafla 10.4 Frístundabyggð.
Uppbygging á landbúnaðarsvæðum	25 m	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við alla uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum. Undantekning eru byggingar tengdar veitum, sbr. kafla 11.3 Landbúnaður.

Fyrirvari er gerður um legu veitulagna á uppdrætti vegna skorts á upplýsingum.

14.1.1 Vatnsveita

Haustið 2001 tók Súðavíkurreppur í notkun ný vatnsból við Súðavík eftir að hafa notast við ómeðhöndlað yfirborðsvatn úr Eyrardalsá um áratuga skeið. Ekki kom nægt vatn úr þeim borholum sem boraðar höfðu verið ofan við bæinn. Árvatni er nú veitt með þeirri aðveitu sem fyrir var ofan í borholurnar, þar sem vatn streymir síðan eftir jarðlögnum og er dælt upp um vinnsluholurnar. Jarðlögin síá vatnið á leiðinni sem kemur hreint og tært upp um vinnsluholurnar (mynd 14.1). Eins og fram kemur í kafla 6 Vatnsvernd, hljóðvist og ljósvist nær vatnsverndarsvæði við Súðavík yfir allan Sauradalinn. Brunnsvæðið afmarkast frá vatnsbolinu og ánni í Sauradal og umhverfis borholu ofan þorpsins.



Mynd 14.1 Öflun neysluvatns í þéttbýli Súðavíkur (Mynd: Súðavíkurhreppur).

Í lögum nr. 93/1995 um matvæli og neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001 er fjallað um starfsleyfi vegna vatnsveitu. Miðað er við að eftirlit sé með neysluvatni vatnsveitna þar sem íbúafjöldi er 20 eða meira. Ekki er sérstakt eftirlit á sveitarbæjum, nema þar sem fram fer matvælastarfsemi, gisting, veitingasala, fiskvinnsla, kúabú eða annað sambærilegt. Minni einkaveitur fyrir stök býli og minni svæði í dreifbýli eru ekki með skilgreint vatnsverndarsvæði og ekki tilgreind á skipulagsuppdraetti. Nánar er fjallað um vatnsverndarsvæði í kafla 6.

Vatnsleiðslur sem eru 10 km eða lengri og eru grafnar í jörðu eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati skv. gr. 10.21 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

14.1.2 Hitaveita

Í Súðavíkurhreppi eru heimili almennt kynnt með raforku. Ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn í nágrenni Súðavíkur en þó er jarðhiti allnokkur í Reykjanesi, sjö skráðir staðir í tveimur þyrpingum. Hiti vatnsins er 84-96 °C með 1-16 s/l rennsli. Í dag er rekin ferðaþjónusta í Reykjanesi, en sundlaugin

þar er með sjálfrennandi jarðhitavatni og einnig eru öll húsin á staðnum hituð með hveravatni. Þá er jarðhiti einnig nýttur í saltvinnslu á svæðinu.

Víða í hreppnum er að finna heitar volgrur og laugar í fjarðarbotnum og dölum, svo sem í Hestfirði, Laugardal, Heydal, Mjóafirði og Ísafirði. Ný tækni við jarðhitaleit og virkjun jarðhita gefur vonir um að síðar kunni að vera mögulegt að nýta og virkja jarðhita á fleiri stöðum í sveitarfélaginu.

Flutningskerfi fyrir heitt vatn sem er 10 km eða lengra er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Eins og fram kemur í kafla um 11.7 Virkjanir og orkumál lagði starfshópur um bætt afhendingaröryggi á Vestfjörðum til að skoðað yrði hvort möguleiki væri á frekari nýtingu á jarðhita í Reykjanesi, svo sem til aukinnar húshitunar. Jafnframt er bent á það í skýrslu fyrrnefnds hóps að í Ísafjarðardjúpi sé að finna nýtanlegan jarðhita víðar en áður hefur verið talið. Um er að ræða lághita, þ.e.a.s. jarðhita undir 150° C á 1-3 km dýpi.

14.1.3 Fráveita

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ hefur það markmið að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólþs, en einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólþs frá íbúðabyggð og tilteknum atvinnurekstri.

Tvær fráveituæðar liggja frá nýju byggðinni í Eyrardal og ná þær út fyrir stórstraumsfjöruborð. Fráveitulagnir frá gömlu byggðinni, sem nú er einungis heimilt að nýta með takmörkunum, eru fjórar talsins og ná mislangt út í sjó en aðeins ein þeirra nær nú út fyrir stórstraumsfjöruborð en um þá lögn fer mestur hluti frárennslis á svæðinu utan Eyrardalsár. Fráveitulagnir í byggðinni í Súðavík voru endurnýjaðar á árunum 1975-1976.

Frá íbúðabyggð berast lífræn efni, næringarefni og gerlar. Frá iðnaði berast auk þess ýmis önnur efni, s.s. olíuefni, þungmálmur og þrávirk lífræn efni. Þó

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

er engin umfangsmikil starfsemi í Súðavík sem veldur mengun sjávar. Mengunaráhrif skólps eru mjög háð hæfni viðtakans til að þynna eða eyða þeirri mengun sem berst í hann.


Sjórinn er viðtaki skólps frá Súðavík og hann þynnir það og eyðir. Engin hreinsun á sér stað áður en skólpið rennur til sjávar. Straumlíkan hefur ekki verið gert fyrir Álftafjörð og því liggur ekki fyrir hvernig niðurbrotið á sér stað. Hér á landi er miðað við að fjöldi hitaþolinnna kólígerla, saurkólígerla eða saurkokka skuli vera undir 1.000 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis en undir 100 pr. 100 ml þar sem útivistarsvæði eða matvælaíðnaður er í grennd (Náttúrustofa Vestfjarða. 2002). Ástand viðtaka hefur ekki verið vaktað á skipulagstímabilinu en íbúar Súðavíkur er um 150 og því hefur verið litið svo á að fyrrnefnd skilyrði séu uppfyllt. Fráveita frá mengandi starfsemi í Súðavík er óveruleg eins og fram kom hér að ofan. Fjallað er um fráveitumál vegna fyrirhugaðrar Kalkþörungaverksmiðju í stefnukaflanum hér að neðan.

Í dreifbýli hreppsins er almennt búið að koma fyrir fullnægjandi rotþróm við bæi.

14.1.4 Rafveita

Raforkukerfinu má skipta í fjóra meginþætti:

- Orkuverin sem framleiða raforku.
- Flutningskerfið sem annast meginflutning raforku frá stærri orkuverum til stórnotenda og dreifiveitna (Mynd 14.2). Flutningskerfið er rekið á 33 til 220 kV spennu. Stærri virkjanir og stóriðjufyrirtæki tengjast beint við flutningskerfið.
- Dreifikerfin sem flytja raforkuna frá flutningskerfinu eða smávirkjunum til raforkunotenda.
- Rafkerfi raforkunotenda. Þar er raforkan nýtt til margvíslegra nota, bæði af atvinnulífinu og af heimilum.



Mynd 14.2 Flutningskerfi raforku á Íslandi (Landsnet. 2018)

Á norðanverðum Vestfjörðum er 66 kV kerfi sem tengir Ísafjörð, Bolungarvík, og Breiðadal við flutningskerfið. Frá Hrútatungu í Hrútafirði liggur 132 kV lína að tengivirki við Mjólkárviðkjún en þar er tengipunktur svæðisins við meginflutningskerfið. Þessar línur eru allar í eigu Landsnets. Orkubú Vestfjarða á dreifilínur sem liggja frá Skutulsfirði í Álftafjörð og um Ísafjarðardjúpi frá Langadalströnd. Ellefu kV lína liggur frá virkjun í Engidal yfir Rauðkoll, um Sauradal að varaafsstöð Orkubúsins sem er staðsett ofan við byggðina í Súðavík á Bólholti. Þaðan liggur 11 kV jarðstrengur að spennistöð við Túngötu í gömlu byggðinni, önnur 11 kV lína að spennistöð við Eyrardalsá og þriðja 11 kV loftlínan liggur á Langeyri en frá henni er jarðstrengur að spennistöð við Grundarstræti í nýju byggðinni. Þá liggur 11 kV lína, svokölluð sveitalína, um Álftafjörð að Hattardal en þar endar rafvæðing frá landsnetinu. Eyri í Seyðisfirði er utan samveitukerfisins með ljósavél í einkaeign. Varaafstöðin á Bólholti fer sjálfvirkt inn á net við útleysingu og er tengd inn á sameiginlegt dreifikerfi Orkubús Vestfjarða og

nýtist jafnframt nágrannabyggðarlögum. Lokið er rafvæðingu allra býla í hreppnum að Eyri í Seyðisfirði undanskilinni. Í Inndjúpi rekur Orkubú Vestfjarða dreifikerfi sem er tengt landskerfinu með 19 kV jarðstreng yfir Steingrímsfjarðarheiði til Hólmavíkur. Dreifikerfið í inndjúpi hefur mikið verið endurnýjað og nú er þriggja fasa jarðstrengur frá Blævarárdalsvirkjun að Hvítanesi í Skötufirði. Þriggja fasa jarðstrengur er inn Mjóafjörð að Heydal. Loftlínum hefur fækkað mikið en þær sem eftir eru eru ýmist reknar á 6 kV eða 11 kV spennu. Sæstrengir eru yfir Skötufjörð, Ísafjörð og út í Vigur og Æðey. Þrjár vatnsaflsvirkjanir, Sængurfossvirkjun, Mýrarárvirkjun (í Ísafjarðarbæ) og Blævardalsárvirkjun (í Strandabyggð) framleiða inn á dreifikerfið. Varaaflsvélar eru í Reykjanesi.

Móðurfélag Íslenska kalkþörungafélagsins hefur lagt fram viljayfirlýsingu um áhuga sinn á að fjárfesta í námu- og afurðavinnslu á kalkþörungum úr Ísafjarðardjúpi, en samkvæmt yfirlýsingunni var gert ráð fyrir að hefja rekstur kalkþörungaverksmiðju í Súðavík árið 2018 og þar með yrðu til 15-20 ný störf í þorpinu. Verksmiðjan þarf um 8 MW af raforku en einungis eru tiltæk um 3,5-4 MW til afhendingar. Til lengri tíma litið þarf verksmiðjan næga og örugga raforku og því þarf að bæta raforkukerfið á Vestfjörðum og tengja verksmiðjuna við kerfið. Til bráðabirgða hefur verið rætt um þann möguleika að verksmiðjan fái raforku með gasi.

Eins og áður hefur komið fram er áreiðanleiki raforkuafhendingar í kerfi Landsnets lægstur á Vestfjörðum. Tveir áhrifaþættir veða þar þyngst. Annars vegar liggur aðeins ein flutningsleið inn á svæðið sem samanstendur af þremur línunum sem verða oft fyrir truflunum vegna veðurs. Þar af leiðandi er afhending á forgangsortu ekki með svokölluðu N-1 afhendingaröryggi. Til staðar þarf að vera nægt varaaf ef bilanir verða og viðeigandi spenna og tengivirki þarf til að skila orkunni til notenda. Hins vegar er hærri bilanatíðni og lengri viðgerðartími á loftlínum á Vestfjörðum en gengur og gerist, en það hefur í för með sér að áreiðanleiki orkuafhendingar á þessu svæði er ekki eins mikill samanborið við aðra afhendingarstaði landsins.

Vestfirðir eru töluvert frá því að vera sjálfbærir með raforku en orkuframleiðslan er um 40% af orkuþörfinni. Spennuvandamál í Mjólká valda því að ekki er hægt að auka afhendingu frá flutningskerfinu um meira en 10 MW. Þessi spennuvandamál má leysa með þéttavirkjum og auka þar með afhendingargetuna enn frekar.

Á síðustu árum hafa úrbætur verið gerðar, m.a. með stækkun Mjólkárvirkjunar og nýjum spennu þar, nýju tengivirki á Ísafirði, nýrri varaafsstöð í Bolungarvík og uppsetningu smærri virkjana. Ljóst er að framtíðarlausnir felast í styrkingu flutningslína og mögulega frekari framleiðslu á raforku innan Vestfjarða. Á Vestfjörðum er unnið að undirbúningi frekari virkjana eins og fjallað var um í kafla 11.7 Virkjanir og orkumál. Unnið er að undirbúningi Hvalárvirkjunar og fleiri virkjanir eru til skoðunar í Ísafjarðardjúpi, s.s. Hvanneyrardalsvirkjun í Ísafirði.

Óvissa um stærð og staðsetningu nýrra virkjana á svæðinu gerir það að verkum að margir kostir eru uppi á borðinu og margir óvissuþættir. Aðgengi að flutningskerfinu hefur áhrif á virkjanakosti en einnig má segja að virkjanir geti haft áhrif á legu raflína. Því er mikilvægt að skoða þessa þætti heildstætt. Hvalárvirkjun og Austurgilsvirkjun eru í nýtingarflokki rammaáætlunar en einnig er unnið að endurmati á Skúfnavatnavirkjun. Í skýrslu samstarfshóps um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum frá árinu 2012 er fjallað um eftirfarandi sviðsmyndir framtíðaraðgerða (Samstarfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. 2013):

- Tenging Hvalárvirkjunar.
- Tvöföldun Vesturlínu.
- Tenging Glámuvirkinar.
- Styrking á línunum án virkjana á vestanverðum Vestfjörðum.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Í drögum að Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 er fjallað um úrbætur á svæðisbundnu flutningskerfi og á meginflutningskerfinu en einnig möguleika á að hringtengja flutningskerfið á Vestfjörðum og þannig tryggja betur raforkuflutning frá landskerfinu. Í áætluninni er gert ráð fyrir styrkingu á raforkukerfinu á sunnanverðum Vestfjörðum og lagningu jarðstrengs í Dýrafjarðargöng. Ekki er gert ráð fyrir að hringtengja (eða tvöfalda) flutningskerfi raforku á Vestfjörðum á gildistíma áætlunarinnar.

Landsnet vinnur að útfærslum á nýjum tengipunkti við Ísafjarðardjúp. Staðsetning tengipunktsins mun taka mið af því að geta þjónað bæði mögulegum virkjunum á svæðinu auk þess að falla að framtíðar flutningskerfi og þjóna afhendingu inn á dreifikerfið á svæðinu. Helst er horft til þess að tengja afhendingarstaðinn við Mjólkárínu 1 í Kollafirði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun hjá Landsneti eða stjórnvöldum um mögulega hringtengingu raforku á Vestfjörðum. Tvöföldun tengingar til Vestfjarða gæti í framhaldinu mögulega orðið að veruleika með nýrri línu frá Kollafirði til Mjólkár eða beint úr Ísafjarðardjúpi til Ísafjarðar. Landsnet hefur nýlega birt greiningu á mismunandi sviðsmyndum til að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum (Landsnet, 2019). Ekki er fjallað nánar um það hér en bent er á skýrslu fyrirtækisins sem kom út í mars 2019.

Í umsögn Fjórðungssambands Vestfjarða um kerfisáætlunina er bent á markmið þingsályktunar nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í þingsályktuninni kemur m.a. fram að treysta skuli flutningskerfið betur og tryggja afhendingaröryggi raforku um allt land. Setja skuli Vestfirði í forgang, ásamt fleiri svæðum. Fram kemur að hafa skuli möguleika til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu að leiðarljósi við styrkingu og uppbyggingu á flutningskerfinu og að gæta skuli jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbygginguna. Í þingsályktuninni er þess sérstaklega getið að skoða skuli að hve miklu leyti megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbygginguna.

Vestfirsk sveitarfélög gera þá kröfu að kerfisáætlun taki til umfjöllunar hvernig byggja megi upp flutningskerfi raforku á Vestfjörðum. Þau krefjast


þess að orka verði afhent með svokallaðri N-1 tengingum innan þéttbýlis og nágrennis þeirra.

Stefna vestfirskra sveitarfélaga er að uppbygging kerfisins sé samkeppnishæf við aðra landshluta í samræmi við þingsályktun nr. 26/148. Svæðið þarf að vera samkeppnisæft til að taka við aukinni framleiðslu á raforku innan Vestfjarða og geta afhent raforku til stærri notenda í og við þéttbýli á Vestfjörðum.

Algengara er að jarðstrengir séu lagðir í jörðu nú en áður til að draga úr sjónrænum áhrifum. Áhrifin fara þó talsvert eftir landslaginu og landfræðilegum aðstæðum hverju sinni. Í sumum tilvikum kunna loftlínur að valda minna raski en jarðstrengir. Jarðstrengir hafa einnig tæknilega annmarka sem tengjast spennubreytingum og því er einungis hægt að leggja takmarkað magn af þeim innan hvers svæðis. Loftlínur þurfa því einnig að koma við sögu. Landsnet vinnur nú að greiningu á því hversu hátt hlutfall jarðstrengja er hægt að leggja á Vestfjörðum (Árni Jón Elíasson, munnleg heimild, 14. nóvember 2018).

Tafla 14.2 Rafveita og helgunarsvæði.

Línustærð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Jarðstrengur Lágspenna	1 m	Yfir strengskurði er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil.
Jarðstrengur Háspenna	2 m	Yfir strengskurði er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil.
Loftlína 11 kV	10 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína 66 kV	25 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína 132 kV	35-45 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína 220 kV	65-85 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.



Mynd 14.3 Rafmagn og fjarskipti í Súðavíkurhreppi. Fjallað er um fjarskipti í kafla 14.2.

14.2 FJARSKIPTI

Góðar fjarskiptatengingar eru mikilvægar fyrir eflingu svæðisins og í raun ein af grunnforsendum í uppbyggingu samfélagsins. Gott aðgengi að fjarskiptum er mikilvægt fyrir íbúa en hefur ekki síður mikil áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja. Fjarskiptasamband á Vestfjörðum hefur verið lakara en á mörgum öðrum landsvæðum. GSM-samband hefur verið stopult og afhendingaröryggi nettenginga óviðunandi. Þar sem samkeppnishæfni svæða og íbúabyggða má meðal annars mæla út frá ástandi fjarskipta er líklegt að það hafi haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu sveitarfélagsins gagnvart uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og möguleikum til menntunar (Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016).

Til er þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022. Þar eru talin upp fjögur markmið sem stuðla eiga að aðgengilegum, greiðum, hagkvæmum, skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum, meðal annars til að stuðla að atvinnuuppbyggingu, bættum lífsgæðum og jákvæðri byggðaþróun. Mikið hefur verið gert á landsvísu í kjölfar þessarar þingsályktunar. Í mars árið 2015 kom út skýrsla starfshóps innanríkisráðherra sem ber heitið *Ísland ljóstengt, landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða*. Þar er ein megintillagan að aðgangur að háhraða fjarskiptatengingu verði grunnþjónusta sem standa skuli öllum landsmönnum til boða, óháð búsetu. Önnur megintillaga er að á landsvísu verði átaksverkefni skilgreint til sex ára (2015-2020) um uppbyggingu ljósleiðaraaðgangsneta á svæðum þar sem markaðsbrestur er. Markmið fyrsta hluta verkefnisins 2015–2020 er að tryggja öllum landsmönnum svokallað breiðband sem er háhraða nettenging, 100 Mb/s eða meira.

Í Súðavíkurreppi er net og GSM síma samband ótryggt á ákveðnum stöðum. Samkvæmt mælingum sem fram fóru á þjóðvegum landsins á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar árið 2017 er mjög lélegt samband í botni Seyðisfjarðar og Hestfjarðar, við Bolaskóg í Hestfirði, undir Eyrarhlíð og Fossahlíð í Skötufirði, í Ögurvík, í Mjóafirði og innst í Ísafirði. Versta sambandið er í fjarðarbotnum og er botn Mjóafjarðar nánast sambandslaus. Ekki er hægt

að ná 3G þjónustu í botni Seyðisfjarðar og Ísafjarðar, Hestfirði og Skötufirði og er merkið slæmt vestanmegin í Mjóafirði. 4G samband næst eingöngu, þótt slitrótt sé, undir Skarðshlíð í mynni Skötufjarðar.

Seinnihluta árs 2016 var lokið við hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum. Tenging um Súðavíkurrepp var meðal annars loka áfangi þessarar tengingar og er nú hægt að tengja heimtaugar við ljósleiðarann. Súðavíkurreppur fékk styrk fyrir tengingum við ljósleiðara vorið 2015 og voru 78 hús orðin tengd við ljósnetið haustið 2016. Byggð í Heydal, Laugardal og Reykjanesi hefur þegar verið tengd og sótt hefur verið um styrk til að tengja Svarthamar og Hattardal í Álftafirði, Hörgshlíð í Mjóafirði, Svansvík í Ísafirði og Reykjarfjörð. Gert er ráð fyrir örbylgjusambandi í Hörgshlíð, Svansvík og Reykjarfirði. Vonir eru bundnar við það að atvinnulíf á Vestfjörðum muni eflast með komu ljósleiðara og einnig draga lagnir rafstrengja í jörð úr líkum á að íbúar og atvinnulíf verði án rafmagns ef kemur til truflana sökum veðurs eða annarra áfalla. Sjá má legu ljósleiðara á Mynd 14.3.

Loftnetsmöstur eru við Sjónarhól í Súðavík og á Langeyri, í Hörgshlíð í Mjóafirði og í Ögurvík (Mynd 14.3). Radíómastur er staðsett í Reykjanesi í tengslum við flugvöll þar ásamt tveimur öðrum minni fjarskiptamöstrum. Sjá nánar í kafla 15.2 Flugvellir.

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

VATNSVEITA

Markmið

- ✓ Að allir íbúar og fyrirtæki hafi ávallt nægan aðgang að ómenguðu köldu vatni til neyslu eða annarra nota.
- ✓ Að gæðum einstakra vatnsbóla verði ekki spillt með framkvæmdum eða annarri umgengni.

Útfærsla

Ekki er gert ráð fyrir því að ráðist verði í almenna uppbyggingu á veitum utan þéttbýlisins en lögð skal áhersla á það að viðhalda eða auka gæði þess neysluvatns sem afhent er í sveitarfélaginu.

Mikilvægt er að allar vatnslagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Gæta skal þess að vatnsöflun hafi ekki neikvæð áhrif á aðra nýtingu í nágrenni viðkomandi vatnsbóls.

HITAVEITA

Markmið

- ✓ Að tryggt sé að íbúar og fyrirtæki hafi ávallt nægan aðgang að heitu vatni.
- ✓ Áhersla skal lögð á endurnýjanlega orkugjafa til húshitunar.
- ✓ Tryggja að veitulagnir spilli ekki verðmætum náttúrusvæðum og að frágangur þeirra verði til fyrirmyndar.

Útfærsla

Gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri og viðeigandi viðhaldi og uppbyggingu hitaveitu, eftir því sem þurfa þykir og mögulegt er.

Skoðun á þróunarmöguleikum við nýtingu á heitu vatni og frekari leit að jarðhitavatni innan hreppsins er æskileg. Finnist vatnið er líklegt að leggja þurfi nýja lögn að veitustöð. Mikilvægt er að lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Einnig er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá yfirborði að sem minnst sjáist af ummerkjum framkvæmda. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

FRÁVEITA

Markmið

- ✓ Að fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við þarfir samfélagsins.
- ✓ Að mengun vegna skólps við stendur sveitarfélagsins verði í algjöru lágmarki.
- ✓ Að mengun í ám og stöðuvötnum vegna skólps verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Útfærsla

Ekki er heimilt að reisa neins konar mannaústaði innan þéttbýlis né utan þess án þess að þeir séu tengdir við fráveitur eða rotþrær.

Gert er ráð fyrir því að öll frístundahús og heimili í dreifbýli sem eru í vegasambandi, en ekki með fráveitukerfi, verði tengd viðurkenndri rotþró.

Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Gert er ráð fyrir að skólp frá fyrirhugaðri kalkpörungaverksmiðju verði leitt í rotþró. Affallsvant vegna vinnslu kalkpörungasetts fer í setþró. Ekki er þörf á sérstakri fráveitu vegna affallsvatnsins.

Á skipulagstímabilinu verður ástand viðtakans metið útfrá sýnatöku og ákvarðanir um meðhöndlun fráveitu teknar í samræmi við það.

RAFVEITA

Markmið

- ✓ Að afhendingaröryggi raforku verði sambærilegt við önnur sveitarfélög á landinu.
- ✓ Að næg orka verði tiltæk fyrir íbúafjölgun og frekari uppbyggingu í atvinnulífi innan sveitarfélagsins.
- ✓ Að tryggð verði næg raforka og ásættanlegt afhendingaröryggi fyrir rekstur kalkpörungaverksmiðju við Langeyri.
- ✓ Að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst.
- ✓ Að stuðlað verði að aukinni orkunýtni.
- ✓ Að neikvæð umhverfisáhrif vegna línulagna verði lágmörkuð.

Útfærsla

Eitt af mikilvægustu málafnum sveitarfélagsins er að afhendingaröryggi raforku verði sambærilegt við önnur sveitarfélög á landinu. Styrkja þarf flutningskerfið með tvöföldun á Vesturlínu og mögulega síðar hringtengingu um Ísafjarðardjúp ef farið verður í virkjunarframkvæmdir þar. Jafnframt er mikilvægt að nægt framboð verði af raforku vegna íbúafjölgunar og atvinnuþróunar.

Leggja skal áherslu á það að velja bestu leiðina með tilliti til afhendingaröryggis en jafnframt hlífa umhverfi við neikvæðum áhrifum.

Stefnt skal að því að raflínur verði lagðar í jörðu þar sem það er kostur. Meta þarf í hverju tilviki hvort heppilegra sé að línur liggi í jörðu eða lofti. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Æskilegt er að línur liggi meðfram vegum þar sem landi er þegar raskað. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir hringtengingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum um Ísafjarðardjúp. Raflínan getur tengt virkjanir við Djúpið við flutningskerfið, verði þær að veruleika. Línan er sýnd á skipulagsupprætti en hafa verður í huga að eftir á að ráðast í hönnun og nánari útfærslu á línuleið. Raflínan er ekki í kerfisáætlun Landsnets. Stefna hreppsins er að við línulagnir verði sá valkostur sem hefur minnst umhverfisáhrif valinn. Tæknilegar forsendur fyrir möguleikum á jarðstrengjum verður einnig að taka til greina, eins og fram kom hér að framan.

Innan helgunarsvæðis háspennulína er ekki heimilt að reisa mannvirki og ekki er gert ráð fyrir skipulagðri trjárækt innan þessa svæðis. Helgunarsvæði jarðstrengja eru ekki eins vel skilgreind en hvorki má grafa né byggja í minna en hálf metra fjarlægð sitt hvoru megin við ysta streng. Þetta fer þó eftir aðstæðum hverju sinni. Leitast skal við að hækka ekki yfirborð lands sem er undir háspennulínum, án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana. Jafnframt skal forðast að háspennulínur og vegir þveri hvort annað. Tryggja skal aðgengi að línum í lofti og jörð og möstrum eins og kostur er til að hægt sé að sinna viðhaldi.

Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð kalkpörungaverksmiðja við Langeyri fái tiltæka orku úr raforkukerfinu (3,5-4 MW) og til viðbótar þá raforku sem uppá vantar í kerfið (4,5 MW) með raforku sem framleidd verður með gasi við verksmiðjuna (4,5-5 MW). Styrkja þarf raforkukerfið, bæði auka afhendingaröryggi og auka raforkuframboð þannig að hægt verði að keyra verksmiðjuna á endurnýjanlegri orku eins fljótt og auðið er. Endurnýja þarf

11 kV dreifilínuna sem liggur úr Engidal og í Álftafjörð, en hún er komin á tíma.

Ekki er gert ráð fyrir vindmyllum til raforkuframleiðslu inn á landsnetið, enda hefur ekki farið fram forathugun sem hefur leitt í ljós hagstæðar aðstæður fyrir vindorkuver. Jafnframt má búast við talsverðum umhverfisáhrifum af stærri vindmyllum eins og fjallað var um hér að framan. Svigrúm er hins vegar fyrir minni vindmyllur til heimanota innan landbúnaðarsvæða. Komi fram ósk um að byggja vindmyllu er mikilgægt að fram fari ítarleg greining á umhverfisáhrifum. Skoða skal áhrif á landslag, ferðaþjónustu og útivist, fugla, skuggaflökt, hljóðvist, ískast og fleiri staðbundin áhrif.

FJARSKIPTI

Markmið

- ✓ Að allir íbúar, menntastofnanir og atvinnulíf í Súðavíkurbænum hafi við góð fjarskipti.
- ✓ Að öll heimili í sveitarfélaginu geti tengst háhraðaneti og notið þeirra möguleika sem boðið er upp á með slíkri tengingu.
- ✓ Að fyrirtæki í öllu sveitarfélaginu geti treyst á örugga gagnaflutninga um háhraða nettengingu.

Útfærsla

Staðsetning endurvarpsstöðva er ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Í aðalskipulaginu er þó gert ráð fyrir frekari uppbyggingu fjarskipta.

Ljósnet skal leit í öll hús í sveitarfélaginu og allir íbúar hafi kost á tengingu við það.

Byggja þarf frekar upp fjarskiptakerfið, tengja dreifbýlið háhraðaneti og treysta kerfið. Jafnframt er nauðsynlegt að efla farsímasamband í

dreifbýlishluta hreppsins til að styrkja byggð þar og þjóna vaxandi umferð um þjóðveginn um Djúp.

Uppsetning fjarskiptamastra er háð útgáfu byggingarleyfis sem byggir á grundvelli deiliskipulags eða málsmeðferð grenndarkynningar, þar sem við á. Umsóknum um nýjar staðsetningar farskiptamastra innan þéttbýlisins og á landbúnaðarsvæðum skal leggja fyrir sveitarfélagið og þarf ekki breytingu á aðalskipulagi.

Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

Við uppsetningu fjarskiptamastra skal hugað að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.

Leggja ljósleiðara er sýnd á skipulagsupprætti og á Mynd 14.3.

15 SAMGÖNGUR

Í þessum kafla er fjallað um þróun og stefnu um samgöngumál og helstu áhrifaþætti, s.s. megingatnakerfi, ný samgöngumannvirki, almenningsamgöngur og vistvænna samgöngumáta. Fjallað er um hafnarsvæði í kafla 11.6.

Landnotkunarflokkar fyrir samgöngur eru:

- Vegir, götur og stígar (VE)
- Flugvellir (FV)

Samgöngur eru ein af grunnforsendum búsetugæða og undirstaða öflugra atvinnu-, þjónustu- og menntakjarna. Meginmarkmið samgönguáætlunar eru að samgöngur skuli vera greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar eru þéttbýliskjarnarnir á norðanverðum Vestfirðum innan eins vinnusóknarsvæðis með Ísafjörð sem miðstöð (Byggðastofnun. 2015b). Í samgönguáætlun 2011-2022 er lögð áhersla á styttri ferðatíma innan hvers landsvæðis til næsta atvinnu- og þjónustukjarna. Einnig er lögð áhersla á greiðari samgöngur með öðrum ferðamátum en einkabíl.

Talsverð samvinna er milli þéttbýlisstaðanna við Djúp hvað varðar stjórnsýslu og þjónustu við íbúa, eins og fjallað er um í kafla 12 Félags- og velferðarmál. Súðavík er í 20 km fjarlægð frá Ísafirði og þaðan eru 13 km til Bolungarvíkur. Vegur á milli Súðavíkur og Ísafjarðar er góður en öryggi er ekki viðunandi vegna ofanflóðahættu við ákveðnar veðuraðstæður, svo sem mikla úrkomu og óstöðug snjóalög. Þetta á bæði við um Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð. Vegurinn milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur var endurbættur með jarðgöngum sem opnuðu árið 2010.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að styttingu leiða til höfuðborgarsvæðisins um Djúpveg, s.s. með þverun Reykjafjarðar,

Mjóafjarðar og opnun Þröskulda. Leiðin á milli Súðavíkur og höfuðborgarinnar er því orðin 434 km og öll með bundnu slitlagi.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum nr. 80/2007. Um skilgreiningar flugvalla og helgunarsvæða flugvalla er fjallað í lögum um loftferðir nr. 60/1998 m.s.br. og reglum um einstaka flugvelli.

Nýbygging og/eða breyting á eldri samgöngumannvirkjum er í mörgum tilvikum háð mati á umhverfisáhrifum og er vísað til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

15.1 VEGIR, GÖTUR OG STÍGAR

Framtíðarþróun Súðavíkurhrepps er nátengd þróun í samgöngum. Fyrirhuguð uppbygging í atvinnulífi hreppsins, þ.e. kalkþörungaverksmiðja, aukin ferðaþjónusta og efling fiskeldis, er mjög háð góðum og traustum samgöngum. Á íbúapingi sem haldið var í Súðavík í nóvember 2017 kom skýrt fram að íbúar telja að samgöngur séu mikilvægasta málefni aðalskipulagsins. Að þeirra mati er mjög mikilvægt að tengja Súðavík og Skutulsfjörð með öruggum vegi, þannig að svæðið verði eitt atvinnu- og búsetusvæði.

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál leggur áherslu á langtímalausnir í samgöngumálum. Í skýrslu nefndarinnar til Fjórðungsbings Vestfirðinga árið 2016 leggur nefndin áherslu á útrýmingu einbreiðra brúa í umsögn sinni við samgönguáætlun 2015-2018 (Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016b). Einnig leggur nefndin áherslu á bættu vetrarþjónustu á Djúpvegi og aukið fjármagn til rannsókna á jarðgangakostum, s.s. Álftafjarðargöng.


Þjóðvegur 61 – Djúpvegur, sem nær milli Króksfjarðar við Breiðafjörð og Bolungarvíkur, liggur meðfram allri strandlengju hreppsins að undanskildum Reykjafirði og innanverðum Mjóafirði, en vegurinn þverar þessa firði. Vegurinn er allur malbikaður en á honum eru fjórar einbreiðar brýr, þ.e. í Hattardal, botnum Hest- og Skötufjarðar og við Laugardal. Þjóðvegurinn

liggur í gegnum þéttbýli Súðavíkur. Vegagerðin hefur óskað eftir því að veglínan í Hattardal verði færð og ný tvíbreið brú gerð. Einnig eru fyrirhugaðar úrbætur á núverandi vegi í innsta hluta Seyðisfjarðar og yfir í Hestfjörð. Þar mun núverandi veglína að mestu halda sér. (Mynd 15.3)


Þjóðvegur 633 – Mjóafjarðarvegur liggur um Vatnsfjarðarnes og innanverðan Mjóafjörð. *Þjóðvegur 632* – Laugardalsvegur liggur inn Laugardal og *Þjóðvegur 634* – Reykjanesvegur liggur að byggðinni á Reykjanesi. Enginn vegur er í kringum Hest; nesið milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar. Heimreiðar eru heim að helstu býlum. Allir vegirnir í eru malarvegir, nema Reykjanesvegur og ytri hluti Laugardalsvegar. Þrjár einbreiðar brýr eru í Mjóafirði og ein í Laugardal. (Mynd 15.3)

Götur í þéttbýli flokkast í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Einungis stofn- og tengibrautir eru staðfestar í aðalskipulagi en safn- og húsagötur eru hafðar til skýringar og koma fram á þemakortum (mynd 15.1).


Gönguleiðir í sveitarfélaginu hafa verið skráðar í vinnu skipulagshóps og á íbúáþingi (mynd 15.2).



Mynd 15.1 Flokkun gatna í þéttbýli Súðavíkur.



Mynd 15.2 Göngu- og reiðleiðir í dreifbýli Súdavíkurbýlis.



Mynd 15.3 Flokkun vega í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 260/2018.

15.2 FLUGVELLIR

Í Reykjanesi er 700 m löng flugbraut með malar slitlagi. Flugbrautin gegnir öryggishlutverki fyrir dreifbýlið sem sjúkraflugvöllur en nýtist einnig í ferðabjónustu og fyrir einkaflug.

Súðvíkingar nýta sér flugsamgöngur um Ísafjarðarflugvöll en þangað er áætlanarflug tvisvar sinnum á dag. Með styttingu vegarins með tilkomu jarðganga verður leiðin frá þéttbýlinu að flugvöllinum innan við 10 km.



Mynd 15.4 Sérstæðir klettur á austanverðu Reykjanesi (Mynd: Erla Bryndís Kristjánsdóttir).

MARKMIÐ OG STEFNUMÖRKUN

VEGIR, GÖTUR OG STÍGAR

Markmið

- ✓ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur í sveitarfélaginu.
- ✓ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur milli þéttbýlisstaða við Djúp og annarra svæða á Vestfjörðum.
- ✓ Að göngu- og hjólaleiðir verði raunhæfur valkostur í samgöngum, s.s. milli íbúðarbyggðar og atvinnusvæða við Langeyri.
- ✓ Að draga úr umferðarhraða á þjóðvegnum í þéttbýlinu og tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- ✓ Auka möguleika á vistvænum ferðamátum og efla almenningssamgöngur til nágrennasveitarfélaga.
- ✓ Að tryggja öruggar reiðleiðir innan sveitarfélagsins.

Útfærsla

Lögð er áhersla á að vegum í sveitarfélaginu verði viðhaldið og þeir endurbættir þar sem þörf er á. Við skipulag og uppbyggingu samgöngumannvirkja skal hugað að sérstöðu svæðisins hvað varðar landslag og lífríki. Jafnframt skal það tryggt að aðgengi íbúa að náttúru verði ekki rofin þar sem aðrir valkostir eru fyrir hendi. Hugað skal að áhrifum á íbúa við leiðarval svo sem hvað varðar hljóðvist í byggð og öryggi íbúa í nágrenni vega.

Lögð er áhersla á að fækka einbreiðum brúm á stofn- og tengivegum í sveitarfélaginu. Við val á nýju brúarstæði skal hugað að áhrifum á lífríki og rennsli í árfarvegum sem og landslagi og ásýnd.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að jarðgöng verði gerð á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, þ.e. frá Dvergasteini í Álftafirði að Fossum í Engidal. Göngin bæta öryggi og stytta leiðina milli þéttbýlisstaðanna. Þau munu geta aukið

samstarf og samskipti á milli sveitarfélaganna og samkeppnisstöðu svæðisins. Hafa verður þó í huga að upplýsingar um forsendur jarðgangagerðar á milli fjarðanna skortir og Vegagerðin hefur ekki lokið við staðarvalsgreiningu. Vegagerðin vinnur hins vegar að greiningu á jarðfræðilegum aðstæðum við nokkra mögulegra jarðgangamunna. Jarðgöng á milli fjarðanna eru ekki á tillögu að samgönguáætlun 2019-2033. Nánari ákvörðun um staðsetningu jarðganga og umhverfismat verður unnið með breytingu á aðalskipulagi, þegar nægar forsendur þar að lútandi liggja fyrir.

Á meðan vegurinn liggur í gegnum þéttbýlið skal unnið að því að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Tryggja skal örugga göngutengingu milli Langeyrar og svæðisins ofan vegar með göngum fyrir gangandi vegfarendur undir þjóðveginn. Gert er ráð fyrir að Grundarstræti tengist Aðalgötu með hringtorgi. Sérstök áhersla er lögð á markvissa hönnun götuumhverfis í þéttbýlinu með hraðalækkun og öryggi allra vegfarenda að leiðarljósi. Götuumhverfi skal vera aðlaðandi og hvetja til þess að göngu- og hjólaleiðir verði valdar umfram akstursleiðir. Áhersla skal einnig lögð á aðgengi fyrir alla á gönguleiðum, sérstaklega um miðsvæði og við þjónustustofnanir.

Lögð er áhersla á að byggja upp net gönguleiða sem tengir saman gömlu og nýju byggðina. Gert er ráð fyrir að meginstígurinn sem liggur milli Langeyrar og Höfðabrekku verði göngu- og hjólastígur og nýtist þannig sem samgönguleið milli íbúðar- og atvinnusvæða. Göngustígar í þéttbýlinu liggja samhliða götum en auk þess tengja þeir saman hverfið, þvert á gatnakerfið. Gert er ráð fyrir að stígar í þéttbýlinu tengist göngustígum utan þess og nýtist þannig sem útivistarstígar. Göngustígar utan þéttbýlisins eru fyrst og fremst útivistarstígar. Gert er ráð fyrir að göngustígur frá þéttbýlinu inn í Álftafjarðarbotn nýtist einnig sem hjólastígur (Íbúðing. 2017). Sjá einnig kafla 13.1 Útivist.

Gert er ráð fyrir reiðstíg sem liggur frá svæði Íþ2, ofan þéttbýlisins og inn Sauradal. Þar tengist hann reiðstíg um Arnardal að Engidal í Ísafjarðarbæ.

Einnig er gert ráð fyrir að þegar vegurinn um Súðavíkurlíð leggst af sem stofnvegur, geti hann nýst sem reiðstígur. Almennt er ekki gert ráð fyrir sérstökum reiðstígum en gert er ráð fyrir að göngustígar í dreifbýli geti nýst sem reiðstígar.

Veghelgunarsvæði er tilgreint í vegalögum nr. 80/2007 en framkvæmdir innan þess svæðis eru háðar leyfi veghaldara. Skógrækt er ekki heimil innan veghelgunarsvæðisins og þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Í töflunni er einnig tilgreind lágmarksfjarlægð bygginga frá vegum samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

FLUGVELLIR

Markmið

- ✓ Að Ísafjarðarflugvöllur þjóni Súðavík fyrir áætlunarflug.
- ✓ Að flugvellinum í Reykjanesi verði viðhaldið þannig að hann nýtist áfram fyrir sjúkraflug og ferðaþjónustu.
- ✓ Að flugumferð skerði ekki gæði svæðisins.

Útfærsla

Gert er ráð fyrir að núverandi flugvelli í Reykjanesi verði viðhaldið og að svigrúm verði til að endurbæta hann og auka þjónustu. Leitast skal við að halda jarðraski í lágmarki og þess gætt að valda sem minnstri truflun á lífríki svæðisins.

Hindranafletir landingarstaðarins eru skilgreindir af Isavia og eru sýndir á uppdrætti. Hindranafletirnir stíga skáhalt upp í 85 m.y.s. frá endum flugbrautarinnar að 1630 m fjarlægð. Til hliðanna stíga fletirnir upp í 40 m.y.s. að 196 m fjarlægð. Hindranafletirnir ákvarða hámarkshæð mannvirkja á svæðinu neðan þeirra. Miðað er við hæð yfir sjávarmáli og hefur hæð landsins því áhrif á hámarkshæðina.

Stefna um landnotkun – Flugvellir

Flugvellir (FV) eru skv. skipulagsreglugerð tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Tafla 15.1 Vegir í dreifbýli skv. vegaskrá.

Vegur	Veg-flokkur	Veg-helgunar-svæði	Lágmarks-fjarlægð bygginga	Skipulagsákvæði
Þjóðvegur 61 Djúpvegur, utan þéttbýlis	Stofnvegur	30 m	100 m	Gert er ráð fyrir því að vegurinn verði lagður í göng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar með tengingum við núverandi stofnveg. Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á öðrum hlutum vegarins. Brýr skulu vera tvíbreiðar. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald og endurbætur á eða nærri hverfisverndarsvæðum og markmiðum skipulagsins varðandi lífríki og landslag þar sem það á við.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Vegur	Veg-flokkur	Veg-helgunar-svæði	Lágmarks-fjarlægð bygginga	Skipulagsákvæði
Þjóðvegur 632 Laugardalsvegur	Tengivegur	15 m	100 m	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum vegarins.
Þjóðvegur 633 Mjóafjarðarvegur	Tengivegur	15 m	100 m	Gert ráð fyrir að vegurinn verði endurbættur. Fækka skal einbreiðum brúm. Taka skal mið af markmiðum skipulagsins varðandi lífríki og landslag á svæðum á náttúruminjaskrá.
Þjóðvegur 634 Reykjanesvegur	Tengivegur	15 m	50 m	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum vegarins. Við viðhald og endurbætur skal taka mið af ákvæðum hverfisverndar og markmiðum skipulagsins varðandi lífríki og landslag.
Minni-Hattardalsvegur, Hvítanesvegur, Ögurkirkjuvegur, Garðsstaðavegur, Strandseljavegur, Hrafnabjargavegur, Heydalsvegur, Vatnsfjarðarkirkjuvegur, Reykjarfjarðarvegur og Svansvíkurvegur	Héraðsvegir	15 m	50 m	Gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum vega í samræmi við markmið skipulagsins. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald og endurbætur á eða nærri hverfisverndarsvæðum og markmiðum skipulagsins varðandi lífríki og landslag þar sem það á við.

Tafla 15.2 Götur í þéttbýli.

Flokkur	Gata	Skipulagsákvæði
Stofnbraut	Aðalgata/ Þjóðvegur 61 Djúpvegur	Áhersla á hraðalækkandi aðgerðir, s.s. láréttar þrengingar, markvissa hönnun göturýmris og gróðurnotkun. Skýr aðgreining göngu- og hjólastíga frá akstursleiðum.

Flokkur	Gata	Skipulagsákvæði
Tengibrautir	Aðkomugötur að I5 og Íþ2, Langeyri að hafnarsvæði, aðkomugata að F4 og AF7, Grundarstræti, Arnarflöt að Víkurgötu, Eyrardalur, neðsti hluti Réttarholts, Grímsbrekka, Norðurgarður að Njarðarbraut og Höfðabrekka að Túngötu	Áhersla á hraðalækkandi aðgerðir. Öryggi gangandi vegfarenda tryggt með skýrum göngubverunum.
Safngötur/ húsagötur	Aðrar götur í þéttbýlinu	Umferðarhraði lágmarkaður og öryggi gangandi vegfarenda tryggt. Áhersla á aðlaðandi götuumhverfi.

Tafla 15.3 Göngu-, hjóla- og reiðstígar.

Tegund stíga	Skipulagsákvæði
Hjólastígar	Svigrúm fyrir uppbyggingu hjólastígs sem samgönguæð í þéttbýlinu, nánar útfært í deiliskipulagi. Stígurinn njóti forgangs í þjónustu, s.s. snjómokstur. Göngustígur frá þéttbýlinu inn í Álftafjarðarbotn nýttist sem hjólastígur.
Göngustígar í þéttbýli	Göngustígar í þéttbýli skulu vera öruggir og nýttast jafnt sem samgönguleiðir og til útivistar. Tryggja ber öruggar þveranir yfir götur, s.s. undirgöng undir Aðalgötu neðan Grundarstrætis. Á hverfisverndarsvæðum skal hönnun og uppbygging stíga taka mið af ákvæðum verndarinnar.
Göngustígar í dreifbýli	Útivistarstígar. Núverandi gönguleiðum verði viðhaldið. Heimilt er að grísa birki í stæði stíga en tryggja skal að það skerði ekki gildi birkiskóga. Göngubrýr eru heimilar, enda falli þær vel að landslaginu og skerði ekki upplifun á svæðinu eða hafi neikvæð áhrif á náttúru. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við viðhald og endurbætur á eða nærri hverfisverndarsvæðum.
Reiðstígar í þéttbýli	Reiðstígar ofan byggðar. Taka skal mið af nálægð stíganna við íbúðarbyggð og útivistarsvæði.
Reiðstígar í dreifbýli	Heimilt er að nýta göngustíga í dreifbýli sem reiðstíga. Reiðstígur í Sauradal liggur um vatnsverndarsvæði og ber að taka mið af því við hugsanlega uppbyggingu stígsins. Reiðstígur um Súðavíkurhlíð eftir að vegurinn hefur verið lagður af sem stofnvegur.

16 HEIMILDIR

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020. Greinargerð.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Greinargerð.

Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018. Greinargerð.

Agnar Ingólfsson. 1984. *Athuganir á fjörum Skutulsfjarðar og annarra fjarða við Ísafjarðardjúp. Unnið fyrir Ísafjarðarkaupstað*. Líffræðistofnun háskólans. 7. bls.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Jarðaskrá.

Byggðasafn Vestfirðinga. 2018. https://www.nedsti.is/ahugavert/ahugaverdir-_stadir/Litlibaer_i_Skotufirdir/

Byggðastofnun. 2013. *Byggðapróun á Íslandi. Stöðugreining 2013. Fylgirit með stefnumótandi byggðáætlun 2014-2017*.

Byggðastofnun. 2015b. *Vestfirðir. Stöðugreining 2014*.

Byggðastofnun. 2016a. *Dreifing nautgripa á Íslandi*.

Byggðastofnun. 2016b. *Dreifing sauðfjárbúa á Íslandi*.

Byggðastofnun. 2016c. *Stöðugreining 2016, byggðapróun á Íslandi*.

Byggðastofnun. 2017a. *Byggðaleg áhrif fiskeldis*.

Byggðastofnun. 2017b. *Stöðugreining 2017, byggðapróun á Íslandi*.

Byggðastofnun. 2018a. *Atvinnutekjur 2008-2016 eftir atvinnugreinum og svæðum*.

Byggðastofnun. 2018b. *Atvinnutekjur 2008-2017 eftir atvinnugreinum og landshlutum*.

Byggðastofnun. 2018c. *Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2018-2066. Niðurbrot mannfjöldaspár Hagstofunnar á sveitarfélög*.

Byggðastofnun. 2019. *Hagvöxtur landshluta 2008-2016*.

Böðvar Þórisson, Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson. 2003. *Fuglalíf frá Mjóafirði yfir í Ísafjörð. Unnið fyrir Vegagerðina v/umhverfismats á áhrifum vegaframkvæmda. Náttúrustofa Vestfjarða*.

Ferðamálastofa. 2018. *Heildarfjöldi erlendra ferðamanna*.

Finnbogi Hermannsson. *Gladiólur í Reykjanesi*. Grein birt á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is. Fjarhitun. 1995. *Lágsvæði, 2. Áfangi Skipulags- og byggingarráðstafanir og sjóvarnir*. Reykjavík: Skipulag ríkisins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016. *Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – fyrstu skref. 24. maí 2016*.

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016b. *Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál. Skýrsla til 61. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið á Ísafirði 4. maí 2016*. http://vestfirdir.is/starfsemin-/ymsar_skyrslur/skra/848/

Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2016c. *Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2016. Lokaútgáfa – október 2016*.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskóla Vestfjarða. 2014. *Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar*.

Flugmálastjórn Íslands. 2006. *Flugmálahandbók – Ísland*.

Fornleifanefnd. 1990. *Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990*.

Fornleifastofnun Íslands. 2011. *Vatnsfjörður 2010. Framfaraskýrslur /interim reports. FS461-030910*. Ritstjóri: Karen Milek.

Guðmundur Guðmundsson. 2018. *Strandveiðar eftir heimahöfn báta á Vestfjörðum*. Munnleg heimild, tölvupóstur.

Gylfi Björn Helgason. 2015. *Hvalveiðar Norðmanna við Vestfirði á 19.öld*. bls. 7-10, 14-18, 25.

Hafnalög nr. 61/2003.

Hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 788/2005.

Hafrannsóknastofnun. 2017. *Mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps m.t.t. sjókvíaeldis*.

Hafrannsóknastofnun. 2019. *Vefsíða Hafrannsóknastofnunar – Firðir og grunnsvæi*. Vefur heimsóttur nóvember 2018.

Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson. 2008. *Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*.

Umhverfisráðuneytið.

Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson. 2018. *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. 2014. *Garðsstaðir við Ísafjarðardjúp. Talning ökutækja 31. janúar 2014*. Anton Helgason heilbrigðisfulltrúi.

Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson. 2007. *Vöktun válistaplantna 2002 – 2006*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 50, bls. 86.

Innanríkisráðuneytið. 2015. „Ísland ljóstengt“. *Landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða. Skýrsla starfshóps innanríkisráðherra*.

IPCC, 2008. *Summary for Policymakers of IPCC Special Report on Global Warming of 1.5°C Approved by Governments*. Fréttatilkynning 2018/24/PR.

Isafjordur.is. *Skemmtiferðaskip 2018*. <https://www.isafjordur.is/is/thjonusta/samgongur/hafnir/skemmtiferdarskip/skemmtiferdaskip-2018>

Íbúabing í Súðavík 18.-19. nóvember 2017. Ildi og Súðavíkurhreppur.

Íris Hrund Halldórsdóttir og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir 2010. *Sjávartengd ferðaþjónusta á Vestfjörðum. Lokaskýrsla til Rannsókn- og nýsköpunarsjóðs Vestur Barðastrandasýslu*. Háskóli Íslands, Rannsókn- og fræðasetur á Vestfjörðum.

Íslandsbanki. 2016. *Íslensk ferðaþjónusta*. Jarðalög nr. 81/2004 m.s.br.

Jón Benjamínsson. 1979. *Jarðhiti í Ísafjarðarsýslum og Árneshreppi fyrir norðan Dranga. OS79028/JHD12*. Reykjavík: Orkustofnun.

Jón Reynir Sigurvinsson. 2000. *Verndarsvæði vatnsbóla í Súðavíkurhreppi*.

Jón Þ. Þór. 1995. *Brot úr sögu Súðavíkur*. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/183594/>

Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson. 2016. *Búsetuþróun á Íslandi til ársins 2030. Þróun á tímamótum*. Reykjavík: Framtíðarsetur Íslands.

KPMG. 2017. *Laxeldi í Ísafjarðardjúpi – greining á áhrifum þess á efnahag og íbúabúun*. Reykjavík: Fjórðungssamband Vestfjarða.

KPMG. 2017. *Mat á hagrænum ávinningi vegna kalkþörungaverksmiðju í Súðavík*. Unnið fyrir Súðavíkurhrepp.

Landmælingar Íslands. 2018.

Landsnet. 2017. *Afhendingaröryggi og gæði flutningskerfis*. Frammistöðuskýrsla 2016.

Landsnet. 2018. *Kerfisáætlun 2018-2027. Drög frá júní 2018*.

Landsnet. 2019. *Flutningskerfið á Vestfjörðum. Greining á afhendingaröryggi*. Landsnet 19020.

Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Lára Dögg Gústafsdóttir. 2008. *Staða útlendinga á norðanverðum Vestfjörðum – tveir heimar í faðmi blárra fjalla*. Háskólinn í Reykjavík, Reykjavík.

Lög um húsafriðun nr. 104/2001. (Brottfallin).

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95/2006.

Lög um loftferðir nr. 60/1998.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um matvæli nr. 93/1995.

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999. (Brottfallin).

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Lög um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006.

Lög um stjórn vatnsmála nr. 36/2011.

Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997.

Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Mannvit hf. 2012. *Samgönguáætlun 2011-2022 – Kynningarrit*. Reykjavík: Vegagerðin.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013. *Fornleifakönnun í Reykjanesi við Djúp*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 01-13.

Markaðsstofa Vestfjarða. 2018. *Áfangastaðaáætlun Vestfjarða*.

Matvælastofnun. 2017. *Ársskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma*.

Matvælastofnun. 2017. *Haustskýrslur 2016-2017. Nautgripir og sauðfé*.

Minjastofnun Íslands. *Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2013*.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018. *Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. www.vistgerdakort.ni.is.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019.

Náttúruminjasráð, 7. útgáfa og síðari viðbætur.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Náttúrustofa Vestfjarða. 2000. *Landslagsgerðir í Súðavíkurbreppi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga*. Greinargerð.

Náttúrustofa Vestfjarða. 2002. *Athugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði*. Áfangaskýrsla 1. NV nr. 3-02.

Neil Shiran Þórisson. 2014. Munnleg heimild, glærुकyning.

Ólafur Arnalds, Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeir Jónsson, Einar Grétarsson og Arnór Árnason. 1996. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins, rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

Páll Harðarson og Magnús Harðarson. 2000. *Erindi um hagfræðilegar leiðir til að meta virði náttúru, haldið á opinni málstofu um verðgildi náttúrunnar*.

Ragnar Edvardsson. 2004. *Verstöðvar á Sauratúni og Skálavík*. Fornleifarannsókn á verminjum á Vestfjörðum. Áfangaskýrsla. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Ragnar Edvardsson. 2014. *Greinargerð um neðansjávarminjar í Arnarfirði*. Vegna tilvonandi fiskeldis í Tálknafirði og Patreksfirði. Minjastofnun. 12 bls.

Ragnar Edvardsson. 2016. Fornleifakönnun vegna lagningar ljósleiðara hringtengingar í Ísafjarðardjúpi. Bolungarvík.

Ragnar Edvardsson. 2017. Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Langeyri í Álftafirði. Bolungarvík.

Rammaáætlun. *Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða*.

Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, Þjóðhagsstofnun og Landvernd. Málstofa.

Reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleikar þeirra, álagsgreiningu og vöktun nr. 535/2011.

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýting hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000.

Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005.

Reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015.

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018.

Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

Reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. (Brottfallin).

Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild. 2011. *Áhættuskoðun almannavarna*. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum. Bls. 13.

Samband íslenskra sveitarfélaga. 2009. Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum.

Samstarfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. 2013.

Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Siglingastofnun Íslands. 2011. *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011*.

Sigurður Jóhannesson 2007. *Hvernig á að verðleggja náttúruverndarsvæði?* Erindi á ráðstefnu um skipulagsmál á Hornströndum, haldin á Ísafirði 26.-27. janúar 2007

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Staðall. CIE-S-015:2005.

Staðall. EN 50341-3-12:2001.

Staðall. ÍST EN 50341-1:2001.

Starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. 2017.

Stigsdóttir, Ulrika & Grahn, Patrik. 2002. What Makes a Garden a Healing Garden? *Journal of Therapeutic Horticulture*. 13. Bls 60-69.

Stjórnarráðið. 2012. *Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum*.

Svanbjörg Helga Harðardóttir. 2005. *Byggingarár húsa í Súðavík*.

Tómas Jóhannesson, Hörður Þór Sigurðsson og Harpa Grímsdóttir. 2007. *Hættumat fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal og Dagverðardal*.

Trausti Einarsson. 1987. *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, bls. 55-56.

Umhverfisráðuneytið. 2002. *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnuörkun til 2020*.

Umhverfiráðuneytið. 2007. *Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*.

Umhverfiráðuneytið. 2011. *Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands*.

Umhverfiráðuneytið. 2013. *Myrkurgæði á Íslandi*.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2016. *Endurheimt votlendis, aðgerðaáætlun*.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2016. *Saman gegn sóun. Almenn stefna um úrgangsförvarnir 2016-2027*.

Vatnatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB.

Veðurstofa Íslands og Almannafræðingadeild Ríkislögreglustjóra. 2007. *Súðavík. Rýming húsnæðis vegna snjóflóðahættu*. Kynningarbæklingur.

Vegagerðin. 2003. *Djúpvegur nr. 61. Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurbreppi. Mat á umhverfisáhrifum*.

Vegagerðin. 2004. *Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018*.

Vegagerðin. 2007. *Námuskrá*.

Vegagerðin 2018a. Minnisblað – Súðavík, kalkþörungaverksmiðja. Kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir landfyllingu og stálþilskant vegna kalkþörungaverksmiðju. 13. júní 2018.

Vegagerðin. 2018b. Minnisblað – Súðavík, kalkþörungaverksmiðja. Kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir landfyllingu og stálþilskant vegna kalkþörungaverksmiðju. 3. ágúst 2018.

Vegalög nr. 80/2007.

Verkís. 2016. *Sjókvíaelði Arnarlax í Ísafjarðardjúpi, framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi á ári. Tillaga að matsáætlun (drög)*. Reykjavík: Arnarlax.

Verkís. 2018. Hvanneyrardalsvirkjun. Frumdrög virkjunar og umhverfi. Greinargerð, nóvember 2018.

VSÓ ráðgjöf. 2017. *Efnisnám kalkþörungasetis í Ísafjarðardjúpi. Frummatsskýrsla*. Reykjavík: Íslenska Kalkþörungafélagið.

Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148.

Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 nr. 4/141.

Þjóðminjalög nr. 88/1989.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Þjóðskrá. 2016. Fasteignaskrá.

Þjóðskrá. 2018. Fasteignaskrá.

Þjóðskrá. 2019. Fasteignaskrá.

Þórður Arason, Þorsteinn Arnalds, Sigfried Sauer Moser og Hörður Þór Sigurðsson. 2005. *Hættumat fyrir Súðavík*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands

Þórir Örn Guðmundsson. 2012. *Föðurland vort hálf er hafið*. Meistaraprófsritgerð við Háskólann á Akureyri / Háskólaásetur Vestfjarða. <http://hdl.handle.net/1946/12803>

Viðaukar

17 VIÐAUKAR

17.1 VIÐAUKI 1 - GREINING Á ÁHRIFUM DEILISKIPULAGS Á HVERFSIVERNDUÐUM SVÆÐUM Í DREIFBÝLI OG SVÆÐUM Á NÁTTÚRUMINNJASKRÁ

Í aðalskipulaginu er sett fram sú stefna að við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruminnjaskrá skuli

gerð greining á áhrifum skipulagsins. Greiningin skal fjalla um þá umhverfisþætti sem líklegt er að verði fyrir áhrifum. Hér að neðan er tafla með umhverfisþáttum sem styðjast má við ásamt kvarða til að meta vægi áhrifa. Markmiðið með þessu er að tryggja að tekið sé tillit til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulagið sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Það er á ábyrgð þess sem gerir deiliskipulagið að greiningin sé gerð. Meta þarf í hverju tilviki hvaða þætti ber að skoða.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Þættir til athugunar</i>
Byggð	Samsvörun við landslag og núverandi byggð Byggðamynstur Sérstaða byggðar Ásýnd svæðisins miðað við fyrri búsetu (þar sem við á)
Mannvirki og önnur verðmæti	Samsvörun húsagerðar, stærðarhlutfalla og efnisnotkunar við eldri og fyrri byggð og byggingarstíl (þar sem við á) Lóðastærðir miðað við umhverfi Heildarstærð framkvæmdasvæðis miðað við umhverfi
Innviðir	Samnýting innviða, s.s. veitna Aðlögun innviða að umhverfi Umferð og samgönguleiðir Þjónusta
Starfsemi og önnur nýting	Þróunarmöguleikar Ímynd Daglegur rekstur
Heilsa og öryggi	Mengun Slysaætta, hávaði eða annars konar ónæði Hætta vegna náttúruvár, s.s. ofanflóð, sjávarflóð eða ofsaveður

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Þættir til athugunar</i>
Menningarminjar	Fornminjar Búsetulandslag og menningarsaga Bæjarleiðir Kennileiti Sérstaða
Landslag og ásýnd	Landslagsheildir Sérstaða landslags Lítt snortin náttúra Friðlýstar náttúruminjar Náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd Heildarmynd svæðisins Náttúrulegt landslag og sjaldgæf fyrirbrigði
Gróður og dýralíf	Gróðurfar Dýralíf og búsvæði dýra Líffræðileg fjölbreytni Sérstaða gróðurs og dýralífs
Vatn	Vatnsgæði og vatnabúskapur Votlendi Sérstaða vatns/votlendis
Loftslag	Loftslagsbreytingar, svo sem vegna losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda. Þættir til að milda og aðlagast loftslagsbreytingum.

Skýringar

++	Veruleg jákvæð áhrif	--	Neikvæð áhrif
+	Jákvæð áhrif	-	Veruleg neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við	?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar

17.2 VIÐAUKI 2 - GREINING Á ÁHRIFUM SKÓGRÆKTAR

Greiningunni er ætlað að tryggja að skógrækt sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins og faglega málsmeðferð sveitarstjórnar og

framkvæmdaaðila við ákvarðanatöku. Það er á ábyrgð framkvæmdaaðila, að láta gera viðeigandi greiningu vegna undirbúnings skógræktar á umræddum svæðum. Ákvarðanatöku um skógrækt skal byggja á niðurstöðum hennar.

<i>Umhverfispættir</i>	<i>Þættir til athugunar</i>
Aðrar áætlanir	Samræmi við aðrar áætlanir s.s. gildandi deiliskipulag og náttúruverndaráætlun Samræmi við markmið gildandi aðalskipulags
Dýralíf	Áhrif skógræktar á dýralíf og búsvæði dýra
Gróður	Áhrif skógræktar á gróðurfar á svæðinu Áhrif skógræktar á náttúrulegan birkiskóg / kjarr Áhrif skógræktar á berjalönd Eru jaðrar skógræktarinnar aðlagðir að öðrum gróðri á svæðinu?
Heilsa	Áhrif skógræktar m.t.t mengunar og loftslagsbreytinga
Innviðir	Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá veitulögnum (minnst 25 m)? Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá stofnvegum (minnst 30 m) eða tengivegum og öðrum vegum (minnst 15 m)?
Landbúnaður	Er því landi sem hentar vel til matvælaframleiðslu hlíft við skógrækt? Áhrif skógræktar á búrekstur á jörðinni. Áhrif skógræktar á aðra þróunarmöguleika á jörðinni Var haft samráð við eiganda aðliggjandi jarðar (ef skógrækt er fyrirhuguð nær landamerkjum en 25 m)?
Landslag og náttúra	Eru innfluttar tegundir eingöngu innan þess svæðis sem þær eru heimilur skv. lögum (undir 500 m h.y.s.)? Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá friðlýstum náttúruminum? Hefur skógræktin áhrif á náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum? Áhrif skógræktar á heildarmynd svæðisins Hefur skógurinn tengsl við ásýnd landslagsins, þ.e. fylgir hann landslaginu? Er skógræktarsvæðið aðgengilegt m.t.t. uppbyggingar og viðhalds?

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Umhverfisþættir	Þættir til athugunar
Menningarminjar og saga	Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá friðuðum mannvirkjum eða öðrum þekktum eða líklegum fornminjum (minnst 20 m)? Áhrif skógræktar á landslag sem varðveitir búsetusögu Er mikilvægum kennileitum og stöðum hlíft við skógrækt?
Útivist og ferðaþjónusta	Áhrif skógræktar á aðgengi, framboð og gæði útivistarsvæða Áhrif skógræktar á strandsvæði, ásýnd og útsýni til sjávar Hefur skógurinn fræðslugildi?
Vatn	Er skógræktin í hæfilegri fjarlægð frá vatnsbakka (minnst 50m)? Er votlendi hlíft við skógrækt? Er tryggt að skógrækt hafi ekki áhrif á vatnasvið votlendis?
Veðurfar	Áhrif skógræktar á vindstrengi, snjóalög og skuggavarp
Mótvægisáðgerðir	Er mögulegt að bæta, með sérstökum áðgerðum, fyrir fyrirsjáanleg neikvæð áhrif skógræktar á tiltekna þætti?

Skýringar

++	Veruleg jákvæð áhrif	--	Neikvæð áhrif
+	Jákvæð áhrif	-	Veruleg neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við	?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar

17.3 VIÐAUKI 3 - NÝTING Á HAF- OG STRANDSVÆÐUM – ÁHERSLUR SÚÐAVÍKURHREPPS

17.3.1 Nýting og stjórnun haf- og strandsvæði Vestfjarða

Lengd strandlínu Vestfjarða er 2.916 km með eyjum og skerjum eða um 34% af allri strandlengju landsins. Þar af er strandlína Súðavíkurrepps, með eyjum og skerjum 240 km löng. Fjölbreytt nýting fer fram á haf- og strandsvæðinu við Ísland. Á meðan helstu nýtingarflokka eru (Skipulagsstofnun 2014, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik og Háskólasetur Vestfjarða, 2014):

- ✓ Veiðar
Veiðar á fiski, botndýrum, krabbadýrum og spendýrum
- ✓ Fiskeldi og ræktun
Þorskeldi, laxeldi, kræklingarækt og ræktun þara
- ✓ Ferðapjónusta
Sjóstangveiði og útsýnissiglingar
- ✓ Efnistökusvæði
T.d. mól og sandur, kalkþörungaset og magnetít
- ✓ Útivist
T.d. skemmtisiglingar, kajaksiglingar, gönguleiðir, sjósund og dvöl við útivistarfjörur og útsýnisstaði.
- ✓ Hlunnindanýting
T.d. æðarvarp, reki og tínsla á skeljum, sölum og fleiru
- ✓ Samgöngur
Ferjur, flutningar og aðrar siglingar, landfyllingar og vegagerð
- ✓ Veitur
Fráveita, fjarskipti og raflínur
- ✓ Nýting á lífrænu hráefni í iðnaðarframleiðslu
- ✓ Rannsóknir
- ✓ Menningarminjar

- ✓ Búsvæði
- ✓ Verndarsvæði

Nýtingu geta fylgt vandamál, bæði umhverfisáhrif og hagsmunaárekstrar sem taka þarf til greina. Í mörgum tilvikum getur þó ein tegund nýtingar styrkt aðra eða aðrar tegundir. Sveitarstjórn, íbúar og aðrir notendur svæðisins eru meðvitaðir um þetta og telja mikilvægt að firðirnir í Djúpinu verði nýttir á sjálfbæran hátt, þ.e. að hægt verði að nýta auðlindir fjarðarins til langs tíma, til hagsbóta fyrir samfélagið og með sem minnstum neikvæðum áhrifum og árekstrum. Sívaxandi fiskeldi er dæmi um starfsemi sem getur haft áhrif á umhverfið og aðrar greinar og krefst skipulags.

Skipulagsskylda á Íslandi nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga (netlaga) en þessi mörk miðast við línu sem liggur 115 m frá stórstraumsfjöruborði. Engar skipulagsáætlanir ná því yfir svæðin utan þessarar línu. Landsskipulagsstefna, sem er á forræði ríkisins, nær til allrar efnahagslögsögunnar. Þessu til viðbótar má benda á að fyrir hverja höfn er í gildi hafnarreglugerð sem veitir hafnarstjórn leyfi til starfsemi innan marka hafnarsvæða. Þessi mörk eru skilgreind í reglugerðinni en hafnarsvæðin geta náð talsvert út fyrir hið skipulagsskylda svæði sveitarfélaga.

Stórstraumsfjöruborð nær mislangt út miðað við skilgreinda 0 hæðarlínu. Þannig geta nokkuð stór svæði, heilu fjarðarbotnarnir, verið innan netlaga ef landslag þar er flatt og útfiri mikið. Þetta hefur þó almennt ekki verið kortlagt og má segja að ekki sé vitað hvaða svæði séu skipulagsskyld í raun. Á þetta kann að reyna á deiliskipulagsskili. Mörk stórstraumsfjöruborðs er þó síbreytilegt til lengri tíma litið, m.a. vegna sjávarrofs, hækkunar sjávarborðs og hæðarbreytinga lands.

Árið 2009 hófst formlegur undirbúningur verkefnisins Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða. Strandsvæði var skilgreint sem svæði sem nær frá línu er liggur 115 m frá stórstraumsfjöruborði, þ.e. ytri mörk netlaga, og að 1 sjómílu út fyrir grunnlínupunkta landhelginnar. Svæðið er í beinu framhaldi af skipulagssvæði sveitarfélaga skv. skipulagslögum (nr. 123/2010).

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Nýtingaráætlunin var ekki lögbundin skipulagsáætlun heldur stefnuyfirlýsing sveitarfélaganna varðandi nýtingu strandsvæða ásamt samantekt á grunnupplýsingum. Hún átti að vera leiðarljós sveitarfélaga við ákvarðanatöku á strandsvæðum, svo sem við gerð umsagna um leyfisveitingar og verkfæri til þess að bæta ákvarðanatöku. Gert var ráð fyrir að nýtingaráætlunin yrði viðhengi við fyrirhugað svæðisskipulag fyrir Vestfirði og myndi þannig öðlast ákveðið gildi innan stjórnáætlunar. Markmiðið var einnig, og ekki síður, að setja málefni haf- og strandsvæðanna á dagskrá og reyna að hvetja til lagasetningar um skipulag svæðanna.

Um mitt ár 2010 var ákveðið að afmarka fyrsta áfanga nýtingaráætlunar við Arnarfjörð (mynd 1) og líta á þann hluta sem tilraunaverkefni og í framhaldinu vinna sams konar áætlun fyrir aðra hluta Vestfjarða. Vesturbyggð, Tálknafjörður og Ísafjarðarbær samþykktu nýtingaráætlunina fyrir Arnarfjörð snemma árs 2014. Næsti áfangi verkefnisins, fyrir Ísafjarðardjúpi og Jökulfirði, hófst árið 2013 (mynd 1). Vinnunni var ekki lokið, m.a. vegna óvissu um fjármögnun en einnig vegna þess að stjórnvöld undirbjuggu lög um skipulag á haf- og strandsvæðum.


Í lýsingu nýtingaráætlunar fyrir Djúpið kemur fram að áætlunin innihaldi þrjú megin þemu:

- ✓ Yfirlit yfir núverandi nýtingu í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum.
- ✓ Lýsingu á staðhættum og öðrum forsendum í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum.
- ✓ Framtíðarsýn og áætlun um nýtingu í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum.

Áætlanagerðin var að mati sveitarfélaga mjög aðkallandi vegna aukinnar og fjölbreyttari nýtingar á strandsvæði við Djúpið sem leitt hefur til hagsmunaárekstra og aukins álags á umhverfið.

Meginmarkmið með gerð nýtingaráætlunarinnar voru eftirfarandi:

- ✓ Að skipuleggja nýtingu í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum í sátt við og með beinni aðkomu íbúa og annarra hagsmunaaðila.
- ✓ Að upplýsa opinberar stofnanir, notendur svæðanna og íbúa um stefnu sveitarfélaga á strandsvæðinu og stuðla að aukinni umræðu um málefni haf- og strandsvæða.
- ✓ Að gefa heildaryfirsýn yfir núverandi nýtingu og forsendur í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum og leggja þannig grunn að bættri ákvarðanatöku sveitarfélaga og opinberra leyfisveitenda.
- ✓ Að stuðla að aukinni þátttöku sveitarstjórna við ákvarðanatöku á strandsvæðinu.
- ✓




Mynd 1. Afmörkun nýtingaráætlana í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum og Arnarfirði. Nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð var samþykkt árið 2014 en vinnu við nýtingaráætlun fyrir Djúpið og Jökulfirði var ekki lokið.

Í júní 2018 tóku gildi ný lög um skipulags á haf- og strandsvæðum. Samkvæmt lögnum skal setja fram almenna stefnu um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum innan efnahagslögsögunnar. Markmið laganna eru m.a. að nýting og vernd auðlinda haf- og strandsvæða verði í samræmi við skipulag sem hefur efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Þeim er ætlað veita

grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Skipulag skal taka mið af áhrifum vegna loftslagsbreytinga og jafnframt er lögnum ætlað að tryggja faglegan undirbúning framkvæmda á haf- og strandsvæða, réttaröryggi í meðferð skipulagsmála og samráð við almenning og hagsmunaaðila.

Stefnan verður hluti af af landsskipulagsstefnu. Einnig skal, samkvæmt lögnum, gera nánara svæðisbundið skipulag á tilteknum svæðum við strendur landsins, svokallað strandsvæðisskipulag. Strandsvæðisskipulagið ber að vinna fyrir tiltekna firði og flóa, frá netlögum að annesjum. Í lögnum segir að vinna við gerð strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði og Austfirði skuli hefjast fyrir 1. september 2018. Í upphafi árs 2019 er þessi vinna í undirbúningi hjá Skipulagsstofnun. Í skipulaginu verður mótuð stefna og sett ákvæði um nýtingu og vernd með sambærilegum hætti og gert er í aðal- og svæðisskipulagi. Skipulagsstofnun mun annast gerð strandsvæðisskipulags í umboði svæðisráða sem skipað verður af umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðið verður skipað fulltrúum sveitarfélaga og ráðuneyta. Ráðherra skipar einnig samráðshóp með fulltrúum ferðamála-, útivistar- og umhverfisverndarsamtaka sem og fulltrúa Samtaka atvinnulífsins. Nánar er fjallað um þetta á vef Skipulagsstofnunar (skipulag.is).



Mynd 2. Afmarkað svæði fyrir strandsvæðisskipulag Vestfirðna og Austfirðna samkvæmt lögum um skipulag á haf- og strandsvæðum.

17.3.2 Áherslur Súðavíkurhrepps

Ísafjarðardjúp er auðugt af auðlindum og eru þær mjög mikilvægar efnahagslega fyrir sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum. Skynsamleg nýting þeirra og traustir innviðir eru grundvöllur fyrir eflingu atvinnulífs og forsendur öflugrar byggðar í Súðavíkurhreppi.

Það er stefna Súðavíkurhrepps að Ísafjarðardjúp og auðlindir þess verði nýttar á fjölbreyttan og sjálfbæran hátt. Í því felst vel skipulögð nýting þar sem áhersla er lögð á langtímahagsmuni við verðmætasköpun, verndun lífríkis og umhverfis. Íbúar skulu njóta afkasturs þeirrar verðmætasköpunar sem fram fer í tengslum við nýtingu Djúpsins en jafnframt að eiga kost á að njóta annarra gæða svæðisins, svo sem útivistar og annarrar afþreyingar sem erfiðara er að verðleggja.

Markmið Súðavíkurhrepps m.t.t haf- og strandsvæða eru:

- ✓ Að í Ísafjarðardjúpi verði svigrúm fyrir fjölbreytta nýtingu.
- ✓ Að auðlindir svæðisins verði nýttar á sjálfbæran hátt og með vistkerfisnálgun að leiðarljósi, þannig að þær gagnist íbúum svæðisins sem best, með aukinni atvinnu og bættum lífsgæðum en raski sem minnst náttúru og menningarverðmætum.
- ✓ Að gert verði sérstakt skipulag fyrir haf- og strandsvæði Vestfjarða í samvinnu við hagsmunaaðila.

Núverandi nýting Djúpsins hefur ekki verið kortlögð og því liggur ekki nákvæmlega fyrir hvar helsta skörunin er á milli nýtingaflokka. Það verður viðfangsefni strandsvæðisskipulags fyrir Vestfirði að skrá það og greina slíka árekstra. Hér á eftir er fjallað stuttlega um þá nýtingu sem fram fer á haf- og strandsvæði Súðavíkurhrepps og áherslur sveitarfélagsins í tengslum við hana.

Efnistaka

Árið 1990 varð öll efnistaka af hafsbotni utan netlaga leyfisskyld með setningu laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, lög nr. 73/1990. Lögin taka til auðlinda á, í eða undir hafsbotni utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær í samræmi við lög, alþjóðasamninga og samninga við einstök ríki. Orkustofnun hefur farið með leyfisveitingarvald í þessum málaflokki frá árinu 2008. Utan netlaga, í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands, gilda einnig lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 12/2001.

Mikil og margvísleg umhverfisáhrif geta fylgt efnistöku af hafsbotni. Auk þess þarf að gæta að menningarminjum á hafsbotni, svo sem skipsflökum. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum tilgreina hvenær efnistaka af hafsbotni er háð mati á umhverfisáhrifum (tafla 6.1).

Áherslur Súðavíkurhrepps

Efnistökusvæði í sjó verði afmörkuð með hliðsjón af rannsóknnum á útbreiðslu, magni og gæðum jarðefnanna sem og áhrifum efnistöku á umhverfi og fornminjar.

Efnistöku skal beina frá þeim svæðum sem þola illa efnistöku vegna neikvæðra umhverfisáhrifa eða vegna hagsmunaárekstra við aðra nýtingu. Hér má nefna fiskveiðar vegna gruggs eða röskunar á búsvæðum en einnig má nefna fiskeldi og ræktun á kræklingum og beltispara. Jafnframt skal beina efnistöku frá stöðum með þekktum menningarminjum. Liggi ekki fyrir kortlagning á menningarminjum skal skoða þá þætti í hverju tilviki fyrir sig. Við efnistöku þarf að gæta þess að ekki verði breytingar á öldufari sem gætu aukið sjávarrof við nálæga strönd.

Að svo stöddu eru ekki forsendur til að afmarka efnistökusvæði í sjó. Vilji sveitarfélagsins er að þeir aðilar sem fara með ákvarðanatökuvald utan netlaga láti gera úttekt á mögulegum efnistökusvæðum í sjó. Þar verði kortlögð möguleg efnistökusvæði, gæði efnis og umhverfisáhrif metin

ásamt hagkvæmni í samanburði við efnistöku á landi. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir verður hægt að afmarka efnistökusvæði utan netlaga og tilgreina þau í strandsvæðisskipulagi.

Fiskeldi, ræktun og veiðar

Fjallað er um eldi, ræktun og veiðar í kafla 11.2 í aðalskipulagsgreinargerðinni. Þar eru m.a. eftirfarandi markmið sett:

- ✓ Að í sveitarfélaginu verði öflugur sjávarúrvegur.
- ✓ Að tryggja rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi, vinnslu og rannsóknum þeim tengdum.
- ✓ Að styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi.
- ✓ Að sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi.
- ✓ Að innviðir þjóni og styðji við sjávarútveg þannig að hann sé samkeppnishæfur við aðra landshluta.
- ✓ Að í Ísafjarðardjúpi verði starfrækt fiskeldi sem skili efnahagslegum ávinningi til íbúa Súðavíkurhrepps og annarra íbúa við Djúpið.
- ✓ Að sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanir um fiskeldi og tengda starfsemi.
- ✓ Að þróun eldis verði í takt við getu samfélagsins og náttúrunnar til að geta talist sjálfbært.
- ✓ Að lokið verið við gerð skipulags á haf- og strandsvæðum.
- ✓ Að Súðavíkurhreppur bjóði góða aðstöðu fyrir fiskeldi og tengda þjónustu á núverandi hafnarsvæði og iðnaðarsvæði í Súðavík.

Ferðapjónusta og útivist

Fjallað er um ferðapjónustu í kafla 11.4 í greinargerðinni. Í undirbúningsvinnu fyrir gerð nýtingaráætlunarinnar kom fram að Djúpið hefur aðráttarafi fyrir ferðamenn en íbúar við norðanvert Djúpið sækja

einnig í útivist. Margir af vinsælustu ferðamannastöðunum, svo sem Hvítanes og Reykjanes tengjast sjónum. Einnig er boðið upp á siglingu og aðra afþreyingu á sjónum í Djúpinu, t.d. sjóstangveiði sem og hvalaskoðun og kajaksiglingar frá Ísafirði. Í könnun á nýtingu ferðapjónustufyrirtækja á strandsvæðum Vestfjarða og áhuga þeirra á að nýta þessi svæði frekar í framtíðinni kom í ljós að nær allir (28 af 31) ferðapjónustuaðilar töldu sig nýta haf og strönd í sinni starfsemi og í sínum rekstri (Íri Hrund Halldórsdóttir og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. 2010). Starfsemin er fjölbreytt og tengist bæði náttúru og menningu.

Áherslur Súðavíkurhrepps

Súðavíkurhreppur gerir ráð fyrir aukinni og fjölbreyttri ferðapjónustu í Ísafjarðardjúpi. Áhersla er lögð á að uppbygging og þróun í ferðapjónustu samrýmist annarri starfsemi og nýtingu sem fjallað er um og gert er ráð fyrir í aðalskipulaginu. Leggja skal áherslu á gott aðgengi að útivistarsvæðum og að hægt verði að njóta útsýnis og náttúruskoðunar á sjó. Við leyfisveitingar og aðra ákvarðanatöku skal forðast röskun á ásýnd Ísafjarðardjúps, sérstaklega skal horft til vinsælla ferðamannastaða. Nánar er fjallað um ferðapjónustu í kafla 11.4. í aðalskipulagsgreinargerðinni.

Hlunnindanýting og önnur nýting

Hefð er fyrir fjölbreyttri *hlunnindanýtingu* í Ísafjarðardjúpi. Landeigendur og ábúendur hafa lengi nýtt og nýta enn strandsvæðið, m.a. með veiðum, malartekju, ferðapjónustu, sölu á veiðiréttindum og annars konar nýtingu lifandi auðlinda.

Áherslur Súðavíkurhrepps

Ábúendur og landeigendur hafi kost á að nýta hlunnindi sem hefð er fyrir að nýta, svo sem með veiðum, malartekju, ferðapjónustu, dúntekju, sölvatekju, kræklingatekju, nýtingu á selalátrum og fjörugróðri, lóðasölu og sölu á

veiðiréttindum. Slík nýting er í litlu mæli og hefur lítil áhrif á umhverfi og aðra nýtingu og er því í anda sjálfbærrar þróunar. Svigrúm er fyrir nýtingu á smærri skala, svo sem smærri iðnaði eða matvælatengdri nýtingu, að því gefnu að hún hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi og aðra nýtingu. Það þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins.

Menningarminjar

Engar fornminjar eru formlega skráðar í firðinum utan við 115 m frá stórstraumsfjöruborði í vefsjá Minjastofnunar Íslands. Almenn tilið verið fjallað um neðansjávarransóknir fornminja á Íslandi. Þó má nefna verkefni sem hefur það að markmiði að kanna umfang og eðli neðansjávarminja við Vestfirði (Ragnar Edvardsson, 2014). Í tengslum við verkefnið hafa skipsflök verið staðsett, flest þeirra frá 20. öld. Auk þess hafa verið rannsökuð svæði við verslunarstaði og hvalveiðistöðvar og hafa fundist minjar við alla þá staði sem hafa verið skoðaðir í verkefninu. Samkvæmt erlendum rannsóknum á dreifingu skipsflaka má gera ráð fyrir því að neðansjávarminjum fjölgi eftir því sem nær dregur höfnum. Í sveitarfélaginu eru auk þess mannvirki sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda, s.s. fiskhjallar, varir, naust og verstöðvar. Þau setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Nánar er fjallað um menningarminjar í kafla 8 í greinargerðinni.

Áherslur Súðavíkurhrepps

Beina skal framkvæmdum frá fornminjum og öðrum menningarsögulegum minjum sem kunna að finnast á strandsvæðinu. Jafnframt skal þess gætt að athafnir á strandsvæðinu raski ekki fornminjum í landi. Skrá þarf minjar á svæðinu kerfisbundið og miðla upplýsingum um þær til almennings.

Veitur

Útrásir ná ekki út fyrir netlög þó svo að áhrifa þeirra gæti út fyrir þessi stjórnsýslumörk. Sæstrengir og raflínur geta þverað firði en fjallað er um allar veitur og fjarskipti í kafla 14 í aðalskipulagsgreinargerðinni.

Áherslur Súðavíkurhrepps

Taka þarf mið af umhverfi og nálægri nýtingu þegar ákvarðanir um rafveitu, fráveitu og fjarskipti á strandsvæðinu eru teknar. Horfa þarf á heildaráhrif mismunandi valkosta langt fram í tímann.

Siglingar

Után siglinga vegna flutninga og fiskveiða tengjast siglingar að mestu útivist, frístundum og ferðaþjónustu. Ákveðnar siglingaleiðir og svæði hafa fest sig í sessi og njóta vinsælda. Eftir því sem mannvirkjum í firðinum fjölga takmarkast siglingaleiðir um fjörðinn. Fiskeldiskvíar geta haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

Áherslur Súðavíkurhrepps

Mikilvægt er greiðar siglingaleiðir verði um Ísafjarðardjúp. Skrá þarf helstu siglingaleiðir þannig að hægt sé að staðsetja mannvirki og tímabundnar athafnir utan þessara leiða. Þannig er reynt að tryggja hagkvæmni og öryggi. Merkja þarf mannvirki og tryggja gott aðgengi að upplýsingum um staðsetningu þeirra. Mikilvægt er að forðast röskun á sýndar á vinsælum siglingaleiðum við leyfisveitingar mannvirkja.

Náttúru- og verndarsvæði

Íslensk stjórnvöld stefna á að fjölga friðlýstum svæðum í sjó og koma þannig upp heildstæðu neti verndarsvæða. Það er í samræmi við samning um líffræðilega fjölbreytni og fleiri alþjóðlegra samninga, svo sem OSPAR samninginn um vernd NA-Atlantshafsins. Samkvæmt gildandi náttúruverndaráætlun eru ekki uppi hugmyndir á vegum stjórnvalda um að friðlýsa svæði utan netlaga í Ísafjarðardjúpi.

17.4 VIÐAUKI 4 – UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

17.4.1 Inngangur

Aðalskipulagið er háð umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 105/2006. Umhverfismatið, þ.m.t. kynningar og samráðsferlið og greiningarvinna, var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Umfjöllun um einstaka þætti umhverfismatsins er fléttuð inn í einstaka kafla greinargerðarinnar en hér eru birtar nánari upplýsingar um forsendur, aðferðir og niðurstöður matsins.

Við gerð leiðarljóss og meginmarkmiða aðalskipulagsins var horft til laga og reglugerða sem fjalla um náttúru, samfélag og innviði og tengsl við sjálfbæra þróun. Stefna í einstökum þáttum var metin út frá þessum grunni og í samræmi við aðrar áætlanir og stefnuskjöl sem þegar hafa verið metin. Fjallað er um valkosti í umfjöllun um einstaka þætti hér á eftir.

Áherslur Súðavíkurhrepps

Sérstaklega skal gæta að ásýnd svæða og öðrum áhrifum við hverfisvernduð svæði innan netlaga og svæðum á náttúruminjasrá. Eðlilegt er að skoða möguleika á stofnun verndarsvæðum utan netlaga í komandi skipulagsvinnu á haf- og strandsvæðum.

Umhverfismatinu er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er fjallað um heildaráhrif aðalskipulagsins með samanburði við aðrar áætlanir. Í seinni hluta viðaukans er fjallað um einstök viðfangsefni í aðalskipulaginu.

17.4.2 Heildaráhrif aðalskipulagsins

Í umhverfismatinu eru metin áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Heildaráhrif aðalskipulagsins eru metin hér með samanburði við landsskipulagsstefnu. Bæði þessi stefnuskjöl eru unnin með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Leiðarljós aðalskipulagsins byggir á og er samhljóma landsskipulagsstefnu.

Tafla 1. Umhverfisáhrif aðalskipulagsins. Samanburður stefnumörkunar aðalskipulagsins við landsskipulagsstefnu 2015-2026. Hafa skal í huga að markmiðin hafa mismikla tengingu við viðfangsefni aðalskipulags.

<i>Markmið landsskipulagsstefnu</i>	<i>Stefna aðalskipulags</i>
Skipulag í dreifbýli	
<p><i>2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli</i></p> <p>Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðaðróun í þéttbýli og dreifbýli.</p>	<p>Í aðalskipulaginu er sett fram heildstæð stefna um landnýtingu í dreifbýli og þéttbýli í Súðavíkurbænum í samræmi við skipulagslög.</p> <p>Sveitarfélagið leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem hvílir á traustum innviðum og þeim auðlindum og félagsauði sem finna má í sveitarfélaginu. Lífsgæðin í hreppnum felast m.a. hreinleika og lítt spilltu umhverfi en einnig í einfaldleikanum, góðri þjónustu, góðri tengingu við umheiminn og aðgengi að náttúrunni.</p> <p>Miðað við að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru.</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Í Ísafjarðardjúpi er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa, uppbyggingu ferðaþjónustu og landbúnaðar en einnig svigrúmi fyrir minni háttar iðnaðarstarfsemi sem raskar ekki verðmætri náttúru eða menningarsögulegum minjum. ▪ Grunnur verði lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, m.a. með því að: <ul style="list-style-type: none"> ○ Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu. ○ Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar. ○ Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu. ▪ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun
<p><i>2.2 Umhverfis- og menningargæði</i></p> <p>Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Tryggt skal að kostum og sérkennum Súðavíkur verði viðhaldið og samtímis þróað aðlaðandi, öruggt, snyrtilegt og líflegt búsetuumhverfi. Nýting svæðisins skal njóta góðs af umhverfinu og menningarsögulegum arfi, án þess að sérstöðu svæðisins verði raskað. ▪ Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.

Markmið landsskipulagsstefnu	Stefna aðalskipulags
	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Sérkenni svæðisins verði vernduð. ▪ Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar. ▪ Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð. ▪ Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á evrópska efnahagssvæðinu. ▪ Yfirbragð og ásýnd strandlengju og hafnar skal vera í takt við náttúrulegt og sögulegt umhverfi svæðisins. ▪ Menningar- og búsetuminjar verði verndaðar, m.a. fyrir skógrækt, ágangi búfjár, landbroti og öðrum framkvæmdum.
<p>2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands</p> <p>Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Í Ísafjarðardjúpi er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa, uppbyggingu ferðaþjónustu og landbúnaðar en einnig svigrúmi fyrir minni háttar iðnaðarstarfsemi sem raskar ekki verðmætri náttúru eða menningarsögulegum minjum. ▪ Að gott landbúnaðarland verði nýtt til landbúnaðar. ▪ Að styðja við þann landbúnað sem er til staðar og tryggja möguleika til uppbyggingar. ▪ Að stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar. ▪ Að efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu. ▪ Að tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu.
<p>2.4 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi</p> <p>Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Í Ísafjarðardjúpi er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundahúsa, uppbyggingu ferðaþjónustu og landbúnaðar en einnig svigrúmi fyrir minni háttar iðnaðarstarfsemi sem raskar ekki verðmætri náttúru eða menningarsögulegum minjum. ▪ Sjálfbær ferðaþjónusta verði ein af meginstoðum í atvinnulífi hreppsins. Með sjálfbærri ferðaþjónustu er átt við ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins. ▪ Ferðaþjónustan verði í takt við stefnu sveitarfélaga um umhverfisvottaða Vestfirði og í takt við áfangastaðaáætlun fyrir Vestfirði. ▪ Unnið verði markvisst með öðrum sveitarfélögum og aðilum í ferðaþjónustu að uppbyggingunni. ▪ Tekið verði tillit til þarfa ferðaþjónustunnar við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.

<i>Markmið landsskipulagsstefnu</i>	<i>Stefna aðalskipulags</i>
	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta mannvirki og byggingar á landbúnaðarsvæðum til minni háttar ferðapjónustu. Þar er einnig heimild er fyrir tjaldsvæðum, heimasölu og heimavinnslu.
<p><i>2.5 Orkumannvirki og örugg afhending raforku í sátt við náttúru og umhverfi</i></p> <p>Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu. ▪ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða. ▪ Að afhendingaröryggi raforku verði sambærilegt við önnur sveitarfélög á landinu. ▪ Að næg orka verði tiltæk fyrir íbúafjölgun og frekari uppbyggingu í atvinnulífi innan sveitarfélagsins. ▪ Að tryggð verði næg raforka og ásættanlegt afhendingaröryggi fyrir rekstur kalkþörungaverksmiðju við Langeyri. ▪ Að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst. ▪ Að stuðlað verði að aukinni orkunýtni. ▪ Að neikvæð umhverfisáhrif vegna línulagna verði lágmarkuð.
<p><i>2.6 Sjálfbærar samgöngur</i></p> <p>Skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu. ▪ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða. ▪ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur í sveitarfélaginu. ▪ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur milli þéttbýlisstaða við Djúp og annarra svæða á Vestfjörðum. ▪ Auka möguleika á vistvænum ferðamátum og efla almenningssamgöngur til nágrennasveitarfélaga. ▪ Að tryggja öruggar reiðleiðir innan sveitarfélagsins.
<p><i>2.7 Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið</i></p> <p>Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu. ▪ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða. ▪ Á óbyggðum svæðum er heimilt er að reisa fjarskiptamannvirki, svo sem möstur, sem og minni mannvirki sem tengjast öryggi íbúa og vegfarenda. ▪ Nýting á óbyggðum svæðum skal vera í samræmi við önnur markmið er snúa að vernd náttúru og menningarminja og aðgengi að útivist.

Markmið landsskipulagsstefnu	Stefna aðalskipulags
	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Minni háttar mannvirki eru heimil á landbúnaðarsvæðum, svo sem lítil fjarskiptamöstur, litlar vindmyllur og sólarcellur til heimanotkunar sbr. kafla um raforku.
<p>2.8 Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga</p> <p>Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár. ▪ Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár. ▪ Að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá. ▪ Að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin með endurheimt votlendis, skógrækt og landgræðslu í samræmi við áætlanir hreppsins. Nánar er fjallað um þetta í kafla um landbúnað. ▪ Forðast skal nýbyggingar á lágsvæðum. ▪ Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir. ▪ Að rofvrönum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð. ▪ Að ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum.
Búsetumynstur og dreifing byggðar	
<p>3.1 Heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun</p> <p>Skipulag byggðar og þróun þéttbýlis stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags í einstökum landshlutum og á landinu í heild.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Grunnur verði lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, m.a. með því að: <ul style="list-style-type: none"> ○ Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu. ○ Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar. ○ Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu. ▪ Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. ▪ Að skipulag byggðar geri ráð fyrir uppbyggingu innviða þannig að samkeppnishæfni Súðavíkurrepps verði til jafns við önnur sveitarfélög.
<p>3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis</p> <p>Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. ▪ Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. ▪ Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum allra íbúa hreppsins.

Markmið landsskipulagsstefnu	Stefna aðalskipulags
<p>Íbúðar- og atvinnuhúsnaðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að skipulag byggðar geri ráð fyrir uppbyggingu innviða þannig að samkeppnishæfni Súðavíkurhrepps verði til jafns við önnur sveitarfélög. ▪ Að skipulag byggðar viðhaldi og stuðli að fjölbreytileika samfélags og náttúru.
<p><i>3.3 Gæði hins byggða umhverfis</i></p> <p>Skipulag byggðar og bæjarhönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Tryggt skal að kostum og sérkennum Súðavíkur verði viðhaldið og samtímis þróað aðlaðandi, öruggt, snyrtilegt og líflegt búsetuumhverfi. Nýting svæðisins skal njóta góðs af umhverfinu og menningarsögulegum arfi, án þess að sérstöðu svæðisins verði raskað. ▪ Að skipulag þéttbýlisins stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi. ▪ Að áhersla verði lögð á að þróa aðlaðandi, öruggt, snyrtilegt og líflegt búsetuumhverfi. Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi, njóti góðs af því umhverfi og gæðum sem eru þegar til staðar og raski ekki sérstöðunni, þ.e. menningarsögulegum arfi og náttúru. ▪ Tryggt skal að kostum og sérkennum Súðavíkur verði viðhaldið samtímis og þróaður verði áhugaverður og eftirsóknarverður bær til framtíðar. ▪ Að samhengi nýju byggðarinnar, gömlu byggðarinnar og framtíðar byggðar verði styrkt með bættum samgönguleiðum og ásýnd og góðri tengingu byggðasvæða við útivistarsvæði, opin svæði og strandlengju. ▪ Að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að sögulegri byggð og bæjarmynd Súðarvíkur og styrki hana og efla. <p>Til viðbótar eru skilgreind hverfisvernduð svæði. Markmið þeirra er:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Að tryggja verndun þeirra auðlinda og menningarverðmæta sem hafa verndargildi eða geta aukið velferð íbúa og gesta á svæðinu. ▪ Að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Súðavíkurhrepps og að styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins. ▪ Að tryggja að tengsl sveitarfélagsins við söguna glattist ekki.
<p><i>3.3 Gæði hins byggða umhverfis</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að uppbygging útivistarsvæða stuðli að markmiðum "Heilsueflandi Súðavíkurhrepps". ▪ Að allt skipulag taki tillit til og hvetji til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfs. ▪ Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar.

<i>Markmið landsskipulagsstefnu</i>	<i>Stefna aðalskipulags</i>
<p>Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að tengsl íbúa við náttúru og umhverfi verði eflid. ▪ Að aðgengi að náttúru verði tryggt, m.a. að fjöru og birkiskógum. ▪ Að náttúrulegum birkiskógum verði hlíft.
<p><i>3.4 Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf</i></p> <p>Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að grunnur verði lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, m.a. með því að: <ul style="list-style-type: none"> ○ Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu. ○ Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar. ○ Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu. ▪ Að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun. ▪ Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar.
<p><i>3.5 Sjálfbærar samgöngur</i></p> <p>Samþætt stefna um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu. ▪ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða. ▪ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur í sveitarfélaginu. ▪ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur milli þéttbýlisstaða við Djúp og annarra svæða á Vestfjörðum. ▪ Að göngu- og hjólaleiðir verði raunhæfur valkostur í samgöngum, s.s. milli íbúðarbyggðar og atvinnusvæða við Langeyri. ▪ Að draga úr umferðarhraða á þjóðvegnum í þéttbýlinu og tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. ▪ Auka möguleika á vistvænum ferðamátum og efla almenningssamgöngur til nágrennasveitarfélaga.
<p><i>3.6 Trygg fjarskipti í sátt við umhverfið</i></p> <p>Skipulag gefi kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að umhverfisáhrifum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu. ▪ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða. ▪ Á óbyggðum svæðum er heimilt er að reisa fjarskiptamannvirki, svo sem möstur, sem og minni mannvirki sem tengjast öryggi íbúa og vegfarenda.

<i>Markmið landsskipulagsstefnu</i>	<i>Stefna aðalskipulags</i>
	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Nýting á óbyggðum svæðum skal vera í samræmi við önnur markmið er snúa að vernd náttúru og menningarminja og aðgengi að útivist. ▪ Minni háttar mannvirki eru heimil á landbúnaðarsvæðum, svo sem lítil fjarskiptamöstur, litlar vindmyllur og sólarcellur til heimanotkunar sbr. kafla um raforku.
<p><i>3.7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar</i></p> <p>Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.</p>	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Að íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár. ▪ Að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár. ▪ Að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá. ▪ Að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að stuðla að minni umferð og bættri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi. ▪ Forðast skal nýbyggingar á lágsvæðum. ▪ Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir. ▪ Að rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð. ▪ Að ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum. ▪ Öll íbúðarbús og atvinnustarfsemi byggist upp á hættalausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á ofanflóðahættusvæðum

Skipulag á haf- og strandsvæðum

4.1 Sjálfbær nýting auðlinda

Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins.

Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

4.2 Skýr og skilvirk stjórnýsla skipulagsmála

Stjórnýsla skipulagsmála á haf- og strandsvæðum verði skýr og samræmd. Aðkoma ólíkra stjórnvalda og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni verði tryggð og leitast við að koma í veg fyrir árekstra ólíkrar nýtingar og verndarsjónarmiða

Það er stefna Súðavíkurrepps að Ísafjarðardjúp og auðlindir hans verði nýttar á fjölbreyttan og sjálfbæran hátt. Í því felst vel skipulögð nýting þar sem áhersla er lögð á langtímahagsmuni við verðmætasköpun, verndun lífríkis og umhverfis. Íbúar skulu njóta afraksturs þeirrar verðmætasköpunar sem fram fer í tengslum við nýtingu Djúpsins en jafnframt að eiga kost á að njóta annarra gæða svæðisins, svo sem útivistar og annarrar afþreyingar sem erfiðara er að verðleggja.

Markmið Súðavíkurrepps m.t.t haf- og strandsvæða eru:

- Að í Ísafjarðardjúpi verði svigrúm fyrir fjölbreytta nýtingu.
- Að auðlindir svæðisins verði nýttar á sjálfbæran hátt og með vistkerfisnálgun að leiðarljósi, þannig að þær gagnist íbúum svæðisins sem best, með aukinni atvinnu og bættum lífsgæðum en raski sem minnst náttúru og menningarverðmætum.
- Að gert verði strandsvæðisskipulag fyrir haf- og strandsvæði Vestfjarða í samvinnu við hagsmunaaðila og opinbera aðila.

17.4.3 Atvinnulíf og innviðir

Fjallað er um atvinnulíf og þjónustu í köflum um samfélag og innviði. Helstu viðmið og vísar sem stuðst er við eru tilgreind í töflunni hér að neðan.

Tafla 2. Atvinnulíf og innviðir – viðmið og vísar.

Viðmið	Vísar
Byggðaáætlun	
Stöðugreining landshluta (innviðir)	
Hagvöxtur landshluta	
Samanburður við önnur sveitarfélög	Staða atvinnulífs
Sóknaráætlun Vestfjarða	Efnahagsþróun
Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – fyrstu skref	Samgöngur þjónusta
Umhverfisivottun Vestfjarða	Fjölbreytni
Kerfisáætlun	
Samgönguáætlun	
Landsskipulagsstefna	

Stefnan í aðalskipulaginu hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og þjónustu. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi. Því til grundvallar er lagt upp með að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu. Sjálfbær þróun skal vera leiðarljós við atvinnuþróun.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að nálægð við náttúruna og sérkenni svæðisins verði nýtt á jákvæðan hátt, svo sem við fiskeldi og í ferðaþjónustu. Skipulagið gerir einnig ráð fyrir kalkþörungaverksmiðju við Langeyri. Verksmiðjan mun skapa 15-20 ný störf í Súðavík og almennt mun aukinn kraftur í atvinnulífinu leiða til fólksfjölgunar og aukinnar þjónustu í sveitarfélaginu. Aukin

fjölbreytni mun einnig stuðla að samfélagslegum og efnahagslegum stöðugleika. Uppbygging kalkþörungaverksmiðjunnar kallar á nýja dreifilínu sem mun auka raforkuöryggi í Súðavík.

Aðalskipulagið er í samræmi við markmið Ferðamálaáætlunar og markmið landsskipulagsstefnu þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu á grunni sérstöðu um umhverfisgæði. Stjórnvöld hafa breytt löggjöf sem snýr að fiskeldi og ný lög um skipulag haf- og strandsvæða tóku nýverið gildi. Eldisfyrirtæki hafa óskað eftir skýrari ramma til að vinna eftir, til að uppbygging þeirra geti verið hraðari og markvissari. Súðavíkurreppur styður uppbyggingu í fiskeldi en telur mikilvægt að sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanir í greininni.

Áhersla sveitarfélagsins er samhljóma þeim áherslum um uppbyggingu innviða sem Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur unnið markvisst að allt síðasta skipulagstímabil Súðavíkurrepps. Aðalskipulagið er einnig í samræmi við áherslur Vestfirskra sveitarfélaga um eflingu ferðaþjónustu og fiskeldis, sbr. umhverfisivottun sveitarfélaga og sameiginlega stefnuýfirlýsingu sveitarfélaga um fiskeldi. Stefnan í aðalskipulaginu er einnig í samræmi við sameiginlega stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti.

Í aðalskipulaginu eru tilgreindar framkvæmdir sem ekki eru á áætlun stjórnvalda. Jarðgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar eru ekki á samgönguáætlun og hringtenging raforku á Vestfjörðum er ekki tilgreind í kerfisáætlun Landsnets. Valkostir um þessar tvær framkvæmdir eru metnir sérstaklega í síðari hluta viðaukans.

Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við byggðaáætlun og áætlanir ríkisins um uppbyggingu innviða. Í byggðaáætlun er lögð áhersla á uppbyggingu innviða, staðbundin verkefni, góða þjónustu og sjálfbæra þróun. Sérstaklega er fjallað um áskoranir tengdar fólksfækkun, loftslagsbreytingum, einhæfu atvinnulífi og tæknijungum. Þessi viðfangsefni eru öll til umræðu í

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

aðalskipulaginu og stefnumörkunin byggir á lögmálum sjálfbærrar þróunar, eins og áður kom fram.

Niðurstaða

Í heildina er gott samræmi á milli aðalskipulagsins og áætlana ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum hvað varðar atvinnulíf og innviði. Einstakar framkvæmdir eru metnar sérstaklega í umhverfismatinu, auk þess sem fyrrnefndar áætlanir ríkisins og vestfirskra sveitarfélaga hafa verið metnar m.t.t. umhverfisins í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Áhrif stefnunnar m.t.t. atvinnu og innviða eru því jákvæð og í samræmi við löggjöf og stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

17.4.4 Lífríki og landslag

Í kafla 5 í greinargerð aðalskipulagsins er fjallað um lífríki og landslag. Helstu viðmið og vísar sem stuðst var við eru tilgreind í töflunni hér að neðan.

Tafla 3. Lífríki og landslag – viðmið og vísar.

Viðmið	Vísar
Lög un náttúruvernd nr. 60/2013	
Velferð til framtíðar: Stefnumörkun stjórnvalda til 2020	
Náttúruverndaráætlun	Gróðurfar
Náttúruminjaskrá	Fuglalíf
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Náttúruminjar
Ramsarsamningurinn	Fágæti landslags
Bernarsamningurinn	Nýtingarsaga
Evrópski landslagssáttmálinn	Mengun
Landsskipulagsstefna	Röskun á náttúru
Sóknaráætlun Vestfjarða	Stærð víðerna
Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – fyrstu skref	Lífverur á válista
Stöðugreining landshluta (Byggðastofnun)	

Í greinargerðinni er vísað í náttúruverndarlög og helstu áætlanir og stefnuskjöl sem tengjast verndun lífríkis og landslags, svo sem náttúruverndaráætlun, Velferð til framtíðar og landsskipulagsstefna. Stefna aðalskipulagsins byggir á þessum stefnuskjöllum.

Í aðalskipulaginu er fjallað um mat á verndargildi náttúrunnar út frá þjónustu vistkerfa, þ.e. þjónustu sem maðurinn er algerlega háður. Til viðbótar er fjallað um gildi náttúrunnar og verðmætamat. Reynt er að draga fram

mikilvægi náttúrunnar fyrir komandi kynslóðir auk þess að ræða um verðmæti sem ekki eru háð hagsmunum mannsins.

Sérstaklega er hugað að sérkennum svæðisins, en upplýsingar um þau er m.a. að finna í náttúruminjaskrá, náttúrufarsúttektum og stefnumörkun ferðaþjónustunnar en einnig í umræðum skipulagshóps aðalskipulagsins og íbúapings sem haldið var í Súðavík árið 2017.

Sett eru almenn ákvæði um lífríki og landslag en einnig eru ákveðin svæði hverfisvernduð. Hverfisverndarákvæðunum er ætlað að hlífa viðkomandi svæðum fyrir óæskilegu raski – að tryggja verndun þeirra auðlinda og verðmæta sem hafa verndargildi eða aukið geta velferð íbúa og gesta á svæðinu.

Náttúrulegir birkiskógar fá sérstaka umfjöllun. Þeir setja sterkan svip sinn á Djúpið og eru eitt af meginsérkennum þess. Gildi þeirra er margþætt eins og fram kemur í kafla um náttúru.

Mörkuð er sú stefna að nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar. Einnig skal vernda sérkenni svæðisins, líffræðilega fjölbreytni og landslagsheildir. Öll önnur nýting, svo sem í tengslum við atvinnumál eða uppbyggingu innviða, á að vera í samræmi við þessi verndarmarmið.

Niðurstaða

Samkvæmt aðalskipulaginu skal öll nýting vera í samræmi við markmið um verndun náttúru með áherslu á sjálfbæra þróun og vistkerfisnálgun. Verndun sérkenna svæðisins, líffræðilegrar fjölbreytni og landslagsheilda er í samræmi við stefnu stjórnvalda, löggjöf er varðar lífríki og landslag sem og svæðisbundnar greiningar. Í heildina er gott samræmi á milli aðalskipulagsins og áætlana ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

17.4.5 Menningar- og búsetuminjar

Í kafla 8 er fjallað um menningar- og búsetuminjar. Lög um menningarminjar nr. 80/2012 hafa m.a. það markmið að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögunum er einnig ætlað að auðvelda aðgengi að minjum. Helstu viðmið og vísar sem stuðst var við eru tilgreind í töflunni hér að neðan.

Tafla 4. Menningar- og búsetuminjar – viðmið og vísar.

Viðmið	Vísar
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	
Stefna íslenskra stjórnvalda um byggingarlist	Fornleifaskráning
Fornleifaskrár	Húsasaga
Samningurinn um heimsminjar	Aldur húsa
Granada-samningurinn	Varðveisla bygginga og götummynda
Möltusamningurinn	
Velferð til framtíðar	
Landsskipulagsstefna	

Í aðalskipulaginu er yfirlit yfir skráðar fornleifar en ekki hefur farið fram kerfisbundin skráning á öllum jörðum í sveitarfélaginu. Ráðgert er að skráning fornleifa á skipulagstímabilinu fari fram samhliða deiliskipulagsvinnu, leyfisveitingum og framkvæmdum eftir því sem við á. Í aðalskipulaginu er sérstök umfjöllun um byggingararf og húsfriðun. Friðuð hús eru tilgreind en einnig hús sem eru eldri en 100 ára eða verða eldri en 100 ára á skipulagstímabilinu og skulu því friðuð skv. lögum um menningarminjar.

Markmið aðalskipulagsins er að vernda menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð,

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

skógrækt og ágangi búfjár. Jafnframt skal leitast við að verja minjar vegna ágangs sjávar. Einnig er markmið skipulagsins að íbúar og gestir geti notið þeirrar menningar og sögu sem búsetuminjarnar geyma. Áhersla er lögð á að beina framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi fornminja frá minjastöðum eins og kostur er, en að öðrum kosti tilkynna Minjastofnun um framkvæmdir. Gamlar byggingar með verndargildi skulu varðveittar, skv. aðalskipulaginu. Svæði tengd sögu, þjóðháttum og atvinnusögu eru einnig vernduð. Dæmi um þetta eru fornar gönguleiðir. Í aðalskipulaginu er mörkuð sérstök stefna um varðveislu bygginga og götumynda. Þar er lögð áhersla á að að sérkenni Súðavíkur fái að njóta sín.

Menningarminjar eru sérstaklega verndaðar með hverfisverndarákvæðum. Markmið hverfisverndar er að tryggja verndun þeirra auðlinda og menningarminja sem hafa verndargildi eða geta aukið velferð íbúa og gesta á svæðinu. Hverfisverndinni er einnig ætlað að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Súðavíkur og að styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins. Reynt er að tryggja að tengsl bæjarins við söguna glattist ekki. Við deiliskipulagsgerð á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og svæðum á náttúruminjaskrá skal, samkvæmt aðalskipulaginu, gera sérstaka greiningu á áhrifum skipulagsins (sjá leiðbeiningar í viðauka 1).

Aðalskipulagið er í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er um verndun sögu og menningargæða í landsskipulagsstefnu. Þar segir að skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli skuli taka mið af byggingarhefðum og að leitast skuli við að varðveita menningargæði.

Niðurstaða

Sú stefna sem mörkuð er í aðalskipulaginu um menningar og búsetuminjar er í góðu samræmi við lög um menningarminjar, stefnu íslenskra stjórnvalda og alþjóðlega samninga, svo sem Velferð til framtíðar og stefnu um byggingarlist. Menningar- og búsetuminjar á Vestfjörðum eru hluti af ímynd svæðisins og m.a. hluti af markaðssetningu í ferðaþjónustu. Í aðalskipulaginu er einnig lögð áhersla á að við allar framkvæmdir, t.d. tengdir

atvinnustarfsemi og innviðaupbyggingu, skuli horft til verndar menningarminja.

17.4.6 Loftslagsbreytingar

Í kafla 4 um náttúruvá er fjallað um loftslagsbreytingar og sjávarrof. Loftslagsbreytingar eru af mörgum taldar eitt mikilvægasta málefni 21. aldarinnar. Nýjar upplýsingar um loftslagsvá benda til að grípa verði til róttækra aðgerða, eigi alþjóðleg markmið vegna ofhlýnunar jarðar að nást. Helstu viðmið og vísar sem stuðst var við eru tilgreind í töflunni hér að neðan.

Tafla 5. Loftslagsbreytingar – viðmið og vísar.

Viðmið	Vísar
Velferð til framtíðar – stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030	Bílaumferð Göngustígar Plöntuð tré Umfang gróðurs og skóga og röskun á náttúrulegum skógum
Landsskipulagsstefna Endurheimt votlendis; Aðgerðaáætlun (2016)	Endurheimt votlendi

Stjórnvöld á Íslandi kynntu í september 2018 aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamkomulagsins og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040. Umræðan undanfarin misseri hefur beinst að sveitarfélögunum og hlutverki þeirra við lausn þeirra vandamála sem uppi eru í þessum efnum.

Stefna Súðavíkurhrepps er að landnýtingu verði hagað m.t.t. náttúruvár og að eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá. Verkefni hreppsins á skipulagstímabilinu er að draga úr loftslagsbreytingum en einnig að aðlagast þeim breytingum sem kunna að verða vegna þeirra. Markmið sveitarfélagsins eru að draga úr loftslagsbreytinum með minni eldsneytisnotkun, endurheimt votlendis og skógrækt. Aðeins lítil hluti þéttbýlisins flokkast sem lágsvæði. Aðlögun getur m.a. falist í því að fyrirbyggja tjón vegna sjávarflóða og eflingu innviða, svo sem fráveitu, vegna breyttra umhverfisaðstæðna.

Skipulag er áhrifamikið stjórnæki til að hafa áhrif á loftslagsbreytingar. Í leiðarljósi landsskipulagsstefnu og aðalskipulags Súðavíkurhrepps segir að skipulag byggðar og landnotkunar skuli vera sveigjanlegt og stuðla að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Búist er við að umhverfisbreytingar muni ná yfir langt tímabil og mikil óvissa er um hvernig þær verða. Aukinn skilningur á vandamálinu, breytingar í viðhorfum almennings, og hröð tæknipróun kalla á sveigjanlegt skipulag. Einnig er mikilvægt að festa sé til staðar, þannig að markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aðrar aðgerðir geti staðist.

Niðurstaða

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að dregið verði úr losun gróðurhúsaáhrifa en einnig að kolefnisbinding verði aukin. Sveitarfélagið þarf jafnframt að aðlagast breyttum umhverfisaðstæðum. Hraðar tæknibreytingar, betri skilningur á eðli og afleiðingum loftslagsbreytinga og breytt viðhorf almennings kalla á sveigju í aðalskipulaginu. Aðalskipulagið samrýmist vel stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum, svo sem aðgerðaráætlunum í loftslagsmálum og landsskipulagsstefnu.

17.4.7 Félags- og velferðarmál

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að allir íbúar sveitarfélagsins geti átt jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni

og geti þannig tekið þátt í að þróa og efla samfélagið. Einnig er mörkuð sú stefna að Súðavíkurhreppur verði fjölskylduvænt samfélag án aðgreiningar og með aðgengi að þjónustu fyrir alla. Skapað er svigrúm til að hægt sé að nýta nálægð við náttúruna og nýta sérkenni á sjálfbæran hátt til að auka lífsgæði íbúa og komandi kynslóða. Íbúar sækjast eftir blómlegu mannlífi og vilja efla menningar- og fræðastörf. Helstu viðmið og vísar sem stuðst var við eru tilgreind í töflunni hér að neðan.

Tafla 6. Félags- og velferðarmál – viðmið og vísar.

Viðmið	Vísar
Velferð til framtíðar – stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun.	
Landsskipulagsstefna	
Lýðheilsustefna og aðgerðaáætlun sem stuðlar að heilsuefandi samfélagi	Framboð og eftirspurn þjónustu
Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks	Aðgengi að þjónustu
Sóknaráætlun Vestfjarða	Lýðheilsa og þættir sem stuðla að bættri lýðheilsu
Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – fyrstu skref	Menningarframboð
Samanburður við önnur sveitarfélög	Dvalarúrræði fyrir eldri borgara
Stöðugreining landshluta (Byggðastofnun)	
Önnur stefnuskjöl um menntamál, menningarmál, félagsmál og heilbrigðismál	

Aðalskipulaginu er ætlað að efla lýðheilsu í sveitarfélaginu, m.a. með þátttöku í verkefninu Heilsuefandi Súðavík. Það er hluti af stærra verkefni í fleiri sveitarfélögum og í samstarfi við landlæknisembættið. Markmið þess

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

er að efla lýðheilsu íbúa með því að styrkja líkamlegt, andlegt og næringarlegt atgervi fólks í Súðavíkurreppi.

Gert er ráð fyrir nýjum dvalarúrræðum fyrir eldri borgara í aðalskipulaginu. Í skipulagsvinnunni var gerð greining á mögulegum staðsetningum nýrra íbúða fyrir eldri borgara. Niðurstaðan varð sú að staðsetja íbúðir fyrir eldri borgara (S2) nálægt miðsvæðinu og þannig nýta kosti þess fyrir íbúana en jafnframt mun það styrkja miðbæinn.

Reynt er, í skipulaginu, að skapa rými fyrir þá starfsemi og þjónustu sem þjóða á uppá. Reynt er að vernda og tengja saman menningarsöguleg og náttúruleg sérkenni svæðisins, sbr. umfjöllun hér að framan um lífríki og landslag og menningar- og búsetuminjar. Einnig er lögð áhersla á félagsauðinn í sveitarfélaginu og að hver einstaklingur geti eftt samfélagið með sínum hæfileikum.

Niðurstaða

Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um almenna samfélagsþjónustu í samræmi við skipulagslög. Aðalskipulagið gengur þó lengra og fjallar um aðgengi, þátttöku íbúa í þróun samfélagsins og hvernig nýta má sérkenni á sjálfbæran hátt til þess að bæta lífsgæðin, m.a. með öflugu menningarstarfi. Mörkuð er stefna um bætt aðstöðu fyrir eldri borgara og eflingu lýðheilsu í tengslum við verkefni hjá landlæknisembættinu. Þetta er í samræmi við stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum og stefnu stjórnvalda um að sérkenni og sérstaða svæða verði nýtt til að bæta lífsgæði.

17.4.8 Útivist og öryggi

Í kafla um náttúruvár er fjallað um ofanflóð og sérstök umfjöllun er um útivist í samfélagskafla aðalskipulagsins. Stefna sveitarfélagsins m.t.t. náttúruvár er að allir íbúar búi við ásættanlegt öryggi, að landnýtingu verði hagað m.t.t.

náttúruvárinnar og að eignir verði sem best varðar. Helstu viðmið og vísar sem stuðst var við eru tilgreind í töflunni hér að neðan.

Tafla 7. Útivist og öryggi – viðmið og vísar.

Viðmið	Vísar
Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi	Aðgengi að náttúru
Velferð til framtíðar	Göngustígar og græn svæði
Landsskipulagsstefna	Ofanflóðahætta
	Lýðheilsa og þættir sem stuðla að bættri lýðheilsu

Í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats m.s.br. eru skýrar reglur um hættumat og nýtingarreglur vegna ofanflóða. Stefnan í aðalskipulaginu byggir á þeim nýtingarreglum sem settar eru í þessari löggjöf. Lögð er áhersla á að beina nýbyggingum og starfsemi af hættusvæðum inn á örugg svæði.

Markmið aðalskipulagsins er einnig í samræmi við stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun en þar eru sett fram þau markmið að allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvár og að landnýtingu verði hagað með tilliti til hennar.

Stefna Súðavíkurrepps um útivist er að hvetja til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfa. Nýta á nálægðina við náttúruna og sérkennin á sjálfbæran hátt með þetta að markmiði en einnig að efla tengsl íbúa við náttúru og umhverfi. Súðavíkurreppur er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi samfélag í Súðavík. Eins og fram kom að framan er verkefnið unnið í fleiri sveitarfélögum og í samstarfi við landlæknisembættið með það að markmiði

að efla lýðheilsu íbúa með því að styrkja líkamlegt, andlegt og næringarlegt atgervi fólks.

Í þéttbýlinu er gott net göngustíga en áfram verður unnið að gerð göngustíga, m.a. tengingu á milli eldri og nýrri byggðar í þéttbýlinu. Í eldri byggðinni er Raggagarður mikið aðdráttarafl fyrir íbúa og ferðamenn. Gert er ráð fyrir samfelldu útivistarsvæði umhverfis bæjarkjarnann. Í Súðavík hefur verið starfandi göngufélag sem staðið hefur fyrir viðburðum og gönguferðum. Göngustígar og aðrir innviðir og svæði fyrir útivist auka lífsgæði íbúa í Súðavík en eru einnig aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Aðgengi að náttúrunni og varðveisla svæða sem henta til útivistar er mikilvæg. Seljaland í botni Álftafjarðar, Hestfjarðarbotn, Heydalur, Reykjanes og fleiri svæði eru dæmi um svæði sem laða gesti að. Birkiskógarnir í Djúpinu

og bláberjalyngið eru eitt af einkennum svæðisins. Í aðalskipulaginu er sérstök áhersla lögð á gott aðgengi að skógunum sem útivistarsvæði og að þeim verði hlíft við raski.

Niðurstaða

Stefnan sem hér er mörkuð hefur jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan fólks. Hún er í samræmi við stefnu stjórnvalda um lýðheilsu og sjálfbæra þróun. Markmið um verndun náttúru og útivist eru samhljóma í aðalskipulaginu. Varðveisla birkiskóga til útivistar styður auk þess markmið um bindingu kolefnis til að draga úr gróðurhúsaáhrifum.

17.5 VIÐAUKI 4 – MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM EINSTAKRA FRAMKVÆMDA

Hér eru metin áhrif mismunandi valkosta sem tengjast stærri framkvæmdum sem kunna að verða að veruleika á skipulagstímabilinu. Þessar framkvæmdir kunna, á síðari stigum, að vera háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Notast var við sömu viðmið og vísa og fjallað er um í kafla 2 hér að framan. Eftirfarandi umhverfisþættir voru notaðir við matið:

Félagslegir og hagrænir þættir

- ✓ Atvinnulíf
- ✓ Þjónusta

Náttúrufarslegir þættir

- ✓ Eðlisrænir þættir
- ✓ Líffræðilegir þættir
- ✓ Náttúruminjar og víðerni
- ✓ Landslag

Öryggi og heilsa

- ✓ Ofanflóð
- ✓ Hávaði

Innviðir og aðgengi

- ✓ Samgöngur
- ✓ Veitur
- ✓ Útivist
- ✓ Menningarminjar

17.5.1 Kalkþörungaverksmiðja

Íslenska Kalkþörungafélagið og Súðavíkurreppur hafa í sameiningu undanfarin misseri skoðað möguleika á að reist verði verksmiðja á landfyllingu við Langeyri í Álftafirði til að vinna allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti. Efnið yrði flutt af botni Ísafjarðardjúps til vinnslu í verksmiðjunni. Viðlegubryggjur fyrir 1.350 tonna skip og stærri eru matsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vinnslu og aðstæðum við Langeyri er nánar lýst í atvinnukafla greinargerðarinnar.

Íslenska kalkþörungafélagið birti frummatsskýrslu sína um verkefnið í ágúst 2017. Þar er fjallað annars vegar um áhrif efnistökkunnar af hafsbotni og hins vegar áhrif verksmiðjunnar (VSÓ ráðgjöf og Íslenska kalkþörungafélagið, 2017). M.a. er fjallað um áhrif verksmiðjunnar á loftgæði, losun gróðurhúsalofttegunda, hávaða og fornleifar. Áhrif kalkþörungaverksmiðju eru nokkuð vel þekkt enda er sambærileg verksmiðja á Bíldudal. Ekki voru metnir mismunandi valkostir m.t.t. staðsetningar verksmiðjunnar í frummatsskýrslunni.

Markmið aðalskipulagsins

Atvinnuþróun

- ✓ Að grunnur verði lagður að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, m.a. með því að:
 - Tryggja að grunngerð og þjónusta innan svæðisins verði samkeppnishæf við önnur sveitarfélög á landinu.
 - Hlúa að þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar.
 - Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu.
- ✓ Að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun.
- ✓ Að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar.

Hafnarsvæði

- ✓ Að aðstaða og þjónusta á hafnarsvæðum miðist við þarfir og áherslur sem settar eru fram í aðalskipulaginu um atvinnumál. Má sérstaklega nefna smábátaútgerð, fiskeldi og annan sjávarútveg, skemmti- og frístundabáta og ferðaþjónustu.
- ✓ Að haldið verði opnum fleiri þróunarmöguleikum fyrir hafnsækna starfsemi.
- ✓ Að ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.
- ✓ Gert er ráð fyrir að kalkþörungaverksmiðja rísi á landfyllingu innan Langeyrar.
- ✓ Að bæta hafnaraðstöðu í Vigur, þannig að hún nýtist í ferðaþjónustu.

Valkostir og áhrifaþættir

Helstu **áhrifaþættir** fyrirhugaðrar verksmiðju eru eftirfarandi:

- ✓ Vinnsla og meðhöndlun kalkþörungasettsins getur valdið foki á fínefnum, hávaðamengun og skolun efnis úr hráefnislóni í sjóinn.
- ✓ Verksmiðjan sjálf hefur áhrif á ásýnd svæðisins.
- ✓ Landfyllingin getur haft áhrif á fornminjar á sjávarbotni og náttúru.
- ✓ Fyllingin tekur ákveðið rými og þrengir að núverandi starfsemi og takmarkar þróunarmöguleika svæðisins.
- ✓ Efnistaka setsins í Ísafjarðardjúpi hefur áhrif á sjávarbotninn, búsvæði í sjónum og aðra nýtingu.

Skoðaðir eru þrjú **valkostir**.

A. Langeyri

Kalkþörungaverksmiðja rísi á fyllingu við innanverða Langeyri.

Vegagerðin gerði kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir fyrir þrjár mismunandi útfærslur á þessum valkosti (Vegagerðin. júní 2018):

- 1) 110 m breið og 260 m löng landfylling um 200 m innan við Langeyri.
- 2) 100 m breið og 290 m löng landfylling innan við Langeyri.
- 3) 75 m breið og 370 m löng landfylling innan við Langeyri. Í öllum þessum tilvikum er gert ráð fyrir 80 m löngum bryggjukanti og grjótvörn.

B. Hlíð

Kalkþörungaverksmiðja rísi á 100 m breiðri og 290 m langri fyllingu um 800 m innan við Langeyri. Í þessum valkosti er gert ráð fyrir að fast efni á landi verði losað. Vegagerðin gerði kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir þennan valkost (Valkostur 4 í minnisblaði Vegagerðarinnar frá ágúst 2018.).

C. Engin verksmiðja

D. Ekki verði gert ráð fyrir kalkþörungaverksmiðju (núll kostur).

Mat á áhrifum kalkþörungaverksmiðju á landfyllingu við Langeyri

Hér er fjallað almennt um áhrif kalkþörungaverksmiðju innan við Langeyri á umhverfi og samfélag, óháð nákvæmri staðsetningu hennar. Í næsta kafla er fjallað um áhrif hvers valkosti fyrir sig.

Efnistaka

Í frummatsskýrslu framkvæmdaaðila er fjallað um grunnástand svæðisins og áhrif á aðra nýtingu þess (VSÓ ráðgjöf. 2017). Þar kemur m.a. fram að ekki er búist við miklum áhrifum á veiðar og fiskeldi.

Í frummatsskýrslu kemur fram að ráðgert sé að flytja lifandi yfirborðslag kalkþörungum og því verði áhrifin á lífríki botns og kalkþörungasetið óveruleg, en kalkþörungur eru mjög hægvaxta lífverur. Vinna á um 18% af kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi og því er ekki hætt á ofnýtingu. Við Reykjanes í Ísafjarðardjúpi er talið að kalkþörungaset hafi hlaðist upp í a.m.k. 10 þúsund ár. Í ljósi þessa er ekki hægt að segja að nám kalkþörungasetis sé sjálfbært. Ísland er aðili að Bernar samningnum og OSPAR samningnum en markmið þeirra er að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika. Niðurstaða frummatsskýrslunnar er að fyrirhuguð efnistaka hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 106/2000.

Efnistökusvæðin eru utan við skipulagssvæðið og aðliggjandi land tilheyrir öðru sveitarfélagi. Ekki er fjallað nánar um það hér.

Fornleifar

Gerð hefur verið fornleifakönnun við Langeyri af Ragnari Edvardssyni (2017). Þar kemur m.a. fram að til eru ritaðar heimildir um búsetu á Langeyri allt frá miðöldum. Jafnframt segir: „Engir minjastaðir á Langeyri eru á friðlýsingaskrá en allar minjar þekktar og óþekktar falla undir verndunarskilyrði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjar eftir veru norskra hvalveiðimanna á Vestfjörðum og Austfjörðum á 19. öld eru fáar og þar af leiðandi fágætar. Þær hafa mikið bæði innlent og alþjóðlegt verndargildi, vegna þess að þær eru hluti af sögu nútímavæðingar íslensks sjávarútvegs, hluti af sögu alþjóðlegra hvalveiða í atvinnuskyni og einnig eru þær hluti af 19. aldar sögu Norðmanna. Hvalveiðistöðin á Langeyri var ein stærsta hvalveiðistöð sem Norðmenn reistu á Vestfjörðum.“

Samkvæmt fornleifakönnun eru hvalbein grafin í setið innan við Langeyri. Slík bein hafa mikið fornleifafræðilegt gildi. Ráðgert er að hvalbein sem þarna eru verði tekin til varðveislu eða fjarlægð út fyrir framkvæmdasvæðið. Í könnuninni er einnig er lagt til að grafnir verði tveir eða þrjú könnunarskurðir í setið á hafsbótningum á norðurhluta framkvæmdasvæðisins svo kanna megi dýpt mannvistarlaga, fjölda gripa og tegunda og fá lágmarks upplýsingar um bústu á Langeyri.

Samkvæmt frummatsskýrslunni eru áhrif fyrirhugaðrar landfyllingar vegna verksmiðju við Langeyri á fornleifar talin óveruleg ef tekið er tillit til mótvægisáðgerða sem fela í sér m.a. tilflutning á hvalbeinum sem grafin eru í setinu.

Loftgæði og vatnsgæði

Ryk myndast við vinnslu kalkþörungasetis og getur það valdið loftmengun í næsta nágrenni sé ekki settur upp mengunarvarnabúnaður. Ryk frá efnishaugum getur einnig breiðst út og gerist það helst í þurrki og vindi. Í frummatsskýrslunni kemur fram að ýmsar leiðir séu færar til að draga úr loftmengun. Einnig kemur fram að afsog frá rykuppsprettu í þurrkara og myllu ásamt öðrum hreinsibúnaði verði þannig að verksmiðjan standist kröfur sem settar verði í starfsleyfi og viðmiðunarmörk í lögum og reglum.

Í frummatsskýrslunni kemur fram að þess verði gætt eins og hægt er að ekki berist óeðlilega mikið set til sjávar frá hráefnislóninu. Gera verður þó ráð fyrir að set muni berast úr hráefnislóninu í gegnum grjóttgarð og til sjávar. Vöktun vegna sambærilegrar verksmiðju í Bíldudal bendir til að búast megi við því að gruggið sem berst til sjávar sé svo fínt að það muni skolast burt með hafstraumum. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaaðila er gert ráð fyrir settjörn sem taka á við seti og koma í veg fyrir að það berist til sjávar.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Gert er ráð fyrir að þurrkari verksmiðjunnar verði keyrður á própangasi þar til raforka verður tiltæk í Súðavík. Í frummatsskýrslunni kemur fram að gera megi ráð fyrir um 1.094 tonnum af CO₂ ígildum á ári vegna verksmiðjunnar, sem samsvarar um 0,6% af losun Íslands í málaflokknum rafmagn og hiti árið 2014. Kalkþörungafélagið hefur lýst áhuga á að standa fyrir gróðursetningu og/eða uppgræðslu sem mótvægisáðgerð við þessa losun. Samkvæmt ákvæðum aðalskipulagsins er gert ráð fyrir trjám í og við þéttbýlið.

Hávaði

Í frummatsskýrslu Kalkþörungafélagsins kemur fram að ekki er talið líklegt að verksmiðjan á Langeyri muni valda ónæði vegna hávaða. Er þar horft til sambærilegrar verksmiðju á Bíldudal. Í starfsleyfi má gera ráð fyrir að hávaði fari ekki yfir 70 dB við lóðamörk verksmiðju. Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 eru mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi 50 dB að degi til á íbúðarsvæðum og 40 dB að nóttu. Í frístundabyggð eru leyfð mörk 35 dB. Gerð var nánari greining á hávaða vegna verksmiðjunnar í þéttbýli Súðavíkur í kjölfar frummatsskýrslunnar (mynd 3.3). Samkvæmt því mati fer hljóðstyrkur á íbúðarsvæði og við fyrirhugaða frístundabyggð ekki yfir 20 dB.

Ásýnd

Fjörur við Langeyri, sem eru óraskaðar, og eldri byggingar og mannvirki setja svip sinn á umhverfið. Í aðalskipulagi hreppsins frá 1999-2018 er gert ráð fyrir athafna- og iðnaðarsvæði á Langeyri. Þar er nú gömul bryggja og Hraðfrystihúsið Gunnvör á byggingar á innri hluta Langeyrar. Fyrirtækið hyggur mögulega á nýtingu á þeim í tengslum við fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Kalkþörungaverksmiðjan og landfyllingin sem hún stendur á munu því valda talsverðum ásýndarbreytingum, líkt og fjallað er um í frummatsskýrslunni.

Fram kemur að breytingin verði mest þegar horft er úr suðri, svo sem þegar ekið er út Álftafjörð en búast má við óverulegum breytingum á ásýnd frá ystu íbúðarbyggð. Verksmiðjan mun einnig verða mjög sýnileg í austanverðum firðinum.

Þróunarmöguleikar og önnur starfsemi

Kalkþörungaverksmiðjan þarf allmikið landrými. Landrými í Súðavík er hins vegar takmarkað og því hefur tilkoma verksmiðjunnar áhrif á framtíðarþróunarmöguleika í Súðavík. Verksmiðjan og ónæði sem henni fylgir hefur einnig neikvæð áhrif á þá starfsemi sem fyrir er á Langeyri.

Samfélagsleg áhrif


Ráðgjafafyrirtækið KPMG vann úttekt á samfélagslegum áhrifum Kalkþörungaverksmiðju fyrir Súðavíkurhrepp árið 2017. Niðurstöður úttektarinnar eru birtar í töflunni hér að neðan (KMPG, 2017).

Tafla 8. Samantekt samfélagslegra áhrifa vegna kalkþörungaverksmiðju í Súðavík (KPMG. 2017)


Reynslutölur af rekstri kalkþörungaverksmiðju	Velta á síðasta ári nam alls 6,1 m EUR hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. og jókst um 200 þús. EUR frá árinu áður. Ef tekið er tillit til ársreikninga þessara ára og þær stærðir uppreiknaðar m.v. framleiðslu á 120 þús. tonnum þá má áætla veltu sem nemur um 14,4 m. EUR á ári.
Mat á fjölda beinna og óbeinna starfa og þróun íbúafjölda	Fjöldi beinna nýrra starfa nær hámarki í um 30 manns sjö árum eftir að útflutningur hefst. Fjöldi óbeinna starfa sem verða til á svæðinu verði um 12 á sama tíma. Íbúar með afkomu vegna kalkþörungaverksmiðju verði um 90 á sama tíma.
Mat á beinum sköttum og öðrum tekjum	Árlegar greiðslur til ríkissjóðs geta numið um 65 m kr. og um 89 m kr. til sveitarfélaga þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til. Árlegar greiðslur til lífeyrissjóða nema um 36 m. kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.
Skattar og opinber gjöld sem renna til atvinnusvæðisins	Árlegar greiðslur til sveitarfélaga á atvinnusvæðinu geta numið um 89 m. kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest störf verða til. Árlegar greiðslur til Súðavíkurbrepps vegna hafnargjalda og annarra gjalda geta numið um 56 m. kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.

Áhrif mismunandi valkosta


Skóðaðir voru þrjú valkostir. Verði ekki gert ráð fyrir kalkþörungaverksmiðju við Langeyri þá verða engin áhrif á tilgreinda umhverfisþætti, þ.e. óbreytt ástand. Vegagerðin gerði kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir fyrir valkost B og þrjár útfærslur fyrir valkost A (sbr. kafla um valkosti hér að framan).



Mynd 1. Staðsetning Kalkþörungaverksmiðju. Samanburður valkosta skv. útfærslum Vegagerðarinnar. Grunnmynd er frá Vegagerðinni (Vegagerðin. 2018b).



Mynd 2. Staðsetning kalkþörungaverksmiðju. Valkostur A er við Langeyri og valkostur B er um 800 m innar, við jörðina Hlíð.



Mynd 3. Hávaðgreining fyrir Kalkpörungaverksmiðju samkvæmt valkosti A (Mynd frá Verkís 2019).

Tafla 9. Mat á áhrifum mismunandi staðsetningar kalkþörungaverksmiðju í Súðavík.

Umhverfispáttur	Valkostur A Langeyri	Valkostur B Hlíð	Valkostur C Engin verksmiðja
<p>Félagslegir og hagrænir þættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Atvinnulíf ✓ Þjónusta 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð samfélagsleg áhrif sbr. samantekt hér að ofan. • Mögulega aukin þjónusta í þéttbýlinu samhliða nýjum stórum vinnustað. • Verksmiðjan getur haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu sem byggir m.a. á náttúrufegurð svæðisins. • Þessi staðsetning þrengir talsvert að iðnaðarsvæðinu á Langeyri. Einnig er þróun byggðarinnar settar skorður til lengri tíma litið, því verksmiðjan mun takmarka vöxt byggðarinnar til suðurs. Þó má segja að þessi staðsetning tengist betur þeirri starfsemi sem er nú þegar á Langeyri og þannig nýtist svæðið betur ef samnýta á Langeyri og starfsemin á landfyllingunni. • Þessi staðsetning hefur neikvæð áhrif á þá uppbyggingu sumarhúsa sem fyrirhuguð er skv. gildandi deiliskipulagi fyrir jörðina Hlíð innan við Langeyri. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð samfélagsleg áhrif sbr. samantekt hér að ofan. • Mögulega aukin þjónusta í þéttbýlinu samhliða nýjum stórum vinnustað. • Verksmiðjan getur haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu sem byggir m.a. á náttúrufegurð svæðisins. • Verulega neikvæð áhrif á jörðina Hlíð og fyrirhugaða frístundabyggð þar skv. deiliskipulagi. Neikvæði áhrif á nýtingu jarðarinnar og eigna, m.a. vegna hávaða og breyttrar ásýndar. Forsendur fyrir deiliskipulagi myndu líklega breyta. 	<ul style="list-style-type: none"> • Óbreytt ástand.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Umhverfispáttur	Valkostur A Langeyri	Valkostur B Hlíð	Valkostur C Engin verksmiðja
<p>Náttúrufarslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Eðlisrænir þættir ✓ Líffræðilegir þættir ✓ Náttúruminjar og víðerni ✓ Landslag og ásjúnd 	<ul style="list-style-type: none"> • Gera má ráð fyrir foki fínefna við Langeyri og byggðina vegna nálægðar við verksmiðjuna. Einnig má búast við foki inn fjörðinn en þar er minni byggð og lengra í hana. Þar er þó gert ráð fyrir frístundabyggð eins og áður kom fram. Breytt ásjúnd svæðisins hefur neikvæð áhrif á fyrirhugaða frístundabyggð og mögulega nýtingu lands og eigna. • Verksmiðjan stendur lægra en þjóðvegurinn og íbúðarbyggðin í Súðavík og verður hún því ekki mjög sýnileg frá byggðinni. Ásjúnd Langeyrrar og útsýni þaðan breytist þó talsvert. • Rafmagnsframleiðsla með gasi, sem verður tímabundin, eykur losun gróðurhúsalofttegunda. 	<ul style="list-style-type: none"> • Gera má ráð fyrir minna foki efnis í þéttbýli vegna meiri fjarlægðar í verksmiðjuna. Fok eykst við Hlíð þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð. • Verksmiðjan er lítið sýnileg frá þéttbýlinu en meira sýnileg frá innri hluta fjarðarins. Áhrif á landslag í Hlíð verða veruleg. • Rafmagnsframleiðsla með gasi, sem verður tímabundin, eykur losun gróðurhúsalofttegunda. 	<ul style="list-style-type: none"> • Óbreytt ástand.

<i>Umhverfispáttur</i>	<i>Valkostur A Langeyri</i>	<i>Valkostur B Hlíð</i>	<i>Valkostur C Engin verksmiðja</i>
<ul style="list-style-type: none"> • SÖryggi og heilsa • Ofanflóð • Hávaði 	<ul style="list-style-type: none"> • Hávaði á Langeyri og í þéttbýlinu minnkar með aukinni fjarlægð á milli verksmiðjunnar og byggðarinnar. • Hávaði verður, skv. frummatsskýrslu og greininga (mynd 3), innan viðmiðunarmarka fyrir íbúðarsvæði í reglugerð nr. 724/2008 og innan leyfilegs gildis á lóðamörkum. • Hávaði í fyrirhugaðri frístundabyggð í landi Hlíðar verður einnig innan leyfilegra marka skv. reglugerð nr. 724/2008. • Óveruleg áhrif á heilbrigði manna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hávaði í þéttbýlinu vegna verksmiðjunnar minnkar eftir því sem hún er staðsett innar í firðinum. Hávaði verður vel innan viðmiðunarmarka fyrir íbúðarsvæði í reglugerð nr. 724/2008 og innan leyfilegs gildis á lóðamörkum. • Hávaði við jörðina Hlíð verður meiri eftir því sem verksmiðjan er staðsett innar. Hávaði mun verða yfir viðmiðunarmörkum í fyrirhugaðri frístundabyggð skv. reglugerð. Gera verður ráð fyrir neikvæðum áhrifum á heilbrigði manna á jörðinni Hlíð m.t.t. deiliskipulagsins. 	<ul style="list-style-type: none"> • Óbreytt ástand.

Umhverfispáttur	Valkostur A Langeyri	Valkostur B Hlíð	Valkostur C Engin verksmiðja
Innviðir og aðgengi <ul style="list-style-type: none"> ✓ Samgöngur ✓ Veitur ✓ Útivist ✓ Menningarminjar 	<ul style="list-style-type: none"> • Nálægð verksmiðjunnar við Langeyri hefur áhrif á ásýnd eyrarinnar og skerðir upplifun þeirra sem sækja þangað, m.a. á útivistarsvæðið ofan tjarnarinnar. • Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á fornminjar á landi. • Líklegt er að fornminjar í sjó verið fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. • Í fornleifakönnun á svæðinu er lagt til að grafnir verði könnunarskurðir í hafsbotninn til að kanna megj betur fornleifar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Aukin fjarlægð á milli verksmiðjunnar og Langeyrar dregur úr neikvæðri upplifun við Langeyri og þéttbýlið. • Þessi staðsetning hefur neikvæð áhrif á upplifun og útivist í landi Hlíðar og áhrifin þar verða meiri eftir því sem innar dregur. • Ekki er vitað um menningarminjar á umræddu svæði. 	<ul style="list-style-type: none"> • Óbreytt ástand.

Niðurstaða

Áhrif verksmiðju skv. valkosti A verða ásættanleg en í heildina verða áhrif verksmiðjunnar á þéttbýlið minni ef hún verður staðsett innar í firðinum (valkostur B). Staðsetning verksmiðju innar mun þó hafa verulega neikvæð áhrif á jörðina Hlíð þar sem er fyrirhuguð sumarhúsabyggð skv. deiliskipulagi en forsendur fyrir deiliskipulaginu breyta verði valkostur B fyrir valinu. Meiri óvissa fylgir landfyllingu innar eins og fram kemur í minnisblaði Vegagerðarinnar frá 3. ágúst 2018. Sveitarstjórn tók ákvörðun um að velja kost A, þ.e. að heimila landfyllingu og byggingu kalkþörungaverksmiðju innar Langeyrar. Á fundi sveitarstjórnar Súðavíkurrepps þann 14.9. 2018 var eftirfarandi bókað:

Liður 5. Valkostarákvörðun vegna kalkþörungaverksmiðju til afgreiðslu.

Valkostarákvörðunin var fyrst til umræðu á fyrsta fundi kjörtímabilsins. Þar voru kynntir 3 valkostir innan Langeyrar sem Vegagerðin greindi og kostnaðarmat. Á fundinum var einnig lagt fram minnisblað frá Gunnari Páli Eydal þar sem lagt var til að fjórði valkosturinn, innar en hinir valkostirnir þrír, yrði metinn. Samþykkt var að fá Vegagerðina til að meta fjórða valkostinn.

Fjórði valkosturinn var kynntur á þriðja fundi sveitarstjórnar í ágúst. Jafnframt kynnti byggingarfulltrúi samantekt kosta og galla valkostanna. Á

fundinum var ákveðið að fara í vettvangsferð til Bíldudals, til að skoða verkmiðjuaðstæður og starfsemi íslenska kalkþörungafélagsins. Ferðin var farin 7. sept. og tókst vel.

Fyrir fundinum liggur valkostargreining og kostnaðarmat Vegagerðarinnar. Samantekt byggingarfulltrúa á fjórum valkostum. Samantekt oddvita á fjórum valkostum.

Samkvæmt þessum samantektum er þriðji valkostur, upp við Langeyri, hagkvæmastur tímalega og kostnaðarlega. Verktími er áætlaður 1 - 2 ár og heildarkostnaður framkvæmdar er áætlaður 464 millj. – þar af er hlutur sveitarfélagsins 233 millj. – 50,2% af heildarkostnaði. Upphæðir eru með vsk.

Valkostur 1 er óhagkvæmasti kosturinn, heildarkostnaður er 614 millj. – þar af er hlutur sveitarfélagsins 370 millj. – 60,2% af heildarkostnaði.

Valkostur 4 er næst óhagkvæmastur, heildarkostnaður 538 millj. þar af er hlutur sveitarfélagsins 303 millj. – 56,2% af heildarkostnaði. Þá fylgir mesta óvissan með tíma og kostnað með valkost 4, þar sem staðsetningin er ekki í landi sveitarfélagsins.

Valkostur 2 er síðan með heildarkostnað 518 millj. – hlutur sveitarfélagsins 283 millj. – 54,6% af heildarkostnaði.

Allir valkostir eru innan marka hljóð og rykmengunar eins kynnt var á íbúafundi þar sem frummatsskýrsla var kynnt.

Sveitarstjórn hefur unnið markvisst samkvæmt viljayfirlýsingu við Íslenska kalkþörungafélagið að vinnslu kalkþörungna í Álftafirði. Fjöldi opinna funda hefur verið haldin og skýrslur hafa verið unnar fyrir sveitarstjórn. Valkostarákvörðun vegna kalkþörungaverksmiðju byggir á þessari vinnu – allur ferillinn hefur verið unninn vandlega og gögn fundarins vegna staðsetningarinnar eru ítarleg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela valkost 3, sem mögulega staðsetningu kalkþörungaverksmiðju innan Langeyrar, samkvæmt minnisblaði Vegagerðarinnar, í aðalskipulagsvinnu og deiliskipulagsvinnu. Þetta svæði skal ná frá Þórðarsteinum, að Helluvík, krika Langeyrar.

Gögn Vegagerðarinnar verða sett inn á vefinn til kynningar.

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að fylgjast vel með skipulagsferlinu framundan.

17.5.2 Samgöngubætur á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar

Metið var hvar heppilegast væri að staðsetja jarðgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Takmarkaðar upplýsingar lágu fyrir frá Vegagerðinni um verkfræðilega og jarðfræðilega þætti.

Markmið aðalskipulagsins

Vegir og jarðgöng

- ✓ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur í sveitarfélaginu.
- ✓ Að tryggja öruggar og greiðar samgöngur milli þéttbýlisstaða við Djúp og annarra svæða á Vestfjörðum.
- ✓ Að göngu- og hjólaleiðir verði raunhæfur valkostur í samgöngum, s.s. milli íbúðarbyggðar og atvinnusvæða við Langeyri.
- ✓ Að draga úr umferðarhraða á þjóðveginum í þéttbýlinu og tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- ✓ Auka möguleika á vistvænum ferðamatum og efla almenningsamgöngur til nágrennasveitarfélaga.
- ✓ Að tryggja öruggar reiðleiðir innan sveitarfélagsins.

Valkostir og áhrifaþættir

Helstu **áhrifaþættir** eru eftirfarandi:

Vegagerð.

Áhrifasvæði vegagerðar er að mestu bundið við það svæði sem raskast við veginn sem er að meðaltali 15m frá miðlínu vegar en þar sem eru mjög háar fyllingar eða miklar skeringar getur svæðið orðið nokkuð stærra. Raskaða svæðið er m.a. hluti af öryggissvæði vegarins. Veghelgunarsvæði stofnvega samkvæmt vegalögum er í heild tvöfalt stærra, 30m frá miðlínu vegar, eða 60 m alls. Byggingar eru ekki heimilar nær stofnvegum en 100 m samkvæmt skipulagslögum. Veglínur valkosta eru að litlum hluta áætlaðar á núverandi vegstæði en að öðru leyti fer vegurinn bæði yfir raskað og óraskað land og í einu tilfelli á landfyllingu.

Jarðgangagerð.


Fjallshlíðar í kringum áætlaða gangamunna verða fyrir áhrifum þegar laust efni og berg verður fjarlægð úr þeim til að koma fyrir vegskálum.

Efnistaka og efnislosun.

Svæði þarf undir efnislosun úr göngum, vinnusvæði og vegi að þeim. Þessi svæði verða að hluta til innan veghelgunarsvæðisins en ná þó líklega út fyrir það, en það fer eftir aðstæðum í hverju tilfelli fyrir sig. Auk þess verða ákveðin svæði fyrir áhrifum vegna efnistöku.

Rekstur og nýting jarðganga eftir að framkvæmdatíma lýkur.

Staðarval ræðst m.a. af áreiðanleika samganga, þ.e. öryggi vegfarenda og ferðatíma. Hafa verður í huga að jarðgöng eru langtímafjárfesting og lega vegar og staðsetning jarðganga hefur afgerandi áhrif á lífsgæði íbúa og þróun byggðar til lengri tíma litið.



Mynd 4. Fjórir valkostir jarðganga milli Álfrafjarðar og Skutulsfjarðar.

Skoðaðir voru fjórir **valkostir** í aðalskipulagsvinnunni:

- A. Dvergasteinn – Fossar (í Ísafjarðarbæ)
- B. Sauradalur – Flugvöllur eða Naustahvilft (í Ísafjarðarbæ)
- C. Djúpagil - Naustahvilft (í Ísafjarðarbæ)
- D. Endurbætur á núverandi vegi

Mat á áhrifum

Vegagerð almennt breytir ásýnd lands og einnig geta orðið neikvæð áhrif á lífríki. Staðsetning jarðganga hefur talsverð áhrif á þróun byggðar og samfélag. Fari þjóðvegur ekki í gegnum þorpið, hefur það talsverða breytingu í för með sér miðað við stöðuna í dag. Eins geta jarðgöng í Sauradal þrengt að þróunarmöguleikum þéttbýlisins. Jákvæðu áhrifin eru afgerandi og felast fyrst og fremst í auknu umferðaröryggi og styttri ferðatíma á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar.

Tafla 10. Mat á áhrifum mismunandi valkosta til að bæta samgöngur á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar.

Umhverfispáttur	Valkostur A Dvergasteinn - Fossar	Valkostur B Sauradalur – Flugvöllur eða Naustahvilft	Valkostur C Djúpagil - Naustahvilft	Valkostur D Endurbætur á núverandi vegi
<p>Félagslegir og hagrænir þættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Atvinnulíf ✓ Þjónusta 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð áhrif á þjónustu og atvinnulíf vegna bættra samgangna. Það verður raunhæfur valkostur að búa í Súðavík og stunda vinnu á t.d. Ísafirði, og öfugt. • Styrkir samkeppnishæfni svæðisins. • Þrengir ekki að byggð í þéttbýli. • Áhrifasvæðið nær útfyrir Súðavíkurrepp með bættum samgöngum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð áhrif á þjónustu og atvinnulíf vegna bættra samgangna. Það verður raunhæfur valkostur að búa í Súðavík og stunda vinnu á t.d. Ísafirði, og öfugt. • Styrkir samkeppnishæfni svæðisins. • Getur takmarkað þróunarmöguleika í þéttbýli. • Aukinn umferðarhraði mun valda hávaðamengun í núverandi byggð. Ekki hefur verið greint hversu mikil þessi áhrif verða. • Áhrifasvæðið nær útfyrir Súðavíkurrepp með bættum samgöngum. • Neikvæð áhrif á framkvæmdatímanum vegna nálægðar við þéttbýlið. 	<ul style="list-style-type: none"> • Jákvæð áhrif á samfélag og þjónustu. • Styrkir samkeppnishæfni svæðisins. • Umferð fer í gegnum þéttbýlið og veldur óþægindum fyrir íbúa. • Áhrifasvæðið nær útfyrir Súðavíkurrepp með bættum samgöngum. Þessi leið er lengri en gert er ráð fyrir samkvæmt valkostum A og B. 	<ul style="list-style-type: none"> • Óvissa um umferðaröryggi. Verði umferðaröryggi ekki ásættanlegt verða neikvæð áhrif á samfélag og þjónustu, sem og samkeppnishæfni svæðisins. • Umferð fer áfram í gegnum þéttbýlið og veldur óþægindum fyrir íbúa.

<i>Umhverfispáttur</i>	<i>Valkostur A Dvergasteinn - Fossar</i>	<i>Valkostur B Sauradalur – Flugvöllur eða Naustahvilft</i>	<i>Valkostur C Djúpagil - Naustahvilft</i>	<i>Valkostur D Endurbætur á núverandi vegi</i>
<p>Náttúrufarslegir þættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Eðlirænir þættir ✓ Líffræðilegir þættir ✓ Náttúruminjar og víðerni ✓ Landslag og ásýnd 	<ul style="list-style-type: none"> • Kann að hafa áhrif á náttúru, svo sem búsvæði, gróðurfar og annað lífríki. • Veglína og gangamunnar hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kann að hafa áhrif á náttúru, svo sem búsvæði, gróðurfar og annað lífríki. • Veglína og gangamunnar hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kann að hafa áhrif á náttúru, svo sem búsvæði, gróðurfar og annað lífríki. • Hefur mikil neikvæð áhrif á strandsvæði. • Veglína og gangamunnar hafa mjög neikvæð áhrif á landslag og ásýnd vegna þrengsla við aðkomu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Framkvæmdir við Súðavíkurhlíð og Kirkjubólshlíð munu væntanlega hafa í för með sér neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Byggja þyrfti vegskála eða aðrar varnir og mögulega færa veginn fjær fjallshlíðinni undir hættulegustu giljunum.

Umhverfispáttur	Valkostur A Dvergasteinn - Fossar	Valkostur B Sauradalur – Flugvöllur eða Naustahvilft	Valkostur C Djúpagil - Naustahvilft	Valkostur D Endurbætur á núverandi vegi
<p>Öryggi og heilsa</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Ofanflóð ✓ Hávaði 	<ul style="list-style-type: none"> • Vegurinn um Súðavíkurlíð og Kirkjubólshlíð, leggst af en ofan hans eru mörg þekkt snjóflóðagil. Aðstæður við jarðgangamunnann hafa ekki verið metnar m.t.t. ofanflóða. • Jákvæð áhrif vegna minni hávaða í þéttbýlinu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Vegurinn um Súðavíkurlíð og Kirkjubólshlíð, leggst af en ofan hans eru mörg þekkt snjóflóða-hættusvæði en ekki liggur fyrir hvar fyrirhugaður gangamunni yrði staðsettur. • Hefur líklega neikvæð áhrif á hljóðvist í þéttbýlinu. Vegurinn yrði lengra frá byggð en núverandi vegur í þéttbýlinu, en á móti kemur að hámarkshraði yrði 90 km/klst. á nýjum vegi ofan byggðar. Greining á hljóðvist hefur ekki verið gerð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðin fer um hættusvæði ofanflóða við jarðgangamunnann. • Hefur neikvæð áhrif á hljóðvist í þéttbýlinu, þar sem öll umferðin fer þar í gegn. Búast má við aukinni umferð miðað við stöðuna í dag. 	<ul style="list-style-type: none"> • Óvissa um umferðaröryggi. Núverandi vegur er oft ófær eða lokaður að vetri til vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum. • Verulegar breytingar þarf til að gera veginn ásættanlegan m.t.t. umferðaröryggis. • Hefur neikvæð áhrif á hljóðvist í þéttbýlinu, þar sem öll umferðin fer þar í gegn.

Umhverfispáttur	Valkostur A Dvergasteinn - Fossar	Valkostur B Sauradalur – Flugvöllur eða Naustahvilt	Valkostur C Djúpagil - Naustahvilt	Valkostur D Endurbætur á núverandi vegi
<p>Innviðir og aðgengi</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Samgöngur ✓ Veitur ✓ Útivist ✓ Menningarminjar 	<ul style="list-style-type: none"> • Styttir leiðina á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar og eykur umferðaröryggi miðað við núverandi ástand. Hefur því verulega jákvæð áhrif á samgöngur. • Engin áhrif á veitur. • Mjög jákvæð áhrif á útivist í þéttbýlinu, þar sem umferð þar mun minnka verulega. • Óvíst hver áhrif yrðu á menningarminjar við Dvergastein en þar var rekin hvalveiðistöð og síldarsöltunarstöð og víða eru sjáanlegar minjar. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá. 	<ul style="list-style-type: none"> • Styttir leiðina á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar (Súðavíkur og Ísafjarðar) og eykur umferðaröryggi miðað við núverandi ástand. Meiri stytting á milli fjarðanna en í valkosti A. Hefur því verulega jákvæð áhrif á samgöngur. • Skoða þyrfti neikvæð áhrif á vatnsból ofan þéttbýlis. • Mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist í þéttbýlinu. Það er háð veglínu. • Óvíst hver áhrif yrðu á menningarminjar. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá. 	<ul style="list-style-type: none"> • Erfiðar aðstæður – vegur á fyllingu við gangamunna. • Umferð færi áfram í gegnum þéttbýlið. • Styttri vegur á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar og aukið umferðar-öryggi hefur jákvæð áhrif á samgöngur. Hér er þó minni stytting en í valkostum A og B. • Engin áhrif á veitur. • Kann að hafa neikvæð áhrif á útivist í þéttbýlinu. Það er háð veglínu. • Óvíst hver áhrif yrðu á menningarminjar. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá. 	<ul style="list-style-type: none"> • Umferð fer í gegnum þéttbýlið • Óvissa um samgöngubætur. Núverandi vegur er oft ófær eða lokaður að vetri til vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum. • Verulegar breytingar þarf til að gera veginn ásættanlegan m.t.t. umferðaröryggis. • Engin áhrif á veitur. • Kann að hafa neikvæð áhrif á útivist í þéttbýlinu. Það er háð veglínu. • Ekki líkleg áhrif á menningarminjar, þar sem svæðið er nú þegar verulega raskað. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Niðurstaða

Djúpagil (valkostur C) er sísti valkosturinn af þeim sem greindir eru hér að framan. Íbúar telja óæskilegt að þjóðvegurinn liggja í gegnum þorpið með tilheyrandi truflun. Auk þess er sú leið lengst. Jarðgöng í Sauradal (valkostur B) myndu auka hljóðstig í þéttbýlinu en veglínur liggja ekki fyrir og hljóðvistargreining hefur ekki verið gerð. Jafnframt myndu jarðgöng í Sauradal takmarka þróunarmöguleika ofan núverandi byggðar, því líklegt er að veglínan komi nálægt núverandi byggð og takmarki því stækkun hennar til suðurs og vesturs. Jarðgöng við Dvergastein (valkostur A) hafa minnst neikvæð áhrif á þéttbýlið og því er sú leið valin hér. Allir þeir jarðgangavalkostir sem voru skoðaðir koma þó til greina. Úrbætur á núverandi vegi (valkostur D) geta ekki talist ásættanlegar til lengri tíma lítið, nema umferðaröryggi verði álíka mikið og með jarðgöngum. Mikilvægt er að áfram verði unnið að greiningu á kostum og göllum fyrrnefndra valkosta, einkum m.t.t öryggis og áhættu vegna ofanflóða.

17.5.3 Raflínur

Hér eru metin áhrif mismunandi valkosta við að hringtengja flutningskerfi raforku á Vestfjörðum.

Markmið aðalskipulagsins

Rafveita

- ✓ Að afhendingaröryggi raforku verði sambærilegt við önnur sveitarfélög á landinu.
- ✓ Að næg orka verði tiltæk fyrir íbúafjölgun og frekari uppbyggingu í atvinnulífi innan sveitarfélagsins.
- ✓ Að tryggð verði næg raforka og ásættanlegt afhendingaröryggi fyrir rekstur kalkþörungaverksmiðju við Langeyri.
- ✓ Að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst.

- ✓ Að stuðlað verði að aukinni orkunýtni.
- ✓ Að neikvæð umhverfisáhrif vegna línulagna verði lágmarkuð.

Valkostir og áhrifaþættir

Helstu **áhrifaþættir** eru eftirfarandi:

- ✓ Uppsetning mastra og lagning jarðstrengja veldur jarðraski.
- ✓ Vegslóðar og jarðskaut valda jarðraski.
- ✓ Efnistaka og umferð veldur jarðraski, ásýndarbreytingum og truflun (framkvæmdatími og rekstartími).
- ✓ Raflínur, einkum loftlínur, hafa áhrif á ásýnd svæða. Línur liggja oft um óröskuð svæði, m.a. víðerni.
- ✓ Loftlínur geta haft áhrif á útivist, hljóðvist, fuglalíf og raf- og segulsvið.
- ✓ Jarðstrengir geta haft áhrif á jarðminjar, gróður og fornminjar.
- ✓ Helgunarsvæði loftlína (byggingarbann).
- ✓ Raflínur hafa áhrif á raforkuöryggi og atvinnuuppbyggingu.
- ✓ Örugg afhending getur dregið úr brennslu jarðefnaeldsneytis.
- ✓ Náttúruvá getur haft áhrif á afhendingaröryggi.

Skoðaðir voru 4 **valkostir**:

- A. Hringtenging rafmagns með lagnaleið um fjarðarmunna milli Langadalsstrandar og Tunguskeiðs í Skutulsfirði.
- B. Hringtenging rafmagns með lagnaleið um dalbotna og heiðar milli Langadalsstrandar og Tunguskeiðs í Skutulsfirði.
- C. Tvöföldun á vesturlínu, frá Hrútatungu að Mjólka.
- D. Óbreyttar línuleiðir (núll kostur), þ.e. raflínur og/eða rafstrengir frá Langadalsströnd að Hvítanesi og Vigur annars vegar og frá Tunguskeiði í Skutulsfirði um Sauradal að Hattardal hins vegar.



Mynd 5. Mismunandi valkostir við hringtengingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum.

Tafla 11. Mat á áhrifum mismunandi valkosta við að hringtengja flutningskerfi raforku á Vestfjörðum.

Umhverfispáttur	Valkostur A Hringtenging rafmagns um fjarðarmunna	Valkostur B Hringtenging rafmagns um dalbotna og heiðar	Valkostur C Tvöföldun á vesturlínu (Hrútatunga- Mjólká)	Valkostur D Óbreyttar línuleiðir (núll kostur)
<p>Félagslegir og hagrænir þættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Atvinnulíf ✓ Þjónusta 	<ul style="list-style-type: none"> • Hringtenging rafmagns mun hafa jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og þjónustu. Bætt afhendingaröryggi rafmagns kann einnig að hafa jákvæð áhrif á búsetuþróun. Áhrifin geta náð til stærra svæðis en hreppsins. • Byggingarbann við loftlínur getur haft neikvæð áhrif á aðra uppbyggingarmöguleika, en áhrif af jarðstreng eru mun minni. • Áhrif á ferðaþjónustu eru einnig háð áhrifum á náttúru og menningarminjar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hringtenging rafmagns mun hafa jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og þjónustu. Bætt afhendingaröryggi rafmagns kann einnig að hafa jákvæð áhrif á búsetuþróun. Áhrifin geta náð til stærra svæðis en hreppsins. • Byggingarbann við loftlínur getur haft neikvæð áhrif á aðra uppbyggingarmöguleika en áhrif af jarðstreng eru mun minni. • Áhrif á ferðaþjónustu eru einnig háð áhrifum á náttúru og menningarminjar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hringtenging rafmagns mun hafa jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og þjónustu. Bætt afhendingaröryggi rafmagns kann einnig að hafa jákvæð áhrif á búsetuþróun. Áhrifin geta náð til stærra svæðis en hreppsins. • Afhendingaröryggi verður lakara en í valkosti A og B, því línurnar verða samsíða og því háðar sömu veðurskilyrðum. • Ekki neikvæð áhrif á ferðaþjónustu vegna rasks. 	<ul style="list-style-type: none"> • Markmiðum um aukið afhendingaröryggi og næga raforku verður ekki náð. • Neikvæð áhrif, hindrar fyrirhugaða atvinnuuppbyggingu og rekstarkilyrði núverandi fyrirtækja verða ekki ásættanleg.

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

Umhverfispáttur	Valkostur A Hringtenging rafmagns um fjarðarmunna	Valkostur B Hringtenging rafmagns um dalbotna og heiðar	Valkostur C Tvöföldun á vesturlínu (Hrútatunga- Mjólká)	Valkostur D Óbreyttar línuleiðir (núll kostur)
Öryggi og heilsa <ul style="list-style-type: none"> ✓ Ofanflóð ✓ Hávaði 	<ul style="list-style-type: none"> • Bætt afhending rafmagns getur haft jákvæð áhrif á öryggi í hreppnum. • Loftlínur geta haft neikvæð áhrif á hljóðvist og raf- og segulsvið. • Möstur geta valdið sinkmengun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Bætt afhending rafmagns getur haft jákvæð áhrif á öryggi í hreppnum. • Loftlínur í dölum og fjalllendi veita þó minna öryggi þar sem hætta er á ofanflóðum og ísingu. • Loftlínur geta haft neikvæð áhrif á hljóðvist og raf- og segulsvið. • Möstur geta valdið sinkmengun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Bætt afhending rafmagns getur haft jákvæð áhrif á öryggi í hreppnum. • Loftlínur í dölum og fjalllendi veita þó minna öryggi þar sem hætta er á ofanflóðum og ísingu. • Loftlínur geta haft neikvæð áhrif á hljóðvist og raf- og segulsvið. • Möstur geta valdið sinkmengun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Loflína liggur um Fossadal, Rauðkoll og Saurdal, þar sem snjóflóð og veðurfar geta ógnað öryggi afhendingar.
Innviðir og aðgengi <ul style="list-style-type: none"> ✓ Samgöngur ✓ Veitur ✓ Útivist og ferðamennska ✓ Menningarminjar 	<ul style="list-style-type: none"> • Auknir möguleikar á uppbyggingu. • Loftlínur geta haft neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. • Aðalskipulagið gerir ráð fyrir hverfisverndar-svæðum á Ögurnesi og Fæti vegna menningarminja. Jarðstrengir geta raskað menningarminjum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Auknir möguleikar á uppbyggingu. • Loftlínur geta haft neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku. • Jarðstrengir geta raskað menningarminjum en færri þekktar minjar eru í dalbotnum og á heiðum en á annesjum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Auknir möguleikar á uppbyggingu. • Neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku verða mjög takmörkuð, þar sem línan mun liggja samsíða núverandi línu frá Hrútatungu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Takmarkar möguleika á uppbyggingu, s.s. ferðapjónustu og sumarhúsabygðar á svæðum sem eru án veitukerfis. • Engin uppbygging skerðir ekki ný útivistarsvæði og menningarminjar eru ekki í hættu. • Loftlína um Sauradal kann þó að hafa neikvæð áhrif á útivist í Súðavík.

Niðurstaða

Hringtenging flutningskerfis raforku á Vestfjörðum er ekki hluti af kerfisáætlun Landsnets. Flutningsfyrirtækið vinnur nú að því að greina möguleika á að leggja raflínur í jörðu á Vestfjörðum en virkni jarðstrengja er takmörkuð tæknilega séð og er m.a. háð lengd þeirra innan tiltekins kerfis. Þeirri greiningarvinnu er ekki lokið, eins og fram kom í kafla um raforku.

Hringtenging rafmagns, óháð legu eða gerð, er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag og hagræna þætti (atvinnulíf og þjónustu). Hringtenging mun hafa neikvæð áhrif á náttúru en áhrifin eru þó háð útfærslu. Óbreytt ástand hefur fremur neikvæð samfélagsleg áhrif en engin áhrif á náttúru. Áhrif jarðstrengs myndu almennt hafa minni umhverfisáhrif en það er þó háð aðstæðum á hverjum stað.

Jarðstrengir geta valdið meira raski á gróðri, lífríki og jarðminjum en loftlínur hafa meiri áhrif á fuglalíf, landslag og ásýnd. Áhrif lagnaleiðar um dalbotna hefur meiri áhrif á gróðurfar, náttúruminjar og víðerni. Lagnaleið um fjarðarmunna hefur meiri áhrif á lífríki, jarðminjar, landslag og ásýnd. Óbreytt ástand hefur lítil áhrif á þessa þætti, nema á loftslag. Jarðstrengir eru líklegri til að raska menningarminjum í samanburði við loftlínur. Rask á náttúru- og menningarminjum getur haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu.

Niðurstaða matsins er að gera ráð fyrir línu yfir fjarðabotna og heiðar. Það byggir m.a. á því að ekki liggur fyrir hvort það er mögulegt að leggja línu yfir firði og með annesjum. Raflína í fjarðabotnum mun auðveldlega tengjast virkjunum í Djúpinu, verði þær að veruleika. Stefna hreppsins er sú að við línulagnir verði sá valkostur sem hefur minnst umhverfisáhrif valinn.

17.5.4 Virkjanir í Ísafjarðardjúpi

Í þessum kafla er fjallað um áhrif stærri virkjana í Ísafjarðardjúpi. Í kafla 11.7. er fjallað um þá virkjunarkosti sem skoðaðir hafa verið síðustu ár og áratugi í Súðavíkurbreppi. Þar kemur m.a. fram að Orkustofnun veitti Vesturverki tvö rannsóknarleyfi árið 2016 vegna áætlana um annars vegar virkjun Hundsár og Hestár og hins vegar vegna áætlana um Hvanneyrardalsvirkjun við Ísafjörð. Orkubú Vestfjarða fékk rannsóknarleyfi vegna áætlana um 20 MW Glámuvirkjun árið 2016. Frumhönnun hefur verið gerð af Vesturverki fyrir Hvanneyrardalsvirkjun en útfærsla á öðrum virkjunarkostum er styttra komin. Stór hluti Glámuhálendisins fellur undir skilgreininguna á óbyggðum víðernum eins og fjallað er um í kafla 5.4. í greinargerð aðalskipulagsins. Í 2. áfanga rammaáætlunar, sem samþykkt var árið 2013 og er enn í gildi, er 67 MW Glámuvirkjun virkjun sett í biðflokk. Varúðarsvæði fyrir þennan virkjunarkost er tilgreint á skipulagsuppdrætti og í töflu 5.2. í skipulagsgreinargerð. Þessi kostur er ekki til skoðunar í 3. áfanga rammaáætlunar, sem ekki hefur verið samþykktur á Alþingi.

Markmið aðalskipulagsins

Iðnaðar- og athafnasvæði

Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa og möguleika á aukinni raforkuframléiðslu í sveitarfélaginu.

- ✓ Gert verði ráð fyrir smávirkjunum án þess að aðalskipulaginu verði breytt.
- ✓ Skoðaðir verði möguleikar á stærri virkjunum í Ísafjarðardjúpi.

Í aðalskipulaginu segir að nýta megi orkuauðlindir ef það samræmist meginmarkmiðum aðalskipulagsins um verndun náttúru. Meginmarkmiðin fela m.a. í sér að:

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS 2018-2030 - TILLAGA

- ✓ Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- ✓ Sérkenni svæðisins verði vernduð.
- ✓ Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ✓ Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.

Í ágúst árið 2016 samþykkti sveitarstjórn Súðavíkurhrepps að fela sveitarstjóra að vinna að samningi við Vesturverk um nýtingu á vatnsafla til raforkuvinnslu í Hvanneyrardal inn af Ísafirði í botni Ísafjarðardjúps. Einnig var sveitarstjóra falið að undirbúa samningaviðræður vegna annarra virkjunarkosta. Í stefnumörkun aðalskipulagsins kemur fram að sveitarfélagið vilji skoða möguleika á stærri virkjunum á Glámuhálendinu með það að markmiði að tryggja ásættanlegt afhendingaröryggi og auka framboð á raforku innan svæðisins.

Við mat á mögulegum virkjunarkostum er mikilvægt er að skoða til jafns, frá upphafi ákvarðanatökufærlis, verkfræðilegar forsendur og forsendur m.t.t. náttúrufars og menningarminja. Þessar forsendur liggja hins vegar ekki fyrir og því er lögð áhersla á að þeir virkjanakostir sem eru til skoðunar á Glámuhálendinu verði teknir fyrir í rammaáætlun, þannig að hægt verði að taka faglegar ákvarðanir um orkunýtingu og aðra nýtingu á svæðinu. Stór hluti Glámuhálendisins fellur undir skilgreininguna á óbyggðum víðernum eins og fram kom hér að framan en nákvæm afmörkun liggur þó ekki fyrir. Markmið aðalskipulagsins um lífríki og landslag eru m.a. eftirfarandi:

- ✓ Verndun sérkenna og fjölbreytileika náttúrunnar.
- ✓ Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.

- ✓ Takmarka skal mannvirkjagerð á óbyggðum víðernum eins og kostur er.
- ✓ Gerð verði ítarleg greining á verndargildi óbyggðra víðerna í Súðavíkurhreppi.
- ✓ Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ✓ Landslagheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.
- ✓ Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins.


Valkostir og áhrifaþættir

Helstu áhrifaþættir stærri virkjana eru mannvirkjagerð, þ.e. stíflur, miðlunarlón, skurðir, breytingar á rennsli, vatnspípur, stöðvarhús, vegagerð, efnistaka og haugsetning. Undirbúningur við Hvanneyrardalsvirkjun er lengst kominn af þeim virkjunarkostum sem nefndir hafa verið og fyrir liggur skýrsla frá framkvæmdaaðila þar sem gerð er grein fyrir frumdrögum virkjunar og mögulegum umhverfisáhrifum hennar. Ekki er um ítarlega greiningu á umhverfisáhrifum að ræða, enda byggir skýrslan eingöngu á þeim gögnum sem þegar lágu fyrir um svæðið. Hvanneyrardalsvirkjun hefur ekki fengið umfjöllun í rammaáætlun og umhverfismatsvinna er ekki hafin. Í heild liggja því takmarkaðar upplýsingar fyrir um framkvæmdina og áhrif hennar sem og afmörkun óbyggðra víðerna. Hér eru því ekki metin áhrif mismunandi virkjanakosta eða annarra valkosta vegna skorts á upplýsingum.

Mat á áhrifum

Glámuhálendið er lítið raskað og hluti þess er flokkast sem óbyggð víðerni samkvæmt lögum um náttúruvernd (5. gr.) (mynd 6). Innsti hluti Ísafjarðar er á náttúruminjasrá (svæði nr. 320) vegna sérstæðs gróðurfars. Hálendið er lítt gróið með fjölda stöðuvatna en neðar er svæðið grónara og þar má m.a. finna kjarr, mosa og lyng.

Bygging stærri virkjana á hálendi Súðavíkurhrepps mun fela í sér umfangsmikil mannvirki. Þessi mannvirki munu breyta ásýnd svæðisins sem og vatnsrennsli á því. Einnig má gera ráð fyrir áhrifum á gróður og dýralíf, m.a. vatnalíf og fuglalíf. Mögulega verða fornminjar fyrir áhrifum sem og önnur landnýting (Verkís, 2018). Ljóst er því að búast má við nokkrum áhrifum vegna 10-20 MW virkjunar í Súðavíkurhreppi. Skerðingu víðerna vegna þeirra virkjanakosta sem hafa verið til skoðunar af Orkubúi Vestfjarða og Vesturverki má sjá á mynd 3.6. Mikilvægt að góðar grunnupplýsingar og greiningar liggi fyrir þegar ákvarðarnir um ráðstöfun þessa lands eru teknar.



Mynd 6. Mögulegar virkjanir í Isafjarðardjúpi (blár litur) ásamt náttúruvernd (strikuð svæði) og ósnortnum víðernum (grænn litur). Bláar og rauðar punktalínur sína víðernaskerðinguna komi til framkvæmda. Afmörkun ósnortinna víðerna skv. eldri náttúruverndarlögum var gerð af Umhverfisstofnun árið 2009.

Niðurstaða

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að hægt sé að nýta orkuauðlindir í Súðavíkurbænum á sjálfbærnan hátt og í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið um verndun náttúru. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um útfærslur og áhrif einstakra virkjunarkosta en frumdrög liggja fyrir um hönnun á Hvanneyrardalsvirkjun. Sveitarstjórn ákvað árið 2016 vinna að samningi við Vesturverk um nýtingu á vatnsafla til raforkuvinnslu í Hvanneyrardal inn af Ísafirði í botni Ísafjarðardjúps. Einnig var sveitarstjóra falið að undirbúa samningaviðræður vegna annarra virkjunarkosta. Með stærri virkjunum í sveitafélaginu væri mögulegt að tryggja ásættanlegt afhendingaröryggi og auka framboð á raforku innan svæðisins.

Stórar stíflur, vegir, skurðir og flutningur vatns á milli fjarða geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og þar með gæði svæðisins sem aftur hefur áhrif á aðrar atvinnugreinar og lífsgæði íbúa. Við mat á mögulegum virkjunarkostum er mikilvægt að skoða til jafns, frá upphafi ákvarðanatökuferlis, verkfræðilegar forsendur og forsendur m.t.t. náttúrufars og menningarminja. Hálend og óbyggð svæði í Súðavíkurbænum eru víða lítið röskuð og því verðmæt. Hluti af Glámuhálendinu flokkast sem óbyggð víðerni samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nú stendur yfir vinna hjá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun við kortlagningu víðerna sem felur m.a. í sér nánari útfærslu viðmiða laga um náttúruvernd fyrir afmörkun óbyggðra víðerna. Þegar viðmiðin liggja fyrir mun skýrast hvaða svæði á hálendi Súðavíkurbæns verða skilgreind sem óbyggð víðerni.

Upplýsingar um heildaráhrif virkjana, hönnun þeirra og gildi svæðisins eru takmarkaðar, eins og áður kom fram, og hamlar það ákvarðanatöku um ráðstöfun þessa lands. Áður en teknar eru ákvarðanir um nýtingu víðernanna þarf að liggja fyrir fagleg greining á verndargildi þeirra. Það er í samræmi við lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem segja að meta skuli virkjunarkosti sem fela í sér stærri en 10 MW aflstöðvar. Með þessu eru skapaðar faglegar forsendur fyrir ítarlegri stefnumörkun um nýtingu víðernanna. Æskilegt er að slík greining verði hluti af rammaáætlun um vernd

og orkunýtingu landsvæða, (sbr. lög nr. 48/2011) eða sambærileg vinna sem tekur til greina náttúru og menningarminjar, útivist, ferðaþjónustu og hlunnindi og efnahagsleg og félagsleg áhrif virkjana. Rammaáætlun tekur auk þess tillit til virkjanahugmynda og hagkvæmni þeirra enda er markmið laga um rammaáætlun að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Æskilegt er að sveitarfélögin sem land eiga að víðernunum myndi sér sameiginlega stefnu um nýtingu svæðisins. Á meðan greining á gildi svæðisins liggur ekki fyrir er ekki æskilegt að skerða víðerni. Mikilvægt er að farið verði í greiningarvinnuna eins fljótt og mögulegt er. Til viðbótar er rétt að hafa í huga að 67 MW Glámuvirkjun er í biðflokki skv. 2. áfanga rammaáætlunar og því er framkvæmdasvæði hennar skilgreint sem varúðarsvæði í aðalskipulaginu í samræmi við skipulagsreglugerð.

Stefna hreppsins um nýtingu svæðisins skal vera innan þess ramma sem markaður er í öðrum stefnuskjölum, svo sem í landsskipulagsstefnu og orkustefnu. Þeir virkjanakostir sem nefndir hafa verið munu hafa áhrif á mörg sveitarfélög og því er mikilvægt að sveitarfélögin marki sér sameiginlega stefnu um nýtingu hálendisins. Með því að heimila gerð vegslóða á fyrirhuguðu virkjunarsvæði er hægt að halda áfram rannsóknum og frekari undirbúningi Hvanneyrardalsvirkjunarinnar. Mikilvægt er þó að huga að ásýnd þeirra og afturkræfni framkvæmda, verði ekki af virkjun